Horfur í ríkisfjármálum 1986 eru í stórum dráttum þær að rekstrarhalli ríkissjóðs nemi um 180 m.kr. Þetta er mun minni halli en í fjárlögum 1985. Afborganir ríkissjóðs af teknum lánum fara aftur á móti hækkandi og nema tæplega 44% hærri fjárhæð en þær eru áætlaðar verða 1985. Þar af leiðir að lánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs er áætluð 2.954 m.kr., þ.a. 1.150 m.kr. innanlands og 1.804 m. kr. erlendis. Lánsfjármál ríkissjóðs eru skýrð sérstaklega síðar í greinargerðinni.

Ríkisumsvif má mæla með ýmsum hætti. Einn háttur er að setja tekjur, gjöld og lántökur í hlutfall við þjóðarframleiðsluna. Til skýringar eru í eftirfarandi yfirliti sýndar niðurstöður A-hluta fjárlaga eins og þær eru hér skilgreindar í hlutfalli við verga þjóðarframleiðslu:

	Endurskoðuð				
	Útkoma 1982 %	Útkoma 1983 %	Útkoma 1984 %	áætlun 1985 %	Frumvarp 1986 %
Tekjur	27,0	25,3	26,9	26,1	27,4
Gjöld	26,8	27,3	25,9	27,9	27,6
Rekstrarhalli/afgangur	+0,2	-2,0	+1,0	-1,8	-0,2

2.3 Tekjuhlið, stefnuatriði og niðurstöður

Tekjuhlið frumvarpsins einkennist öðru fremur af tveimur meginþáttum. Annars vegar af lækkun tekjuskatts og umfangsmiklum breytingum á sviði tollamála, hins vegar af ráðstöfunum til þess að mæta tekjutapi vegna þessara skatt- og tollbreytinga, svo og til þess að koma í veg fyrir umtalsverðan halla á ríkissjóði á næsta ári.

Með lækkun tekjuskatts er fram haldið þeirri stefnu ríkisstjórnarinnar að fella niður tekjuskatt af almennum launatekjum, sem felur í sér 400 m.kr. lækkun álagðs tekjuskatts einstaklinga á næsta ári frá því sem ella hefði verið. Við ríkjandi aðstæður þykir ekki unnt að stíga stærra skref nú í átt til lækkunar. Þá tekur frumvarpið mið af verulegum breytingum á tollskrá sem kynntar verða í nýju tollskrárlagafrumvarpi í þingbyrjun. Í því frumvarpi er stefnt að samræmingu við álagningu tolla og lækkun tolla úr 80% í 50% (að undanskildum fólksbifreiðum). Enn fremur er fyrirhugað að fella niður ýmsa tekjustofna, svo sem sérstakt

vörugjald (24% og 30%), vörugjald af sælgæti, gosdrykkjum o. fl. (7% og 17%), tollafgreiðslugjald, gjald af gas- og brennsluolíu, byggingariðnaðarsjóðsgjald og rafmagnsefirlitsgjald.

Til þess að mæta tekjutapi ríkissjóðs vegna ofantaldra skattbreytinga og jafnframt að styrkja rekstrarafkomu ríkissjóðs er ráðgert að leggja á nýtt vörugjald og gera nokkrar aðrar breytingar á tekjuöflun ríkissjóðs. Hér má einkum nefna fjögur atriði. Í fyrsta lagi útvíkkun vörugjaldsstofns frá því sem nú er, þannig að unnt sé að halda vörugjaldshlutfallinu svipuðu og áður, eða jafnvel að lækka það. Annar þáttur sérstakrar tekjuöflunar felst í álagningu sölugjalds á nokkra flokka vöru og þjónustu sem nú eru undanþegnin söluskattsskyldu. Í þriðja lagi hækkar bensíngjald og þungaskattur. Á móti kemur sérstök lækking tolla á fólksbifreiðum úr 90% í 70%, sem talin er geta leitt til um það bil 10% lækkunar á smásöluverði þeirra, og er þegar komin til framkvæmda. Loks má nefna sérstaka hækkingu á gjaldskrá ýmissa þjónustuliða. Einnig er fyrirhugað að Seðlabanki Íslands skili til ríkissjóðs hluta af hagnaði bankans, sem er nýlunda.

Heildarinnheimta tekna ríkissjóðs er áætluð 31.999 m.kr. á árinu 1986 eða tæpum 18% meiri en í endurskoðaðri áætlun 1985. Hlutdeild óbeinna skatta hækkar úr rösklega 84% 1985 í tæpt 85½% 1986 af ástæðum sem þegar eru skýrðar. Á móti lækkar hlutdeild beinna skatta tilsvareandi.

Samkvæmt breyttri framsetningu fjárlaga og eins og fram kemur í 3. gr. frumvarpsins nema heildartekjur 33.540 m.kr. og eru þá meðtaldar vaxtatekjur endurlánareiknings ríkissjóðs að fjárhæð 1.541 m.kr. sem áður hafa ekki farið um A-hluta fjárlaga.

Lauslega áætlað virðist skattbyrði einstaklinga af beinum sköttum til ríkisins nema 3,8% á árinu 1986 miðað við tekjur greiðsluárs, en í ár er hún talin verða kringum 4,4%. Eftirfarandi yfirlit sýnir skattbyrði einstaklinga 1978—86.

Álagðir skattar í hlutfalli við tekjur einstaklinga, %

	1978	1979	1980	1981	1982	1983	Bráðab. 1984	Áætlun 1985	Spá 1986
1. Skattar til ríkisins									
Á greiðsluári	6,0	6,3	5,9	5,6	6,1	5,4	4,9	4,4	3,8
Fyrri ár	9,5	9,5	9,4	9,0	9,6	8,6	6,4	5,9	4,3
2. Skattar til sveitarfélaga									
Á greiðsluári	6,3	6,8	7,0	6,8	6,8	6,8	7,4	7,0	
Fyrri ár	10,1	10,4	11,1	10,8	10,7	10,9	9,7	9,5	
3. Ríki og sveitarfélög alls									
Á greiðsluári	12,4	13,1	12,9	12,4	12,9	12,2	12,3	11,4	
Fyrri ár	19,6	19,9	20,4	19,8	20,3	19,5	16,1	15,5	

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

2.4 Gjöld, stefnuatriði og niðurstöður

Gjaldahlíð frumvarpsins einkennist af nokkrum aðalatriðum. Samneyslan, þ.e. laun og rekstrarfé stofnana, er takmörkuð eftir föngum, starfsmannafjölgun ekki meiri en nauðsynlegt getur talist og haldið aftur af útþenslu.

Fjármagnsútgjöld einkenna gjaldahlíð frumvarpsins en þau fara vaxandi ár frá ári. Í fjárlögum 1975 námu vaxtagreiðslur 1,5% af heildargjöldum, 1980 námu þær 3,5%, 4,6% 1984, 5,4% 1985 og eru áætlaðar 6,2% 1986, eða 2.006 m. kr. skv. eldri framsetningu fjárlaga. Fyrir ríkissjóð er því mjög brýnt að draga úr skuldaföfnun.

Útgjöld til nokkurra málaflokka taka umtalsverðum breytingum frá fjárlögum 1985. Í fyrsta lagi eru framlög til vegamála miðuð við 2,0% af áætlaðri vergri þjóðarframleiðslu sem er 0,2—0,3 úr prósentu hærra hlutfall en 1985. Nema útgjöldin alls 2.037 m.kr.

Í öðru lagi fer nú til húsnæðismála mun hærri fjárhæð en 1985, eða alls 1.600 m. kr., þar af eru markaðar tekjur skv. lögum nr. 48/1985 665 m. kr. en að auki leggur ríkissjóður fram 935 m.kr. Með þessum fjármunum og lánsfjármögnun hjá lífeyrissjóðum á að vera unnt að veita húsbyggjendum umtalsverða fyrirgreiðslu og bót frá því sem verið hefur.

Í þriðja lagi þarf vegna fyrrnefndra tveggja verkefna að takmarka framlög til annarra framkvæmda. Því mun yfirleitt ekki fallist á að hefja nýjar byggingarframkvæmdir, áherslan hvílir á því að ljúka þeim verkum sem unnið er að.

Í fjórða lagi nemur fjárútleigun til Lánasjóðs íslenskra námsmanna skv. frumvarpinu 1.100 m.kr. Sjóðurinn er orðinn annar stærsti lánasjóður í fjárlögum á eftir Byggingarsjóði ríkisins. Fyrirhuguð fjárútleigun til sjóðsins kallar á endurskoðun á reglum um úthlutun námslána.

Í fimmta lagi eru niðurgreiðslur á vöruverði og raforku miðaðar við það stig niðurgreiðslna sem nú gildir. Alls er fyrirhuguð að verja til þessa 1.000 m.kr.

Í sjötta lagi eru 600 m.kr. ætlaðar til Aflatryggingasjóðs sem er endurgreiðsla á upp-söfnuðum söluskatti í útgerð og fiskvinnslu. Sambærileg fjárhæð 1985 er 430 m.kr.

Í áttunda og síðasta lagi eru framlög til almanna- og atvinnuleysistrygginga við það miðuð að lækka megi útgjöldin um 250 m.kr. frá því sem annars væri.

Heildarútgjöld eru talin verða 32.179 m.kr. (33.417 m. kr. skv. nýrri framsetningu frumvarpsins) en það er hækkun um 10,8% frá áætlaðri útgjaldatölu 1985. Samneysla ríkisins hækkar um 11,3%, vaxtakostnaður um 28,9% og ýmsar rekstrar- og neyslutilfærslur til einstaklinga og atvinnuvega um 9,1%.

2.5 Lánahreyfingar

Í 1. gr. frumvarpsins koma fram lánahreyfingar ríkissjóðs. Sýnd er innlend og erlend lánsfjáröflun svo og afborganir lána, framlög ríkisins til hlutafélaga og hreyfing á skammtímakröfum.

Breytt framsetning fjárlaga og ríkisreiknings kemur m.a. fram í því að nú er gerð sérstök grein fyrir greiddum og innheimtum afborgunum eldri lána A-hluta ríkissjóðs og endurlána-reiknings ríkissjóðs.

Afborganir, nettó. Mismunur greiddra og innheimtra afborgana nemur alls 2.453 m.kr. í frumvarpinu. Þessi fjárhæð verður best skýrð í eftirfarandi yfirliti:

Afborganir, greiddar og innheimtar

	Fjárlög 1985	Endurskoðuð áætlun 85	Frumvarp 1986
A-hluti ríkissjóðs	1.352	1.933	1.154
Seðlabanki	160	693	805
— innlend lán, önnur	502	510	80
— gengisbundin lán, önnur	690	730	269
Endurlánareikningur	—	—	2.786
— spariskirteini ríkissjóðs, innlausn	—	—	1.500
— innlend lán, önnur	—	—	119
— gengistrygð lán	—	—	1.167
Alls	1.352	1.933	3.940
Frá dregst:			
— Innheimtar afborganir af veittum lánum A-hluta	209	209	279
— Innheimtar afborganir af veittum lánum endurlánareiknings	—	—	1.208
Mismunur	1.143	1.724	2.453

Heildarafborganir af teknum lánnum ríkissjóðs nema 3.940 m. kr. Í yfirlitinu hér að ofan hafa afborganir A-hluta ríkissjóðs til endurlánareiknings, að fjárhæð 1.435 m. kr., verið felldar út við samruna þessara aðila. Vakin er sérstök athygli á að innlausn eldri spariskírteina telst með afborgunum lána enda um ódagsetta kröfu að ræða í mörgum tilvikum. Mat á þessum þætti er jafnan háð mikilli óvissu, en í ljósi reynslu síðustu ára er innlausnin áætluð 1.500 m. kr. á árinu 1986.

Mikil aukning á afborgunum A-hluta ríkissjóðs skýrist öðru fremur af upptöku endurlánareiknings í A-hluta. Jafnframt hefur A-hluti ríkissjóðs yfirtekið lán sem áður voru í B-hluta ríkissjóðs. Greiðslur ríkissjóðs af t.d. Kröflulánnum nema alls 969 m. kr. 1986, þ.a. eru afborganir 572 m. kr. og vextir 397 m. kr.

Innheimtar afborganir ríkissjóðs nema alls 1.487 m. kr. Þar af eru 279 m. kr. af veittum lánnum A-hluta samkvæmt eldri skilgreiningu og er það einkum af lánnum sem veitt voru Landsvirkjun í tengslum við yfirtöku fyrirtækisins á byggðalínunum, virkjanarannsóknnum og Kröfluvirkjun. Afgangurinn eða 1.208 m. kr. eru innheimtar afborganir af veittum lánnum af endurlánareikningi til annarra en A-hluta ríkissjóðs.

Veitt lán. Nú teljast til veittra lána þau lán sem ríkissjóður hyggst hafa beina milligöngu um að afla fyrir B-hluta-fyrirtæki og sjóði. Þessi lán eru til Lánasjóðs íslenskra námsmanna 350 m.kr., Rafmagnsveitna ríkisins 100 m.kr., flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli 300 m.kr., Orkusjóðs 20 m.kr. og 150 m. kr. vegna Byggingarsjóðs ríkisins til orkusparnaðaraðgerða. Að auki munu veittar ríkisábyrgðir til nokkurra aðila sem skýrt er nánar í kafla 5 og 6.2.

Hluta- og stofnfjárframlög. Hluta- og stofnfjárframlög ríkissjóðs eru áætluð 140 m.kr. á árinu 1986. Hér er um að ræða eftirtalin framlög.

- 1) Í samræmi við lög nr. 13/1981 er ríkisstjórninni heimilað að veita sjálfskuldarábyrgð fyrir skuld Útvegsbanka Íslands í Seðlabanka Íslands. Föst árleg greiðsla að fjárhæð 7,5 m.kr. skoðast sem eiginfjárframlag ríkissjóðs til bankans. Er þetta fimmta greiðsla af tólf.
- 2) Stofnfjárframlög til Alþjóðafarmfarastofnunarinnar, IDA, nemur alls 27,4 m.kr. Hér er um að ræða aðra greiðslu af þrem, alls 75 m.kr., sem er vegna ákvörðunar aðildarríkja Alþjóðabankans um 9 milljarða dala framlag til þróunaraðstoðar á næstu árum.
- 3) Samkvæmt lögum nr. 32/1982 var ríkisstjórninni falið að semja um aukningu á hlutafjäreign Íslands í Alþjóðabankanum. Á árunum 1984—87 verður hlutafjárframlag Íslands 11,9 m.kr., föst upphæð á hverju ári.
- 4) Norðurlandaráð ákvað 1983 að auka hlutafé Norræna fjárfestingarbankans úr 400 milljónum SDR í 800 milljónir. Framlag Íslands þarf að nema jafngildi 110 þús. SDR á ári hverju á tímabilinu 1984—86. Fjárframlag Íslands er í samræmi við þetta áætlað 4,8 m.kr. 1986.
- 5) Samkvæmt lögum nr. 49/1984 er ríkisstjórninni heimilað að greiða helming afborgana og vaxta af 80 m.kr. láni sem Áburðarverksmiðja ríkisins tók á árinu 1983. Ríkissjóður hefur greitt af umræddu láni 1984 og 1985, en lokagreiðsla af því er 18,4 m.kr. á árinu 1986.
- 6) Að síðustu er áætlað fyrir hlutafjárframlögum ríkisins í ýmsum fyrirtækjum sem það á eða kann að eignast aðild að, alls 70,0 m.kr. Hér eru hafðar í huga greiðslur t.d. vegna Próunarfélags og Orkustofnunar International.

Viðskiptareikningar. Á undanförunum árum hafa breytingar á ýmsum skammtímakröfnum ríkissjóðs numið hærri fjárhæðum en þær kröfur sem á ríkissjóði standa. Hér af leiðir

tímabundið fjárúttstreymi úr ríkissjóði sem þarf að fjármagna. Áætlað nettóúttstreymi á þessum reikningum nemur 1.150 m. kr. á árinu 1986 og er eftirfarandi til skýringar:

- 1) Fram hafa farið viðræður milli fjármálaráðuneytis og stjórnar Flugleiða hf. um útistandandi kröfu ríkissjóðs á félagið vegna gjaldfrests á lendingargjöldum o.fl. frá árinu 1983. Gert er ráð fyrir innheimtu á umræddu bráðabirgðaláni, alls 28 m.kr.
- 2) Á undanförunum árum hefur myndast krafa Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, ICAO, á hendur ríkissjóði vegna ofgreidds kostnaðar við alþjóðaflugumsjón, veðurathuganir o.fl. Ríkissjóður þarf á árunum 1985—87 að endurgreiða ICAO um 120 m.kr. takist ekki samningar um aðra tilhögun þessa máls. Á árinu 1985 verða greiddar 34 m.kr. og 1986 er gert ráð fyrir að greiddar verði 45 m.kr.
- 3) Ríkissjóði er heimilt skv. lánsfjárlögum 1985 að sjá um vaxtakostnað af afurðalánum vegna skreiðarbirgða, allt að 250 m.kr., þar til þær seljast. Umræður standa yfir um þetta mál. Ríkissjóður verður á árinu 1986 sennilega að leggja fram tímabundið allt að 45 m.kr. vegna þessa.
- 4) Gert er ráð fyrir að ýmis fyrirgreiðsla, s.s. skuldaviðurkenningar vegna aðflutningsgjalda, innheimtukröfur o.fl., valdi úttreymi allt að 228 m.kr.
- 5) Fyrirsjáanlegt er að afkoma ríkissjóðs 1985 verður lakari en gert var ráð fyrir í fjárlögum. Óhjákvæmilega verður því yfirdráttur á aðalviðskiptareikningi ríkissjóðs í Seðlabanka Íslands. Auknum yfirdrætti er fyrirhugað að mæta með tvennum hætti. Annars vegar er sótt um heimild til langtímalántöku, sbr. 26. gr. í lánsfjárlagafrumvarpi fyrir árið 1986, alls að fjárhæð 1.500 m.kr. Hins vegar hefur verið samið við bankann um viðskiptafærslu að fjárhæð 860 m. kr. til ársins 1986.

Í heild nemur fjárþörf A-hluta ríkissjóðs 3.874 m.kr., þ.a. verða 920 m.kr. endurlánaðar B-hluta fyrirtækjum og sjóðum. Með þessum hætti næst 34 m. kr. afgangur á greiðslujöfnuði ríkissjóðs á árinu 1986.

Taka ber fram að lánsfjármögnun Byggingarsjóðs ríkisins, Byggingarsjóðs verkamanna svo og Bygðastofnunar telst ekki til lánsfjármála ríkissjóðs enda litið á þessar stofnanir sem lánastofnanir.

Til fyllri skýringa um lánamálin í heild vísast til 6. kafla frumvarpsins, þar sem fjallað er um lánsfjáráætlun.

2.6 Lagabreytingar

Til skýringar er hér sett fram sérstök greinargerð um þær lagabreytingar sem nauðsynlegar eru til þess að tekju- og gjaldahlíð fjárlagafrumvarpsins standist.

Lagabreytingar vegna tekjuhlíðar fjárlagafrumvarpsins.

Lög um tekju- og eignarskatt. Á því er byggt í frumvarpinu að lögum nr. 75/1981, um tekju- og eignarskatt, ásamt síðari breytingum, verði breytt þannig að tekjuskattur lækki um 400 m.kr.

Sérstakur barnabótaauki. Lög nr. 128/1984, um sérstakan barnabótaauka, verði framlengd en þeim var í upphafi einungis ætlað að koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts á árinu 1985.

Skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði. Lög nr. 130/1984, um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði, verði framlengd.

Tollalög. Eldri tollalög falli úr gildi en í stað þeirra verði samþykkt ný tollalöggjöf. Af þessum sökum eru margar heimildargreinar um niðurfellingu aðflutningagjalda, sem voru í 6. gr. fjárlaga 1985, ekki í 6. gr. frumvarpsins nú.

Lög um vörugjald. Eldri lög um vörugjald falli úr gildi en í stað þeirra verði samþykkt ný löggjöf um vörugjald.

Lög um fjáröflun til vegagerðar. Staðfest verði bráðabirgðalög nr. 90/1985, um breyting á lögum nr. 79/1974, um fjáröflun til vegagerðar, vegna hækkunar bensíngjalds.

Lög um tollskrá. Staðfest verði bráðabirgðalög nr. 89/1985, um breyting á lögum nr. 120/1976, um tollskrá o. fl., vegna lækkunar tolla á bifreiðum.

Lög um söluskatt. Lögum nr. 10/1960, um söluskatt, ásamt síðari breytingum, verði breytt.

Lög um stimpilgjald. Breytt verði lögum nr. 36/1978, um stimpilgjald.

Lagabreytingar vegna gjaldahliðar fjárlagafrumvarpsins.

Lánasjóður íslenskra námsmanna. Í frumvarpinu er á því byggt að útgjöld ríkissjóðs vegna námslána og námsstyrkja samkvæmt lögum nr. 72/1982 fari ekki yfir samanlagða fjárveitingu og lántöku sjóðsins að fjárhæð 1.100 m.kr.

Stofnlánadeild landbúnaðarins. Þrátt fyrir ákvæði 1. og 5. tl. 4. gr. laga nr. 45/1971, sbr. 1. gr. laga nr. 41/1982, skal framlag ríkissjóðs til stofnlánadeildarinnar eigi nema hærri fjárhæð en 36,7 m.kr. Þetta framlag er til Lífeyrissjóðs bænda en skv. 19. gr. laga nr. 50/1984, sbr. 2. gr. laga nr. 20/1985, skal Stofnlánadeild landbúnaðarins standa undir 37,5% lífeyrisgreiðslna til ársloka 1989. Greiðslur til Lífeyrissjóðs bænda áttu að falla niður 1. janúar 1986 samkvæmt lögum nr. 50/1984 en því var breytt með lögum nr. 20/1985.

Fiskveiðasjóður Íslands. Þrátt fyrir ákvæði laga nr. 44/1976 og laga nr. 52/1983, um útflutningsgjald af sjávarafurðum, fellur framlag ríkissjóðs til Fiskveiðasjóðs niður á árinu 1986.

Aflatryggingasjóður. Framlag ríkissjóðs til Aflatryggingasjóðs er ákveðið í lögum nr. 51/1983 og lögum nr. 52/1983, um útflutningsgjald af sjávarafurðum. Í þessu frumvarpi er gert ráð fyrir að framlag ríkissjóðs falli niður með öllu.

Bjargráðasjóður. Þrátt fyrir ákvæði laga nr. 51/1972, um Bjargráðasjóð, sbr. lög nr. 57/1980, skal framlag ríkissjóðs til sjóðsins ekki fara yfir 18,2 m.kr. og er framlagið eingöngu vegna greiðslu vaxta og afborgana af lánnum sem ríkissjóður er skuldbundinn til að standa straum af.

Framkvæmdasjóður fatlaðra. Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. tl. 35. gr. laga nr. 41/1983, um málefni fatlaðra, verður framlag ríkissjóðs til sjóðsins ekki herra en 80 m.kr.

Veðdeild Búnaðarbanka Íslands. Þrátt fyrir ákvæði laga nr. 34/1979, um Veðdeild Búnaðarbanka Íslands, er ekki gert ráð fyrir framlagi ríkissjóðs til deildarinnar 1986 fremur en 1985.

Hafnabótasjóður. Um Hafnabótasjóð gilda lög nr. 69/1984. Þrátt fyrir ákvæði þessara laga skal framlag ríkissjóðs til Hafnabótasjóðs ekki nema hærri fjárhæð en 12 m.kr. á árinu 1986.

Iðnlánasjóður. Þrátt fyrir ákvæði 3. tl. c-hluta 3. gr. laga nr. 55/1984 verður framlag ríkissjóðs á árinu 1986 eigi hærri fjárhæð en 40 m.kr.

Ferðamálaráð. Þrátt fyrir ákvæði 8. og 26. gr. laga nr. 79/1985, um skipulag ferðamála, verður framlag ríkissjóðs ekki herra en 15 m.kr. á árinu 1986.

Þéttbýlisvegafé. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 32. gr. laga nr. 6/1977 skal framlag til þjóðvega í kaupstöðum og kaupúnum eigi fara fram úr 120 m.kr. á árinu 1986.

Félagsheimilásjóður. Þrátt fyrir 6. gr. laga nr. 58/1970, um skemmtanaskatt, skal framlag ríkissjóðs til sjóðsins eigi nema hærri fjárhæð en 18 m.kr. á árinu 1986.

Héraðslæknar og heilsugæslustöðvar. Í fjárlagafrumvarpinu er gert ráð fyrir að lög nr. 59/1983, sbr. lög nr. 110/1984, komi ekki að fullu til framkvæmda á árinu 1986 í Reykjavíkurlæknishéraði og í heilsugæsluumdæmunum í Kópavogi, Hafnarfirði og Garðabæ.

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, söluskattur. Þrátt fyrir ákvæði 9. gr. laga nr. 73/1980, um tekjustofna sveitarfélaga, og ákvæði 2. mgr. 1. gr. laga nr. 10/1960, um söluskatt, með síðari breytingum, skulu greiðslur úr ríkissjóði til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga á árinu 1986 eigi nema hærri fjárhæð en 730 m.kr.

Atvinnuleysistryggingasjóður. Þrátt fyrir ákvæði laga nr. 64/1981, sbr. lög nr. 10/1985, skal heildarframlag ríkissjóðs skv. 4. gr. fjárlagafrumvarpsins ekki nema hærri fjárhæð á árinu 1986 en 235,7 m. kr.

2.7 Breytt framsetning fjárlaga og ríkisreiknings

Með fjárlagafrumvarpi ársins 1985 var sett fram yfirlit um uppgjör ríkisfjármála samkvæmt uppgjörshætti Alþjóðdagjaldeyrissjóðsins. Sá uppgjörsmáti miðar að því að draga fram með markvissum hætti öll umsvif ríkisins, hvort heldur þar er um að ræða rekstrar- eða lánastarfsemi. Alþjóðdagjaldeyrissjóðurinn vinnur nú að endurskoðun á uppgjörsmáti sínu í ljósi reynslu undanfarinna ára. Af hálfu íslenskra yfirvalda sýnist því ekki á þessu stigi ástæða til að fylgja uppgjörshætti gjaldeyrissjóðsins að öllu leyti.

Með lögum nr. 84/1985, um breyting á lögum um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga, var rutt úr vegi lagaákvæðum sem koma í veg fyrir breytta framsetningu. Nær þetta fyrst og fremst til þess að almannatryggingar og endurlánareikningur ríkissjóðs voru bundin í B-hluta fjárlaga. Að öðru leyti er það í höndum ríkisreikningsnefndar að gera tillögu um framsetningu fjárlaga og ríkisreiknings. Að svo stöddu telur ríkisreikningsnefnd ekki tímabært í þessu frumvarpi að endurskipuleggja A- og B-hluta fjárlaga að öðru leyti en því sem lögin kveða ótvírætt á um, þ.e.a.s. að almannatryggingar og endurlán ríkissjóðs teljist til A-hluta fjárlaga auk þess sem nokkrum sjóðum og fyrirtækjum í B-hluta er sleppt vegna þess að þar er ekki um eiginlega ríkisstarfsemi að ræða. Í því sambandi skiptir Landsvirkjun mestu máli, en það fyrirtæki er samkvæmt skilgreiningu sameignarfélag ríkis og sveitarfélaga, á sama hátt og Orkubú Vestfjarða. Í ríkisreikningsnefnd hefur komið til tals að með ríkisreikningi og fjárlögum eftir atvikum fylgi yfirlit úr reikningum allra félaga og fyrirtækja sem ríkissjóður er aðili að. Ósamræmis hefur gætt milli þess sem fram er sett í B-hluta ríkisreiknings og B-hluta fjárlaga. Unnið er að samræmingu á þessu en henni er ekki lokið.

Áhrif lagabreytingarinnar frá vorinu 1985 koma fram með tvennum hætti. Í fyrsta lagi að útgjöld almannatrygginga eru nú ekki lengur talin sem yfirfærslur til B-hluta, heldur í A-hluta sem yfirfærslur til einstaklinga og samtaka. Þetta breytir engu um niðurstöður frumvarpsins. Fjárhæðir eru hinar sömu í báðum tilvikum. Í öðru lagi er endurlánareikningur ríkissjóðs nú sameinaður ríkissjóði. Þessi breyting hefur mikil áhrif á niðurstöður frumvarpsins og alla framsetningu þess. Áhrifum þessarar breytingar er best lýst í eftirfarandi yfirliti:

	A-hluti, eldri framsetning	Endurlán ríkissjóðs	Hreyfing milli A-hluta og endurlána	Frumvarp 1986
Tekjur:				
Skatttekjur	31.139	—	—	31.139
Vaxtatekjur	860	2.661	-1.120	2.401
Alls	31.999	2.661	-1.120	33.540
Gjöld:				
Ríkisútgjöld	30.173	—	—	30.173
Vaxtagjöld	2.006	2.358	-1.120	3.244
Alls	32.179	2.358	-1.120	33.417
Rekstrarjöfnuður	-180	+303	0	+123
Lánareikningur, hreyfingar				
Afborganir, greiddar	2.589	1.286	-1.435	2.440
Innlausn spariskírteina	—	1.500	—	1.500
-innheimtar afborganir	279	2.643	-1.435	1.487
Mismunur	2.310	143	0	2.453
Veitt lán	—	3.874	-2.954	920
Hlutfjár- og stofnfjárframlög	140	—	—	140
Viðskiptareikningar, nettó útstreymi	1.150	860	-860	1.150
Lánsfjárbörf	2.920	4.574	-2.954	4.540
Lántökur:	2.954	4.574	-2.954	4.574
Innlendar	1.150	1.850	-1.150	1.850
Erlendar	1.804	2.724	-1.804	2.724
Greiðslujöfnuður	+34	0	0	+34

Yfirlitið sýnir þær fjárhæðir sem nú teljast til A-hluta ríkissjóðs en voru utan umfjöllunar áður. Þannig gefur lántaka A-hluta nú til kynna raunverulegt umfang á lánastarfsemi ríkissjóðs, þar sem ríkissjóður er umsvifamikill lántaki annars vegar og lánveitandi hins vegar. Af þessari breyttu framsetningu leiðir að 1. gr. frumvarpsins breytist. Nú þykir rétt að sýna sérstaklega vaxtatekjur og vaxtagjöld ríkissjóðs, ekki síst til skýringar á þeim breytingum sem verið er að gera. En einnig vegna þess að þar sem vaxtatekjur og vaxtagjöld endurlánareiknings eru nú meðtalin breytist rekstrarafkoma ríkissjóðs úr 180 m.kr. halla í 123 m.kr. rekstrarafgang.

Lántökur ríkissjóðs eru nú dregnar sérstaklega fram sem niðurstaða í 1. gr. frumvarpsins. Lántökuheimildar er aftur á móti leitað í 1. gr. frumvarps til lánsfjárlaga og á að vera fullt samræmi hér á milli og augljós tengsl.

Í lögum nr. 84/1985 segir að efni fjárfestingar- og lánsfjáráætlunar skuli teljast hluti af greinargerð fjárlagafrumvarpsins. Lánsfjárlagafrumvarpið sjálft er lagt fram sem sjálfstætt frumvarp til umfjöllunar í deildum. En öll efnisatriði þess frumvarps fá umfjöllun í greinargerð fjárlagafrumvarpsins og verður þar af leiðandi skoðað af fjárveitinganefnd Alþingis auk nefnda þingdeilda. Þessi málsmeðferð er sama eðlis og við á um ýmsar fjármálaráðstafanir sem beint tengjast tekjum og útgjöldum ríkissjóðs. Þá skal samkvæmt áðurnefndum lögum leggja fyrir Alþingi yfirlit um heildarskuldbindingar ríkissjóðs til nokkurra ára. Þetta kemur til af því að lánsfjármál og ríkisábyrgðir hafa hlotið aukna umfjöllun, án þess þó að grein hafi verið gerð fyrir heildarmynd þeirra.

Af öðrum nýmælum laganna er að nefna, að tekin eru upp ákvæði úr lögum nr. 13/1979, um stjórn efnahagsmála, þar sem fjármálaráðherra er árlega gert að leggja fram áætlun er lýsi í aðalatriðum meginstefnu í ríkisbúskapnum næstu þrjú árin.

Í athugasemdunum hér á eftir er leitast við að uppfylla lagaákvæðin eftir því sem kostur er. Tilhögun fjölmargra þátta liggur ekki fyrir en þýðingarmestu atriði lagabreytingarinnar koma fram í framsetningu frumvarpsins, einkum 1. gr. þess, svo og í athugasemdum.

2.8 Horfur í ríkisfjármálum 1986—1988

Áður er komið fram að fjármálaráðherra er skylt samkvæmt lögum að leggja fram með fjárlagafrumvarpi áætlun um horfur í ríkisfjármálum til nokkurra ára. Ákvæði 12. gr. laga nr. 84/1985 kveða á um að í áætlun þessari skuli sýna meðal annars:

- meginstefnu í ríkisfjármálum og þróun ríkisbúskaparins,
- samræmi milli stefnunnar í ríkisfjármálum og efnahags- og atvinnumálum,
- stefnumótun um öflun tekna og skiptingu gjalda ríkisins,
- stefnumótun um framlög á fjárlögum til fjárfestingar ríkis, fjárfestingarsjóða, sveitarfélaga og einkaaðila.

Unnið hefur verið að mótun þessa máls. Sérstaklega hefur verið lögð áhersla á samræmi við þær þjóðhagshorfur til næstu ára sem Þjóðhagsstofnun leggur fram og er hluti af þjóðhagsáætlun. Útgjöld ríkissjóðs eru metin út frá þeim útgjaldaáformum sem uppi eru 1986, að teknu tilliti til lagaákvæða sem gagnert hafa áhrif til breytinga á næstu árum. Annars taka útgjöld einkum mið af fólksfjölgun að því er snertir útgjaldahorfur í trygginga- og fræðslumálum. Sérstök áhersla er lögð á athugun á fjármagnskostnaði, þ.e. vexti ríkissjóðs á komandi árum, en þessi útgjaldaþáttur vex hröðum skerfum, sbr. kafla 5.

Horfur í ríkisfjármálum á næstu árum eru eins og fram kemur í eftirfarandi yfirliti:

	Hlutfall af áætlaðri þjóðarframleiðslu *		
	1986	1987	1988
Tekjur	28,7	27,9	26,7
Gjöld	28,6	28,4	28,3
Rekstrarafkoma	0,1	-0,5	-1,6
Lánsfjárförf	3,9	3,7	5,1

* Hlutföll eru metin út frá nýrri framsetningu á ríkisfjármálum. Til fyllri skýringar er vísað í 7. kafla.

3. Tekjuhlíð.

Áætlun um tekjur ríkissjóðs á árinu 1986 er að venju gerð í Þjóðhagsstofnun. Hún sýnir innheimtar tekjur 1986 miðað við áætlaðar verðlags-, kauplags- og gengishorfur í árslok 1985 og endurskoðaða áætlun um innheimtu tekna ríkissjóðs á árinu 1985. Á árinu 1986 er áætlað að heildarinnheimta tekna ríkissjóðs nemi 31.999 m.kr., samanborið við 27.141 m.kr. í endurskoðaðri áætlun fyrir árið 1985 og 25.336 m.kr. í fjárlögum 1985. Hækkun heildartekna ríkissjóðs 1986 frá endurskoðaðri áætlun 1985 nemur 4.858 m.kr., eða 17,9%, en 26,3% frá fjárlögum 1985.

Að teknu tilliti til breyttrar framsetningar fjárlaga nema tekjurnar alls 33.540 m.kr. Það er 1.541 m.kr. hærrí fjárhæð. Í umfjölluninni hér að neðan er unnið út frá þeirri framsetningu sem gilt hefur.

Með samanburði við fyrri ár virðast innheimtar tekjur ríkissjóðs á árinu 1985 munu hækka um 30,7% frá 1984, samanborið við 37,2% hækkun milli áráanna 1983—1984. Á tímabilinu 1981—1983 hækkuðu innheimtar tekur ríkissjóðs að jafnaði um nálægt 60% á ári.

	1981	1982	1983	1984	Endurskoðuð	
					áætlun 1985	Frumvarp 1986
Innheimtar tekjur ríkissjóðs, m.kr.	5.995	9.577	15.144	20.771	27.141	31.999
Hækkun frá fyrra ári, %	62,9	59,7	58,1	37,2	30,7	17,9

Hér á eftir er gerð grein fyrir endurskoðaðri áætlun um helstu tekjustofna ríkissjóðs árið 1985 svo og áætlun fyrir árið 1986.

Eignarskattar. Samkvæmt upplýsingum ríkisskattstjóra nam álagður eignarskattur einstaklinga á árinu 1985 rúmum 400 m.kr., sem er 45,2% hækkun frá árinu áður. Þar af er álagður eignarskattsauki tæpar 40 m.kr., en að eignarskattsaukanum frátöldum nemur hækkunin frá fyrra ári 31%. Álagning eignarskattsauka var ákveðin með lögum nr. 48/1985, um sérstaka fjáröflun vegna húsnæðismála á árunum 1985 og 1986. Heildarálagning eignarskatts á félög hækkaði ívið meira, eða um 47,7%, en sé álagður eignarskattsauki undanskilinn nemur hækkunin 17%. Heildarálagning eignarskatta á árinu 1985 yrði því 46,5% hærrí en 1984, eða 709 m.kr. í stað 484 m.kr., en sé eignarskattsaukinn undanskilinn nemur hækkunin tæpum 25%.

Áætlun um álagningu eignarskatta á árinu 1986 er miðuð við þá meginforsendu, að skattbyrði milli áráanna 1985 og 1986 haldist óbreytt og að skattvísitala og aðrir þættir, sem álagningu eignarskatts varða, verði ákveðnir í samræmi við það, m.a. með hliðsjón af hækkun fasteignamats milli ára. Á þessum forsendum er áætlað að álagning eignarskatta hækki um 10% á árinu 1986, miðað við verðlag í árslok 1985. Vegna áætlaðra eftirstöðva ógreiddra skatta í árslok 1985 er gert ráð fyrir að innheimta eignarskatts hækki meira en samsvarar hækkun álagningar milli ára, eða um rúmlega 15% hjá einstaklingum og 19% hjá félögum. Samkvæmt þessu yrði innheimta eignarskatts einstaklinga 420 m.kr. 1986 en innheimta eignarskatts félaga yrði um 310 m.kr.

Í endurskoðaðri tekjuáætlun fyrir árið 1985 er gert ráð fyrir að innheimta sérstaks skatts á skrifstofu- og verslunarhúsnæði verði um 90 m.kr., eða óbreytt frá fjárlögum. Jafnframt er áætlunin fyrir 1986 reist á sömu forsendum og eignarskattsáætlunin. Í því felst að innheimta skattsins verði 100 m.kr. 1986, að meðtalinni innheimtu eftirstöðva fyrri ára.

Innheimta erfðafjárskatts fyrstu átta mánuði ársins 1985 virðist benda til þess að fjárlaga-áætlunin gangi eftir og innheimtan nemi um 25 m.kr. Á árinu 1986 er að svo stöddu gert ráð fyrir sömu innheimtu, en þessi áætlun er afar óviss og kann að breytast þegar fyllri vitneskja liggur fyrir um framvinduna á þessu ári.

Tekjuskattar. Álagður tekjuskattur einstaklinga á árinu 1985, brúttó, þ.e. áður en barnabætur og afsláttur til greiðslu eignarskatts, sjúkratryggingagjalds og útsvars hefur verið dreginn frá, nam samkvæmt upplýsingum ríkisskattstjóra 3.920 m.kr. Hækkun frá frumálagningu í fyrra er rúmlega 19½%. Á hinn bóginn hækkuðu barnabætur og persónuafsláttur um rúm 27% frá árinu 1984, í samræmi við samkomulag stjórnarflokkanna frá 6. september 1984 um afnám tekjuskatts af almennum tekjum í áföngum. Fyrsti áfangi kom til framkvæmda við álagningu þessa árs og er talinn hafa numið um 600 m.kr. Frumálagning tekjuskatts einstaklinga, nettó, hækkaði því minna en brúttóálagningin, eða um 15% frá 1984. Árið 1985 er áætlað að nettóinnheimta tekjuskatts einstaklinga verði um 2.035 m.kr., miðað við svipað innheimtuhlutfall og 1984. Í áætlun þessa fjárlagafrumvarps er gert ráð fyrir að til framkvæmda komi annar áfangi í stefnu ríkisstjórnarinnar að fella niður tekjuskatt af almennum launatekjum. Felur hann í sér 400 m.kr. lækkun álagðs tekjuskatts einstaklinga á næsta ári. Ekki þykir unnt að stíga stærra skref í átt til lækkunar að svo stöddu vegna ríkjandi aðstæðna eins og áður hefur komið fram. Brúttóálagning tekjuskatts einstaklinga á árinu 1986 er því nánast óbreytt frá árinu 1985, en þar sem gert er ráð fyrir að barnabætur og persónuafsláttur hækki um nálægt 13% felst í þessu rösklega 6% lækkun nettóálagningar. Að meðtalinni innheimtu af eftirstöðvum fyrri ára lækkar nettóinnheimta tekjuskatts einstaklinga ívið minna, eða nálægt 3% frá árinu á undan, úr 2.035 m.kr. samkvæmt endurskoðaðri áætlun 1985 í 1.975 m.kr. 1986.

Áætlun um álagt sjúkratryggingagjald á næsta ári er byggð á því að skattbyrði verði óbreytt frá árinu 1985. Í þessu felst að álagningin hækkar um 10% miðað við verðlag í árslok 1985, en innheimta gjaldsins að meðtalinni innheimtu af eftirstöðvum fyrri ára hækkar um rúmlega 14% og yrði samkvæmt því 200 m.kr. 1986 samanborið við 175 m.kr. í endurskoðaðri áætlun fyrir árið 1985.

Sérstakur skattur á innlánsstofnanir, sem innheimtur hefur verið mánaðarlega sem ákveðið hlutfall af bindiskyldum innlánnum, skilaði tæpum 183 m.kr. í ríkissjóð á árinu 1984. Þessi skattur er í raun fyrirframgreiðsla bankanna vegna tekju- og eignarskattsálagningar næsta árs og dregst því frá álögdum sköttum á þessar stofnanir. Með lögum nr. 51/1984 var ákveðið að frá og með árinu 1985 skyldi gjaldhlutfallið lækka úr 0,06% í 0,03%. Á þessum forsendum er áætlað að skatturinn geti skilað um 100 m.kr. árið 1985. Í lögunum er jafnframt gert ráð fyrir að skattur þessi falli niður í árslok 1985.

Sem endranær ríkir nokkur óvissa um endanlegar álagningartölur tekjuskatts félaga á þessu ári. Miðað við reynslu undanfarinna ára má ætla að frumálagningartölur eigi eftir að lækka töluvert að lokinni kærumeðferð. Árið 1985 er áætlað að nettóinnheimta tekjuskatts félaga, þ.e. að frádregnum sérstökum skatti á innlánsstofnanir frá fyrra ári, geti numið um 425 m.kr., sem er tæplega 15% hækkun frá fyrra ári. Er þá gengið út frá svipuðum forsendum um innheimtuhlutfall og 1984. Áætlun um álagningu tekjuskatts á félög árið 1986 byggir á forsendu um óbreytta skattbyrði frá 1985, eða 10% hækkun milli ára miðað við verðlag í árslok 1985. Samkvæmt því er áætlað að álagning skattsins gefi 685 m.kr. í tekjur á árinu 1986. Að frádregnum álögdum bankaskatti og miðað við sömu forsendur um innheimtuhlutfall og 1985 er innheimtur tekjuskattur félaga talinn nema 540 m.kr. á árinu 1986 miðað við verðlag í árslok 1985. Þetta er 27% hækkun frá árinu 1985. Skýring þessarar miklu hækkunar er hlutfallsleg lækkun sérstaks skatts á innlánsstofnanir 1985, sem kemur til frádráttar tekju-skattsálagningu 1986, en á þeim gjaldstofni varð breyting eins og áður hefur komið fram.

Gjöld af innflutningi. Í fjárlögum ársins 1985 voru almennar tolltekjur ríkissjóðs áætlaðar 3.275 m.kr. Var sú áætlun byggð á ákveðnum forsendum um verðlags- og gengisþróun ásamt lítills háttar aukningu í veltu og innflutningi á árinu. Í endurskoðaðri áætlun fyrir árið 1985 er gert ráð fyrir að almennar tolltekjur haldist óbreyttar frá fjárlögum, þrátt fyrir aukinn

innflutning fyrstu átta mánuði ársins 1985 miðað við sama tímabil í fyrra. Ástæða þessa er fyrst og fremst umtalsverður samdráttur í bílainnflutningi það sem af er árinu miðað við sama tímabil í fyrra og vegur það á móti aukningu í öðrum vöruinnflutningi. Á tímabilinu janúar — ágúst á þessu ári voru fluttir inn rösklega 1600 færri bílar en í sömu mánuðum 1984. Á árinu 1984 námu tolltekjur ríkissjóðs um það bil 2.600 m.kr., þar af voru tolltekjur af bílainnflutningi áætlaðar 880 m.kr. eða rúmlega þriðjungur af heildinni, en í endurskoðaðri áætlun 1985 er vægi þeirra tæplega 30%. Á móti vegur að verðlags- og gengisbreytingar hafa orðið meiri en forsendur fjárlaganna miðuðust við og einnig er reiknað með aukningu í öðrum almennum vöruinnflutningi.

Áætlun frumvarpsins um tolltekjur á næsta ári tekur meðal annars mið af verulegum breytingum á skipan tollamála. Í þingbyrjun mun verða lagt fram nýtt tollskrárlagafrumvarp, en með því frumvarpi er stefnt að verulegri samræmingu í álagningu tolla og einföldun í skipan þessara mála. Hámarkstollar verða lækkaðir úr 80% í 50% (að undanskildum fólksbifreiðum) og enn fremur er fyrirhugað að fella niður ýmsa tekjustofna, svo sem sérstakt vörugjald (24% og 30%), vörugjald af sælgæti, gosdrykkjum o.fl. (7% og 17%), tollafgreiðslugjald, gjald af gas- og brennsluolíu, byggingariðnaðarsjóðsgjald og rafmagnseftirlitsgjald. Til þess að mæta tekjutapi ríkissjóðs vegna þessara skattbreytinga er áformað að leggja á nýtt vörugjald.

Árið 1986 er gert ráð fyrir að tolltekjur ríkissjóðs verði 3.080 m.kr., eða rösklega 6% minni en á þessu ári miðað við verðlag í árslok 1985. Við upptöku nýrrar tollskrár er áætlað að um 250 m.kr. tapist í tolltekjum umfram verðlagsbreytingar vegna lækkunar í tollhlutföllum. Til viðbótar kemur tekjutap vegna sérstakrar lækkunar tolla á fólksbifreiðum, úr 90% í 70%, sem kom til framkvæmda í september síðastliðnum. Lauslega áætlað nemur tekjutap ríkissjóðs vegna þessa 150 m.kr. á næsta ári. Á móti þessu tvennu kemur að gert er ráð fyrir lítilli háttar veltuaukningu í almennum vöruinnflutningi árið 1986. Fyrirhugað er að lækka tolla af bifreiðum enn frekar, eða í 30%, en á móti mun koma hækkun innflutningsgjalds af bifreiðum, þannig að breytingin mun ekki hafa áhrif á tekjur ríkissjóðs.

Áhrifa minni bílainnflutnings á tekjur ríkissjóðs gætir vitaskuld einnig í innheimtu innflutningsgjalds af bílum. Í fjárlögum ársins 1985 voru innheimtar tekjur af þessu gjaldi áætlaðar 125 m.kr., en í endurskoðaðri áætlun er gert ráð fyrir að innheimtan verði um 130 m.kr. Kemur einkum þrennt til, að ekki verður meiri samdráttur að raungildi í innheimtu þessa gjalds fyrir árið 1985. Fyrst má nefna að verðlags- og gengisbreytingar hafa orðið meiri en reiknað var með við gerð fjárlaga 1985, eins og fyrr var nefnt. Í öðru lagi virðist gjaldhlutfallið hafa hækkað, sé litið á innheimtu átta fyrstu mánuði þessa árs miðað við sömu mánuði í fyrra. Síðast en ekki síst má ætla að einhver aukning verði á innflutningi nýrra bifreiða á seinni helmingi þessa árs í kjölfar fyrrnefndrar lækkunar tolla af fólksbifreiðum. Miðað við óbreytt gjaldhlutfall og svipaðan bílainnflutning og á þessu ári er áætlað að tekjur af innflutningsgjaldi bifreiða nemi 140 m.kr. á næsta ári.

Innflutningsgjald af bensíni er áætlað 860 m.kr. árið 1985, eða um 3% hækkun frá fjárlögum. Sérstök hækkun varð á bensíngjaldi 1. október s.l. í kjölfar lækkunar tolla á fólksbifreiðum. Er sú hækkun talin skila í ríkissjóð um 350—400 m.kr. á árinu 1986 umfram verðlagshækkunir. Áhrif þessarar hækkunar á áætlaðar tekjur af bensíngjaldi á þessu ári verða óveruleg, eða kringum 15 m.kr., þar sem áhrifanna fer ekki að gæta fyrr en í innheimtu tekna í desember. Árið 1986 er áætlað að tekjur af bensíngjaldi nemi 1.265 m.kr., og er þá reiknað með um 2% aukningu bensínsölu frá 1985.

Í heild eru gjöld af innflutningi áætluð 4.533 m.kr. á árinu 1985, samanborið við 4.474 m.kr. í fjárlagaáætlun. Hækkunin frá 1984 er um 26 ½%, samanborið við 40% hækkun milli 1983 og 1984. Í frumvarpi fyrir 1986 er gert ráð fyrir að heildargjöld af innflutningi verði 4.746 m.kr., eða tæplega 5% meiri en á þessu ári. Reiknað er með um 5% hækkun á verði erlends gjaldeyris miðað við verðlag í árslok 1985 og 1½% verðhækkun innflutnings í erlendri mynt.

Á móti kemur að felld verða niður ýmis smærri aðflutningsgjöld, þ.e.a.s. tollafgreiðslugjald, gjald af gas- og brennsluolíum og byggingariðnaðarsjóðsgjald, eins og áður hefur komið fram.

Samkvæmt þessu yrðu innflutningsgjöld tæplega 15% af heildartekjum ríkissjóðs á árinu 1986, eða um tæpum 2% lægra hlutfall en á þessu ári. Er það talsvert lægra en 1983 og 1984 og 3—4 prósentum lægra en 1981 og 1982. Ástæðuna fyrir þessari hlutfallslegu lækkun má m.a. rekja til lækkunar tolla á ýmsum vöruflokkum og nær helmings lækkunar innflutningsgjalds af bílum á árinu 1983, svo og til þeirra breytinga á aðflutningsgjöldum sem fyrirhugaðar eru nú.

Skattar af framleiðslu. Skattar af framleiðslu eru taldir munu nema 1.754 m.kr. á þessu ári, eða 27½% hærri en 1984. Er hér um að ræða álgjald, vörugjald og sérstakt tímabundið vörugjald. Tvö hin síðarnefndu verða felld niður í tengslum við framlagningu nýs tollskrárlagafrumvarps. Í stað þeirra verður tekið upp nýtt vörugjald. Áformað er að þetta nýja vörugjald mæti því tekjutapi sem af tolla- og öðrum skattbreytingum hlýst, jafnframt því að afla ríkissjóði sérstakra tekna í því skyni að draga úr rekstrarhalla á næsta ári. Til þess að þau áform nái fram að ganga þarf vörugjaldið að skila allt að 2.800 m.kr. á árinu 1986. Heildartekjur af framleiðslugjöldum á árinu 1986 gætu því numið 2.839 m.kr., sem er umtalsverð hækkun frá fyrra ári, eða tæp 62%.

Sölugjald. Heildartekjur af söluskatti voru áætlaðar 10.470 m.kr. í fjárlögum þessa árs, þar af nam hlutur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 635 m.kr. Í endurskoðaðri áætlun fyrir árið 1985 eru söluskattstekjurnar taldar verða 11.235 m.kr., eða um 7½% meiri en í fjárlögum. Þessi hækkun á sér einkum tvær skýringar. Annars vegar er nú reiknað með meiri umsvifum á seinni hluta ársins, m.a. í kjölfar kjarasamninganna frá því í júní s. l., sem færa munu ríkissjóði auknar tekjur af veltusköttum. Hin skýringin er sú, að samkvæmt lögum nr. 48/1985, um sérstaka fjáröflun vegna húsnæðismála á árunum 1985 og 1986, sem samþykkt voru á Alþingi í júnímánuði s. l. var ákveðin sérstök hækkun á söluskatti og eignarskatti, eins og áður hefur verið nefnt. Talið var að sú söluskattshækkun, sem nam einni prósentu, gæti skilað um 200 m.kr. í auknum tekjum á þessu ári. Í áætlun 1986 er gert ráð fyrir að heildartekjur af söluskatti verði 13.765 m.kr. miðað við verðlag í árslok 1985.

Eins og áður hefur komið fram var einn þáttur í sérstakri tekjuöflun ríkissjóðs vegna fyrirsjáanlegs rekstrarhalla á ríkissjóði að leggja sölugjald á nokkra flokka vöru og þjónustu sem nú eru undanþegnir söluskattsskyldu. Áætlað er að þessi nýi sölugjaldsstofn skili allt að 400 m.kr. viðbótartekjum á næsta ári en tekjuauki sölugjalds af öðrum tolla- og skattbreytingum gæti lauslega áætlað numið um 285 m.kr. Enn fremur er reiknað með 1% meiri veltu en á þessu ári.

Rekstrarhagnaður ÁTVR. Rekstrarhagnaður ÁTVR er nú áætlaður 1.680 m.kr. á þessu ári, sem er 150 m.kr. hækkun frá fjárlögum. Hækkunin skýrist einkum af meiri sölu á árinu en áður var reiknað með. Á næsta ári er gert ráð fyrir að hagnaðurinn verði 1.850 m.kr. eða röskum 10% hærri en 1985.

Skattar af launagreiðslum. Samkvæmt endurskoðaðri áætlun 1985 eru skattar af launatengdum gjöldum taldir nema 2.120 m.kr. eða um 13½% hærri en í fjárlögum. Skýringin á þessari hækkun felst annars vegar í meiri launabreytingum á þessu ári í kjölfar kjarasamninganna síðastliðið vor en reiknað var með við gerð fjárlaga. Hins vegar reyndust launabreytingar á síðasta ári meiri en áætlað hafði verið og álagning ýmissa gjalda á tekjur þess árs varð því meiri. Reiknað á verðlagi í árslok 1985 er áætlað að skattar af launagreiðslum skili um það bil 2.350 m.kr. í ríkissjóð 1986, en þessi tala er þó mjög óviss.

Skattar af bifreiðum. Í endurskoðaðri tekjuáætlun 1985 eru tekjur af bifreiðasköttum taldar nema 478 m.kr., sem er óbreytt frá fjárlögum. Gætir hér áhrifa af minni bifreiðainnflutningi 1985, sem fyrr var nefnt. Í frumvarpinu 1986 er áætlað að þessar tekjur verði 740 m.kr., eða tæplega 55% hærri en á þessu ári, en ákveðin hefur verið sérstök hækkun á þungaskatti til samræmis við hækkun bensínjalds.

Aðrir óbeinir skattar. Óbeinir skattar, aðrir en þeir sem þegar hafa verið taldir upp, eru nú áætlaðir 1.654 m.kr. á þessu ári, eða um 7% hækkun frá fjárlögum. Veldur hér einkum talsverð hækkun á tekjum af stimpilgjaldi svo og af sölu erlends gjaldeyris. Árið 1986 er áætlað að tekjur undir þessum lið verði 1.773 m.kr. miðað við verðlag í árslok 1985, eða röskum 7% hærri en árið á undan. Gjaldskrá ýmissa þjónustugjalda mun hækka um 10% umfram verðlag, en á móti kemur umtalsverð lækkun á tekjum af verðjöfnunargjaldi raforku í samræmi við ákvörðun stjórnvalda um lækkun gjaldsins, úr 19% í 16%, frá og með síðustu áramótum og niðurfelling rafmagnseftirlitsgjalds.

Vextir. Í endurskoðaðri áætlun 1985 eru vaxtatekjur taldar nema 610 m.kr. eða sömu fjárhæð og í fjárlögum. Mikil óvissa ríkir um innheimtu vaxtatekna og getur þar brugðið til beggja vona. Innheimtuþróunin fyrstu átta mánuði ársins virðist benda til heldur meiri vaxtatekna, en að svo stöddu er ekki gert ráð fyrir breytingum frá fjárlagaáætlun, enda ræðst niðurstaðan að verulegu leyti af þróuninni undir lok ársins.

Í áætlun fyrir 1986 er gert ráð fyrir að vaxtatekjur ríkissjóðs, eins og þær hafa verið taldar, nemi 680 m.kr. Með breyttri framsetningu fjárlaga og ríkisreiknings teljast nú til vaxta á tekjuhlið frumvarpsins vaxtatekjur af lánum sem ríkissjóður hefur veitt um endurlána-reikning ríkissjóðs. Áætlaðar tekjur af þessum sökum eru 1.541 m.kr. Vaxtatekjur ríkissjóðs nema því alls 2.221 m.kr. Að öðru leyti vísast til athugasemda í kafla 2.7 og kafla 5.1.

Arðgreiðslur. Áætlaðar arðgreiðslur 1986 eru alls 167 m.kr. en á árinu 1985 nema þær 138 m.kr. Veigamestu liðir eru arðgreiðslur af starfsemi Fríhafnar og flugmálastjórnar á Keflavíkurflugvelli. Þá skilaði rekstur járnblendiverksmiðju á Grundartanga hagnaði á árinu 1984. Reiknað er með að fyrirtækið skili eigendum arði 1986 af starfsemi á árinu 1985.

Ýmsar tekjur. Ýmsar tekjur eru áætlaðar um 42 m.kr. á þessu ári. Í áætlun fyrir 1986 er gert ráð fyrir að þessar tekjustofnar skili um 183 m.kr., en á næsta ári er áformað að Seðlabanki Íslands skili í ríkissjóð hluta af hagnaði sínum, eða 140 m.kr.

Í yfirlitinu, sem hér fylgir, koma fram áætlaðar tekjur ríkissjóðs 1986 samkvæmt frumvarpi þessu og samanburður við fjárlög 1985 og endurskoðaða áætlun fyrir árið 1985. Enn fremur eru sýndar innheimtutölur ársins 1984 samkvæmt ríkisreikningi, m.a. til að auðvelda samanburð vegna upptöku nýs bókhaldslykils frá og með 1985. Þar kemur m.a. fram að hlutur beinna skatta í heildartekjum ríkissjóðs er 11,4% 1986 samanborið við 13% í endurskoðaðri tekjuáætlun 1985 vegna áframhaldandi lækkunar á tekjuskatti einstaklinga. Til samanburðar má benda á, að á árinu 1984 var vægi beinna skatta í heildarinnheimtu ríkissjóðs 13,8% en 15,8% 1983. Á móti kemur aukið vægi óbeinna skatta úr 82% af heildartekjum ríkissjóðs 1984 í 84% af tekjuáætlun 1985 og tæpt 85½% af áætlun fjárlagafrumvarps fyrir árið 1986.

Tekjuáætlun ríkissjóðs 1985—1986
Innheimtar tekjur

	Innheimtar				Hlutfallsleg breyting frá áætlun 1985 til frumvarps 1986 %	Hlutfallsleg skipting tekna	
	tekjur 1984 m.kr.	Fjárlög 1985 m.kr.	Áætlun 1985 m.kr.	Frumvarp 1986 m.kr.		Áætlun 1985 %	Frumvarp 1986 %
Eignarskattar	533	665	740	855	15,5	2,7	2,7
Tekju- og persónuskattar	2.342	2.450	2.790	2.780	-0,4	10,3	8,7
Gjöld af innflutningi	3.580	4.474	4.533	4.746	4,7	16,7	14,8
Skattar af framleiðslu og innflutningi	1.374	1.706	1.754	2.839	59,6	6,5	8,9
Sölugjald, nettó	7.689	9.835	10.600	13.035	23,0	39,0	40,7
Rekstrarhagnaður ÁTVR	1.203	1.530	1.681	1.851	10,1	6,2	5,8
Skattar af launagreiðslum	1.509	1.870	2.120	2.350	10,8	7,8	7,3
Skattar af bifreiðum	365	478	478	740	20,3	1,8	2,3
Aðrir óbeinir skattar	1.340	1.543	1.654	1.773	8,8	6,1	5,6
Arðgreiðslur og aðrar tekjur	836	785	791	1.030 ¹⁾	30,2	2,9	3,2
Heildartekjur ríkissjóðs	20.771	25.336	27.141	31.999	17,9	100,0	100,0
Vaxtatekjur endurlána				1.541 33.540			
P. a. beinir skattar	2.875	3.115	3.530	3.635	3,0	13,0	11,4
P. a. óbeinir skattar	17.060	21.436	22.820	27.334	19,8	84,1	85,4
P. a. aðrar tekjur	836	785	791	1.030	30,2	2,9	3,2
	20.771	25.336	27.141	31.999			

1) Vaxtatekjur af veittum lánum ríkissjóðs um endurlánareikning eru ekki meðtaldar vegna þess samanburðar sem gerður er milli ára.

4. Gjaldahlið.

Uppróðun efnis um gjaldahlið frumvarpsins er eilítið hnikað til frá því sem verið hefur. Byrjað er á greinargerð um útgjöld 1986 í samanburði við fjárlög 1985 og horfur um afkomu ríkissjóðs það ár. Síðan er fjallað um fjárveitingar til einstakra ráðuneyta, stofnana og verkefna.

4.1 Samanburður á frumvarpi 1986 og útgjaldahorfum 1985

Gjöld ríkissjóðs í frumvarpi til fjárlaga 1986 nema 33.417 m.kr. Væri frumvarpið sett fram með sama hætti og áður nema útgjöld 32.179 m.kr. og er það 23,4% hærri niðurstaða en í fjárlögum 1985 og 10,9% hærri en talið er að verði lokagjaldatala ársins 1985. Útgjöld ríkissjóðs 1985 og 1986 skiptast í aðalatriðum sem hér segir:

	Fjárlög	Endurskoðuð	Frumvarp	Breyting	
	1985 m.kr.	áætlun 85 m.kr.	1986 m.kr.	(3)/(1) %	(3)/(2) %
	(1)	(2)	(3)		
1. Rekstrarliðir	8.788	9.900	10.249	16,6	3,5
Laun	6.764	7.463	7.974	17,9	6,8
Önnur gjöld	2.830	3.267	3.285	16,0	0,6
Sértekjur	-806	-830	-1.010	25,3	21,7
2. Rekstrar- og neyslutilfærslur	11.210	12.460	14.043	25,3	12,7
Lífeyristryggingar	3.470	3.820	4.350	25,4	13,9
Sjúkratryggingar					
Sjúkrahús	3.628	3.950	{ 2.157 2.519	28,9	18,4
Niðurgreiðslur	700	(800)	870	24,3	8,8
Lánasjóður íslenskra námsmanna	668	668	750	12,3	12,3
Endurgreiðsla söluskatts í sjávarútvegi ..	430	462	600	39,5	29,9
Útflutningsuppbætur	380	(380)	600	57,9	57,9
Uppbætur á líffeyri	413	445	476	15,3	7,0
Verðjöfnunargjald á raforku	420	420	390	-7,1	-7,1
Rafhitun	200	251	220	10,0	-12,4
Annað	901	(1.157)	1.111	23,3	-4,0
3. Vaxtagjöld	1.472	1.557	3.244	120,3	108,3
A-hluti ríkissjóðs	1.472	1.557	2.006	36,3	28,8
Endurlán ríkisins	—	—	1.238	.	.
4. Viðhald	786	790	922	17,3	16,7
5. Fjárfesting	3.823	4.400	4.959	29,7	12,7
Stofnkostnaður	1.602	1.699	1.975	23,3	16,2
Fjármagnstilfærslur	2.221	2.701	2.984	34,4	10,5
Samtals	26.079	29.000	33.417	28,1	15,2

Tölur í sviga eru óvissar.

Útgjaldabreyting milli ára á sér bæði skýringu almenns eðlis og einnig vegna sérstakra ákvarðana. Hér skulu hinar almennu tilgreindar.

Laun. Við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1985 voru laun ákveðin með hliðsjón af aðalkjara-samningi fjármálaráðherra og BSRB í nóvember 1984 sem gilda átti til ársloka 1985. Samkvæmt þeim samningi mundi meðalhækkun launa á árinu 1985 verða 2,2%. Að auki var í fjárlögum á lið 09-989 Launa- og verðlagismál áætluð fjárhæð, 190 m.kr., til þess að mæta hækkun launa vegna sérkjarasamninga.

Laun ríkisstarfsmanna hafa stöðugt verið að breytast á árinu 1985. Eftirfarandi yfirlit gefur til kynna hlutfallshækkunir launa nokkurra sammingsaðila:

Dags.	Hlutfallsleg hækkun launa		ASÍ
	BSRB	BHM	
1. 1. 1985			5,0 ²⁾
1. 3. 1985		17,0 ¹⁾	2,4 ²⁾
1. 5. 1985	3,5 ²⁾		2,4 ²⁾
1. 6. 1985	12,0 ¹⁾		
15. 6. 1985			7,0 ²⁾
1. 7. 1985		5,0 ¹⁾	
1. 8. 1985	2,4	2,4 ²⁾	
1.10. 1985	4,5	4,5	4,5
Samtals frá 1.1.–1.10.	24,04	31,46	26,02

1) Nýr samningur.

2) Launaflokkshækkun o.fl.

Laun ríkisstarfsmanna hafa því breyst með mismunandi hætti innan ársins. Sé hins vegar litið til hausts 1984, fyrir gerð aðalkjarasamnings fjármálaráðherra og BSRB, kemur í ljós að laun ríkisstarfsmanna hækka um svipað hlutfall til ársloka 1985.

Auk almennra launataxahækkana hafa verið gerðir sérkjarasamningar við einstök stéttarfélag og sérsambönd. Hækkun launa sem af þessu leiðir er mismunandi eftir félögum. Þannig má nefna að kennarar og hjúkrunarfræðingar hafa að jafnaði hækkað umfram aðra starfshópa.

Kjaradómur felldi úrskurð í máli BHM og fjármálaráðherra þar sem bæði var úrskurðað um taxtabreytingu og hækkun launa skv. sérstökum ákvörðunum. Þá er þess að geta að með lögum nr. 41/1984 fjölga þeim starfsmönnum ríkisins sem laun taka skv. úrskurði kjaradóms. Nær þetta fyrirkomulag nú til ráðherra, hæstaréttardómara, alþingismanna, ráðuneytisstjóra, forstöðumanna stærstu ríkisstofnana, borgarfégeta, héraðsdómara o.fl.

Gerð kjarasamninga, sem gilda frá mismunandi tíma, hefur orðið til þess að erfitt er að meta hækkun launaliðar ríkisins út frá hlutfallsbreytingu launa. Því var borin saman starfsmannaskrá og útreiknuð laun í nóvember 1984, síðan í mars 1985 og loks í september 1985, en þá voru laun reiknuð skv. væntanlegri launatöflu í desember nk. Í heild hækka laun ríkisstarfsmanna um 31—33% frá upphafi til loka árs 1985 og um 36—37% að meðaltali milli ára 1984 og 1985. Hækkun launa að meðtöldum áhrifum sérkjarasamninga frá upphafi 1985 til meðaltals ársins er talin verða 12,5—13% samanborið við 4—4,5% í forsendum fjárlaga 1985. Loks er að nefna að hækkun launa frá meðaltali 1985 til loka ársins er talin verða um 13%. Af sjálfu leiðir að hækkun launaliðar 1985 og hækkun ýmissa útgjaldaliða tengdum launum skýrist af ofanefndum launabreytingum. Í endurskoðaðri áætlun fyrir 1985 er talið að 800—850 m.kr. af hækkun launaútgjalda skýrist af kjarasamningum og útgjöld í almannatryggingakerfinu hækki um áþekka fjárhæð.

Fleira skýrir breytingar á launalið en launahækkunir. Fyrst er til að taka að nokkur magnaukning verður í launaútgjöldum og eru þessi atriði tíunduð í athugasemdum hér á eftir. Þar má nefna aukin launaútgjöld einkum í grunnskólum og í háskólanum. Í rekstri sjúkrahúsa verður aukning vegna hjartaskurðlækninga, nýrrar geðdeildar á Akureyri og annarra breytinga sem eru minni háttar. Starfsmannamál sýslumanna- og bæjarfégetaembætta eru nú komin á fastan grunn og er nú fallist á viðbótarstöður frá því sem var í fjárlögum 1985. Í flestum tilfellum hafa starfsmenn verið í starfi án heimildar. Loks er þess að geta að óhjákvæmilegt hefur verið að fjölga starfsmönnum hjá örfáum stofnunum, enda hefur þess að jafnaði verið gætt að lausamönnum fækki á móti.

Í öðru lagi þarf sú skýring að fylgja umfjöllun um launalið að nú eru laun starfsmanna Tryggingastofnunar ríkisins talin með til launa, enda stofnunin í A-hluta fjárlaga. Aftur á móti hafa launaútgjöld Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri og Landakotsspítala verið felld niður sem laun en flokkuð með tilfærslum. Er þetta gert vegna eindreginna tilmæla um samræmda flokkun á útgjöldum allra sjúkrahúsa annarra en ríkisspítala. Þessi breytta framsetning breytir þó engu um umfjöllun á útgjaldaliðum sjúkrahúsanna. Að formbreytingum frátöldum hækkar launaliður frumvarpsins um 24,2% frá fjárlögum.

Rekstrargjöld. Rekstrarfjárframlög í fjárlögum 1985 voru áætluð miðað við 24,5% breytingu verðlags milli árunna 1984 og 1985. Láta mun nærri að breytingin verði 28—30%. Rekstrarfé fyrir árið 1986 er eins og laun áætlað á verðlagi um næstkomandi áramót. Því hafa framlögin verið færð upp um 12,5—13% frá júniverðlagi 1985. Rekstrargjöld hækka nokkru meira eða um 16,0% frá fjárlögum. Að frádregnum tilfærslum milli gjaldategunda eins og getið er hér að framan hækkar þessi útgjaldaliður um 23% sem er nokkru meira en verðlagsforsenda gefur tilefni til.

Sértekjur. Markvisst er að því stefnt að auka sértekjur stofnana. Tekjur hækka nú um 25,3% frá fjárlögum og er uppfærsla sértekna miðuð við hækkun launa annars vegar og rekstrargjalda hins vegar. Tvennt ber að nefna sem leiðir til umtalsverðrar hækkunar á sértekjum: Hlutdeild ýmissa sjóða í rekstrarkostnaði Tryggingastofnunar ríkisins að fjárhæð 32 m.kr. er nú í fyrsta sinn færð sem sértekjur í A-hluta. Í öðru lagi eru 13,5 m. kr. tekjur færðar á Hafrannsóknastofnun vegna hvalarannsóknar og aðrar 13,5 m. kr. vegna leigu r/s Hafþórs.

Rekstrar- og neyslutilfærslur. Þessi veigamikli útgjaldaliður ríkissjóðs hækkar um 25,3% frá fjárlögum og 12,7% frá því sem talið er að verði á árinu 1985. Að frátöldum tilfærslum til Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri og St. Jósefsspítala, Landakoti, sem áður voru inni í rekstrarliðum frumvarpsins, er hækkun frá fjárlögum 18,5% og frá endurskoðaðri áætlun 6,7%. Það er að bera í bakkafullan lækinn að fjalla hér um einstaka útgjaldaliði. Vísað er í kafla 2.4 og athugasemdirnar hér á eftir til skýringar. Fram skal tekið að þeir tilfærsluliðir sem bundnir eru launum eða verðlagi hækka samkvæmt þeim forsendum sem þegar hafa verið skýrðar.

Vaxtaútgjöld. Breytt framsetning á vaxtatekjum og vaxtaútgjöldum ríkissjóðs hefur verið útskýrð í kafla 2.7 og er enn frekar til umfjöllunar í 5. kafla. Vaxtaútgjöld eru skv. þessu frumvarpi alls 3.244 m.kr eða 9,7% af heildargjöldum. Út frá eldri framsetningu á fjárlögum væru vaxtagjöld 6,2%. Í báðum tilvikum er hér um að ræða umtalsverðan hluta af útgjöldum ríkissjóðs. Vextir af skuldum eru hér samkvæmt áætluðu gengi í árslok og gildandi vöxtum á erlendum lánum í ágúst 1985. Erlendar skuldir skiptast nokkurn veginn til helminga milli lána bundinna í dollurum og lána í öðrum gjaldmiðlum. Verðfall dollarans og verðhækkun annarra mynta gagnvart íslensku krónunni mun því ekki hafa úrslitaáhrif á vaxtagreiðslu ríkissjóðs á árinu 1986. Í áætlun fyrir 1986 eru yfirdráttarvextir í Seðlabanka taldir 200 m.kr. en í ár geta þeir orðið allt að 250 m.kr. sem skýrist að nokkru af drætti á afgreiðslu lánsfjárlaga fyrir 1985. Lokis er þess að geta að í vaxtatölu fyrir árið 1986 eru meðtaldar 200 m.kr. vegna aukins halla á ríkissjóði 1985 sem fjármagnaður verður með lánum.

Viðhald. Um þennan lið þarf ekki að fjölýrða. Um 85% útgjaldanna eru vegna vegaviðhalds og hækkar framlagið um 12,6% frá fjárlögum. Til viðhalds húseignum og öðrum eignum ríkissjóðs eru áætlaðar 178 m.kr. og hækkar það framlag um 42,4% frá fjárlögum 1985.

Fjárfesting. Útgjöld til fjárfestingar hækka um 29,7% og nema alls 4.959 m.kr. Hluta fjárhæðarinnar er varið til kaupa á tækjum og ýmiss konar stofnbúnaði en meiri hlutinn telst til framkvæmdaframlaga. Í töflu 7 í töfluviðauka er sýnd skipting stofnkostnaðar og fjármagnstilfærslna. Eftirfarandi yfirlit sýnir í grófustu dráttum flokkun á fjárfestingarútgjöldum.

	Fjárlög 1985 m.kr.	Endurskoðuð áætlun 1985 m.kr.	Frumvarp 1986 m.kr.
Húsnæðismál	904	1.257	1.600
Vegamál	908	908	1.155
Grunnskólar	116	117	120
Sjúkrahús	223	223	281
Hafnamál	110	110	100
Flugvellir	61	61	61
Háskóli Íslands	57	57	100
Annað	1.443	1.667	1.521
Samtals	3.822	4.400	4.938

Til viðmiðunar er nú talið að vísitala byggingarkostnaðar verði um 9,5—10% hærrí í árslok 1985 en áætlað meðaltal það ár. Heildarframlag til fjárfestingar hækkar um 29,2% frá fjárlögum 1985 og 12,2% frá endurskoðaðri áætlun. Að framlögum til húsnæðis- og vegamála fráttöldum nema framkvæmdaframlögin 2.183 m.kr. og er það nær óbreytt fjárhæð frá 1985.

Verður nú vikið að skýringum á einstökum fjárlagaliðum.

4.2 Ráðuneyti, málefnaflokkar og einstakar stofnanir

Í þessum hluta athugasemdanna er gerð grein fyrir helstu breytingum í gjaldahlið frumvarpsins frá fjárlögum ársins 1985. Fyrst er fjallað sérstaklega um breytingar á einstökum útgjaldamálaflokkum ráðuneyta, sbr. 2. gr. frumvarpsins, og mörkuðum tekjustofnum innan hvers ráðuneytis. Síðan er nánar vikið að helstu breytingum á einstökum gjaldaliðum sem orðið hafa frá fjárlögum 1985.

00 Æðsta stjórn ríkisins

Heildarútgjöld vegna æðstu stjórnar ríkisins breytast milli ára sem hér segir:

	Fjárlög 1985 Þús. kr.	Frumvarp 1986 Þús. kr.	Breyting	
			Þús. kr.	%
Æðsta stjórn ríkisins	176.992	238.303	61.311	34,6

Engar markaðar tekjur renna til æðstu stjórnar ríkisins. Helstu breytingar á fjárveitingum til einstakra stofnana og viðfangsefna eru sem hér segir:

101 Embætti forseta Íslands

Fjárveiting til embættis forseta Íslands hækkar úr 12.504 þús.kr. í fjárlögum 1985 í 15.637 þús.kr., eða um 25,1%. Launagjöld undir viðfangsefninu *yfirstjórn* hækka úr 4.216 þús.kr. í fjárlögum 1985 í 6.278 þús.kr., eða um 48,9%. Ástæður hækunar umfram almennar launahækkningar eru einkum tvær: Í fyrsta lagi er viðurkennd ný staða fulltrúa, sem verið hefur í starfi um nokkra hríð, og í öðru lagi er nú áætlað fyrir yfirvinnu eins og telja verður raunhæft. Veittar eru 2.000 þús.kr. til opinberra

heimsókna á árinu 1986, en í fjárlögum 1985 er gert ráð fyrir 1.968 þús.kr. Gert er ráð fyrir opinberri heimsókn Margrétar Danadrottningar til Íslands og opinberri heimsókn forseta Íslands til Kanada. Til viðhalds á gestahúsi forsetans við Laufásveg og forsetasetrinu á Bessastöðum eru veittar 3.000 þús.kr., eins og í fjárlögum 1985, og verður unnið samkvæmt fyrirbyggjandi viðhaldsáætlun. Veittar eru 534 þús.kr. til endurnýjunar á bifreið forsetaembættisins.

201 Alþingi

Fjárveiting til Alþingis hækkar úr 133.750 þús. kr. í fjárlögum 1985 í 183.738 þús. kr., eða um 37,4%. Þessi mikla hækkun stafar af því að ákveðið hefur verið að færa fjárveitingar til Alþingis nær raunverulegum útgjöldum en verið hefur. Samfara þessu hafa verið gerðar nokkrar breytingar á viðfangsefnaskiptingu stofnunarinnar. Þannig hafa verið búin til fjögur ný viðfangsefni, *starfskostnaður, Alþjóðalþingmannasamtökin, viðhald fasteigna og ýmis stofnkostnaður*. Á viðfangsefninu *þingfararkaup alþingismanna* kemur nú einungis fram sjálft þingfararkaupið en áður var þar einnig áætlað fyrir starfskostnaði þingmanna. Rétt er að benda á að framlag ríkissjóðs vegna uppþóta á lífeyri alþingismanna kemur fram á fjárlagalið 09-381 *Uppbætur á lífeyri* undir fjármálaráðuneyti og nemur framlagið 33.348 þús.kr. Þingfararkaup alþingismanna er áætlað alls 56.003 þús.kr. og er þá miðað við laun sextíu alþingismanna og þriggja varalþingmanna. Á viðfangsefninu *starfskostnaður* kemur fram ýmis kostnaður vegna starfa alþingismanna, svo sem húsaleiga, dvalarkostnaður í kjördæmi, dvalarkostnaður í Reykjavík og ferðakostnaður. Alls eru þessi útgjöld áætluð 20.813 þús.kr. á árinu 1986. Útgjöld vegna skrifstofu- og alþingiskostnaðar eru áætluð 52.774 þús.kr. en eru 37.921 þús.kr. í fjárlögum 1985. Þessi mikla hækkun skýrist af því að kostnaður við skrifstofuhaldið er raunverulega mun hærri en fram hefur komið í fjárlögum. Til stofnkostnaðarverkefna eru veittar 18.000 þús.kr. Þar af eru 5.700 þús.kr. vegna afborgana af húsinu að Skólalabru 2, og vegna tölvuvæðingar og kaupa á húsgögnum og áhöldum 3.000 þús.kr. Einnig er áætlað fyrir útgjöldum vegna nýrra innréttinga í þingsölum o.fl.

301 Ríkisstjórn

Framlag ríkissjóðs nemur 28.212 þús.kr. en var 22.333 þús. kr. í fjárlögum 1985. Hækkunin nemur 5.879 þús.kr., eða 26,3%. Laun hækka um 18,8% og verða 19.729 þús.kr. Munar þar mestu um fjölgun aðstoðarmanna ráðherra um einn. Alls er því áætlað fyrir launum tíu ráðherra, sjö aðstoðarmanna ráðherra og tíu bifreiðastjóra. Önnur gjöld hækka úr 5.727 þús.kr. í fjárlögum 1985 í 8.483 þús.kr., eða um 48,1%. Skýring þessarar hækkunar er sú að tekið er tillit til niðurstöðu reiknings 1984.

01 Forsætisráðuneyti

Útgjöld málefnaflokka forsætisráðuneytisins breytast milli ára sem hér segir:

	Fjárlög	Frumvarp	Breyting	
	1985	1986	Þús. kr.	%
	Þús. kr.	Þús. kr.		
Yfirstjórn	27.492	33.727	6.235	22,7
Annað	96.958	103.736	6.778	7,0
Samtals	124.450	137.463	13.013	10,5
Par af markaður tekjustofn	39.000	—	-39.000	-100,0

Markaður tekjustofn þessa ráðuneytis var álgjald sem rann til Byggðasjóðs. Eftir samþykkt laga nr. 64/1985, um Byggðastofnun, renna engar markaðar tekjur til ráðuneytisins. Nú verður gerð nánari grein fyrir veigamestu breytingum á fjárveitingum til stofnana og viðfangsefna ráðuneytisins.

101 Aðalskrifstofa

Framlag til aðalskrifstofunnar hækkar úr 27.492 þús.kr. í fjárlögum 1985 í 33.727 þús.kr., eða um 22,7%. Launagjöld vegna reksturs hækka úr 7.190 þús.kr. í 9.693 þús.kr., eða um 34,8%. Að hluta skýrist þessi hækkun af almennum launahækkunum milli ára, en að hluta er skýringin sú að áætlaður launakostnaður við gæslu og umsjón stjórnarráðshúss og ráðherrabústaðar hefur verið hækkaður í samræmi við líkleg útgjöld. Í tengslum við þá endurskoðun var ákveðið að áætla fyrir launum starfsmanna á þeim viðfangsefnum sem þeir tengjast, en áætla ekki fyrir öllum launum á viðfangsefninu *yfirstjórn*, eins og verið hefur. Af þessum sökum hækka launagjöld á viðfangsefninu *yfirstjórn* minna milli ára en launaþróun gefur tilefni til. Á móti kemur að launagjöld eru færð á viðfangsefnin *stjórnarráðshús*, *ráðherrabústaður* við *Tjarnargötu* og *Öryggismálanefnd*. Önnur gjöld án eignakaupa vegna reksturs aðalskrifstofu hækka úr 9.939 þús.kr. í fjárlögum 1985 í 10.758 þús.kr., eða um 8,2%. Hér er um samdrátt í útgjöldum að ræða sem skýrist aðallega af lækkun rekstrargjalda vegna Öryggismálanefndar. Fjárveiting til skrifstofu ráðherranefndar Norðurlandaráðs hækkar úr 8.563 þús.kr. í fjárlögum 1985 í 10.781 þús.kr., eða um 25,9%. Fjárveitingin er miðuð við 2.114 þús. norskar krónur en sambærileg fjárhæð í fjárlögum 1985 er 1.835 þús. norskar krónur. Þess skal getið að veittar eru 2.250 þús.kr. á viðfangsefninu *yfirstjórn* til áframhaldandi starfa við gerð framtíðarspár. Í fjárlögum 1985 var gert ráð fyrir eignakaupum að fjárhæð 200 þús.kr., en nú eru veittar 350 þús.kr. í því skyni. Þar af eru 200 þús.kr. til kaupa á ýmsum skrifstofubúnaði og 150 þús.kr. til kaupa á borðbúnaði í ráðherrabústaðinn við Tjarnargötu. Veittar eru 800 þús.kr. til viðhalds stjórnarráðshúsins, sem er óbreytt fjárhæð frá fjárlögum 1985, og 420 þús.kr. til viðhalds ráðherrabústaðnum við Tjarnargötu.

102 Þjóðhagsstofnun

Framlag ríkissjóðs til Þjóðhagsstofnunar hækkar úr 10.740 þús.kr. í fjárlögum 1985 í 13.907 þús.kr., eða um 29,5%. Launagjöld hækka um 4.968 þús.kr., eða um 33,5%. Þessi hækkun stafar af því að yfirvinna hefur aukist í stofnuninni í kjölfar nýrra verkefna og ýmis sameiginlegur launakostnaður með Framkvæmdastofnun hefur vaxið. Önnur gjöld án eignakaupa hækka úr 7.304 þús.kr. í fjárlögum 1985 í 8.426 þús.kr., eða um 15,4%. Veittar eru 400 þús.kr. til kaupa á ljósritunarvél, smátölvu og öðrum skrifstofubúnaði, en í fjárlögum 1985 er sambærileg fjárhæð 100 þús.kr.

171 Byggðastofnun, framlag

Í fjárlögum fyrir árið 1985 eru veittar 78.400 þús.kr. til Byggðasjóðs. Með lögum nr. 64/1985 er sjóðurinn lagður niður en Byggðastofnun sett á laggirnar. Samkvæmt áður nefndum lögum hefur stofnunin til ráðstöfunar eigið fé, framlög í fjárlögum og lánsfé eftir því sem ákveðið er í lánsfjárlögum. Á árinu 1986 er gert ráð fyrir að framlag ríkissjóðs nemi 80.000 þús.kr. og að 350.000 þús.kr. verði aflað með lánsfé. Þá er þess að geta að stofnunin er ekki talin í B-hluta frumvarpsins, enda er nú litið á hana sem hverja aðra lánastofnun.

901 Húsameistari ríkisins

Fjárveiting til embættis húsameistara ríkisins hækkar úr 1.725 þús.kr. í fjárlögum 1985 í 2.699 þús.kr., eða um 56,5%. Mestu munar um hækkun fjárveitingar til eignakaupa, úr 77 þús.kr. í 425 þús.kr. Hækkun framlags vegna rekstrar er 33,0% milli ára. Starfsmenn embættisins vinna nú að hönnun flugstöðvar á Keflavíkurlflugvelli og K-byggingar Landspítalans. Því hefur verið áætlað fyrir fjölgun starfsmanna á teiknistofu um tvo, sem gilda mun til ársloka 1987. Laun þessara manna greiðast af auknum sértekjum stofnunarinnar. Launagjöld hækka úr alls 8.724 þús.kr. í fjárlögum 1985 í 12.482 þús. kr. eða um 43,1%. Þessi hækkun stafar af ofangreindri fjölgun starfsmanna. Önnur gjöld án eignakaupa hækka um 33,0% milli ára. Skýrist það eingöngu af auknum umsvifum og 100 þús.kr. fjárveitingu til viðhalds teiknistofu, en slík fjárveiting er ekki í fjárlögum 1985. Þá hækka sértekjur úr 9.201 þús.kr. í fjárlögum 1985 í 13.052 þús.kr., eða um 41,9%.

02 Menntamálaráðuneyti

Útgjöld málefnaflokkanna menntamálaráðuneytisins breytast milli ára sem hér segir:

	Fjárlög 1985 þús. kr.	Frumvarp 1986 þús. kr.	Breyting	
			þús. kr.	%
Yfirstjórn	40.913	49.803	8.890	21,7
Fræðslumál	3.622.293	4.623.702	1.001.409	27,7
Söfn, listir og önnur menningarstarfsemi	301.972	413.389	111.417	36,9
Samtals	3.965.178	5.086.894	1.121.716	28,3
Par af markaðir tekjustofnar	47.430	59.910	12.480	26,3

Markaðir tekjustofnar þessa ráðuneytis hækka sem hér segir: Einkaleyfisgjald af hagnaði Happraættis Háskóla Íslands verður 21.310 þús. kr. og hækkar um 7.680 þús. kr. frá fjárlögum 1985. Skemmtanaskattur, sem rennur til Sinfóníuhljómsveitar Íslands og Félagsheimilaskjóðs, hækkar um 3.500 þús. kr. og verður 33.500 þús. kr. Miðdagjald, sem rennur til Menningarsjóðs, hækkar um 1.300 þús. kr. og verður 5.100 þús. kr. Hér á eftir verður gerð nánari grein fyrir helstu fjárlagaliðum til skýringar á hækkun framlaga til málefnaflokkanna ráðuneytisins.

101 Menntamálaráðuneyti, aðalskrifstofa

Framlag nemur alls 49.803 þús. kr. og hækkar um 8.890 þús. kr., eða 21,7% frá fjárlögum 1985. Fjárveiting vegna launa hækkar um 28,5% og nemur alls 30.397 þús. kr. Er þá miðað við sama fjölda stöðugilda og í gildandi fjárlögum, eða 43 stöður á föstum launum. Önnur gjöld hækka um 12,5% og nema alls 19.406 þús. kr.

201 Háskóli Íslands.

Fjárveiting til Háskóla Íslands hækkar um 125.111 þús. kr. eða 38,1% og verður 453.092 þús.kr. Fjárveitingin skiptist þannig á einstakar gjaldategundir: Laun verða 322.303 þús.kr. og hækka þau um 82.096 þús.kr. eða 34,2% frá fjárlögum 1985. Önnur gjöld til rekstrar skólans verða 129.327 þús.kr. sem er hækkun um 34.132 þús.kr. eða 35,8% frá fjárlögum 1985. Viðhald fasteigna verður 15.000 þús.kr. en það var 10.000 þús.kr. í fjárlögum 1985. Stofnkostnaður verður 100.000 þús.kr. og er það hækkun um 43.000 þús.kr. Þá hækka sértekjur um 39.117 þús.kr. eða 52,7% og verða 113.538 þús.kr. Launaliður skólans hækkar umfram launaforsendur frumvarpsins og eru skýringar þess í aðalatriðum eftirfarandi: Teknar eru inn í frumvarpið 15,5 nýjar

stöður, samtals að fjárhæð 5.723 þús.kr. Á móti er hins vegar felld niður fjárveiting til stundakennslu að fjárhæð 1.800 þús.kr. Útgjaldaauki ríkissjóðs vegna þessarra staða verður þannig um 3.923 þús.kr. Stöðurnar eru þessar: Staða starfsmannastjóra og tvær ritarastöður við yfirstjórn skólans, þrjár kennarastöður við námsbraut í hjúkrunarfræði vegna flutnings hjúkrunarkennslu frá Hjúkrunarskóla Íslands til Háskólans. Prófessorsstaða í edlislyfjafræði við lyfjafræði lyfsala, prófessorsstaða í markaðsmálum við viðskiptadeild, lektorsstaða í heimspeki við heimspekideild, sérfræðingsstaða í tölvumálum við Reiknistofnun og hálf staða sérfræðings hjá Líffræðistofnun. Þá er áætlað fyrir fimm tímabundnum kennarastöðum á liðnum sameiginleg útgjöld. Stöður þessar eru fyrst og fremst ætlaðar til að mæta aukinni aðsókn nemenda í einstakar deildir og verður ráðning í stöðurnar tímabundin hverju sinni. Önnur hækkun launa umfram verðlagsforsendur frumvarpsins er fyrst og fremst vegna aukinnar kennslu í lyfjafræði lyfsala og tölvunarfræði. Þá hefur framlag til stundakennslu í deildum og námsbrautum verið hækkað þar sem höfð hefur verið hliðsjón af kennslumagni skólaárið 1984—1985. Við áætlun á rekstrargjöldum var tekið mið af reikningsniðurstöðum ársins 1984 ásamt útkomu á fyrri hluta árs 1985. Ekki er talin ástæða til að fjalla sérstaklega um framlög til einstakra deilda skólans þar sem hækkunir umfram verðlagsforsendur frumvarpsins skiptast nokkuð jafnt á einstakar deildir og námsbrautir.

Byggingarframkvæmdir, viðhald fasteigna- og tækjakaup. Áætlað er að ráðstöfunarfé Háskóla Íslands til framkvæmda, viðhalds og tækjakaupa nemi samtals 115.000 þús.kr. á árinu 1986. Gert er ráð fyrir að fjármögnun og ráðstöfun fjárens verði með eftirfarandi hætti:

Fjármögnun:	Fjárlög 1985 þús. kr.	Frumvarp 1986 þús. kr.
Framlag H.H.Í.	57.000	85.250
Fjárveiting úr ríkissjóði	10.000	29.750
Samtals	67.000	115.000
Ráðstöfun:		
<i>A. Almenn</i>		
Viðhald húsa og lóða	10.000	15.000
Tækjakaup deilda, námsbrauta og stjórnsýslu	5.500	7.000
Skipulagning lóðar og áætlunargerð vegna nýbygginga á Háskólalóð ...	600	1.000
Endurnýjun og viðhald húsgagna og búnaðar	1.000	2.000
Húsnæði og búnaður námsbrauta	2.000	3.000
Síma- og öryggismál, úrbætur	500	
Tækjakaup vegna nýðnaðarverkefna		6.000
Samtals	19.600	34.000
<i>B. Nýbyggingar</i>		
Framkvæmdir á Háskóla- og Landspítalalóð	47.400	81.000
Samtals A og B	67.000	115.000

Bein fjárveiting úr ríkissjóði til framkvæmda, viðhalds og tækjakaupa er samtals að fjárhæð 29.750 þús.kr. Samsvarandi fjárhæð 1985 nam 10.000 þús. kr. Framlag ríkisins miðar að því að viðhald eigna skólans verði eflt, að nokkrum fjármunum verði varið til þess að búa í haginn fyrir rannsóknir og aðstöðu fyrir ný iðnaðarverkefni og loks að lokið verði þeim byggingum sem nú er unnið að áður en byrjað er á nýjum.

Nefnd um málefni Háskóla Íslands er nú starfandi. Að henni eiga aðild fulltrúar skólans, ráðuneyta, atvinnulífs og fjárveitinganefndar Alþingis. Nefndin stefnir að því að skila álitni á haustdögum þar sem m.a. verður fjallað um innra starf skólans og starfsskilyrði hans og horfur á næstu árum.

202 Tilraunastöð háskólans að Keldum

Fjárveiting til Tilraunastöðvar háskólans að Keldum hækkar úr 8.622 þús.kr. fjárlögum 1985 í 15.742 þús.kr., eða um 82,6%. Launagjöld hækka um 33,5% og verða 15.928 þús.kr. Önnur gjöld vegna reksturs hækka úr 12.126 þús.kr. í fjárlögum 1985 í 15.969 þús.kr., eða um 31,7%. Sértekjur hækka um 13,9% milli ára. Veittar eru 2.000 þús.kr. til meiri háttar viðhalds fasteigna tilraunastöðvarinnar og á árinu 1986 verður ráðist í fyrsta áfanga af þremur. Skýringar á hækkun fjárveitingar til stofnunarinnar umfram almennar launa- og verðlagsbreytingar eru einkum fimm. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir nýrri stöðu aðstoðarmanns við fisksjúkdómarannsóknir. Í öðru lagi hafa ýmsir launaliðir verið hækkaðir í ljósi reynslu síðustu ára. Í þriðja lagi eru rekstrargjöld hækkuð frá fjárlögum 1985 með hliðsjón af reikningsniðurstöðu 1984. Í fjórða lagi hefur dregið úr eftirspurn eftir bóludefni og kemur það niður á sölutekjum stofnunarinnar. Loks er ráðgert að ráða bót á bágu ástandi fasteigna tilraunastöðvarinnar.

203 Raunvísindastofnun háskólans

Framlag ríkissjóðs nemur 45.392 þús. kr. og hækkar um 30,4% frá fjárlögum 1984. Framlagið miðast við óbreytta starfsemi á stofnuninni og hækkunin milli ára skýrist einkum af fjölgun yfirvinnustunda og raunhækkun rekstrarfjár frá fjárlögum 1985. Í báðum tilvikum er miðað við reynslu fyrri ára. Gert er ráð fyrir 125 þús.kr. fjárveitingu á launalið yfirstjórnar vegna ákvæða kjarasamninga um rannsóknaleyfi og 175 þús.kr. rekstrarfjárveitingu á yfirstjórn vegna afmælis stofnunarinnar á næsta ári. Þá er heildarfjárveiting til eignakaupa hækkuð úr 1.425 þús.kr. í fjárlögum 1985 í 2.500 þús.kr. Fjárveiting til byggingar þakhæðar hússins er óbreytt frá fjárlögum 1985, 6.000 þús.kr.

206 Orðabók háskólans

Fjárveiting til stofnunarinnar nemur 5.151 þús. kr. og hækkar um 1.061 þús. kr. frá gildandi fjárlögum. Framlög til rekstrar hækka í samræmi við launa- og verðlagsforsendur. Frá síðustu fjárlagagerð hefur ráðninganefnd ríkisins heimilað eina stöðu sérfræðings. Þetta hefur ekki kostnaðarauka í för með sér þar sem framlag til lausráðins starfsfólks hefur verið lækkað á móti. Framlag til stofnkostnaðar, 200 þús. kr., er vegna tölvubúnaðar.

207 Íslensk málstöð

Fjárlagaliður þessi bar nafnið *Íslensk málnefnd* í fjárlögum ársins 1985. Nafninu hefur nú verið breytt en Íslensk málstöð er miðstöð þeirrar starfsemi sem málnefndin hefur með höndum. Samtals nemur framlag til stöðvarinnar 1.870 þús. kr. og hækkar um 695 þús. kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs. Hækkunin, sem er umfram launa- og verðlagsforsendur, stafar fyrst og fremst af hækkun annarra rekstrargjalda en launa, enda um nýja starfsemi að ræða.

231 Náttúrufræðistofnun

Laun hækka um 1.787 þús.kr. eða 39,6% sem m.a. skýrist af fjölgun um eina stöðu náttúrufræðings sem áður var ráðinn til ákveðinna verkefna og hækkun á yfirvinnu með hliðsjón af reikningi 1984. Önnur rekstrargjöld hækka um 583 þús.kr. eða 25%.

Er það nokkuð umfram almennar verðlagshækkanir enda var tekið tillit til reiknings 1984 og aukins húsrýmis stofnunarinnar. Af fjárveitingu til annarra rekstrargjalda eru 145 þús.kr. tímabundin fjárveiting vegna jarðfræðikortagerðar. Til innréttinga sýningarsala og viðgerða á stigauppgangi eru ætlaðar 1.400 þús.kr. en framkvæmdum var slegið á frest 1985. Framlag til hefðbundins stofnkostnaðar, svo sem sýningarskápa, tækja o.fl., er 500 þús. kr. Sértekjur eru átlaðar 558 þús.kr. og eru m.a. vegna starfa náttúrufræðings sem fyrr er nefndur, en störf hans eru seld ýmsum aðilum.

232 Rannsóknaráð ríkisins.

Framlag hækkar úr 6.489 þús.kr. í fjárlögum 1985 í 7.903 þús.kr., eða um 21,8%. Laun hækka um 28,6% og verða 4.288 þús.kr. Önnur gjöld vegna reksturs hækka úr 4.078 þús.kr. í 4.274 þús.kr., eða um 4,8%. Fjárveiting til eignakaupa hækkar úr 150 þús.kr. í 550 þús.kr. Sértekjur stofnunarinnar hækka úr 1.074 þús.kr. í 1.209 þús.kr., eða um 12,6%. Helstu breytingar á einstökum viðfangsefnum frá fjárlögum 1985 eru þær að tveim viðfangsefnum, *skipulags- og þróunarmál og nýting náttúruauðæfa*, er ekki ætlað framlag. Mjög lítil starfsemi er fyrirhuguð á þessum sviðum og því þykir rétt að fella þau niður sem sérstök viðfangsefni. Á móti kemur að fjárveiting til viðfangsefnanna *rannsóknir- og þróunarstarfsemi og langtímaáætlun* er aukin verulega. Í eftirfarandi yfirliti sést framlag ríkissjóðs til þeirra rannsóknastofnana sem um er fjallað í langtímaáætlun Rannsóknaráðs ríkisins, að viðbættum Raunvísindastofnun háskólans og Tilraunastöð háskólans á Keldum.

	Fjárlög 1985		Frumvarp 1986		Breyting framlags %
	Framlag Þús.kr.	Sértekjur % af gjöldum	Framlag Þús.kr.	Sértekjur % af gjöldum	
Tilraunastöð háskólans að Keldum	8.622	64,9	15.742	53,6	82,6
Raunvísindastofnun háskólans	34.819	13,1	45.392	12,8	30,4
Rannsóknastofnun landbúnaðarins	40.699	9,6	48.362	9,7	18,8
Veiðimálaskrifstofan	11.029	8,0	12.360	8,4	12,1
Hafrannsóknastofnun	135.983	0,8	168.540*	0,7*	23,9*
Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins	19.447	27,7	24.528	28,1	26,1
Iðntæknistofnun Íslands	36.826	38,8	44.169	42,9	19,9
Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins	15.606	46,0	22.493	40,1	44,1
Orkustofnun	97.324	32,0	117.059	28,3	20,3
Samtals	400.355	22,7	498.645	21,5	24,6

* Í þessum samanburði eru leigutekjur af r/s Hafþóri undanskildar. Einnig eru gjöld og jafnháar tekjur af sérstöku hvalarannsóknaverkefni undanskilin.

Um fjármál einstakra stofnana er fjallað í köflum um tilheyrandi ráðuneyti.

233 Rannsóknasjóður

Með afgreiðslu lánsfjárlaga fyrir árið 1985 var ákveðið að verja 50.000 þús.kr. til eflingar rannsóknastarfsemi í landinu með stofnun sérstaks rannsókn- og þróunar-sjóðs. Markmiðið með þessum sjóði er að styrkja rannsóknir einstaklinga, fyrirtækja og stofnana er geta orðið til nýsköpunar í atvinnulífi landsmanna. Árið 1986 er ráðgert að veita 50.000 þús.kr. í sama tilgangi. Þetta er því nýr liður í fjárlagafrumvarpi.

276 Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna

Framlag úr A-hluta til sjóðsins nemur alls 21.310 þús. kr. og er jafnhátt mörkuðum tekjum sjóðsins af hagnaði Happraðttis Háskóla Íslands. Framlag hækkar um 56% og

er í samræmi við áætlun happdrættisins um aukningu tekna 1986. Ráðstöfunarfé sjóðsins 1986 fer til að greiða afborgun og vexti af eldri lánum og til áframhaldandi uppbyggingar á aðstöðu rannsóknastofnana.

301—307 Menntaskólar

Pegar á heildina er litið virðist rekstur þessara skóla vera í jafnvægi frá ári til árs. Helst er það í nýjustu skólunum sem einhverjar breytingar eru á rekstri og þá gjarnan í tengslum við flutning í nýtt húsnæði. Áætlun fjárlaga 1986 byggir á svipuðum fjölda nemenda og gert var í fjárlögum liðandi árs, eða um 3700 nemendum. Hækkun launa og annarra rekstrargjalda er því í samræmi við almennar launa- og verðlagsforsendur. Heildarfjárveiting er 227.840 þús. kr. og hækkar um 29% frá fjárlögum yfirstandandi árs. Launaliður hækkar um 31,9% og önnur gjöld um 14,4%. Í eftirfarandi töflu er sýnd skipting milli gjaldategunda.

	Fjárlög 1985 þús. kr.	Frumvarp 1986 þús. kr.	Breyting þús. kr.
Laun	149.365	197.015	47.650
Önnur gjöld	25.228	28.875	3.647
Stofnkostnaður	5.450	9.200	3.750
Viðhald	1.500	—	-1.500
Gjöld samtals	181.543	235.090	53.547
Sértekjur	5.539	7.250	1.711
Mismunur	176.004	227.840	51.836

Ekki er áætlað fyrir meiri háttar viðhaldi hjá skólunum en á fjárlagalið 02–319 er óskipt fjárhæð til viðhalds. Til stofnkostnaðar eru eftirfarandi framlög: Til Menntaskólans í Reykjavík 500 þús. kr. vegna endurbóta. Til Menntaskólans á Akureyri 1.000 þús. kr. vegna endurbóta á gamla skólahúsinu. Til Menntaskólans á Laugarvatni 1.200 þús. kr. vegna ýmissa endurbóta bæði á gamla skólahúsinu og vegna heimavistarhúss. Til Menntaskólans við Hamrahlíð 500 þús. kr. vegna endurbóta og 1.500 þús. kr. til Menntaskólans við Sund í sama tilgangi. Menntaskólinn á Ísafirði fær 3.000 þús. kr. framlag vegna nýbyggingar og 1.000 þús. kr. vegna lóðarframkvæmda. Loks er 500 þús. kr. framlag áætlað til hönnunar kennsluhúss við Menntaskólann á Egilsstöðum.

308, 351—360 Fjölbrautaskólar

Auk þeirra skóla sem bera nafnið fjölbrautaskólar flokkast framhaldsskólarnir í Neskaupstað og Vestmannaeyjum einnig hér undir ásamt Menntaskólanum í Kópavogi, fjölbraut, og Verkmenntaskólanum á Akureyri. Fjallað er um alla þessa skóla sameiginlega. Mikil nemendafjölgun hefur orðið í þessum skólum á undanförunum árum og skólum hefur fjölgað. Í fjárlögum 1985 var í fyrsta sinn áætlað fyrir rekstri Verkmenntaskólans á Akureyri og Fjölbrautaskólans í Garðabæ. Áætlun fjárlaga 1986 vegna rekstrar miðast við um 6.100 nemendur og er það fjölgun um 200 nemendur frá fjárlögum 1985. Mest er fjölgunin í Verkmenntaskóla Akureyrar. Laun og önnur rekstrargjöld hækka því nokkuð umfram verðlag auk þess sem starfrækt verður öldungadeild við Framhaldsskólann í Vestmannaeyjum og meistarskólar verða starfræktir við fjölbrautaskólana á Suðurnesjum, Akranesi og Sauðárkróki. Áætlun um meistarskóla byggist á þátttöku nemenda að 1/3 hluta og þátttöku sveitarfélaga að 1/3 hluta í kostnaði. Er þetta sama kostnaðarskipting og er vegna

öldungadeilda og framlag ríkissjóðs því 1/3 hluti áætlaðs kostnaðar. Eftirfarandi tafla sýnir sundurliðun milli gjaldategunda og samanburð við fjárlög yfirstandandi árs.

	Fjárlög 1985 þús. kr.	Frumvarp 1986 þús. kr.	Breyting þús. kr.
Laun	208.688	282.540	73.852
Önnur gjöld	23.245	28.363	5.118
Stofnkostnaður	49.900	37.900	-12.000
Gjöld samtals	281.833	348.803	66.970

Samtals hækkar framlag um 23,8% , laun um 35,4% og önnur rekstrargjöld um 22%. Til stofnkostnaðar eru eftirfarandi framlög: Til endurbóta á gamla Flensborgarhúsinu í Hafnarfirði 500 þús.kr. Er það lokagreiðsla vegna þeirra endurbóta er átt hafa sér stað á undanförunum árum. Til Fjölbrautaskóla Suðurnesja eru áætlaðar 1.600 þús. kr. sem er hlutur ríkissjóðs í fyrri framkvæmdum við skólann. Til Fjölbrautaskólans á Akranesi eru veittar 5.300 þús. kr., þ. a. eru 1.000 þús. kr. ætlaðar til kaupa á kennslutækjum en 4.300 þús. kr. eru vegna heimavistarhúss sem verið hefur í byggingu. Til Framhaldsskólans í Vestmannaeyjum 1.000 þús. kr. og er það vegna uppgjors við Vestmannaeyjabæ vegna breytinga og lagfæringa á húsnæði skólans. Til Fjölbrautaskólans á Sauðárkróki 8.500 þús. kr. Þar af eru 3.500 þús. kr. vegna væntanlegra framkvæmda við heimavist en 5.000 þús. kr. eru til uppgjors fyrri framkvæmda við heimavist. Til byggingar bóknámshúss við Fjölbrautaskóla á Selfossi er framlagið 10.000 þús. kr. og til Verkmenntaskóla á Akureyri er framlag einnig 10.000 þús. kr. Loks er 1.000 þús. kr. framlag til Framhaldsskólans í Neskaupstað vegna lokaframkvæmda og kaupa á búnaði.

319 Framhaldsskólar, almennt

Heildarframlag nemur 44.689 þús. kr. Er það 17.321 þús. kr. eða 63,3% hækkun frá fjárlögum 1985. Launaliður hækkar um 8.454 þús. kr. og skýrist hækkun umfram launaforsendur fyrst og fremst af tveim nýjum verkefnum. Vegna sérkennslu í framhaldsskólum er nú áætlað 2.750 þús. kr. og vegna almennra þróunarverkefna á framhaldsskólastigi eru áætlaðar 1.950 þús. kr. Síðara verkefnið var áður á fjárlagalið 02— 423 Námsstjórn og þróunarverkefni svo að ekki er um aukningu að ræða heldur tilfærslu. Vegna óvissu um nemendafjölda í framhaldsskólum veturinn 1986—1987 eru nú áætlaðar 5.850 þús. kr. sem er svipuð upphæð og í gildandi fjárlögum að teknu tilliti til launahækkana. Aðrir þættir á launalið eru eftirfarandi: 1) Sameiginleg þjónusta, 2) laun prófdómara, 3) orlof kennara og 4) forfallakennsla. Hækka þessir þættir í samræmi við almennar launahækkanir á tímabilinu. Önnur gjöld hækka um 6.701 þús. kr. frá gildandi fjárlögum. Hækkun sú er aðallega vegna 5.625 þús. kr. framlags vegna uppgjors við samrekstrarskóla, þ.e.a.s. skóla sem reknir eru í samvinnu við sveitarfélög eða samtök. Uppgjörskröfur vegna þessara skóla hafa farið vaxandi og þeim hefur ávallt verið mætt með aukafjárveitingu. Nú er lagt til að framvegis verði áætlað fyrir þessum útgjöldum í fjárlögum hverju sinni. Einnig er um 3.000 þús. kr. framlag vegna óvissu um nemendafjölda. Tilfærslur nema 3.187 þús. kr. Þar af eru 937 þús. kr. vegna endurmenntunarnámskeiða og námskeiða í uppeldis- og kennslufræðum en 2.250 þús. kr. eru vegna réttindanámskeiða skipstjórnarmanna og er það nýr liður, en til þessa verkefnis var veitt aukafjárveiting 1985 að fjárhæð 2.290 þús. kr. Framlag til viðhalds hækkar um 800 þús. kr. og er samtals 5.000 þús. kr. og til hugbúnaðar og tölvukaupa eru áætlaðar 4.000 þús. kr.

321 Kennaraháskóli Íslands

Framlag til skólans nemur alls 71.921 þús. kr. og hækkar um 14.723 þús. kr. eða 25,7% frá gildandi fjárlögum. Vegna launa áætlast 53.652 þús. kr. sem er um 4.000 þús. kr. umfram almennar launahækkningar. Er það allt vegna nýrrar starfsemi, *framhaldsnám fyrir sérkennara*. Við fjárlagagerð 1985 veitti fjárveitinganefnd Alþingis framlag til nýrrar stöðu vegna þessarar kennslu og hefur þegar verið ráðinn breskur gistiprófessor. Önnur rekstrargjöld nema 13.163 þús. og hækka um 817 þús. kr. Hefur þá verið tekið tillit til millifærslu á öðrum rekstrargjöldum frá Kennaraháskóla Íslands til Æfinga- og tilraunaskóla Kennaraháskólans, en skýr skil hafa fram til þessa ekki verið þar á milli. Framlag til viðhalds er 950 þús. kr. og til stofnkostnaðar 5.625 þús. kr. Þar af eru 2.000 þús. kr. vegna tækjakaupa, 2.225 þús. kr. eru vegna lóðarframkvæmda og lyftu og 1.400 þús. kr. eru vegna endurbyggingar hússins við Laufásveg. Loks eru sértekjur áætlaðar 1.469 þús.kr. en það er 362 þús.kr. hærri fjárhæð en í fjárlögum 1985.

322 Æfinga- og tilraunaskóli Kennaraháskólans

Framlag til skólans nemur 16.299 þús. kr. Hækkun frá gildandi fjárlögum er samtals 5.989 þús. kr. og er langt umfram almennar launa- og verðlagsbreytingar. Skýringar eru eftirfarandi: Frá Kennaraháskóla Íslands hafa verið millifærðar um 1.350 þús. kr. vegna annarra rekstrargjalda en launa. Í ríkisreikningi fyrir árið 1984 er í fyrsta sinn greint á milli rekstrargjalda þessara skóla og lágu því haldgóðar upplýsingar fyrir um raunveruleg rekstrargjöld hvors skóla um sig. Auk þessa er nú áætlað fyrir framlagi til viðhalds, 1.000 þús. kr., sem er hrein aukning frá fjárlögum 1985. Launagjöld hækka hins vegar í samræmi við almennar launahækkningar.

331 Íþróttakennaraskóli Íslands

Heildarfjárveiting til Íþróttakennaraskóla Íslands nemur 24.803 þús. kr. og hækkar um 5.690 þús. kr. frá fjárlögum þessa árs. Áætlun vegna rekstrar miðast við óbreytta starfsemi og er hækkun milli ára í samræmi við almennar launa- og verðlagsforsendur. Til viðhalds áætlast 300 þús. kr. og stofnkostnaðarframlag nemur alls 17.438 þús. kr. Þar af eru 14.200 þús. kr. vegna framkvæmda við annan áfanga nýbyggingar íþróttahúss og 3.238 þús. kr. eru til frágangs innanhúss o. fl.

422 Námsgagnastofnun

Fjárveiting til stofnunarinnar hækkar um 19.126 þús. kr., sem er 32,5% hækkun frá fjárlögum 1985. Laun hækka um 4.508 þús. kr. sem er 30,7% hækkun. Fastráðnum starfsmönnum fjölgar úr 10 í 24,5 en lausráðnum starfsmönnum fækkar að sama skapi, þannig að starfsmenn eru alls 39 eins og í fjárlögum 1985. Önnur gjöld vegna rekstrar hækka um 14.327 þús. kr. eða 26,8% frá fjárlögum 1985. Hækkunin skiptist sem hér segir:

	Fjárlög 1985 þús. kr.	Frumvarp 1986 þús. kr.	Breyting þús. kr.
Kaup á myndböndum	2.597	3.000	403
Útáfa kennsluefnis	42.911	55.450	12.539
Almennur rekstur	7.943	9.328	1.385
Samtals	53.451	67.778	14.327

Af fjárveitingu til útgáfu á kennsluefni eru 6.750 þús. kr. vegna skyldunáms 9. bekkjar. Tekið er upp viðhaldsverkefnið *fasteign, Brautarholti 6*. Til lagfæringa

utanhúss eru ætlaðar 400 þús. kr. Fjárveiting til eignakaupa, 2.800 þús. kr., skiptist þannig að til tölvuvæðingar eru ætlaðar 2.000 þús. kr. en til kaupa á bifreið og ýmsum tækjabúnaði eru 800 þús. kr. Sértekjur stofnunarinnar nema alls 12.657 m. kr. en námu 9.648 m. kr. Hækkun nemur því 31% frá fjárlögum 1985.

423 Námsstjórn og þróunarverkefni

Framlag til þessa viðfangsefnis hækkar um 612 þús. kr. frá fjárlögum 1985 og er sú hækkun innan við almennar launa- og verðlagshækkanir. Ástæða þess er að verkefnið, þróunarverkefni vegna framhaldsskóla, er flutt af þessum fjárlagalið á fjárlagalið 02—319 Framhaldsskólar, almennt. Þar með eru engin verkefni á þessum fjárlagalið tengd framhaldsskólum heldur einungis grunnskólum. Að teknu tilliti til þessarar lækkunar, sem er um 1.950 þús. kr., er hækkun framlags í samræmi við launa- og verðlagsbreytingar.

501 Tækniskóli Íslands

Heildarframlag til skólans nemur 43.395 þús. kr. og hækkar um 10.770 þús. kr. frá fjárlögum 1985, eða um 33%. Rekstraráætlun miðast við óbreytta starfsemi frá fjárlögum þessa árs að undanskilinni aukningu sem verður vegna þess að röntgen-tæknanám færir til skólans en var áður sérstakt viðfangsefni undir fjárlagalið 08—501 Skólar heilbrigðisstétta. Sú aukning er áætluð um 1.000 þús. kr. Framlag til kaupa á ýmsum tækjabúnaði er 2.000 þús. kr.

514 Iðnskólinn í Reykjavík

Framlög til Iðnskólans í Reykjavík nema samtals 77.642 þús. kr. Helstu breytingar frá gildandi fjárlögum er 845 þús. kr. framlag vegna starfsemi öldungadeildar við skólann og 650 þús. kr. framlag vegna námskeiða fyrir iðnaðarmenn í tengslum við hana. Að frátalinni þessari nýju starfsemi er framlag til rekstrar skólans óbreytt að teknu tilliti til launa- og verðlagsbreytinga. Framlag til viðhalds húseigna nemur 2.000 þús. kr. en samsvarandi fjárveiting nam 1.800 þús. kr. í fjárlögum 1985.

515 Iðnskólar utan Reykjavíkur

Fjárframlag til iðnskóla utan Reykjavíkur er samtals 19.730 þús. kr. og hækkar frá gildandi fjárlögum um 5.959 þús. kr. eða 43,2%. Framlagið skiptist sem hér segir: Til Iðnskólans í Hafnarfirði fara 9.180 þús. kr., til annarra iðnskóla 6.000 þús. kr., vegna sveinsprófa 2.600 þús. kr. og vegna endurmenntunar iðnaðarmanna 1.950 þús. kr. Helstu breytingar til skýringar á auknum útgjöldum eru 156 þús. kr. framlag til Iðnskólans í Hafnarfirði vegna meistaraskóla. Er hér reiknað með að hver greiði þriðjung, ríkissjóður, sveitarfélag og nemendur. Er þetta sami háttur og hafður er á í öllum öldungadeildum við framhaldsskóla landsins. Þá er gert ráð fyrir hækkun framlags til endurmenntunar iðnaðarmanna og nemur sú hækkun 1.300 þús. kr. Að þessum sérstöku liðum frátöldum hækkar framlag um 32,7%.

516 Iðnskólar, almennt

Stofnkostnaðarframlag til iðnskóla er samtals 4.900 þús. kr. Er það 400 þús. kr. hækkun frá gildandi fjárlögum og skiptist með eftirfarandi hætti: Til Iðnskólans í Reykjavík 2.000 þús. kr. vegna tækjakaupa og 1.000 þús. kr. til framkvæmda. Til Iðnskólans í Hafnarfirði 1.000 þús. kr. vegna tækjakaupa og til Iðnskólans á Ísafirði 900 þús. kr. vegna tækjakaupa. Óskipt viðhaldsfé áætlast 1.000 þús. kr. sem er óbreytt fjárhæð frá fjárlögum 1985.

518 Fiskvinnsluskólinn

Fjárveiting til Fiskvinnsluskólans nemur alls 21.139 þús. kr. en nam 15.223 þús. kr. í fjárlögum 1985. Launaliður er 4.608 þús. kr. og hækkar í samræmi við almennar launabreytingar. Önnur gjöld til rekstrar áætlast 3.938 þús. kr. Er það nokkuð umfram verðlagsbreytingar, en tekið var tillit til útkomu undanfarinna ára. Á móti kemur nokkur hækkun sértekna en þær eru alls 1.695 þús. kr. Stofnkostnaðarframlag vegna byggingarframkvæmda er 14.288 þús. kr. og er það til að standa við gerðan verksamning um uppsteypu verkennsluhúss skólans. Verkið var boðið út fyrri hluta árs 1985 og fyrirhuguð verklok þessa áfanga er 1. september 1986.

581 Verslunarskóli Íslands

Heildarfjárveiting nemur 43.519 þús. kr. sem er hækkun um 12.750 þús. kr., eða 41%, frá fjárlögum 1985. Launaliður hækkar um 9.078 þús. kr. Þetta er lítið eitt umfram almennar launahækkunir, en áætlun nú byggir á fleiri nemendum en verið hafa í skólanum undanfarin ár. Aðallega eru það önnur gjöld vegna rekstrar sem hækka umfram verðlagsforsendur en þau nema alls 8.345 þús. kr. og hækka um 63,1%. Hækkunin er fyrst og fremst vegna nýs samnings um þátttöku ríkissjóðs í rekstrarkostnaði skólans.

601—609 Héraðsskólar

Fjallað er hér um alla héraðsskóla sameiginlega eins og fjallað er um menntaskóla og fjölbrautaskóla. Nemendum í héraðsskólum hefur fækkað á undanförunum árum og í áætlun fjárlaga 1986 eru þeir nokkru færri en í áætlun fjárlaga 1985. Hlutfall framhaldsnáms hefur þó aukist í þessum skólum á undanförunum árum og er sú kennsla dýrari á hvern nemanda en kennsla á grunnskólastigi. Hækkun launa er í hátt við almennar launahækkunir á tímabilinu en hækkun annarra rekstrargjalda er eilítið meiri en almennar verðlagshækkunir. Er hækkun þessi fyrst og fremst vegna mikils orkukostnaðar í nokkrum skólanna samkvæmt upplýsingum úr ríkisreikningi 1984. Virðist sú hækkun ekki vera í samræmi við hækkun þessa liðar annars staðar og hefur svo verið í nokkur ár. Heildarframlög eru sýnd í eftirfarandi töflu og samanburður við fjárlög 1985.

	Fjárlög 1985 þús. kr.	Frumvarp 1986 þús. kr.	Breyting þús. kr. %	
Laun	35.554	45.590	10.036	28,2
Önnur gjöld	17.721	20.859	3.138	17,7
	Gjöld samtals	53.275	66.449	13.174 24,7
	Sértekjur	1.963	2.342	379 19,3
	Mismunur	51.312	64.107	12.795 24,9

610 Héraðsskólar, almennt

Framlag á þessum fjárlagalið nemur 14.500 þús. kr. og hækkar frá gildandi fjárlögum um 2.000 þús. kr. Til stofnkostnaðarverkefna eru ætlaðar 11.000 þús. kr. Þar af eru 6.000 þús. kr. vegna byggingar mótuneytishúss við Héraðsskólann í Reykholti. Til viðhaldsverkefna eru veittar 3.500 þús. kr. Eins og undanfarin ár mun fjárveitinga-nefnd Alþingis gera tillögu um skiptingu framlagsins milli einstakra héraðsskóla.

700–720 Grunnskólar, rekstur

Hér verður fjallað um rekstur grunnskólastigsins. Heildarkostnaður er áætlaður 1.579.167 þús. kr. sem er hækkun um 379.088 þús. kr. eða 31,6% frá fjárlögum 1985. Launagjöld eru 1.401.152 þús. kr. sem er hækkun um 339.168 þús. kr. eða 31,9% frá fjárlögum 1985.

Launagjöld skiptast í aðalatriðum þannig, í þús. kr.:

Fræðsluskrifstofur		7.199
Sálfræði- og ráðgjafarþjónusta		8.100
Almennur kennslukostnaður		1.089.107
p. a. almenn kennaralaun	1.061.277	
einkaskólar	9.896	
óskiptur liður	13.000	
annað	4.934	
Stuðningskennsla		53.231
Forfallakennsla		33.415
Orlof kennara		9.813
Önnur laun, mótuneyti o. fl.		117.458
Sérkennsla		56.543
Námsstjórar		1.903
Framhaldsdeildir grunnskóla		21.309
Stjórnskipaðir prófdómarar		3.074
	Samtals	1.401.152

Auk launahækkana í kjölfar kjarasamninga skýrist hækkun launagjalda m. a. af eftirfarandi atriðum:

- Almennur kennslukostnaður hækkar um 46.500 þús. kr., einkum vegna fjölgunar bekkjardeilda og skiptistunda. Nemendafjöldi í grunnskólum 1985–1986 er 40.200 og fjölgar um rúmlega 300 frá fyrra skólaári. Af *óskiptum lið* eru Tjarnarskóla ætlaðar 1.500 þús. kr.
- Útgjöld vegna launa í mótuneytum hækka um 5.000 þús. kr.
- Sérkennsla í grunnskólum hækkar um 11.300 þús. kr. og er gert ráð fyrir nokkurri aukningu á starfseminni.
- Laun vegna samræmdra prófa í 9. bekk á liðnum *stjórnskipaðir prófdómarar* eru 3.074 þús. kr. Þessi liður féll niður í fjárlögum 1985.

Önnur gjöld án eignakaupa nema alls 149.256 þús. kr. Þetta er hækkun um 27.701 þús. kr. eða 22,8% frá fjárlögum. Um 80–85% allra gjaldanna er vegna aksturs skólabarna. Til eignakaupa eru 5.000 þús. kr. ætlaðar til tölvu- og hugbúnaðarkaupna. Á árinu 1985 hefur menntamálaráðuneytið beitt sér fyrir samræmingu í tölvukaupum fyrir grunnskólastigið. Útboð á vélbúnaði hefur farið fram.

Tilfærslur eru 23.759 þús. kr. og hækka um 7.219 þús. kr. frá fjárlögum 1985 eða 43,6%. Undir tilfærslur falla framlög til reksturs fræðsluskrifstofa sem áætluð eru í samræmi við 85. gr. laga nr. 63/1974, um grunnskóla. Þetta á þó ekki við um framlag til fræðsluskrifstofu Reykjavíkurmæmis sem skipt er milli launa og annarra gjalda. Auk lögbundins framlags fær fræðsluskrifstofa Reykjavíkur 1.120 þús. kr. aukaframlag vegna aukins kostnaðar í kjölfar samnings milli menntamálaráðuneytisins og Reykjavíkurborgar. Fjárveiting vegna höfundagreiðslna skv. gerðardómi 1984, að fjárhæð 3.500 þús. kr. í fjárlögum 1985 er flutt af fjárlagaliðnum *listir, framlög* á liðinn *grunnskólar, almenn* og nemur sömu fjárhæð. Þá fellur niður viðfangsefnið *FM-heyrnartæki* til notkunar við kennslu og er starfsemin felld undir liðinn *grunnskólar, óskipt*.

- 730 Bygging grunnskóla og íbúða fyrir skólastjóra**
Fjárveiting nemur 120.000 þús. kr. og hækkar frá fjárlögum 1985 um 3.632 þús. kr. Fjárveitinganefnd Alþingis mun að venju gera tillögu um skiptingu fjárveitingar til einstakra framkvæmda.
- 750 Skólar fyrir þroskaheft börn**
Sú breyting er gerð á þessum fjárlagalið að eitt viðfangsefni, 02—750—1.20 Greiningarstöð í Kjarvalshúsi, er gert að sérstökum fjárlagalið undir félagsmálaráðuneytinu (07—750). Er þetta gert samkvæmt ákvæðum laga nr. 41/1983. Þegar tekið hefur verið tillit til þessarar breytingar hækkar fjárlagaliðurinn úr 86.474 þús. kr. í 110.890 þús. kr. og er það í samræmi við launa- og verðlagsbreytingar, enda er gert ráð fyrir nánast óbreyttri starfsemi.
- 799 Heyrnleysingjaskólinn**
Framlag til rekstrar er svo til óbreytt frá fjárlögum 1985 að teknu tilliti til launa- og verðlagshækkana á tímabilinu. Framlag til viðhalds, 400 þús. kr., er vegna áframhaldandi viðgerða vegna alkalískemmda á skólahúsinu svo og málningar. Til stofnkostnaðar eru áætlaðar 200 þús. kr. til kaupa á textasímum fyrir heyrnarlausu.
- 802 Vernd barna og ungmenna**
Fjárveiting til *barnaverndarráðs* nemur 3.641 þús. kr. og hækkar frá núgildandi fjárlögum um 953 þús. kr. Launaliður hækkar í samræmi við almennar launahækkanir en önnur rekstrargjöld hækka umfram verðlagsforsendur. Er sú hækkun öll vegna aukins kostnaðar af nýju húsnæði. Styrkir til sumardvalaheimila falla nú niður. Framlag til reksturs *meðferðarheimilisins Torfastöðum* er 2.034 þús. kr. og hækkar um 794 þús. kr. frá fjárlögum 1985. Hækkunin er umfram launa- og verðlagsforsendur. Er hér um leiðréttingu að ræða þar sem eingöngu var miðað við almennar launahækkanir þegar verðlagsuppfærsla var gerð á s.l. ári, en miða átti að hluta til við vísitölu framfærslukostnaðar.
- 803 Dagvistarheimili, stofnkostnaður**
Fjárveiting nemur 40.000 þús. kr. og hækkar um 5.099 þús. kr. frá fjárveitingu í fjárlögum 1985. Fjárveitinganefnd Alþingis mun venju samkvæmt gera tillögu um skiptingu fjárlagsins til einstakra framkvæmda.
- 871 Unglingaheimili ríkisins**
Framlag verður 4.660 þús. kr. sem er lækkun um 1.319 þús. kr. frá fjárlögum 1985. Gert er ráð fyrir að starfsemi stofnunarinnar verði hagkvæmari í kjölfar skipulagsbreytinga og húsakaupa fyrir meðferðarheimili á árinu 1985. Launakostnaður er 13.398 þús. kr. sem er hækkun um 4.429 þús. kr. eða 49,4% og skýrist af fjölgun úr 22 í 23 starfsmenn, breytingu á tveimur stöðum uppeldisfulltrúa í deildarstjóra og almennum launahækkunum. Önnur gjöld eru 5.242 þús. kr. sem er hækkun um 2.328 þús. kr. eða 79,9% frá fjárlögum 1985. Er þá tekið tillit til reiknings 1984. Sértekjur eru áætlaðar 13.980 þús. kr. sem er hækkun um 4.165 þús. kr. eða 42,4%. Fram hafa komið hugmyndir um að færa ungingaheimilið úr B-hluta fjárlaga í A-hluta, m.a. til þess að unnt verði fá betri yfirsýn yfir og auka eftirlit með starfsemi þess.
- 872 Lána sjóður íslenskra námsmanna**
Framlag til sjóðsins nemur alls 750.000 þús. kr. og hækkar um 81.939 þús. kr. eða 12,2% frá fjárlögum. Að auki er sjóðnum ætlað tiltekið lánsfé sem í þessu frumvarpi er alls 350.000 þús. kr. Samanlagt verður því ráðstöfunarfé sjóðsins 1.100.000 þús. kr. en það var 1.008.061 þús. kr. Hækkun nemur 9,1%. Málefni sjóðsins munu koma til athugunar síðar í haust.

881 Náms- og fræðimenn, framlög

Heildarfjárveiting er 13.699 þús. kr. Helsta breyting frá framlögum í núgildandi fjárlögum er á viðfangsefninu *safngripaviðgerðir, námsvistargjöld*. Í þessu frumvarpi er miðað við tvo nemendur en áður var einungis miðað við einn nemanda. Önnur veigamikil breyting er lækkun framlags til viðfangsefnisins *Styrkur til útgáfustarfa* en í fjárlögum 1985 var 1.000 þús. kr. sérstakur styrkur vegna útgáfu ensk-íslenskrar orðabókar. Að öðru leyti breytast framlög eins og fram kemur í eftirfarandi yfirliti.

	Fjárlög 1985 þús. kr.	Frumvarp 1986 þús. kr.	Breyting þús. kr.
Styrkur til erlendra námsmanna í íslenskum skólum	1.370	1.729	359
Menningarstofnun Bandaríkjanna á Íslandi, námsstyrkir	90	120	30
Styrkur til útgáfustarfa	1.750	750	-1.000
Safngripaviðgerðir, námsvistargjöld	150	600	450
Félagsstofnun stúdenta	2.800	3.300	500
Stúdentagarðar, viðhald	6.500	7.000	500
Hjónagarðar, hönnun	200	200	0
Gjöld samtals	12.860	13.699	839

884 Jöfnun á námskostnaði

Framlög til jöfnunar á námskostnaði eru óbreytt að krónutölu frá gildandi fjárlögum eða 20.000 þús. kr. Hér er fyrst og fremst um húsnæðis- og fæðisstyrki að ræða.

901 Landsbókasafn Íslands

Fjárveiting til safnsins hækkar úr 11.760 þús. kr. í 15.517 þús. kr. eða um 31,9%. Laun hækka um 26,4%, rekstrargjöld um 18,6% en meiri háttar stofnkostnaður vegna bókaþauka hækkar úr 1.200 þús. kr. í 2.260 þús. kr. eða um 88,3%. Heimiluð stöðugildi voru 20,67 í fjárlögum 1985 en eru nú 22,17. Ráðninganefnd ríkisins heimilaði eitt stöðugildi bókavarðar og hálf tals stöðugildi aðstoðarmanns í myndadeild á árinu, enda var til þess ætluð fjárveiting í fjárlögum 1985.

902 Þjóðminjasafn Íslands

Framlag til Þjóðminjasafnsins hækkar úr 13.682 þús. kr. í 16.045 þús. kr. eða um 17,3%. Skýringin á lítilli hækkun fjárveitingar milli ára er að nú er ekki áætlað fyrir framlagi til sjóminjasafns undir þessum fjárlagalið heldur á fjárlagaliðnum 02—991 *Húsfriðun*. Launaliður hækkar um 36,5% og rekstrargjöld um 33,3%. Á launalið er sérstaklega áætlað fyrir launum staðgengils forstöðumanns þjóðháttadeildar til eins ár. Framlagið nemur alls 431 þús. kr. Heimiluð stöðugildi eru sem fyrr 11,5 talsins. Tilfærslur nema 175 þús. kr. og eru til Hins íslenska fornleifafélags. Til meiri háttar viðhalds eru áætlaðar 2.400 þús. kr. Af þeirri fjárhæð verði 1.400 þús. kr. varið til viðgerða á Þjóðminjasafnshúsinu og til viðhalds og hirðingar á lóð safnsins, en 1.000 þús. kr. verði varið til viðhalds gamalla bygginga í vörslu Þjóðminjasafnsins.

903 Þjóðskjalasafn Íslands

Fjárveiting til safnsins hækkar úr 5.804 þús. kr. í 8.615 þús. kr. eða um 48,4%. Rekstrargjöld hækka um 52,3% og laun um 27,6%. Skýringin á mikilli hækkun rekstrargjalda og talsverðri hækkun heildarfjárveitingar er sú að samþykkt voru ný lög um Þjóðskjalasafn Íslands síðast liðið vor, lög nr. 66/1985. Löggin leggja ýmsar skyldur á safnið og er af þessum sökum tekið tillit til aukinna umsvifa við áætlun rekstrargjalda.

Heimiluð stöðugildi eru jafnmörg og í fjárlögum 1985 eða 10,5. Til meiri háttar stofnkostnaðar verður varið 600 þús. kr. sem skiptist að jöfnu til kaupa á ljósritunarvél og til kaupa á lesvél fyrir mikrófilmur.

907 Listasafn Íslands

Framlag til safnsins hækkar úr 15.369 þús. kr. og verður alls 46.764 þús. kr. Framlag til reksturs nemur alls 8.764 þús. kr. og hækkar um 3.195 þús. kr. eða 57%. Hækkunin skýrist af því að áformað er að flytja safnið úr núverandi húsakynnum við Suðurgötu í nýbyggingu safnsins við Fríkirkjuveg. Áætlað er fyrir launum 1,8 stöðu gæslumanna og 1,0 stöðu húsvardar, svo og ræstingu og öðrum gjöldum vegna reksturs. Áætlunin nemur samtals 1.511 þús. kr. og miðast við fimm mánaða rekstur á árinu. Til launa áætlast 1.165 þús. kr. og til annarra gjalda 346 þús. kr. Til *listaverkakaupa* eru áætlaðar 3.000 þús. kr. en það er hækkun um 500 þús. kr. frá fjárlögum. Stefnt er að því að taka nýja safnhúsið í notkun á árinu 1986. Fjárveiting er 35.000 þús. kr. en var 7.300 þús. kr. í fjárlögum 1985. Með þessari fjárveitingu á að takast að koma hluta hússins í notkun, þó svo að ýmsum verkþáttum í byggingunni verði lokið.

908 Kvikmyndasafn Íslands

Fjárveiting til safnsins verður 1.126 þús. kr. og hækkar um 234 þús. kr. eða um 26,2%. Laun og önnur gjöld til rekstrar tvöfaldast og er skýringin sú að nú er áætlað fyrir einu stöðugildi en einungis var áætlað fyrir hálfu stöðugildi í fjárlögum 1985. Ráðninganefnd ríkisins heimilaði hált stöðugildi forstöðumanns á árinu. Hækkun annarra gjalda er vegna þess að veitt er fé til varðveislu gamalla mynda, tækjakaupa og breytinga á húsnæði safnsins.

909 Blindrabókasafn Íslands

Framlag til safnsins hækkar úr 5.576 þús. kr. í 6.746 þús. kr. eða um 21%. Launaliður hækkar úr 3.228 þús. kr. í 4.131 þús. kr. eða um 28% og rekstrargjöld hækka úr 2.348 þús. kr. í 2.615 þús. kr. eða um 11,3%. Heimiluð stöðugildi eru nú 7 en voru 6 í fjárlögum 1985. Ráðninganefnd ríkisins heimilaði á árinu 1985 eitt stöðugildi aðstoðarmanns í útlánadeild, 285 þús. kr.

931 Náttúruverndarráð

Heildarfjárveiting til Náttúruverndarráðs hækkar úr 9.434 þús. kr. í 11.084 þús. kr. eða um 17,5%. Rekstrarviðfangsefni eru jafnmörg og í fjárlögum 1985, eða sjö talsins, en stofnkostnaðarviðfangsefnið *Þjóðgarðurinn í Jökulsárgljúfrum* fellur brott. Nýtt viðfangsefni, *viðhald fasteigna*, er tekið upp með 800 þús. kr. fjárveitingu. Fé þetta er ætlað til viðhalds ýmsum fasteignum Náttúruverndarráðs. Gjöld vegna rekstrar hækka úr 4.835 þús. kr. í 8.130 þús. kr. eða um 68,1% og laun úr 3.783 þús. kr. í 5.237 þús. kr. eða um 38,4%. Sértekjur hafa hins vegar verið hækkaðar á móti úr 1.384 þús. kr. í 3.508 þús. kr. eða um 153%. Skýringin á mikilli hækkun launa og rekstrargjalda og sértekna er að sértekjur hafa verið gróflega vanáætlaðar undanfarin ár. Það hefur leitt til þess að stofnunin hefur haft miklu meira fé til almenns rekstrar en fjárlögin gerðu ráð fyrir. Ekkert samræmi var orðið milli ríkisreiknings og fjárlaga. Í frumvarpinu nú er hins vegar fullt tillit tekið til ríkisreiknings 1984 þannig að bæði laun, rekstrargjöld og sértekjur hefur verið hækkað til samræmis við hann. Til meiri háttar stofnkostnaðar verður varið 425 þús. kr. og er sú fjárveiting til að endurnýja kjallara rannsóknastöðvarinnar við Mývatn. Þess ber sérstaklega að geta að fjárveiting til almenna rekstrarviðfangsefnisins *rannsóknastörf við Mývatn* hækkar úr 642 þús. kr. í

- 1.885 þús. kr. Sérstök aukafjárveiting var veitt vegna rannsókna við Mývatn síðast liðið vor að fjárhæð 1.000 þús. kr. Áætlun fyrir 1986 byggir á aukafjárveitingunni og framlagi í fjárlögum 1985.
- 973 Þjóðleikhús**
Framlag ríkissjóðs nemur 58.962 þús. kr. en nam 50.088 þús. kr. í fjárlögum 1985. Hækkunin er því 17,8%. Í fjárlögum 1985 var tilfærslan til B-hluta í einu lagi, en er nú skipt, annars vegar 52.962 þús. kr. til almenns rekstrar og hins vegar 6.000 þús. kr. til viðhalds á sjálfri leikhúsbyggingunni.
- 974 Sinfóníuhljómsveit Íslands**
Framlag er 23.070 þús. kr. sem er 3.606 þús. kr. hækkun frá fjárlögum 1985 eða 18,5%. Laun hækka um 6.292 þús. kr. eða 21%. Miðað er við 70 stöðugildi sem er fjölgun um 0,5. Önnur rekstrargjöld hækka um 769 þús. kr. eða 7,2% og taka þau mið af reikningi 1984 og 3.000 þús. kr. framlagi af skemmtanaskatti.
- 977 Þjóðarþókklaða**
Framlag nemur 5.000 þús. kr. en var 7.000 þús. kr. í fjárlögum 1985. Framkvæmdir við bygginguna hafa legið niðri um nokkurt skeið en nú er áformað að síðari hluta árs 1985 verði unnið við hita- og lagnakerfi í húsinu auk múrverks.
- 981 Kvikmyndasjóður**
Fjárveiting hækkar úr 8.000 þús. kr. í fjárlögum 1985 í 32.000 þús. kr. Alls verða 28.000 þús. kr. til ráðstöfunar á árinu 1985, þ.e. 8.000 þús. kr. í fjárlögum 1985, 10.000 þús. kr. skv. lánsfjárlögum og 10.000 þús. kr. aukafjárveiting 1985.
- 982 Listir, framlög**
Fjárveiting til þessa fjárlagaliðar hækkar úr 52.285 þús. kr. í 54.603 þús. kr. eða um 4,4%. Eitt viðfangsefni, *höfundagreiðslur skv. gerðardómi*, flyst af þessum fjárlagalið á fjárlagalið 02—720 *Grunnskólar, almennt* og eitt nýtt viðfangsefni, *listasafn Sigurjóns Ólafssonar*, er tekið inn með 500 þús. kr. framlagi. Undir viðfangsefninu *önnur leiklistarstarfsemi* eru sérstaklega áætlaðar 250 þús. kr. vegna norrænnar leiklistarhátíðar áhugamanna í Reykjavík 1986 og undir viðfangsefninu *kynning á íslenskrí list erlendis* eru 300 þús. kr. ætlaðar til listahátíðar í Feneyjum. Umrædd viðfangsefni hafa verið sérstaklega hækkuð frá fjárlögum 1985 vegna þessa. Að öðru leyti hækka viðfangsefni í þessum fjárlagalið ekki frá fjárlögum 1985 nema viðfangsefni *launasjóður rithöfunda, höfundagreiðslur skv. 21. gr., Rithöfundasjóður Íslands, listamannaun og starfslaun listamanna*, sem hækka frá fjárlögum 1985 samkvæmt launabreytingum.
- 983 Vísindaleg starfsemi, styrkir**
Tvö viðfangsefni eru á þessum fjárlagalið, *vísinda- og fræðistörf* með 400 þús. kr. framlag (var 350 þús. kr. í fjárlögum 1985) og nýtt viðfangsefni, *samstarfsnefnd um upplýsingamál*, með 240 þús. kr. framlag. Samstarfsnefndin er í fjárlögum 1985 undir fjárlagaliðnum *Rannsóknaráð ríkisins, upplýsingamál* með 220 þús. kr. framlag. Hér er því um tilflutning að ræða en ekki viðbót. Viðfangsefnið *Surtseyjarfélagið, byggingarstyrkur*, sem var í fjárlögum 1985, fellur nú niður.
- 985 Félagsheimilasjóður**
Framlag er 18.000 þús. kr. sem er hækkun um 11.000 þús. kr. frá fjárlögum 1985. Nokkur skerðing er þó á lögbundnu framlagi í sjóðinn og mun verða leitað lagaheimildar í því sambandi.

986 Íþróttasjóður

Framlag til sjóðsins er 39.650 þús. kr. sem er hækkun um 6.790 þús. kr. eða 20,7% frá fjárlögum 1985. Rekstrarstyrkir hækka um 500 þús. kr. eða 33% en byggingarstyrkir um 6.290 þús. kr. eða 20%. Mun fjárveitinganefnd Alþingis gera tillögur um skiptingu byggingarstyrkjanna.

988 Æskulýðsmál. Heildarframlag nemur 9.760 þús. kr. og hækkar um 2.940 þús. kr. frá fjárlögum 1984. Hækkunin er fyrst og fremst vegna tveggja viðfangsefna: *Bandalag íslenskra skáta* er með 2.290 þús. kr. hækkun og nemur framlag 2.850 þús. kr. *Starfsemi KFUM og KFUK* hækkar um 720 þús. kr. og verður 1.000 þús. kr. Viðfangsefnið *alþjóðaár æskunnar* fellur nú niður en framlag til þess er 750 þús. kr. í núgildandi fjárlögum. Breytingar koma fram í eftirfarandi yfirliti.

	Fjárlög 1985 þús. kr.	Frumvarp 1986 þús. kr.	Breyting þús. kr.
Æskulýðsráð ríkisins	600	700	100
Æskulýðssamband Íslands	140	180	40
Ungmennafélag Íslands	4.200	4.700	500
Bandalag íslenskra skáta	560	2.850	2.290
Bandalag íslenskra skáta, Úlfjótuvatn	130	150	20
Íslenskir ungentplárar	160	180	20
Starfsemi KFUM og KFUK	280	1.000	720
Alþjóðaár æskunnar	750	—	-750
Gjöld samtals	6.820	9.760	2.940

989 Ýmis íþróttamál

Framlög til ýmissa íþróttamála eru samtals 27.280 þús. kr. og hækka frá fjárlögum yfirstandandi árs um 6.935 þús. kr. eða 34,1%. Breytingar koma fram í eftirfarandi yfirliti.

	Fjárlög 1985 þús. kr.	Frumvarp 1986 þús. kr.	Breyting þús. kr.
Íþróttasamband Íslands	17.400	22.500	5.100
Ólympíunefnd	540	1.500	960
Ólympíunefnd fatlaðra	400	500	100
Íþróttamál fatlaðra	1.050	1.500	450
Farkennsla í íþróttum	75	85	10
Þrekprófun ungmenna 1985	200	—	-200
Útgáfa handbóka um skólaíþróttir	—	50	50
Skáksamband Íslands	210	250	40
Stórmeistarar í skák	300	700	400
Alþjóðaskákmót, styrkir	160	180	20
Bridgesamband Íslands	10	15	5
Gjöld samtals	20.345	27.280	6.935

991 Húsfriðun

Heildarfjárveiting er 10.053 þús. kr. og hækkar um 957 þús. kr. frá gildandi fjárlögum. Viðfangsefni eru fjögur talsins en voru fimm áður. Niður falla framlög til *Torfusamtakanna* 700 þús. kr. og til „*Hússins*“ *Eyrarbakka* 700 þús. kr. Eitt nýtt viðfangsefni bætist við og er það *Sjóminjasafn Íslands* sem áður var undir fjárlagalið 02—902

Þjóðminjasafn Íslands. Framlag til safnsins er samtals 2.000 þús. kr. og eru 1.500 þús. kr. vegna uppbyggingar safnsins en 500 þús. kr. eru vegna gæslukostnaðar. Framlag til *Húsfriðunarsjóðs* hækkar um 364 þús. kr. og verður 1.803 þús. kr. en framlag til *Viðeyjar- og Nesstofu* er óbreytt 750 þús. kr. Framlag til *byggða- og minjasafna* er 5.500 þús. kr. en var 5.507 þús. kr. í fjárlögum 1985.

999 Ýmislegt

Fjárveiting hækkar úr 8.490 þús. kr. í 8.770 þús. kr. Eftirtalin stofnkostnaðarviðfangsefni falla brott: *Sædýrasafnið í Hafnarfirði* 180 þús. kr. og *Nátúrugripasafnið í Vestmannaeyjum* 100 þús. kr. Viðhaldsviðfangsefnið *Hlíðardals-skóli* 300 þús. er einnig fellt niður. Rekstrarviðfangsefnið *85-nefndin* 500 þús. kr. fellur jafnframt niður. Þau viðfangsefni sem hækka eru *Landakotsskóli, rekstrarstyrkur*, sem hækkar úr 1.000 þús. kr. í 1.500 þús. kr., *Hlíðardalsskóli, rekstrarstyrkur*, sem hækkar úr 1.200 þús. kr. í 1.450 þús. kr. eða um 20,8%, *Cornell- og Manitobaháskólar* úr 90 þús. kr. í 100 þús. kr. og viðfangsefnið *ýmis framlög* úr 2.000 þús. kr. í 2.500 þús. kr. eða um 25%. Einnig er tekið upp nýtt viðfangsefni, *vísindastyrkir Atlantshafsbandalagsins*, með 100 þús. kr.

03 Utanríkisráðuneyti

Útgjöld málefnaflokka utanríkisráðuneytisins breytast milli ára sem hér segir:

	Fjárlög 1985	Frumvarp 1986	Breyting	
	Þús. kr.	Þús. kr.	Þús. kr.	%
Yfirstjórn	53.391	69.719	16.328	30,6
Löggæsla á Keflavíkurflugvelli	44.347	62.587	18.240	41,1
Sendiráð	119.314	134.998	15.684	13,1
Alþjóðastofnanir	78.862	102.015	23.153	29,4
Samtals	295.914	369.319	73.405	24,8

Engir markaðir tekjustofnar renna til þessa ráðuneytis. Hér á eftir verður fjallað um helstu fjárlagaliði ráðuneytisins til skýringar á hækkun framlaga til einstakra málaflokka.

101 Aðalskrifstofa

Fjárveiting til aðalskrifstofunnar nemur 58.584 þús. kr. en var 47.430 þús. kr. í fjárlögum 1985. Laun hækka úr 14.246 þús. kr. í 17.949 þús. kr., eða um 26%, og fjárveiting til almenns reksturs nemur 40.635 þús. kr. samanborið við 33.407 þús. kr. í fjárlögum 1985. Í eftirfarandi yfirliti kemur fram skipting fjárveitingar á viðfangsefni.

	Fjárlög 1985	Frumvarp 1986	Breyting	
	Þús. kr.	Þús. kr.	Þús. kr.	%
Yfirstjórn	34.727	41.012	6.285	18,1
Samningar við erlend ríki	374	2.419	2.045	546,8
Alþjóðaráðstefnur	349	399	50	14,3
Kjörræðismenn	6.101	7.088	987	16,2
Upplýsinga- og kynningarstarfsemi	1.370	1.541	171	12,5
Kvikmyndir og myndbönd, landkynning	374	1.125	751	200,8
Markaðsmál	4.358	4.500	142	3,3
Tölvubúnaður	—	500	500	
Samtals	47.653	58.584	10.931	22,9

Starfsemi yfirstjórnar er með óbreyttu sniði frá fjárlögum 1985. Framlag til viðfangsefnisins *kjöræðismenn* hækkar verulega eða um 2.045 þús.kr. og verður það 2.419 þús.kr. Skýring þessa er sú að fyrirhugað er að halda ráðstefnu í Reykjavík á árinu 1986 fyrir ólaunaða erlenda kjöræðismenn Íslands. Kjöræðismenn eru nú tæplega tvö hundruð talsins, staðsettir í öllum heimsálfum. Liðurinn *kvikmyndir og myndbönd, landkyrning* hækkar um 751 þús.kr. og verður 1.125 þús.kr. og er hækkan þessi vegna áformaðs landkyrningarátaks. Þá er gert ráð fyrir fjárveitingu að upphæð 500 þús.kr. vegna tölvuvæðingar á aðalskrifstofu ráðuneytisins. Aðrar hækkanir á þessum fjárlagalið eru samkvæmt almennum verðlagsforsendum frumvarpsins og þarfnast ekki sérstakrar umfjöllunar.

102 Varnarmálaskrifstofa

Framlag ríkissjóðs til varnarmálaskrifstofu utanríkisráðuneytisins verður 11.135 þús.kr. en framlagið er 5.961 þús.kr. í fjárlögum 1985. Hækkan framlagsins er nokkuð umfram verðlagsforsendur frumvarpsins og skýrist af eftirfarandi: Áætlað er fyrir þremur nýjum stöðum við skrifstofuna, þ.e. tveimur ritarastöðum og einni stöðu hermálasérfræðings. Kostnaðarauki á launalið vegna þessa er um 1.250 þús.kr. Þá er tekið upp eitt nýtt viðfangsefni sem ber heitið *fulltrúi í Brussel*. Hér er um að ræða stöðu fulltrúa með hertæknilega þekkingu er hefji störf 1. mars 1986 hjá „International Military Staff“ í aðalstöðvum Atlantshafsbandalagsins í Brussel. Kostnaður við þessa stöðu er samtals að fjárhæð 1.475 þús.kr. og eru rekstrargjöld meðtalin í þeirri fjárhæð.

301—313 Sendiráð Íslands erlendis

Fjárveiting til sendiráða Íslands erlendis nemur samtals 134.998 þús.kr. og hækkar um 15.664 þús.kr., eða 13,1%, frá fjárlögum 1985. Í meðfylgjandi yfirliti kemur fram fjárveiting til einstakra sendiráða í fjárlögum 1985 og í þessu frumvarpi. Breytingar á fjárveitingum til einstakra sendiráða má rekja til gengisbreytinga íslensku krónunnar en miðað er við áætlað gengi í árslok 1985. Starfsmannafjöldi sendiráðanna er óbreyttur frá árinu 1985. Eins og í fjárlögum 1985 er áætlað fyrir viðhaldi og stofnkostnaði sendiráðanna undir liðnum *sendiráð, almennt*. Viðhald er áætlað 4.000 þús.kr., var 3.500 þús.kr. í fjárlögum 1985, og stofnkostnaður er áætlaður 3.000 þús.kr. en hann var 2.000 þús.kr. í fjárlögum 1985. Þá er ekki áætlað fyrir gengisbreytingu á árinu 1986 og því fellur viðfangsefnið *gengisbreytingar* niður nú, en í fjárlögum voru áætlaðar 5.000 þús. kr. vegna þessa.

	Fjárlög 1985 Þús. kr.	Frumvarp 1986 Þús. kr.	Breyting	
			Þús. kr.	%
Sendiráð Íslands í Bonn, fastanefnd Íslands hjá Evrópuráðinu	6.997	7.592	595	8,5
Sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn	7.591	9.102	-1.511	19,9
Sendiráð Íslands í London	9.119	11.760	2.641	29,0
Sendiráð Íslands í Moskvu	7.243	10.010	2.767	38,2
Sendiráð Íslands í Ósló	7.955	9.117	1.162	14,6
Sendiráð Íslands í París, fastanefnd Íslands hjá OECD og UNESCO	9.629	11.386	1.757	18,2
Sendiráð Íslands í Stokkhólmi	6.840	7.973	1.133	16,6
Sendiráð Íslands í Washington	15.241	17.523	2.282	15,0
Fastanefnd Íslands hjá S.þ., aðalræðismanns- skrifstofa Íslands í New York	19.250	21.795	2.545	13,2
Sendiráð Íslands í Brussel, fastanefnd Íslands hjá NATO.	9.702	10.811	1.109	11,4
Fastanefnd Íslands hjá EFTA í Genf	9.267	10.929	1.662	17,9
Sendiráð, almennt	10.500	7.000	-3.500	-33,3
Samtals	119.334	134.998	15.664	13,1

390 Þróunarsamvinnustofnun Íslands

Framlag til stofnunarinnar nemur 24.000 þús. kr., sem er 3.500 þús.kr. hærri fjárhæð en í fjárlögum 1985. Fjárveitingin fer til áframhaldandi starfsemi á Grænhöfðaeyjum og til annarra þróunarverkefna sem stofnunin á aðild að. Í meðfylgjandi yfirliti eru sýnd framlög Íslands til þróunaraðstoðar í fjárlögum 1985 og frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1986.

	Fjárlög	Frumvarp	Breyting	
	1985	1986	Þús. kr.	%
	Þús. kr.	Þús. kr.	Þús. kr.	%
I Langtímaaðstoð	62.574	74.381	11.807	18,9
Þróunaraðstoð Sameinuðu þjóðanna	4.788	5.000	212	4,4
Alþjóðaframfarastofnunin, IDA	20.530	27.400	6.870	33,5
Þróunarsamvinnustofnun Íslands	20.500	24.000	3.500	17,0
Alþjóðabankinn	11.856	11.856	—	—
Háskóli Sameinuðu þjóðanna	4.900	6.125	1.225	25,0
II Önnur aðstoð	14.846	16.666	1.820	12,3
Alþjóðabarnahjálparsjóðurinn	332	500	168	50,6
Matvælaáætlun S.þ.	552	604	52	9,4
Flóttamannastofnun S.þ.	1.208	1.379	171	14,2
Aðstoð við Palestínu-flóttamenn	380	417	37	9,7
Sameinuðu þjóðirnar, ýmsir sérsjóðir	418	457	39	9,3
Alþjóðaráð Rauða krossins	558	853	295	52,9
Neyðarhjálpastofnun S.þ.	236	259	23	9,7
Mannfjöldasjóður S.þ.	104	114	10	9,6
Alþjóðamatvælabirgðasjóðurinn	258	283	25	9,7
Sérstök matvælaaðstoð	10.800	—	-10.800	-100,0
Matvæla- og neyðaraðstoð skv. nánari ákvörðun ríkisstjórnarinnar	—	11.800	11.800	
Þróunaraðstoð samtals	77.420	91.047	13.627	17,6

399 Ýmis utanríkismál

Framlag ríkissjóðs nemur 18.294 þús.kr. en það er 5.300 þús.kr. í fjárlögum 1985. Í eftirfarandi yfirliti kemur fram fjárveiting til einstakra viðfangsefna.

	Fjárlög	Frumvarp	Breyting	
	1985	1986	Þús. kr.	%
	Þús. kr.	Þús. kr.	Þús. kr.	%
Lögberg-Heimskringla	184	194	10	5,4
Samskipti við Vestur-Íslendinga	166	175	9	5,4
Háskóli Sameinuðu þjóðanna	4.900	6.125	1.225	25,0
Félag S.þ. á Íslandi vegna 40 ára afmælis	50	—	-50	-100,0
Matvæla- og neyðaraðstoð skv. nánari ákvörðun ríkisstjórnarinnar	—	-11.800	11.800	
Samtals	5.300	18.294	12.994	245,2

Tekið er inn eitt nýtt viðfangsefni, *matvæla- og neyðaraðstoð skv. nánari ákvörðun ríkisstjórnarinnar*, að fjárhæð 11.800 þús.kr. Liður þessi er ætlaður til aðstoðar og nýlpar á þeim svæðum þar sem náttúruhamfarir og hungursneyð koma upp. Þá fellur niður liðurinn *Félag S.þ. á Íslandi vegna 40 ára afmælis samtakanna* en framlag í fjárlögum 1985 var 50 þús.kr. Ekki þykir ástæða til að fjalla um önnur framlög á þessum fjárlagalið.

401 Alþjóðastofnanir

Framlag ríkissjóðs hækkar úr 53.062 þús.kr. í 59.721 þús.kr., eða um 12,5%. Þessi hækkun og breyting á framlagi til einstakra stofnana og verkefna stafar af breytingu á gengi íslensku krónunar og breyttri kostnaðarhlutdeild í ýmsum alþjóðastofnunum. Framlag til *kvennaáratugarsjóðar S.þ.* fellur niður, enda er þeim áratug lokið.

04 Landbúnaðarráðuneyti

Útgjöld málefnaflokkanna landbúnaðarráðuneytisins breytast milli ára sem hér segir:

	Fjárlög 1985 Þús. kr.	Frumvarp 1986 Þús. kr.	Breyting	
			Þús. kr.	%
Yfirstjórn	19.029	24.356	5.327	28,0
Búnaðarmál	882.140	1.096.054	213.914	24,2
Skólar	57.347	71.825	14.478	25,2
Samtals	958.516	1.192.235	233.719	24,4

Engir markaðir tekjustofnar renna til þessa ráðuneytis og verður nú gerð grein fyrir helstu fjárlagaliðum til skýringar á hækkun framlaga til einstakra málefnaflokkanna landbúnaðarráðuneytisins.

171 Jarðeignir ríkisins

Framlag ríkissjóðs verður 8.700 þús.kr. sem er hækkun um 2.595 þús.kr. frá fjárlögum 1985. Framlag þetta er til að greiða fráfarandi ábúendum ríkisjarða fyrir endurbætur á landi og húsakosti, til að greiða framlög ríkissjóðs til framkvæmda á ríkisjörðum og til að greiða skatta, tryggingar og viðhald jarða sem ekki eru í ábúð. Framlagið fyrir árið 1986 er miðað við gerðar skuldbindingar.

172 Jarðasjóður

Framlag ríkissjóðs verður 1.694 þús.kr. og er það hækkun um 794 þús.kr. eða 88,2% frá fjárlögum 1985. Hlutverk Jarðasjóðs er að aðstoða sveitarfélög og bændur við eigendaskipti á jörðum. Framlagið er miðað við gerðar skuldbindingar.

206 Rannsóknastofnun landbúnaðarins

Fjárveiting til Rannsóknastofnunar landbúnaðarins hækkar úr 40.699 þús.kr. í fjárlögum 1985 í 48.362 þús.kr., eða um 18,8%. Laun hækka úr 23.789 þús.kr. í 31.947 þús.kr., eða um 34,3%. Gert er ráð fyrir óbreyttum fjölda starfsmanna frá fjárlögum 1985. Önnur gjöld án eignakaupa vegna reksturs hækka úr 16.423 þús.kr. í 17.702 þús.kr., eða um 7,8%. Hér er um raunverulegan samdrátt að ræða sem skýrist með því að ekki er gert ráð fyrir fjárveitingu til viðfangsefnisins *tilraunabú, óskipt*, enda var stór hluti af þeirri fjárveitingu í fjárlögum 1985 notaður til að jafna uppsafnaðan halla frá fyrri árum. Um fjárveitingar til einstakra deilda gildir að farið var að óskum stofnunarinnar um áherslubreytingar. Viðfangsefnin *ull og gærur* og *tilraunabú, óskipt* hafa verið felld niður en aukin áhersla er lögð á framlög til efnagreininga og reksturs einstakra tilraunabúa. Heildarfjárveiting til eignakaupa hækkar úr 1.596 þús.kr. í fjárlögum 1985 í 2.100 þús.kr. Af þeirri fjárhæð eru 1.600 þús.kr. óskipt tækjakaupafé og 500 þús.kr. til tækjakaupa á Sámsstöðum. Til nýframkvæmda og viðhalds eru ætlaðar 1.800 þús.kr. en sambærileg fjárhæð í fjárlögum 1985 er 3.200 þús.kr. Veittar eru 300 þús.kr. til viðhalds að Möðruvöllum, 300 þús.kr. til viðhalds Gunnarshúsi að

Skriðuklaustri og 200 þús.kr. til viðhalds að Sámstöðum. Þá eru 500 þús.kr. ætlaðar í fjósbyggingu að Stóra-Ármóti og 500 þús.kr. í fjósbyggingu að Möðruvöllum. Heimamenn hafa tekið við rekstri tilraunastöðvarinnar að Skriðuklaustri og er þá svo komið að rekstur tilraunastöðvanna að Stóra-Ármóti, Möðruvöllum og Skriðuklaustri er í höndum heimamanna. Rekstur annarra stöðva er aftur á móti í höndum ríkisins. Landbúnaðarráðherra skipaði í ársbyrjun 1985 nefnd til að endurskoða markmið og skipulag Rannsóknastofnunar landbúnaðarins. Gert er ráð fyrir að nefndin skili álitni veturinn 1985—1986.

207 Forfalla- og afleysingaþjónusta í sveitum

Framlag ríkissjóðs til þessa verkefnis nemur samtals 19.913 þús.kr. og hækkar um 4.860 þús.kr. frá fjárlögum ársins 1985. Áætlað er fyrir 60 heilsársstörfum og er það í samræmi við lög nr. 32/1979.

231 Skógrækt ríkisins

Framlag til stofnunarinnar verður 27.815 þús.kr. og hækkar um 23,9% frá fjárlögum 1985. Launaliður vegna reksturs nemur alls 23.525 þús.kr. sem er 40,1% hækkun frá fjárlögum 1985. Föstum stöðugildum fjölgar um 0,5 vegna trjáfræðings á Hólum í Hjaltadal. Á launalið *yfirstjórnar* eru 123 þús.kr. til áframhaldandi rannsókna á áhringjum trjáa og 246 þús.kr. til undirbúnings skógræktaráætlunar. Þá eru 1.900 þús.kr. ætlaðar til viðhaldsverkefna, þ.a. 250 þús.kr. til viðhalds á fasteignum að Mógilsá, 1.000 þús.kr. til endurbóta á skógræktargirðingu í Þórsmörk og 650 þús.kr. til viðhalds öðrum eignum. Stofnkostnaður nemur 2.972 þús.kr. og þar af eru 2.000 þús.kr. ætlaðar til áframhaldandi framkvæmda við byggingu bústaðar fyrir verkafólk í Þjórsárdal, 812 þús.kr. vegna plöntugeymslu að Mógilsá og 160 þús.kr. vegna smærri verkefna. Sérteklar eru áætlaðar 11.107 þús.kr. og hækka um 3.481 þús.kr. frá fjárlögum 1985, eða um 45,6%. Nokkurt ósamræmi hefur verið á milli raunverulegra umsvifa Skógræktar ríkisins og fjárlagatalna. Þetta er nú leiðrétt. Á árinu 1985 hefur fjárlaga- og hagsýslustofnun aðstoðað stofnunina við endurskoðun ýmissa þátta í starfsemi hennar. Því verki er ekki lokið.

243 Sauðfjárveikivarnir

Framlag til Sauðfjárveikivarna nemur alls 26.691 þús.kr. en það var 18.757 þús.kr. í fjárlögum 1985. Launaliður er samtals að fjárhæð 6.473 þús.kr. og er það hækkun um 27,7% frá fjárlögum 1985. Á viðfangsefninu *sauðfjárveikivarnir* eru áætlaðar bætur vegna búfjárnidurskurðar og aðgerða tengdum honum að fjárhæð 16.205 þús.kr. Fjárveiting þessi er miðuð við þegar gerðar skuldbindingar. Þá eru veittar 2.100 þús.kr. til viðhalds og endurbóta á sauðfjárveikigirðingum en hliðstæð fjárhæð nam 1.920 þús.kr. í fjárlögum 1985.

246 Veiðimálaskrifstofan

Framlag til stofnunarinnar nemur alls 12.360 þús.kr. samanborið við 11.029 þús.kr. í fjárlögum 1985. Hækkun milli ára er 12,1%. Laun hækka úr 5.579 þús.kr. í fjárlögum 1985 í 7.790 þús.kr., eða um 39,6%. Hækkun umfram almennar launahækkunar skýrist af tvennu. Í fyrsta lagi hefur áætlun um yfirvinnu verið hækkuð frá fjárlögum 1985 í samræmi við reynslu síðustu ára. Í öðru lagi hefur stöðugildum verið fjölgað um 0,5 frá fjárlögum 1985. Við 2. umræðu um fjárlagafrumvarp 1985 var samþykkt 0,5 staða starfsmanns í Suðurlandsdeild og nú er sú staða gerð að fullu starfi. Önnur gjöld vegna reksturs hækka úr 3.789 þús.kr. í 4.500 þús.kr., eða um 18,8%. Hækkun umfram almennar verðlagshækkunar skýrist af rekstrarkostnaði við hina nýju Suðurlandsdeild.

Sértekjur stofnunarinnar hækka um 18,4% milli ára og verða 1.130 þús.kr. Fjárveiting til tækjakaupa nemur 600 þús.kr. en er 665 þús.kr. í fjárlögum 1985. Framlag til Fiskræktarsjóðs nemur 600 þús.kr. sem er óbreytt fjárhæð frá fjárlögum 1985. Ekki er gert ráð fyrir framlagi til laxeldisstöðvarinnar í Kollafirði.

247 Yfirdýralæknir

Framlag til stofnunarinnar nemur samtals 20.319 þús.kr. en var samtals að fjárhæð 15.672 þús.kr. í fjárlögum 1985, hækkunin er 29,7%. Á viðfangsefninu *héraðsdýralæknar* verður fjölgun um eina stöðu dýralæknis í fisksjúkdómum og er það skv. ákvæðum laga nr. 61/1985. Fjárveiting til viðhalds dýralæknabústaða hækkar um 700 þús.kr. og verður 2.000 þús.kr. en fjárveiting til byggingar dýralæknabústaða verður óbreytt frá fjárlögum 1985 eða 300 þús.kr. Framlag til viðfangsefnisins *búfjársjúkdóm- ar* hækkar úr 60 þús.kr. í fjárlögum 1985 í 113 þús.kr., fjárveiting til *eftirlis og eftirlisferða* hækkar um 31 þús.kr. og verður 181 þús.kr.

270 Landgræðslu- og landverndaráætlun

Fjárveiting til landgræðslu- og landverndaráætlunar verður samtals að fjárhæð 40.642 þús.kr. en var 37.694 þús.kr. í fjárlögum 1985. Þetta er hækkun um 2.948 þús.kr. eða 7,8%. Framlagið 1986 miðast við að fjárveitingin verði óbreytt að stofni til frá árinu 1985, þó þannig að verðbótaþáttur áætlunarinnar milli árunna 1984— 1985 sem vanmetin var í fjárlögum 1985 er bætt við fjárveitingu ársins 1985. Í eftirfarandi yfirliti eru tilgreindar fjárhæðir til einstakra verkefna á þessum fjárlagalið, annars vegar í fjárlögum 1985 og hins vegar í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1986.

	Fjárlög	Frumvarp	Breyting	
	1985	1986	Þús. kr.	%
	Þús. kr.	Þús. kr.	Þús. kr.	%
Landgræðsluáætlun, RALA	2.625	3.008	383	14,6
Landgræðsluáætlun, Skógrækt ríkisins	4.828	4.865	37	0,8
Landgræðsluáætlun, Landgræðsla ríkisins	21.380	23.511	2.131	10,0
Landgræðsluáætlun, ýmis starfsemi	886	1.109	223	25,2
Fyrirhleðslur	6.600	6.744	144	2,2
Sjóvarnargarðar	1.375	1.405	30	2,2
Samtals	37.694	40.642	2.948	7,8

287 Stofnlánadeild landbúnaðarins

Ekki er áætlað fyrir fjárveitingu til hinnar almennu starfsemi stofnlánadeildarinnar og er það í samræmi við þá megin stefnu frumvarpsins að fella að mestu niður framlög til stofnlánasjóða atvinnuveganna. Framlag ríkissjóðs er nú 36.700 þús.kr. og rennur það óskipt til Lífeyrissjóðs bænda. Með lögum nr. 20/1985, um breyting á lögum nr. 50 1984, um Lífeyrissjóð bænda, var því ákvæði breytt að lífeyrissjóðurinn skyldi frá og með 1. janúar 1986 standa sjálfur undir lífeyrisgreiðslum til bænda. Samkvæmt hinum nýju lögum á sjóðurinn að standa undir lífeyrisgreiðslum frá og með 1. janúar 1990. Þangað til á ríkissjóður að standa undir 37,5% af lífeyrisgreiðslum sjóðsins.

288 Jarðræktarlög, framlög

Fjárveiting nemur samtals 143.869 þús.kr. en hún var samtals 140.029 þús.kr. í fjárlögum 1985. Fjárveiting til starfsemi ráðunauta landbúnaðarins nemur samtals 13.869 þús.kr. en framlag vegna þessa var að fjárhæð 10.029 þús.kr. í fjárlögum 1985. Liðurinn *jarðræktarframlög* verður 130.000 þús.kr. og er það óbreytt fjárhæð frá fjárlögum 1985.

- 290 Uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir**
 Með lögum nr. 46/1985, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, var ákveðið að á árunum 1986—1990 skuli varið fé í þágu landbúnaðarins sem svarar til 9% af heildarverðmæti landbúnaðarværa. Á árinu 1986 verður framlag ríkissjóðs vegna þessa 600.000 þús.kr. Til greiðslu hefðbundinna útflutningsuppbóta verður varið 467.000 þús.kr., en 133.000 þús.kr. renna í Framleiðnisjóð landbúnaðarins.
- 291 Búfjárrækt, framlög skv. lögum nr. 31/1973**
 Framlag ríkissjóðs nemur 21.695 þús.kr. og hækkar um 2.938 þús.kr., eða 15,7%, frá fjárlögum 1985. Launagjöld hækka um 43,5% og verða 9.695 þús.kr. Með fjárveitingunni eru greidd laun frjótækna. Tilfærslur nema 12.000 þús.kr. sem er óbreytt fjárhæð frá fjárlögum 1985. Hér er um ýmsa styrki og verðlaun vegna búfjárræktar að ræða.
- 299 Landbúnaðarmál, ýmis starfsemi**
 Fjárveiting nemur samtals 28.610 þús.kr. en hún var 93.799 þús.kr. í fjárlögum 1985. Fjárveitingin lækkar því um 65.189 þús.kr. skv. þessu frumvarpi. Lækkunin skýrist af því að liðurinn *lántökukostnaður skv. lögum nr. 13/1982* var að fjárhæð 92.049 þús.kr. í fjárlögum 1985 en verður samkvæmt þessu frumvarpi 26.640 þús.kr. Er það lækkun að fjárhæð 65.409 þús.kr. Framlag til *tilraunastöðvar Búnaðarsambands Suðurlands* nemur 275 þús.kr. en var 250 þús.kr. í fjárlögum 1985. Fjárveiting til *Búnaðarsambands Austur-Skaftafellssýslu* hækkar um 15 þús.kr. og verður 165 þús.kr. Liðurinn *Skógræktarfélag Íslands* verður 330 þús.kr. og er það hækkun um 30 þús.kr. frá fjárlögum 1985. Þá hækkar liðurinn *ýmis verkefni* um 150 þús.kr. og verður 1.200 þús.kr., þar af eru 400 þús.kr. áætlaðar til samtakanna Landverndar.
- 501 Bændaskólinn á Hvanneyri**
 Fjárveiting til skólans verður 35.913 þús.kr. og hækkar þannig um 8.885 þús.kr. eða 32,9% frá fjárlögum 1985. Ekki þykir ástæða til að fjalla sérstaklega um almennan rekstur skólans. Framlag til viðhalds- og stofnkostnaðarverkefna verður skv. frumvarpinu 9.220 þús.kr. en var 7.955 þús.kr. í fjárlögum 1985. Viðhaldsféð, 1.400 þús.kr., skiptist á ýmis verkefni en stofnkostnaðarfjárveitingin skiptist þannig á einstakar framkvæmdir: *Rannsóknahús* 4.720 þús.kr., *vélar og áhöld* 600 þús.kr. og *loðdýrahús* 2.500 þús.kr. Að lokum er þess að geta að sértekjur skólans eru áætlaðar 19.298 þús.kr. og hækka um 6.283 þús.kr., eða 48,3%, frá fjárlögum 1985.
- 502 Bændaskólinn á Hólum**
 Fjárveiting til skólans nemur samtals 19.304 þús.kr. en hún var 17.825 þús.kr. í fjárlögum 1985. Þetta er hækkun um 1.479 þús.kr., eða 8,3% frá fjárlögum 1985. Framlag til skólareksturs verður 13.784 þús.kr. en það var 10.590 þús.kr. 1985. Framlag til viðhalds og stofnkostnaðar nemur samtals 5.520 þús.kr. og skiptist þannig: Viðgerðir á skólahúsi 3.600 þús.kr., viðhald vatnslagna 600 þús.kr., starfsmannaíbúðir 770 þús.kr. og 550 þús.kr. er varið til skipulagningar og endurbóta á staðnum.
- 503 Garðyrkjuskóli ríkisins**
 Heildarframlag til skólans nemur 16.608 þús. kr. og hækkar frá fjárlögum 1985 um 4.114 þús. kr. eða 32,9%. Rekstrarviðfangsefni eru nú tvö talsins, *1.01 Yfirstjórn* og *1.10 Tilraunir og rannsóknastörf*. Launaliður vegna beggja rekstrarviðfangsefnanna nemur 8.080 þús. kr. og er það hækkun frá fjárlögum um 1.818 þús. kr., eða um 29%. Önnur gjöld vegna rekstrar hækka um 1.006 þús. kr. eða 25%, sem skýrist fyrst og fremst af sérstöku framlagi til tilrauna- og rannsóknastarfa. Til viðhalds gróðurhúsa

áætlast 2.210 þús. kr. en 1.400 þús. kr. eru til þess í gildandi fjárlögum. Í stofnkostnað áætlast samtals 3.200 þús. kr. Þar af eru 2.000 þús. kr. vegna endurbyggingar gróðurhúsa, 1.000 þús. kr. eru vegna ýmissa eignakaupa fyrir yfirstjórn og 200 þús. kr. eru til eignakaupa vegna tilrauna- og rannsóknastarfa.

05 Sjávarútvegsráðuneyti

Útgjöld málefnaflokka sjávarútvegsráðuneytisins breytast milli ára sem hér greinir:

	Fjárlög 1985	Frumvarp 1986	Breyting	
	Þús.kr.	Þús.kr.	Þús.kr.	%
Yfirstjórn	14.310	19.790	5.480	38,3
Útvegsból	679.561	899.817	220.256	32,4
Annað	19.751	24.367	4.616	23,4
Samtals	713.622	943.974	230.352	32,3
Þar af markaður tekjustofn	6.000	10.000	4.000	66,7

Markaður tekjustofn þessa ráðuneytis er hluti útflutningsgjalds af sjávarafurðum, sem er 10.000 þús.kr. Hér á eftir verður fjallað um helstu fjárlagaliði til skýringar á hækkun framlags til einstakra málefnaflokka sjávarútvegsráðuneytisins.

202 Hafrannsóknastofnun

Framlag ríkissjóðs hækkar úr 135.983 þús.kr. í fjárlögum 1985 í 154.980 þús.kr., eða um 14,0%. Launagjöld vegna reksturs hækka um 27,6% og verða 77.001 þús.kr. Önnur gjöld vegna reksturs hækka úr 45.912 þús.kr. í fjárlögum 1985 í 77.892 þús.kr., eða um 69,7%. Fjárveiting til viðhaldsverkefna hækkar um 300 þús.kr. og verður 13.100 þús.kr. Fjárveiting til stofnkostnaðarverkefna lækkar úr 18.000 þús.kr. í 15.250 þús.kr. Sértekjur stofnunarinnar hækka úr 1.055 þús.kr. í fjárlögum 1985 í 28.263 þús.kr. Hækkun launagjalda umfram almennar launabreytingar milli ára má rekja til nýrrar stöðu sérfræðings í eldi sjávarlífvera á *rannsóknasviði*, nokkurrar fjölgunar yfirvinnustunda frá fjárlögum 1985 í ljósi reynslu síðustu ára og lengra úthalds eins af skipum stofnunarinnar. Aðrar breytingar, sem hafa áhrif á launatölu stofnunarinnar, eru þær að ekki er gert ráð fyrir útibúi í Vestmannaeyjum þrátt fyrir fjárveitingu í þeim tilgangi við 3. umræðu um fjárlagafrumvarp 1985. Sjávarútvegsráðuneytið telur ekki rétt að opna þar útibú að svo stöddu. Launagjöld vegna viðfangsefnisins *tímabundin verkefni* eru 4.622 þús.kr. og þar af eru 360 þús.kr. vegna verkefnisins saga fiskirannsóknna við Ísland. Hækkun annarra gjalda vegna reksturs umfram verðlagsbreytingar á sér einkum fimm skýringar. Í fyrsta lagi hefur verið tekið fullt tillit til niðurstöðutalna úr reikningi 1984, auk þess sem ný staða sérfræðings kallar á aukin rekstrarútgjöld. Í öðru lagi reyndist kostnaður árið 1985 við „togarverkefnið“ svokallaða, sem fellur undir *annan skiparekstur*, mun meiri en áætlað var í fjárlögum, eða 17.640 þús.kr. í stað 9.960 þús.kr. Margir óvæntir þættir urðu til að hækka kostnaðinn. Fjárveiting til hliðstæðra athugana á árinu 1986 nemur 13.095 þús.kr. Í þriðja lagi er gert ráð fyrir sérstökum hvalarannsóknnum. Gjöld og sértekjur af þessu verkefni eru áætluð 13.500 þús.kr. á árinu 1986. Í fjórða lagi er gert ráð fyrir lengingu úthalds eins rannsóknaskipanna um þrjá mánuði. Í fimmta lagi er 3.141 þús.kr. fjárveiting vegna uppgjors á skuld Hafrannsóknastofnunar við rekstrardeild Ríkisskipskipa frá þeim árum er rekstrardeildin annaðist útgerð rannsóknaskipanna.

Sértekjur stofnunarinnar hækka um 27.208 þús.kr. milli ára og verða 28.263 þús.kr. Þegar hefur komið fram að af þessari fjárhæð eru 13.500 þús.kr. vegna hvala-rannsóknna. Þá eru stofnuninni færðar til tekna leigutekjur af r/s Hafþóri sem hefur verið leigður aðilum á Ísafirði næstu þrjú ár. Áætlaðar tekjur árið 1986 eru 13.560 þús.kr. og koma þær fram á viðfangsefninu *annar skiparekstur*. Gert er ráð fyrir 10 mánaða úthaldi rannsóknaskipanna r/s Bjarna Sæmundssonar og r/s Árna Friðriks-sonar og 9 mánaða úthaldi hins nýja skips stofnunarinnar, r/s Drafnar, sem kemur í stað r/s Ottós Wathne. Í fjárlögum 1985 er hins vegar aðeins gert ráð fyrir 6 mánaða úthaldi r/s Ottós Wathne. Til viðhalds r/s Bjarna Sæmundssonar og r/s Árna Friðrikssonar eru veittar samtals 10.000 þús.kr. og til viðhalds r/s Drafnar eru veittar 1.900 þús.kr. Veittar eru 1.850 þús.kr. til kaupa á tækjum í r/s Bjarna Sæmundsson enda var gert ráð fyrir tækjakaupum í það skip í fjárlögum 1985. Fjárveiting til tækjakaupa í r/s Árna Friðriksson hækkar úr 4.000 þús.kr. í fjárlögum 1985 í 6.400 þús.kr. Loks eru veittar 500 þús.kr. til að útbúa rannsóknadstöðu í r/s Dröfn. Óskipt fjárveiting til viðhalds deilda og útbúa lækkar úr 1.500 þús.kr. í fjárlögum 1985 í 1.200 þús.kr. og fjárveiting til ýmissa tækjakaupa stofnunarinnar er óbreytt frá fjárlögum 1985, 6.500 þús.kr.

203 Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins

Fjárveiting til stofnunarinnar hækkar úr 19.447 þús.kr. í fjárlögum 1985 í 24.528 þús.kr., eða um 26,1%. Laun hækka úr 18.368 þús.kr. í fjárlögum 1985 í 22.556 þús.kr., eða um 22,8%. Ekki er gert ráð fyrir fjölgun starfsmanna, en hins vegar tilfærslu 0,5 stöðu af *yfirstjórn á efnafraeðideild*. Önnur gjöld án eignakaupa hækka um 44,7% og verða 9.579 þús.kr. Þessi hækkun er mun meiri en verðlagsþróun gefur tilefni til og skýrist hún af endurmati á fjárþörf í ljósi reynslu síðustu ára og auknum stuðningi við efnafraeðideild stofnunarinnar, en þar hækka önnur gjöld um 78,1% milli ára. Gert er ráð fyrir að sértekjur stofnunarinnar hækki úr 7.440 þús.kr. í fjárlögum 1985 í 9.607 þús.kr., eða um 29,1%.

216 Ríkismat sjávarafurða

Samkvæmt lögum nr. 53/1984 var sett á laggirnar ný stofnun, Ríkismat sjávarafurða. Þessi nýja stofnun tók við starfsemi Framleiðslueftirlits sjávarafurða. Fjárveiting til stofnunarinnar verður samkvæmt frumvarpinu 65.458 þús.kr. en hún var 52.254 þús.kr. í fjárlögum 1985. Þetta er hækkun um 13.204 þús.kr., eða 25,3%. Launaliður er áætlaður 46.468 þús.kr. en var 38.087 þús.kr. í fjárlögum 1985. Áætlað er fyrir einni nýrri stöðu við stofnunina og er það staða fjármálafulltrúa. Að öðru leyti breytist launaliður í samræmi við forsendur frumvarpsins. Liðurinn önnur gjöld hækkar um 4.188 þús.kr. sem er 19,4% hækkun frá fjárlögum 1985. Hefur þá verið tekið mið af reikningsniðurstöðu ársins 1984. Þá er þess að geta að sértekjur lækka um 635 þús.kr. eða 8,6%. Skýring þess er sú að við áætlun sértekna stofnunarinnar fyrir árið 1985 var gert ráð fyrir umtalsverðum tekjum vegna útflutnings á skreið en þær tekjur hafa alveg brugðist á þessu ári og óvíst hvort þær verði nokkrar á árinu 1986.

280 Söluskattur í sjávarútvegi, endurgreiðsla

Í fjárlögum ársins 1985 var áætlað fyrir 430.000 þús. kr. til endurgreiðslu á uppsöfnuðum söluskatti í sjávarútvegi. Gert er ráð fyrir að endurgreiðsla uppsafnaðs söluskatts á árinu 1986 verði 600.000 þús.kr.

290 Veidieftirlit

Í fjárlögum 1985 var veidieftirlitið viðfangsefni á fjárlagalið 05-299 *Sjávarútvegsból, ýmis starfsemi*. Nú er það hins vegar sett á sérstakan fjárlagalið. Áætlað er fyrir

óbreyttri starfsemi frá fjárlögum 1985. Framlagið verður 16.306 þús.kr. og er það hækkan um 5.293 þús.kr., eða 48,1%, frá fjárlögum 1985. Launaliður hækkar í samræmi við launaforsendur frumvarpsins en önnur gjöld hækka nokkuð meira en almennar verðlagsbreytingar gefa tilefni til og var reikningsniðurstaða ársins 1984 höfð til hliðsjónar.

298 Fiskleit, markaðsöflun og tilraunir í útgerð og fiskvinnslu

Fjárveiting til ofangreindra verkefna verður samtals að fjárhæð 5.900 þús.kr. en hún nam 5.358 þús.kr. í fjárlögum 1985. Fjárveitingin hækkar því um 542 þús.kr. eða 10,1% frá fjárlögum 1985.

299 Sjávarútvegsmál, ýmis starfsemi

Framlag ríkissjóðs nemur samtals 8.730 þús.kr. en var 18.188 þús.kr. í fjárlögum 1985. Í eftirfarandi yfirliti kemur fram hver breyting fjárveitinga til einstakra viðfangsefna er frá fjárlögum 1985.

	Fjárlög	Frumvarp	Breyting	
	1985 Þús.kr.	1986 Þús.kr.	Þús.kr.	%
Veiðieftirlit	11.013	—	-11.013	
Sjóvinnukennsla	2.000	2.200	200	10,0
Hvalvinnslustöðvar, eftirlit	175	200	25	14,3
Sjóvinnu- og rannsóknabátur	—	1.130	1.130	
Norræn fiskimálaráðstefna	—	1.200	1.200	
Mörkun fiskveiðistefnu	2.000	—	-2.000	
Stjórn fiskveiða	2.000	4.000	2.000	100,0
Sjóvinnubátur	1.000	—	-1.000	
Samtals	18.188	8.730	-9.458	-52,0

Viðfangsefnið *veiðieftirlit* hefur nú verið flutt á sérstakan fjárlagalið, 05-290 *Veiðieftirlit*. Viðfangsefnið *sjóvinnukennsla* hækkar um 200 þús.kr. og verður 2.200 þús.kr., og *hvalvinnslustöðvar, eftirlit* hækkar um 25 þús.kr. og verður 200 þús.kr. Þá er fjárveiting að upphæð 1.130 þús.kr. til reksturs *sjóvinnu- og rannsóknabáts* en bátur þessi var keyptur á árinu 1985 og var fjárveiting til þeirra kaupa að fjárhæð 1.000 þús. kr. Þá er sérstök fjárveiting að upphæð 1.200 þús. kr. vegna *norrænnar fiskimálaráðstefnu* sem fyrirhugað er að halda á Akureyri næsta sumar. Viðfangsefnið *stjórn fiskveiða* verður 4.000 þús.kr. og er það hækkan um 2.000 þús.kr. frá fjárlögum 1985. Á móti þessarri hækkan er felld niður fjárveiting til viðfangsefnisins *mörkun fiskveiðistefnu* en fjárveiting var 2.000 þús.kr. í fjárlögum 1985.

901 Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna

Fjárveiting til stofnunarinnar hækkar úr 19.751 þús.kr. í fjárlögum 1985 í 24.367 þús.kr., eða um 23,4%. Laun hækka um 10,9% og verða 7.903 þús.kr. Ekki er um breytingu á starfsmannafjölda að ræða milli ára en gert er ráð fyrir minni yfirvinnu starfsmanna á viðfangsefninu yfirstjórn á árinu 1986 en 1985 vegna óvenjulegs álags það ár í tengslum við tölvuvæðingu. Þá hefur ræsting húss Iðntæknistofnunar að Keldnaholti verið boðin út og kostnaðurinn færast því sem önnur gjöld en ekki laun, eins og verið hefur.

Framlag til viðfangsefnisins *Skúlagata 4* hækkar um 19,2% milli ára og verður 5.573 þús.kr. Hækkan umfram eðlilegar verðlagshækkanir skýrist af sífellt hærri orkureikningum vegna nýrra tækja Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins. Framlag til

viðfangsefnisins *Keldnaholt* hækkar um 30,9% og skýrist hækkun umfram almennar verðlagshækkanir af því að 1986 verður fyrsta heila árið sem allt hús Iðntæknistofnunar er í notkun. Til viðhalds fasteignum að Keldnaholti eru ætlaðar 600 þús.kr. en sambærileg fjárhæð í fjárlögum 1985 er 370 þús.kr. Veittar eru 450 þús.kr. til kaupa á smátölvum og hugbúnaði.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

Málefnaflokkar dóms- og kirkjumálaráðuneytisins breytast milli ára eins og fram kemur í eftirfarandi yfirliti:

	Fjárlög 1985	Frumvarp 1986	Breyting	
	Þús. kr.	Þús. kr.	Þús. kr.	%
Yfirstjórn	20.336	27.513	7.177	35,3
Dómgæsla, lögreglumál o.fl.	1.158.492	1.357.164	198.672	17,1
Þjóðkirkjan	121.657	152.542	30.885	25,4
Samtals	1.300.485	1.537.219	236.734	18,2

Engir markaðir tekjustofnar renna til þessa ráðuneytis. Verður nú gerð grein fyrir helstu fjárlagaliðum til skýringar á hækkunum framlaga til einstakra málefnaflokkanna.

101 Aðalskrifstofa

Heildarframlag nemur 21.346 þús. kr. sem er hækkun frá fjárlögum 1985 um 6.379 þús. kr. eða 42,6%. Launaliður áætlast 14.403 þús. kr. og hækkar umfram almennar launahækkanir. Helstu skýringar eru fjölgun um þrjár nýjar stöður, þ.e. 1,0 staða fulltrúa vegna löggæslumála, 1,0 staða vegna sífjamála og 1,0 staða í eftirlit og fjármálaumsýslu. Alls eru útgjöld vegna þessa 1.211 þús.kr. Auk þessa vega breytingar vegna kjarasamninga og kjaradóms BHM þungt þar sem starfsaldur er að meðaltali hár á skrifstofunni. Önnur rekstrargjöld nema 6.523 þús. kr. og hækka einnig umfram verðlagsforsendur. Er það vegna aukins húsaleigukostnaðar en ráðuneytið hefur tekið á leigu ásamt embætti ríkissaksóknara húsnæði að Hverfisgötu 6.

202 Ríkissaksóknari

Fjárveiting til embættisins hækkar úr 9.299 þús. kr. í 12.754 þús. kr. eða um 37,1%. Laun hækka um 40,2% en rekstrargjöld um 86,6%. Skýringin á mikilli hækkun rekstrargjalda er sú að dómsmálaráðuneyti og ríkissaksóknaraembættið hafa í sameiningu tekið á leigu nýtt húsnæði að Hverfisgötu 6. Áætlunin byggir á því að ríkissaksóknari fái 60% af því til afnota og nema leigugjöld af þeim hluta 438 þús. kr. Sérstök 2.000 þús. kr. aukafjárveiting var veitt á árinu 1985 vegna leigu- og innréttungarkostnaðar á þessu húsnæði. Leigugjöld af eldra húsnæði hafa einnig hækkað verulega. Heimilud stöðugildi voru 14,5 í fjárlögum 1985 en eru nú 15,5. Ríkisstjórnin heimilaði eitt stöðugildi löglærðs fulltrúa sem lið í að gera meðferð skatta- og efnahagsbrota skilvirkari í dómskerfinu. Sérstök 600 þús. kr. fjárveiting er veitt til kaupa á húsgögnum og skrifstofuáhöldum.

204 Borgarfégetinn í Reykjavík

Fjárveiting nemur 26.745 þús. kr. Til rekstrar áætlast 24.245 þús. kr. og hækkar sú fjárveiting um 55% frá gildandi fjárlögum. Helstu skýringar er að finna á launalið þar sem tvær nýjar stöður lögræðinga og tvær nýjar stöður skrifstofumanna bætast við frá

fjárlögum. Þessar stöður koma til vegna aukinna verkefna og nema útgjöld þeirra vegna um 1280 þús. kr. Auk þess hækka önnur dagvinnulaun um 570 þús. kr. vegna fjögurra staðna lausráðinna skrifstofumanna sem ráðnir eru til tveggja ára. Stöðuheimildir teljast 26 auk 4 starfsmanna sem eru ráðnir tímabundið. Þá hækka föst laun borgarfógeta umfram almennar launahækkanir, en þeir taka laun skv. úrskurði kjaradóms. Framlag til stofnkostnaðar 2.500 þús. kr. er vegna tölvuvæðingar veðmálabóka Reykjavíkur og var í fjárlögum 1985 fyrst veitt fé til þessa verks.

205 Sakadómur Reykjavíkur

Framlag ríkisjóðs hækkar úr 14.832 þús. kr. í 20.571 þús. kr. eða um 38,6%. Laun hækka um 43,3% og rekstrargjöld um 37,9%. Engin fjárveiting er til meiri háttar viðhalds nú eins og í fjárlögum 1985 og skýrir það hvers vegna framlagið hækkar minna en launa- og rekstrarliðir. Ríkisstjórnin ákvað að fjölga sakadómurum um tvo vegna sérstaks átaks gegn skatta- og efnahagsbrotum eins og fyrr hefur verið minnst á. Útgjaldaauki vegna þessa er áætlaður 1.320 þús. kr. Stöðugildi verða eftir þessa fjölgun 27,5.

206 Lögreglustjórinn í Reykjavík

Framlag í heild nemur 216.343 þús. kr. og hækkar um 30.335 þús. kr. eða um 16,3% frá fjárlögum. Ekki þykir ástæða til sérstakrar umfjöllunar um einstaka útgjaldaliði. Undanfarin ár hefur verið mikið ósamræmi milli fjárveitinga til embættis lögreglustjóra í Reykjavík og reikningsniðurstöðu. Starfsmannahald og rekstrarumsvif embættisins eru ótvírætt önnur en áætlað er fyrir í fjárlögum. Í þessu frumvarpi er ekki gert ráð fyrir breytingu hér á. Á árinu 1985 hefur verið unnið að endurskoðun á skipulagi og verkaskiptingu milli lögregluembætta á höfuðborgarsvæðinu. Auk starfsmanna hlutadeigandi embætta hafa unnið að þessu verkefni norskir ráðgjafar, dómsmálaráðuneyti og fjárlaga- og hagsýslustofnun. Niðurstöður og tillögur liggja enn ekki fyrir en til álita kemur að fyrir afgreiðslu fjárlaga þurfi að endurskoða viðfangsefnaskiptingu lögreglustjóraembættisins og e.t.v. fleiri atriði er tengjast rekstri þess.

208 Rannsóknarlögregla ríkisins

Fjárveiting til stofnunarinnar hækkar úr 44.620 þús. kr. í 53.808 þús. kr. eða um 20,5%. Laun hækka um 22,9% og rekstrargjöld um 15,2%. Heimiluð stöðugildi eru nú 51 en voru 47 í fjárlögum 1985. Ríkisstjórnin ákvað að fjölga stöðugildum um fjögur vegna átaks gegn skatta- og efnahagsbrotum eins og fyrr hefur verið greint frá. Útgjöld af þessum sökum eru áætluð 2.002 þús. kr. Til meiri háttar stofnkostnaðar eru áætlaðar 4.000 þús. kr. sem skiptast þannig að 500 þús. kr. verður varið til kaupa á innréttingum og tækjum vegna fjölgunar starfsmanna og 3.500 þús. kr. til endurnýjunar bifreiða.

211-237 Embætti sýslumanna og bæjarfógeta

Rekstrarfjárveitingar hækka um 116.884 þús. kr. og verða samtals 513.609 þús.kr. Fjárveitingar til viðhalds- og stofnkostnaðarverkefna hækka um 59.998 þús. kr. og verða 76.968 þús. kr. Nánari skipting á verkefni og gjaldategundir ásamt samanburði við gildandi fjárlög kemur fram í eftirfarandi töflu:

	Fjárlög 1985 þús. kr.	Frumvarp 1986 þús. kr.	Breyting		
			þús. kr.	%	
Rekstrarviðfangsefni:					
Laun	288.849	366.373	77.524	26,8	
Önnur gjöld með eignakaupum	115.420	156.847	41.427	35,8	
	Gjöld samtals	404.269	523.220	118.951	29,4
	Sértekjur	7.544	9.833	2.289	30,3
	Mismunur	396.725	513.387	116.662	29,4
Viðhaldsviðfangsefni	150	5.000	4.850		
Stofnkostnaðarviðfangsefni	16.820	71.968	55.148		
	Fjárveiting samtals	413.695	590.355	176.660	42,7

Hækkanir þær, er fram koma á rekstrarliðum, má að miklu leyti rekja til óhjákvæmilegra leiðréttinga eigi rekstur embættanna að vera óbreyttur frá því sem verið hefur. Eins og gerð var grein fyrir í frumvarpi til fjárlaga árið 1985 var tekið upp nýtt fyrirkomulag uppgjors sýslumanna og bæjarfógeta á ríkissjóðstekjum. Samfara þeim breytingum var rekstrarkostnaður embættanna yfirfarinn í samvinnu dómsmálaráðuneytis og fjárlaga- og hagsýslustofnunar og nauðsynlegar leiðréttingar gerðar. Frekari skoðun í ljósi fenginnar reynslu hefur leitt í ljós að fjárveitingar voru naumt skammtaðar í nokkrum tilvikum. Er leitast við að lagfæra þetta þar sem við á, og skýrir það hækkun fjárframlaga umfram það sem almennt gerist. Hér á eftir fer yfirlit yfir nýjar stöður hjá embættunum. Athuga ber að þessar stöður hafa verið setnar undanfarin ár þótt ekki hafi verið tekið tillit til þeirra við fjárlagagerð. Hér er því ekki um eiginlega aukningu umsvifa að ræða. Fjárveitinganefnd mun gerð sérstök grein fyrir starfsmannamálum allra sýslumanna- og fógetaembætta.

Fjárlaganúmer	Embætti	Fjölgun staða	Stöður samtals
06-212-20	Akranes, löggæsla	1,00	11,00
06-213-01	Borgarnes, yfirstjórn	0,50	7,50
06-216-20	Patreksfjörður, löggæsla	1,00	4,00
06-218-20	Ísafjörður, löggæsla	1,00	12,00
06-219-01	Hólmavík, yfirstjórn	0,50	3,00
06-221-01	Blönduós, yfirstjórn	1,00	7,50
06-222-01	Sauðárkrókur, yfirstjórn	0,50	8,00
06-222-20	Sauðárkrókur, löggæsla	1,00	7,00
06-225-01	Akureyri, yfirstjórn	1,00	28,50
06-225-20	Akureyri, löggæsla	3,00	30,00
06-227-01	Seyðisfjörður, yfirstjórn	0,75	7,25
06-229-01	Eskifjörður, yfirstjórn	0,50	9,00
06-229-21	Eskifjörður, löggæsla Eskifirði og Reyðarfirði .	1,00	3,00
06-233-01	Vestmannaeyjar, yfirstjórn	-1,00	9,00
06-233-20	Vestmannaeyjar, löggæsla	1,00	10,00
06-235-01	Keflavík, yfirstjórn	2,00	23,00
06-235-20	Keflavík, löggæsla	2,00	26,00
06-236-20	Hafnarfjörður, löggæsla	1,00	37,00
06-237-01	Kópavogur, yfirstjórn	1,50	23,00
	Samtals	19,25	265,75

Útgjöld vegna þeirra 19,25 staða sem hér um ræðir nema 6.630 þús. kr. og að þeim frátöldum hækkar launaliður um 24,6%. Stöður löggæslumanna eru nálægt 570 á

landinu öllu. Þannig eru nálægt 2,4 lögreglumenn á hverja þúsund íbúa. Annars staðar á Norðurlöndum eru tilsvareandi tölur á bilinu 1,4 til 1,9 lögreglumenn á þúsund íbúa. Rétt er að geta þess að verkefni lögreglu eru misjöfn milli landa. Löggæslumenn í strjálbýlum löndum sinna gjarnan störfum er falla undir sérhæfðar stofnanir á vegum ríkis, sveitarfélaga eða einstaklinga þar sem fjölmenni er meira. Það er því eðlilegt að lögreglumenn séu hér nokkru fleiri hlutfallslega en í nágrannalöndum. Hins vegar verður ekki séð að nauðsyn sé á frekari fjölgun stöðugilda löggæslumanna fyrst um sinn.

Vidhaldsverkefni. Embættisbústaðir sýslumanna og bæjarfógeta utan Reykavíkur eru 19 talsins. Sumar þessara bygginga eru komnar nokkuð til ára sinna og þarfnast verulegs viðhalds. Dómsmálaráðuneytið mun að undangenginni skoðun á viðhaldsþörf einstakra húsa ráðstafa þeim 5.000 þús. kr. sem til viðhalds eru áætlaðar.

Stofnkostnaðarverkefni. Helstu stofnkostnaðarframkvæmdir eru sem hér segir:

Embætti:	Fjárhæðir í þús. kr.
Sýslumaður Búðardal	4.600
Stjórnarsýsluhús	2.600
Embættisbústaður	2.000
Sýslumaður og bæjarfógeti Sauðárkróki	4.500
Bæjarfógeti Siglufirði	2.000
Bæjarfógeti Ólafsfirði, bílskúr	370
Sýslumaður og bæjarfógeti Akureyri:	
Innréttingar skrifstofu	1.500
Malbikun bifreiðastæðis við lögreglustöð	500
Fasteign, Dalvík	2.000
Sýslumaður og bæjarfógeti Húsavík, skrifstofa og lögreglustöð	16.000
Sýslumaður Vík í Mýrdal, bílskúr	150
Sýslumaður Hvalsvellu, búnaður í lögreglustöð	848
Bæjarfógeti Vestmannaeyjum, skrifstofa	12.000
Sýslumaður og bæjarfógeti Selfossi, lögreglustöð	3.000
Sýslumaður og bæjarfógeti Keflavík, skrifstofuhúsnæði	4.000
Sýslumaður og bæjarfógeti Hafnarfirði, lögreglustöð	18.000
Samtals	69.468

Til skýringar við framkvæmdaliði er þetta að segja. Í Búðardal er smíði stjórnarsýsluhúss langt komin og er áætlað að 2.600 þús. kr. skorti á til loka þeirrar framkvæmdar. Sýslumannsbústaður í Búðardal er gamall og mjög illa farinn og er nú verið að athuga með kaup á nýju húsi. Verði af kaupum 1985 þá þarf að endurskoða fjárveitingar í frumvarpi 1986, þ.e.a.s. 2.000 þús.kr. sem til verkefnisins eru ætlaðar. Á Sauðárkróki eru áform uppi um að kaupa hlut í nýbyggingu, ef samningar nást, til nota fyrir skrifstofu sýslumanns. Á Siglufirði hefur verið auglýst eftir embættisbústað fyrir bæjarfógeta. Niðurstaða í því máli liggur ekki fyrir og kann því að þurfa að endurskoða þá fjárveitingu sem í frumvarpinu er ætluð til húsa kaupanna. Á Ólafsfirði er verið að ljúka smíði bílskúrs og fleiri smáverkefna því tengdu. Á Akureyri hefur verið unnið að innréttingu á skrifstofu fógeta í nýju húsnæði sem keypt var 1984. Verkinu er því sem næst lokið og eru ætlaðar til þess 1.500 þús. kr. Þá eru ætlaðar 500 þús. kr. til lóðarlagfæringar við lögreglustöð staðarins. Á Dalvík keypti ríkissjóður hlut í húsi til afnota fyrir lögreglustöð og var veitt til þess fé 1985. Nú er áformað að ljúka framkvæmdum og eru því ætlaðar til þess 2.000 þús. kr. Aðstaða sýslumanns og lögreglu á Húsavík hefur verið í athugun um nokkurt skeið. Leitað hefur verið án

árangurs eftir húseignum til kaups sem hentað gætu. Framkvæmdir við undirstöður nýs skrifstofuhúss, sem jafnframt er lögreglustöð, hófust 1985. Til áframhaldandi framkvæmda eru ætlaðar 16.000 þús. kr. 1986. Til embættis sýslumanns í Vík í Mýrdal og á Hvolsvelli er nokkur fjárhæð sem er til lokaframkvæmda á stöðunum. Á árinu 1983 festi ríkissjóður kaup á húseign í Vestmannaeyjum til afnota fyrir bæjarfógeta og aðra opinbera aðila í Eyjum. Samkomulag hefur nú náðst um nýtingu hússins og er stefnt að því að framkvæmdir við lagfæringu hefjist haustið 1985 og þeim verði framhaldið 1986. Til þessa verks eru ætlaðar 12.000 þús. kr. Til hönnunar og undirbúnings byggingar lögreglustöðvar á Selfossi eru ætlaðar 3.000 þús. kr. og til endurbóta á skrifstofuhúsnæði bæjarfógeta í Keflavík eru veittar 4.000 þús. kr. Húsið liggur undir skemmdum vegna vatnsleka auk þess sem þrengsli eru mikil. Þá er að nefna að veittar eru 18.000 þús. kr. til smíði innréttingar í lögreglustöð í Hafnarfirði. Árið 1983 voru fest kaup á húsi til nota fyrir lögreglustöð. Lokafrágangur hússins hefur nú verið boðinn út og eru verklok miðuð við febrúar 1987. Að síðustu er að nefna 2.500 þús. kr. fjárveitingu vegna tölvu- og hugbúnaðarkaupa fyrir embætti bæjarfógeta og sýslumanna.

241-244 Vinnuhæli, hegningarhús og fangelsi

Eðlilegt þykir að gera sameiginlega grein fyrir fjárveitingum til stofnana sem hafa að markmiði að vista og hafa eftirlit með brotamönnum eða þeim sem grunaðir eru um lögbrot. Í eftirfarandi töflu er gerður samanburður milli fjárveitinga til þessara stofnana í fjárlögum 1985 og skv. frumvarpi 1986.

	Fjárlög 1985 þús. kr.	Frumvarp 1986 þús. kr.	Breytingar	
			þús. kr.	%
Hegningarhúsið í Reykjavík	9.592	12.161	2.569	26,7
Vinnuhælið Litla-Hrauni	33.320	40.400	7.080	21,2
Vinnuhælið Kvíabryggju	6.959	9.051	2.092	30,0
Fangelsi við Síðumúla	7.281	10.392	3.111	42,7
Skilorðseftirlit ríkisins	1.624	1.977	353	21,7
Samtals	58.776	73.981	15.205	25,8

Þær breytingar verða á starfsmannafjölda á Vinnuhælinu Litla-Hrauni að nú er áætlað fyrir launum tveggja fangavarda sem af heilsufarsástæðum geta ekki gengið vaktir og eiga samkvæmt kjarasamningi rétt á að fá léttari störf. Að öðru leyti er ekki breyting á stöðufjölda innan þessara stofnana. Mikil hækkun framlags til Síðumúlafangelsis skýrist af því að fé er veitt til viðhalds fangaklefa og til endurnýjunar á sjónvarpsskjám, en ekkert fé var veitt til viðhalds í fjárlögum 1985. Auk þess hefur notkun fangelsisins aukist. Notkun Hegningarhússins í Reykjavík hefur einnig aukist og hefur verið tekið tillit til þess í frumvarpinu nú. Skýringin á hækkun framlags til Vinnuhælisins Kvíabryggju er sú að áætlað er að verja 1.000 þús. kr. til kaupa á fiskkössum og hausaskurðarvél til að kljúfa þorskhausa. Fangar unnu áður við að setja upp net fyrir róðrabáta. Nú fást slík verkefni ekki lengur. Talið er að umrædd vél geti skapað vinnu fyrir fanga mest allt árið.

251 Landhelgisgæslan

Framlag til Landhelgisgæslunnar lækkar úr 304.942 þús.kr. í fjárlögum 1985 í 226.756 þús.kr., eða um 25,6%. Skýring þessarar miklu breytingar milli ára er sú að í fjárlögum 1985 eru veittar 112.950 þús.kr. til kaupa á nýrri þyrlu. Sé sú fjárveiting

undanskilin hækkar framlag ríkissjóðs til Landhelgisgæslunnar úr 191.992 þús.kr. í fjárlögum 1985 í 226.756 þús.kr., eða um 18,1%. Gert er ráð fyrir óbreyttum rekstri stofnunarinnar frá fjárlögum 1985. Fjárveiting er miðuð við 12 mánaða úthald á v/s Ægi og v/s Tý, 9 mánaða úthald á v/s Óðni og 1.200 flugtíma loftfara stofnunarinnar. Ekki þykir ástæða til að fjalla í löngu máli um einstök rekstrarviðfangsefni stofnunarinnar, hækkanir milli ára skýrast af almennum launa- og verðlagsbreytingum. Skýringar þess að fjárveitingar til skipanna hækka mismikið milli ára eru að framlag til venjubundins viðhalds einstakra skipa hækkar ekki jafnt og úthald v/s Óðins hefur verið lengt í 9 mánuði. Framlag til reksturs loftfara stofnunarinnar hækkar um 40,0% milli ára. Tvennt skýrir þessa hækku umfram eðlilegar launa- og verðlagsbreytingar. Í fyrsta lagi var gert ráð fyrir 1.500 þús.kr. framlagi til eignakaupa í fjárlögum 1985 en í þessu frumvarpi eru öll eignakaup stofnunarinnar færð á eitt viðfangsefni. Í öðru lagi hefur nýja þyrilan verið tryggð og er áætlað fyrir iðgjaldi ársins 1986 og nemur það 14.892 þús.kr. Í fjárlögum 1985 eru veittar 20.510 þús.kr. til klössunar hreyfla á TF-SÝN og endurbyggingar flugskýlis á Reykjavíkflugvelli. Í þessu frumvarpi eru veittar 8.300 þús.kr. til að greiða kostnað af 10 ára skoðun á TF-SÝN. Þessi fjárhæð er miðuð við u.þ.b. 200.000 bandaríkjadali og verður að endurskoðast þegar endanlegt tilboð berst. Endurbygging flugskýlisins á Reykjavíkflugvelli lýkur á þessu ári og verður þá aðstaða til flugrekstrar orðin vel viðunandi.

252 Bifreiðaeftirlit ríkisins.

Heildarfjárveiting nemur 40.118 þús. kr. og er það 4.507 þús. kr. lækkun frá fjárlögum yfirstandandi árs. Laun hækka um 17,9% og rekstrargjöld um 36,3%. Lækkunin skýrist fyrst og fremst af því að framlög til stofnkostnaðar lækka úr 9.000 þús. kr. í 2.000 þús. kr. Sértekjur hækka einnig verulega eða úr 10.726 þús.kr. í 20.626 þús. kr. eða um 92,2%. Stöðugildi eru 49,66 en voru 49,16 í fjárlögum 1985. Ráðninganefnd heimilaði hálf stöðugildi bifreiðaeftirlitsmanns á Hvolsvelli á árinu. Á árinu 1983 var tekið á leigu nýtt húsnæði fyrir starfsemi stofnunarinnar. Var þá miðað að því að bifreiðaskoðun færi fram innan dyra. Til að koma upp aðstöðu þessari voru veittar 8.000 þús. kr. í fjárlögum 1985. Engin ákvörðun hefur verið tekin um tilhögun þessa máls og því ekki gert ráð fyrir framlagi til framkvæmda 1986.

301 Biskup Íslands

Viðfangsefni eru fjögur talsins: *Yfirstjórn, æskulýðsstarf, biskupsbústaður, almennur rekstur og biskupsbústaður, meiri háttar viðhald*. Síðast greinda viðfangsefnið var ekki í fjárlögum 1985 en nú er gert ráð fyrir að verja 1.000 þús. kr. til viðhalds og endurbóta á biskupsbústaðnum. Á móti lækkar almennur rekstur biskupsbústaðar úr 380 þús. kr. í 261 þús. kr. eða um 31,3%. Skýringuna er að finna í fjárlögum 1985 en þar var áætlað fyrir viðhaldi undir almennum rekstri. Hér verður fjallað um fjárlagaliðinn í heild. Launaliður nemur 5.333 þús.kr. og hækkar um 1.188 þús. kr. eða um 28,6% frá fjárlögum 1985. Gert er ráð fyrir nýrri stöðu fjármálafulltrúa undir yfirstjórn. Útgjöld vegna þessarar stöðu nema 452 þús. kr. en á móti lækka önnur dagvinnulaun um 183 þús. kr. Stöður á fjárlagaliðnum verða því alls 13,5; 9,5 undir *yfirstjórn* og 4 æskulýðsfulltrúar. Rekstrargjöld á almennum rekstri hækka um 302 þús. kr. eða um 9,7%.

302 Söngmálastjóri Þjóðkirkjunnar

Fjárveiting hækkar úr 2.652 þús. kr. í 3.492 þús. kr. eða um 31,6%. Fjárlagaliðurinn skiptist í tvö viðfangsefni, *yfirstjórn og Tónskóla Þjóðkirkjunnar*. Launaliður Tónskóla Þjóðkirkjunnar hækkar úr 687 þús. kr. í 1.220 þús. kr. eða um 77,6%. Skýringin á þessu er sú að nú er áætlað fyrir einu og hálfu stöðugildi en í fjárlögum 1985 var vegna

mistaka einungis áætlað fyrir hálfu stöðugildi. Engin starfsmannafjölgun hefur því átt sér stað heldur er hér um leiðréttingu að ræða. Önnur gjöld hækka um 153 þús. kr. eða um 17,2%.

303 Prestaköll og prófastsdæmi

Viðfangsefni á þessum fjárlagalið eru fimm talsins. Í eftirfarandi töflu er sýndur samanburður við fjárlög 1985.

	Fjárlög 1985 þús.kr.	Frumvarp 1986 þús.kr.	Breyting	
			þús. kr.	%
Prestar og prófastar	70.805	92.325	21.520	30,3
Byggingar á prestsetrum	5.500	—	-5.500	-100
Kaup á eignum á kirkjujörðum	500	1.500	1.000	300
Viðhald embættisbústaða	15.000	20.000	5.000	33,3
Byggingaefirlit	218	180	-38	-17,4
Samtals	92.023	114.005	21.982	23,9

Hækkun á viðfangsefninu *prestar og prófastar* skýrist af því að áætlað er fyrir launum fjögurra nýrra presta. Samtals er því áætlað fyrir 125 stöðugildum á þessu viðfangsefni. Heimild er fyrir 120 stöðum, þ.m.t. prestur í Kaupmannahöfn. Að auki er áætlað fyrir stöðu prests í London, stöðu sjúkrahússprests í Reykjavík, stöðu prests í Digranessöfnuði í Kópavogi, stöðu prests í Fella- og Hólasöfnuði í Reykjavík og stöðu prests í Seltjarnarnessöfnuði á Seltjarnarnesi. Laun hækka af þessum sökum um 2.066 þús. kr. en alls hækkar viðfangsefnið *prestar og prófastar* um 37,8%. Framlag til *viðhalds embættisbústaða* hækkar um 5.000 þús.kr. Hér er alls um 86 embættisbústaði að ræða. Ástand þeirra margra er mjög slæmt. Ljóst er að klæða þarf og einangra um 30 hús vegna þess að veggir leka. Eitt viðfangsefni, *byggingar á prestsetrum*, fellur niður frá fjárlögum 1985.

304 Ýmis kirkjuleg málefni

Framlag er samtals 14.720 þús. kr. og hækkar um 675 þús. kr. eða um 4,8%. Skýringin á lítilli hækkun er sú að tvö viðfangsefni falla brott, *kirkjuhús við Suðurgötu* og *kirkjuorgel, lokagreiðsla*. Til skýringar er sýndur samanburður við gildandi fjárlög í eftirfarandi töflu.

	Fjárlög 1985 þús. kr.	Frumvarp 1986 þús. kr.	Breyting	
			þús. kr.	%
Kirkjugarðaeftirlit	425	475	50	11,7
Skálholtsstaður	560	560	—	—
Hallgrímskirkja	6.500	8.000	1.500	323
Húsmæðraskólinn að Löngumýri	564	707	143	25,3
Kirkjuhús við Suðurgötu	500	—	-500	-100
Hólar í Hjaltadal	225	225	—	—
Kirkjuorgel, lokagreiðsla	1.417	—	-1.417	-100
Ýmislegt	3.854	4.753	899	23,3
Samtals	14.045	14.720	675	4,8

Viðfangsefnið *ýmislegt* skiptist þannig: Kirkjuráð 600 þús. kr., kirkjuþing 1.298 þús. kr., alþjóðasamvinna 1.237 þús. kr., álag vegna afhendingar kirkna 166 þús. kr.,

sumarbúðir 215 þús. kr., ýmis framlög (óskipt) 339 þús. kr., fastanefndir þjóðkirkjunnar 300 þús. kr., dómprófastur í Reykjavík 98 þús. kr., prestastefna 250 þús. kr., útgáfustarfsemi 80 þús. kr. og Hið íslenska Biblíufélag 170 þús. kr.

373 Kristnisjóður

Framlag til Kristnisjóðs hækkar úr 4.600 þús. kr. í 8.390 þús. kr. eða um 82,4%. Skýringin á mikilli hækkun framlaga milli ára er sú að 3.300 þús. kr. eru nú ætlaðar til að standa undir afborgunum af skuldabréfum sem Kristnisjóður tók vegna kaupa á kirkjuhúsi við Suðurgötu í Reykjavík. Framlag til sjóðsins 1986 verður því herra en gert er ráð fyrir í 20. gr. laga nr. 35/1970 um tekjur Kristnisjóðs.

07 Félagsmálaráðuneyti

Útgjöld helstu málefnaflokka félagsmálaráðuneytisins breytast milli ára sem hér segir:

	Fjárlög 1985 Þús. kr.	Frumvarp 1986 Þús. kr.	Breyting Þús. kr.	%
Yfirstjórn	13.830	17.109	3.279	23,7
Húsnæðismál	904.000	1.600.000	696.000	77,0
Önnur félagsmál	418.172	601.875	183.703	43,9
Samtals	1.336.002	2.218.984	882.982	66,1
Par af markaðir tekjustofnar	316.400	705.000	388.600	122,8

Markaðir tekjustofnar þessa ráðuneytis eru þessir: Markaður tekjustofn til Byggingarsjóðs ríkisins, húsnæðisgjald sem nemur 1% af söluskattsstofni, verður 523.000 þús.kr. Aðrir markaðir tekjustofnar til húsnæðismála eru eignarskattsauki, sem nemur 82.000 þús.kr., og tekjur af sérstakri hækkun áfengis og tóbaks, sem nema 60.000 þús.kr. Skipulagsgjald, sem rennur til skipulagsstjóra ríkisins, verður 15.000 þús. kr. Tekjur af erfðafjárskatti, sem renna til Framkvæmdasjóðs fatlaðra, nema 25.000 þús.kr. Verður nú vikið að helstu fjárlagaliðum til skýringar á hækkun framlaga til málefnaflokka félagsmálaráðuneytisins.

101 Aðalskrifstofa

Fjárveiting til aðalskrifstofu félagsmálaráðuneytisins nemur 17.109 þús.kr., sem er 3.279 þús.kr. hækkun frá fjárlögum 1985. Í þeim er gert ráð fyrir 1.500 þús.kr. fjárveitingu til gagnavinnslu vinnumiðlunar, en ekki er gert ráð fyrir slíkri fjárveitingu í þessu frumvarpi. Sé fjárveiting til gagnavinnslunnar undanskilin hækkar framlagið um 4.779 þús.kr., eða 38,8%, milli ára. Launagjöld hækka úr 7.422 þús.kr. í fjárlögum 1985 í 10.259 þús.kr., eða um 38,2%. Önnur gjöld vegna reksturs aðalskrifstofunnar hækka um 39,6% og verða 6.850 þús.kr. Í báðum tilvikum eru hækkarnir meiri en þróun verðlags gefur tilefni til. Tvær ástæður valda mikilli hækkun launagjalda. Í fyrsta lagi hefur einum starfsmanni aðalskrifstofunnar verið heimilað að starfa erlendis samkvæmt samkomulagi um skiptistörf opinberra starfsmanna á Norðurlöndum. Viðkomandi starfsmaður heldur launum sínum á Íslandi og ekki verður komist hjá því að ráða staðgengil. Hækkun af þessum sökum er um 330 þús.kr. Í öðru lagi eru veittar 175 þús.kr. til að gera 0,7 stöðu fulltrúa að heilli stöðu. Starfsmaður í þessari stöðu mun vinna við fjármál og eftirlit með stofnunum sem heyra undir ráðuneytið. Aukin umsvif vegna málefna fatlaðra og vinnumála skýra hækkun annarra gjalda umfram almennar verðlagsbreytingar.

271, 272 Byggingarsjóður ríkisins og Byggingarsjóður verkamanna

Gjaldfærsla í A-hluta frumvarpsins til húsnæðiskerfisins nemur alls 1.600 m.kr. sem er 696 m.kr. hærra en í fjárlögum 1985. Vorið 1985 ákvað Alþingi sérstaka fjáröflun til húsnæðismála sem gilda skal árin 1985 og 1986, sbr. lög nr. 48/1985. Áætlaðar tekjur af hinni sérstöku fjáröflun 1985 og 1986 eru sem hér segir:

	Áætlun skv. lögum 48/1985 M. kr.	Áætluð inn- heimta 1985 M. kr.	Áætluð inn- heimta 1986 M. kr.
Húsnæðisgjald	250	250	523
Eignarskattsauki:			
Einstaklingar	20	33	37
Félög	70	40	45
Sérstök hækkun á áfengi og tóbaki	30	30	60
	370	353	665
Sérstök fjáröflun samtals			
Framlag skv. fjárlögum 1985 og frumvarpi 1986	904	904	935
Samtals gjaldfært	1.274	1.257	1.600

Útlit er fyrir að á árinu 1985 afliesaðeins um 353 m.kr. með sérstakri fjáröflun í stað 370 m.kr. sem fyrirhugað var. Á árinu 1986 er hins vegar gert ráð fyrir 665 m.kr. fjáröflun með þessum hætti. Framlag ríkissjóðs að öðru leyti árið 1986 nemur 935 m.kr. Í eftirfarandi yfirliti er sýnd heildarfjáröflun og nettó ráðstöfunarfé byggingarsjóðanna.

	Endurskoðuð áætlun 1985 M. kr.	Frumvarp 1986 M. kr.
Byggingarsjóður ríkisins:		
Eigið fé, nettó	-392	-220
Lánsfé, innlent	888	820
Lánsfé, erlent	553	150
Ríkisframlag	975	1.300
Til útlána	2.024	2.050
Byggingarsjóður verkamanna:		
Eigið fé, nettó	-22	-10
Sveitarfélög	50	90
Lánsfé, innlent	345	380
Ríkisframlag	282	300
Til útlána	655	760

Einnig vísast til 6. kafla í greinargerðinni um horfur í íbúðabyggingum og lánsfjáröflun til sjóðanna.

301 Skipulagsstjóri ríkisins

Framlag til embættis skipulagsstjóra ríkisins hækkar úr 15.553 þús.kr. í fjárlögum 1985 í 19.053 þús.kr. Launagjöld hækka um 21,9% og verða 5.276 þús.kr. Hækkunin stafar eingöngu af almennum launahækkunum starfsmanna. Önnur gjöld hækka um 12,5% og verða 8.277 þús.kr. Tilfærslur til sveitarfélaga vegna vinnu við skipulagsmál hækka úr 3.869 þús.kr. í fjárlögum 1985 í 5.500 þús.kr., eða um 42,2%.

700–708 Málefni fatlaðra

Heildarkostnaður vegna málefna fatlaðra hækkar úr 254.327 þús.kr. í fjárlögum 1985 í 352.966 þús.kr. eða um 38,8%. Sú breyting er gerð á framsetningu fjárveitingar til tveggja viðfangsefna að fjárveiting samkvæmt frumvarpinu er talin með tilfærslum til einstaklinga og samtaka en ekki skipt á tegundir, þ.e. laun, önnur gjöld og sértekjur, eins og gert er í fjárlögum 1985. Þetta eru *Tæknivinnustofa Öryrkjabandalagsins í Reykjavík (07–700–1.31)* og *vinnustofan Bjarg á Akureyri (07–706–1.31)*. Að teknu tilliti til þessa breytast kostnaðarliðir þannig að laun hækka um rúmlega 30% og verða 212.030 þús.kr. Önnur gjöld verða 93.730 þús.kr. og er það um 17% hækkun frá fjárlögum 1985. Framlag til eignakaupa lækkar úr 1.549 þús.kr. í 419 þús.kr. Tilfærslur hækka langmest eða úr 28.468 þús.kr. í 70.539 þús.kr. Munar þar mestu um hækkun á útgjöldum samkvæmt 10. gr. laga nr. 41/1983, um málefni fatlaðra, en hún fjallar um aðstoð við fötluð börn (0–18 ára) sem dvelja í heimahúsum. Greiðslur samkvæmt þessari grein eru áætlaðar 51.677 þús.kr. Er framlagið hækkað úr 15.411 þús.kr. í fjárlögum 1985 í 26.248 þús.kr. og stafar hækkun umfram verðlagsforsendur af vanáætlunum undanfarin ár. Til viðbótar þessu framlagi er gert ráð fyrir greiðslu á skuld við lífeyrisdeild Tryggingastofnunar ríkisins sem hefur annast þessar greiðslur til einstaklinga. Nemur skuldin 25.429 þús.kr. og hefur safnast fyrir allt frá árinu 1981 er í gildi voru lög nr. 47/1979, um aðstoð við þroskahefta, en í 15. gr. þeirra laga voru ákvæði sem gengu í svipaða átt og ákvæði 10. gr. núgildandi laga. Sértekjur hækka um 5.006 þús.kr. eða 26,7%.

Breytingar á viðfangsefnum eru þessar: *Dagvistun á Akranesi (07–703–1.60)* er nýtt viðfangsefni og kostnaður 851 þús.kr. Frá fjárlögum 1985 falla niður tvö viðfangsefni, *sambýli Gedverndar í Reykjavík (07–701–1.21)* og *vistheimili fyrir fjölfötluð börn í Reykjavík (07–701–1.71)*. Í fyrra tilfellinu barst engin tillaga til félagsmálaráðuneytisins um fjárveitingu 1986, en í síðara tilfellinu var tillaga um fjárveitingu til rekstrar 1986 felld niður þar sem byggingarframkvæmdir við heimilið eru ekki hafnar haustið 1985. Frá fjárlögum 1985 fjölgar reiknuðum stöðugildum um 2,42 og verða 391,63. Ráðninganefnd ríkisins hefur af þessum stöðugildum heimilað 113,05 sem fastar stöður. Meðfylgjandi yfirlit sýnir skiptingu fjárveitingar á viðfangsefni.

	Stöðugildi		Gjöld samtals Pús. kr.	Sér- tekjur Pús. kr.	Fjárveiting Skv. frumvarpi Pús. kr.
	Reiknuð	Þar af heimiluð			
700 Málefni fatlaðra			58.183		58.183
Stjórnarnefnd			556		556
Samráðsnefnd			519		519
Samráðsnefnd um ferlimál			742		742
Kostnaður skv. 10. gr			51.677		51.677
Kostnaður skv. 19. gr			3.050		3.050
Vistanir			904		904
Starfsþjálfun			735		735
701 Málefni fatlaðra í Reykjavík	97,90	21,30	76.929	4.348	72.581
Svæðisstjórn	3,50	3,50	3.595		3.595
Sambýli Dreka­vogi 16	4,00	4,00	2.341		2.341
Sambýli Akur­gerði 20 (Reykjavíkurborg)			1.419		1.419
Sambýli Háteigs­vegi 6	1,51		879		879
Sambýli Siglu­vogi 5	3,19		1.568		1.568
Sambýli Auðar­stræti 15	3,57		2.026		2.026
Sambýli Víðihlíð 11	4,08		2.402		2.402
Sambýli Víðihlíð 7	2,30		1.397		1.397
Sambýli Víðihlíð 5	2,30		1.397		1.397
Vinnustofan Ás	4,00		7.912	3.729	4.183
Tæknivinnustofa Öryrkjabandalagsins			1.130		1.130
Dagvistun Lækjarási	12,00		7.583		7.583
Dagvistun Bjarkarási	14,00		10.639		10.639
Dagvistun Lyngási	24,75		13.470		13.470
Skammtí­mavistun Víðihlíð 9	4,90		4.275	619	3.656
Skammtí­mavistun Dalbraut 12 (Rv.borg)			3.470		3.470
Trönuhólar 1 (einhverf börn)	13,80	13,80	10.346		10.346
Atvinnuleit			1.080		1.080
702 Málefni fatlaðra á Reykjanesi	111,10	13,1	81.821	3.333	78.488
Svæðisstjórn	2,50	2,50	2.821		2.821
Sambýli Vallargötu 26, Kópavogi	6,50	4,00	3.760		3.760
Sambýli Hafnarfirði	3,50		2.204		2.204
Nýtt sambýli	4,00		2.252		2.252
Örvi, verndaður vinnust. í Kópavogi	5,50	3,00	6.690	1.808	4.882
Leiktækjasafn Keflavík	0,60	0,60	338	45	293
Skammtí­mavistun	4,0		5.278	714	4.564
Dagvistun Keflavík	5,00	3,00	3.657	224	3.433
Vistheimilið Skálatúni	57,00		39.634	542	39.092
Vistheimilið Tjaldanesi	21,70		13.754		13.754
Gistiheimili Þroskahjálpar Kópavogi	0,80		1.293		1.293
Atvinnuleit			140		140
703 Málefni fatlaðra á Vesturlandi	9,50	6,50	10.048	1.589	8.459
Svæðisstjórn	2,00	2,00	2.014		2.014
Sambýli Akranesi	4,00	4,00	4.685	746	3.939
Verndaðir vinnustaðir	1,00		1.905	757	1.148
Leiktækjasafn Borgarnesi	0,50	0,50	593	86	507
Dagvistun Akranesi	2,00		851		851
704 Málefni fatlaðra á Vestfjörðum	17,00	8,25	13.049		13.049
Svæðisstjórn	1,25	1,25	1.491		1.491
Bræðratunga, þjónustumiðstöð	15,75	7,00	11.558		11.558

	Stöðugildi		Gjöld samtals Pús. kr.	Sér- tekjur Pús. kr.	Fjárveiting skv. frumvarpi Pús. kr.
	Reiknuð	Par af heimiluð			
705 Málefni fatlaðra á Norðurlandi vestra	9,33	6,00	7.041	325	6.716
Svæðisstjórn	2,00	2,00	2.462		2.462
Sambýli Siglufirði	4,50	2,00	2.312		2.312
Leiktækjasafn Siglufirði	1,00	1,00	735	106	629
Leiktækjasafn Blönduósi	1,00	1,00	779	112	667
Sumardvöl Egilsá	0,83		753	107	646
706 Málefni fatlaðra á Norðurlandi eystra	80,10	35,10	70.522	6.707	63.815
Svæðisstjórn	2,50	2,50	3.185		3.185
Sambýli Byggðavegi 91	5,00		2.537		2.537
Sambýli Borgarhlíð 3	4,00	5,00	1.948		1.948
Sambýli Vanabyggð 4 c	4,00		1.851		1.851
Verndaður vinnustaður Hrísalundi	7,00	3,00	10.188	5.514	4.674
Verndaður vinnustaður Bjargi	—		6.934		6.934
Leiktækjasafn Akureyri	0,60	0,60	460	63	397
Vistheimilið Sólborg	57,00	24,00	42.196	1.130	41.066
Sumarbústaður Botni			1.223		1.223
707 Málefni fatlaðra á Austurlandi	23,70	9,30	17.401	204	17.197
Svæðisstjórn	1,30	1,30	1.762		1.762
Sambýli Egilsstöðum	5,00	3,00	2.707		2.707
Verndaður vinnustaður Egilsstöðum	2,00		1.995	170	1.825
Vonarland, þjónustumiðstöð	15,40	5,00	10.937	34	10.903
708 Málefni fatlaðra á Suðurlandi	43,00	13,50	41.724	7.246	34.478
Svæðisstjórn	2,00	2,00	1.838		1.838
Sambýli Árvegi 8, Selfossi	4,00	4,00	2.222		2.222
Verndaður vinnustaður Selfossi	2,00	2,00	2.200	623	1.577
Verndaður vinnustaður Vestmannaeyjum	2,00		5.429	5.085	344
Leiktækjasafn Vestmannaeyjum	0,50	0,50	403	59	344
Lambhagi, meðferðarheimili Selfossi	5,00	5,00	3.446	185	3.261
Vistheimilið Sólheimum	27,50		25.186	1.294	23.892
Fasteign, brunavarnir			1.000		1.000
Samtals	391,63	113,05	376.718	23.752	352.966

750 Greiningarstöð ríkisins

Þessi starfsemi hefur þar til nú verið viðfangsefni á fjárlagaliðnum *skólar fyrir proskaheft börn* undir menntamálaráðuneyti (02–750–1.20 í fjárlögum 1985). Er gert ráð fyrir þessari starfsemi á vegum félagsmálaráðuneytisins í lögum nr. 41/1983, um málefni fatlaðra, en breytingin ekki gerð fyrr en nú og gildir frá 1. janúar 1986. Undanfarin ár hefur verið reiknað með óbreyttri starfsemi greiningarstöðvarinnar við gerð fjárlaga nema við þriðju umræðu fjárlaga fyrir árið 1985 voru samþykktar tillögur fjárveitinganefndar um nokkra hækkun launa og annarra gjalda. Líðurinn hækkar frá fjárlögum 1985 um 4.788 þús.kr. eða 71,7%. Laun hækka um 3.064 þús.kr. og verða 8.355 þús.kr. Munar þar mestu að með öðrum dagvinnulaunum eru tekin laun fyrir þremur nýjum stöðum, þ.e. forstöðumanns, sjúkraþjálfara og iðjuþjálfara, og hækkar kostnaður þess vegna um 2.500 þús.kr. Á öðrum dagvinnulaunum er auk þessa gert ráð fyrir 0,5 stöðugildi sjúkraþjálfara og 0,5 stöðugildi sérkennara. Samtals 4,0 stöðugildi. Grunnheimildir hjá stofnuninni (á föstum launum) eru 13,3 stöðugildi. Önnur gjöld hækka um 1.740 þús.kr. og verða 3.060 þús.kr. Veldur mestu um þá hækkun að í fyrsta skipti er áætlað fyrir greiðslu húsaleigu, um 900 þús.kr. Aðrar hækkunir launa og annarra gjalda stafa af almennum launa- og verðhækkunum.

795 Framkvæmdasjóður fatlaðra

Gert er ráð fyrir að framlagið verði 80.000 þús.kr. en það er 40.000 þús.kr. í fjárlögum 1985. Þessi hækkun milli ára skýrist einkum af því að tekjur af erfðafjárskatti, sem áður runnu í Erfðafjár sjóð, renna nú í Framkvæmdasjóð fatlaðra, sbr. 35. og 44. gr. laga nr. 41/1983, um málefni fatlaðra. Áætlaðar tekjur af erfðafjárskatti á árinu 1986 eru 25.000 þús.kr. þannig að framlag ríkissjóðs er 55.000 þús.kr.

951 Brunamálastofnun ríkisins

Eins og undanfarin ár er ekki gert ráð fyrir framlagi úr ríkissjóði til reksturs þessarar stofnunar heldur er rekstur hennar fjármagnaður með tekjum af brunavarnaiðgjöldum. Launagjöld hækka úr 2.779 þús.kr. í fjárlögum 1985 í 4.330 þús.kr., eða um 55,8%. Hækkunin skýrist fyrst og fremst af því að gert er ráð fyrir nýrri stöðu verkfræðings við stofnunina. Önnur gjöld hækka um 10,9% milli ára og verða 4.905 þús.kr. Gert er ráð fyrir tækjakaupum að fjárhæð 500 þús.kr.

953 Jafnréttisráð

Fjárveiting til Jafnréttisráðs hækkar úr 1.573 þús.kr. í fjárlögum 1985 í 2.251 þús.kr., eða um 43,1%. Laun hækka um 29,9% og verða 1.312 þús.kr. Önnur gjöld án eignakaupa hækka úr 563 þús.kr. í fjárlögum 1985 í 844 þús.kr., sem er 49,9% hækkun. Hækkunin skýrist með sífellt vaxandi umsvifum ráðsins og er í því sambandi minnt á nýsamþykkt lög nr. 65/1985, um jafna stöðu og jafnar rétt kvenna og karla. Veittar eru 95 þús.kr. til kaupa á smátölvu.

954 Vinnueftirlit ríkisins

Í lögum nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, eru ákvæði um starfsemi Vinnueftirlits ríkisins. Kostnaður við rekstur þess skal greiddur af tekjum af iðgjöldum sem fyrirtæki, er lögin gilda um, greiða og tekjum af skrásetningar- og eftirlitsgjöldum. Í þessu frumvarpi er gert ráð fyrir að tekjur Vinnueftirlitsins verði jafnháar gjöldum þannig að ekki verði um framlag ríkissjóðs að ræða. Heildargjöld hækka úr 25.355 þús.kr. í fjárlögum 1985 í 32.262 þús.kr., eða um 27,2%. Mestu munar um hækkun gjalda vegna tækjakaupa, úr 400 þús.kr. í 1.300 þús.kr. Af þessari fjárhæð eru um 1.000 þús.kr. vegna tölvuvæðingar stofnunarinnar og 300 þús.kr. til ýmissa tækjakaupa. Launagjöld hækka um 28,8% og verða 19.937 þús.kr.

971 Erfðafjár sjóður, framlag

Gert er ráð fyrir að tekjur af erfðafjárskatti renni í Framkvæmdasjóð fatlaðra (sjá athugasemdir við fjárlagalið 07—795 hér að framan). Liðurinn fellur því niður.

972 Bjargráðasjóður Íslands

Hér er um að ræða framlag vegna greiðslu vaxta og afborgana af lánnum sem tekin voru 1980—1982 vegna harðæris og þungra búsjá. Fjárveitingin er í samræmi við samþykkt fyrrverandi ríkisstjórnar.

981 Vinnumál

Framlag á þessum fjárlagalið nemur alls 18.437 þús. kr. og hækkar um 2.536 þús. kr. frá fjárlögum 1985. Þar munar mest um 2.428 þús.kr. hækkun á liðnum *ýmislegt*. Ekki er gert ráð fyrir framlagi til Iðnnemasambands Íslands, en veittar voru 50 þús.kr. til sambandsins í fjárlögum 1985. Framlag til viðfangsefnisins *orlofsheimili launþegasamtakanna* er óbreytt frá fjárlögum 1985, eða 4.790 þús.kr. Framlag til viðfangsefnanna *félagsdómur, sjómannasamtök, lögskráning*, og *sjómannadagsráð* hækkar frá fjárlögum 1985 í samræmi við almennar verðlagsbreytingar. Gert er ráð fyrir að liðurinn *ýmislegt* skiptist sem hér segir og til samanburðar er sýnd skipting hans 1985.

	Fjárlög	Frumvarp	Breyting	
	1985	1986	Pús. kr.	%
	Pús. kr.	Pús. kr.	Pús. kr.	
Samtök vinnumarkaðarins, hagræðingarstarfsemi . . .	2.387	2.910	523	21,9
ASÍ vegna Menningar- og fræðslusambands alþýðu . .	1.450	1.770	320	22,0
Félagsmálaskóli alþýðu	2.016	2.460	444	22,0
Hagdeildir ASÍ, VSÍ, VMS, BSRB og BHM	2.180	2.660	480	22,0
ASÍ vegna norræna verkalýðsskólans í Genf	60	75	15	25,0
Námskeið fyrir trúnaðarmenn á vinnustöðum	654	800	146	22,3
Fræðslumál BSRB	600	730	130	21,7
Fræðslumál BHM	98	120	22	22,4
Fræðslumál annarra	100	120	20	20,0
Upplýsingastarfsemi um kjaramál	150	185	35	23,3
Pátttaka í erlendu vinnumálastarfi	327	620	293	89,6
Samtals	10.022	12.450	2.428	24,2

999 Félagsmál, ýmis starfsemi

Eina breytingin á viðfangsefnum þessa fjárlagaliðar frá fjárlögum 1985 er að eitt þeirra, *varnaraðgerðir við Skeiðarársand*, fellur niður enda var þar um tímabundið verkefni að ræða. Heildarfjárveiting hækkar úr 31.050 þús.kr. í fjárlögum 1985 í 79.716 þús.kr. Munar þar mestu um hækkun fjárveitingar til greiðslu *meðlaga skv. lögum nr. 9/1981*, 47.154 þús.kr. Hér er um að ræða meðlög með börnum erlendra ríkisborgara og bráðabirgðameðlög sem greidd eru af Tryggingastofnun ríkisins fyrir hönd ríkissjóðs. Hingað til hafa fjárveitingar verið miðaðar við að uppgjör við Tryggingastofnunina vegna útgjalda hennar af þessum sökum fari fram ári síðar en til útgjalda var stofnað. Nú er hins vegar gert ráð fyrir að þetta uppgjör fari fram á útgjaldaárinu. Áætluð útgjöld vegna meðlaga á árinu 1986 eru 27.801 þús.kr. Vegna ónógra fjárveitinga á síðustu árum til greiðslu meðlaga skuldar ríkissjóður Tryggingastofnun ríkisins 25.980 þús.kr. og gert er ráð fyrir að þessi skuld verði að fullu greidd árið 1986. Heildarfjárveiting til greiðslu meðlaga er því 60.554 þús.kr.

Fjárveiting til viðfangsefnisins *snjóflóða- og skriðufallavarnir* hækkar úr 1.000 þús.kr. í fjárlögum 1985 í 4.000 þús.kr. Gert er ráð fyrir kostnaðarsömum framkvæmdum víða um land og í þessum efnunum er minnt á nýsamþykkt lög nr. 28/1985, um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum.

Í meðfylgjandi yfirliti kemur fram framlag til einstakra viðfangsefna í fjárlögum 1985, frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1986 og breytingin milli ára.

	Fjárlög	Frumvarp	Breyting	
	1985	1986	Pús. kr.	%
	Pús. kr.	Pús. kr.	Pús. kr.	
Meðlög skv. 21., 22., og 23. gr. framfærslulaga	3.000	3.251	251	8,4
Meðlög skv. lögum nr. 9/1981	13.400	60.554	47.154	351,9
Slysavarnafélag Íslands	3.700	4.181	481	13,0
Sjómannastofur	350	396	46	13,1
Félagasamtök, styrkir	3.800	4.200	400	10,5
Kvennaathvarf í Reykjavík	1.400	1.582	182	13,0
Kvennaathvarf á Akureyri	400	452	52	13,0
Snjóflóða- og skriðufallavarnir	1.000	4.000	3.000	300,0
Ýmis framlög	1.000	1.100	100	10,0
Varnaraðgerðir við Skeiðarársand	3.000	—	-3.000	-100,0
Samtals	31.050	79.716	48.666	156,7

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

Útgjöld helstu málefnaflokka heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins breytast milli ára sem hér segir:

	Fjárlög	Frumvarp	Hækkun	
	1985	1986	pús. kr.	%
	pús. kr.	pús. kr.	pús. kr.	%
Yfirstjórn	17.859	22.087	4.228	23,7
Tryggingamál	7.477.582	6.989.938	-487.644	-6,5
Heilbrigðismál	2.583.165	4.927.874	2.344.709	90,8
Annað	18.356	21.535	3.179	17,3
Samtals	10.096.962	11.961.434	1.864.472	18,5
Par af markaðir tekjustofnar	841.820	1.007.220	165.400	19,6

Markaðir tekjustofnar þessa ráðuneytis eru eftirfarandi: Lífeyrstryggingaiðgjald atvinnurekenda verður 730.000 pús. kr. og hækkar um 135.000 pús. kr. frá fjárlögum 1985, slystryggingaiðgjöld atvinnurekenda hækka um 15.000 pús. kr. og verða 125.000 pús. kr., iðgjald til Atvinnuleysistryggingasjóðs er 80.000 pús. kr. eða óbreytt frá fjárlögum 1985, hluti Gæsluvistarsjóðs af hagnaði ÁTVR er 1.200 pús. kr. og hækkar um 600 pús. kr. Sérlyfjagjald verður 3.000 pús. kr. og hækkar um 2.600 pús. kr. frá fjárlögum 1985. Gjald af eyðublöðum heillaskeyta verður óbreytt frá gildandi fjárlögum eða 20 pús. kr. Tekjur af samúðarskeytum Landssímans verða 3.000 pús. kr. sem er 2.200 pús. kr. hækkun frá fjárlögum 1985. Gjald til Framkvæmdasjóðs aldraðra hækkar um 10.000 pús.kr. og verður 65.000 pús. kr. Verður nú vikið nánar að helstu fjárlagaliðum til skýringar á hækkun framlaga til hinna einstöku málaflokka heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins.

101 Aðalskrifstofa

Heildarfjárveiting til aðalskrifstofu nemur 22.087 pús. kr. og hækkar frá fjárlögum um 4.288 pús. kr. Laun nema 13.391 pús. kr. og byggir áætlunin á 17,5 heimiludum stöðum. Það er fjölgun um eina stöðu frá fjárlögum yfirstandandi árs. Þetta er staða tannlæknis sem hefur á undanförunum árum verið áætlað fyrir á fjárlagalið 08-391 *Héradslæknar og heilsugæslustöðvar* og er því um tilflutning að ræða. Auk þess er áætlað fyrir launum sérfræðings vegna sérstaks verkefnis sem unnið er í samvinnu við Alþjóðaheilbrigðisstofnunina um greiningu og eftirlit langvinnra sjúkdóma. Þetta er þriðja og síðasta árið sem fjárveiting er til þessa verkefnis. Önnur gjöld áætlast 9.113 pús. kr. og sértekjur 1.017 pús. kr. Framlag til eignakaupa er 600 pús. kr. og er til kaupa á tölvubúnaði o. fl.

271 Tryggingastofnun ríkisins

Lögum nr. 52/1966, um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga, sbr. lög nr. 31 1982, var breytt með lögum nr. 84/1985. Samkvæmt þeim teljast almannatryggingar nú til A-hluta fjárlaga, en þær hafa til þessa verið í B-hluta. Önnur veigamikil breyting sem gerð hefur verið er að 15 sjúkrahús eru færð af daggjaldakerfi sjúkratrygginga á föst fjárlög. Um þá breytingu er fjallað seinna í þessari greinargerð og í greinargerð um fjárlagaliði 08-384 og 08-388. Framlög til Tryggingastofnunar ríkisins renna til slysa-, lífeyris- og sjúkratrygginga, auk framlags til reksturs og stjórnunar stofnunarinnar. Viðfangsefni eru því fjögur undir þessum fjárlagalið, 1.01 *Yfirstjórn*, 1.10 *Lífeyrstryggingar*, 1.20 *Sjúkratryggingar* og 1.30 *Slysatryggingar*. Í eftirfarandi yfirliti kemur fram skipting milli viðfangsefna og samanburður við fjárlög 1985.

Almannatryggingar 1985 og 1986

	Fjárlög	Frumvarp	Breyting	
	1985	1986	M.kr.	%
Yfirstjórn		90	90	
Slysatryggingar	110	117	7	6,3
Lífeyristryggingar	3.470	4.350	880	25,4
Sjúkratryggingar	3.628	2.157	-1.471	-40,5
Samtals	7.208	6.714	-494	-6,9

Forsendur um verðlag á útgjaldaliðum almannatrygginga eru hinar sömu og við eiga um laun og almennt verðlag í frumvarpinu. Við fjárlagagerðina var tekin sú ákvörðun að leita ráða til sparnaðar um 150 m. kr. í tryggingakerfinu. Því hafa framlög lífeyristrygginga verið lækkuð um 80 m. kr. og framlög sjúkratrygginga um 70 m. kr. Verður nú fjallað um hvert viðfangsefni fyrir sig.

1.01 Yfirstjórn. Framlag til yfirstjórnar nemur 90.179 þús. kr. Hér er um að ræða rekstur Tryggingastofnunar og eru áætlaðar sértekjur kostnaðarhlutdeild atvinnuleysistrygginga og hinna ýmsu sjóða sem eru í vörslu stofnunarinnar í daglegum rekstri hennar.

1.10 Lífeyristryggingar. Heildarframlag nemur 4.350 m. kr. og hækkar um 25% frá gildandi fjárlögum. Við mat á áætlaðri fjárþörf til greiðslu lífeyrisbóta 1986 hefur verið farið eftir greiðslum fyrstu mánaða þessa árs að teknu tilliti til verðlagsbreytinga. Gert er ráð fyrir fjölgun bótaþega í samræmi við aldurssamsetningu þjóðarinnar og út frá reynslu síðustu ára. Útgjöld lífeyristrygginga samkvæmt fjárlögum 1985 og frumvarpi 1986 eru sýnd sundurliðuð í eftirfarandi yfirliti.

Lífeyristryggingar 1985 og 1986

	Fjárlög	Frumvarp	Breyting	
			1985	1986
	M.kr.	M.kr.	M.kr.	%
Gjöld				
101-103 Lífeyrir og örorkubætur	2.867	3.697	830	29,0
Elli- og örorkulífeyrir	1.233	1.522	289	23,4
Tekjutrygging	1.109	1.540	431	38,9
Uppbót	302	360	58	19,2
Heimilisuppbót o.fl.	120	155	35	29,2
Örorkustyrkur	103	120	17	16,5
104 Barnalífeyrir	80	96	16	20,0
105, 107 Ekkju-, ekkla- og makabætur	74	88	14	18,9
106 Mæðra- og feðralaun	147	239	92	62,6
108 Fæðingarorlof	200	230	30	15,0
120 Meðlög	282	200	-82	-29,1
171 Rekstrarkostnaður og vextir af sjóðsskuld	102	—	-102	—
Samtals	3.752	4.550	798	21,3
Tekjur				
180 Framlög ríkissjóðs	3.470	4.350	880	25,4
181 Meðlög, sveitarfélög	282	200	-82	-29,1
Samtals	3.752	4.550	798	31,1

Gert er ráð fyrir auknum útgjöldum vegna 2% fjölgunar bótaþega. Bótahækkunir hafa verið sem hér segir frá upphafi árs 1985: Frá 1. janúar hækkuðu allar bætur um 5%. Frá 1. mars hækkuðu allar bætur um 2,4%. Tekjutrygging og uppbót hækkaði um 12% 1. maí en allar aðrar bætur um 7,0%. 7,5% hækkun allra bóta varð 1. júlí og 2,4% hækkun 1. ágúst. Loks er áætlað fyrir 4,5% hækkun 1. október og er það í samræmi við umsamdar launataxahækkunir. Í fjárlögum 1985 var áætlað fyrir 2,5% veginni meðalhækkun lífeyrstryggingabóta.

1.20 *Sjúkratryggingar*. Heildarframlag nemur 2.157 m. kr. og skiptist á helstu útgjaldaliði sem hér segir:

Sjúkratryggingar 1985 og 1986

		Fjárlög 1985 M.kr.	Frumvarp 1986 M.kr.	Breyting M.kr.	%
Gjöld					
301,312	Vistgjöld á sjúkrastofnunum . .	2.400	1.100	-1.300	-54,2
302	Heimþjónusta við aldraða . . .	25	42	17	68,0
303	Hjálpartæki	120	100	-20	-16,7
305	Útgjöld skv. 39. gr. tryggingal.		49	49	—
310	Lækniskostnaður	194	200	6	3,1
311	Tannlæknakostnaður	145	170	25	17,2
313-314	Innlendur og erlendur sjúkrak.	429	300	-129	-30,1
315	Lyfjakostnaður	688	660	-28	-4,1
316	Sjúkradagpeningar	93	110	17	18,3
370	Rekstrarkostnaður	45	40	-5	11,1
	Samtals	4.139	2.771	-1.368	-33,1
Tekjur					
380	Hlutur ríkissjóðs	3.628	2.157	-1.471	-40,5
	Hlutur sveitarfélaga	511	614	103	20,2
	Samtals	4.139	2.771	-1.368	-33,1

Meginbreyting á áætlun til sjúkratrygginga er að 15 sjúkrahús flytjast nú af daggjaldakerfi á föst fjárlög. Heildarframlag til þessara sjúkrahúsa er 1.765 m.kr. Hlutur sveitarfélaga í rekstrarkostnaði þeirra fellur niður en á móti hækkar hlutur þeirra í öðrum þáttum sjúkratrygginga. Tíðar breytingar hafa orðið á töxtum rekstrardaggjalda sjúkrahúsa á árinu 1985. Þau hækkuðu um 1,5% frá 1. janúar að telja, 1. mars varð hækkunin 0,9 %, 1. maí varð 6,4% hækkun og 3,0% hækkun varð 1. júní. 1. júlí varð síðan 10,5% hækkun og loks er fyrirsjáanleg hækkun 1. október vegna 4,5% hækkunar launa. Innifalið í áætlun um vistgjöld er 200 m.kr. framlag til uppgjors á halla sjúkrahúsa á árinu 1985. Á þetta við um þau sjúkrahús sem eru á daggjöldum 1985. Ekki er áætlað fyrir útgjöldum sem kunna að verða vegna fjölgunar sjúkrarúma eða nýrrar starfsemi.

Útgjöld sjúkratrygginga vegna annarra útgjaldabátta þeirra hækka mjög misjafnlega. Athygli er vakin á því að sá rekstrarkostnaður sem nú er áætlaður í sjúkratryggingum er eingöngu vegna rekstrar sjúkrasamlaga en rekstur Tryggingastofnunar ríkisins var einnig á þessum lið í fjárlögum 1985. Einnig má benda á lið 305 *Útgjöld skv. 39. gr. tryggingalaga*, en áætlun vegna þessa var innifalin í áætlun til liðarins 302 *Hjálpartæki* í fjárlögum 1985. Ekki er talin ástæða til sérstakrar umfjöllunar um aðra liði en við áætlun var tekið mið af greiðslum síðustu mánaða.

1.30 Slysstryggingar. Útgjöld slysstrygginga eru áætluð 116,7 m. kr. auk 8,3 m. kr. hlutdeildar í yfirstjórn. Innheimta markaðra tekna í ríkissjóð af slysstryggingagjaldi samkvæmt reglugerð nr. 307/1983, sbr. reglugerð nr. 234/1984 um breyting á hinni fyrri, er áætluð 125 m. kr. skv. 3. gr. frumvarpsins.

273 Atvinnuleysistryggingasjóður

Framlag til sjóðsins er áætlað 235.685 þús. kr. Framlag atvinnurekenda og sveitarfélaga skal vera til jafns við framlag ríkissjóðs. Sett voru ný lög, nr. 10/1985, um bætur atvinnuleysistrygginga. Í frumvarpi til lánsfjárlaga er leitað heimildar til takmörkunar á framlagi ríkissjóðs þannig að heildarframlag verði ekki hærri fjárhæð en 235.685 þús. kr. á árinu 1986.

274 Eftirlaunasjóður aldraðra

Framlag til sjóðsins verður 39.914 þús. kr. og hækkar frá gildandi fjárlögum um 10.281 þús. kr. eða um 35%. Framlagið er í samræmi við ákvæði laga nr. 2/1985 um framlengingu á greiðslum bóta til ársloka 1989.

301 Landlæknir

Framlag til landlæknisembættisins er 9.213 þús. kr. og hækkar frá gildandi fjárlögum um 1.418 þús. kr. eða 18,2%. Helstu breytingar eru á launalið yfirstjórnar. Áætlun byggir nú á 6,25 stöðuheimildum þar sem ráðninganefnd heimilaði 1,25 nýjar stöður á árinu, þ.e. 0,75 stöðu bókasafnsfræðings og 0,5 stöðu ritara. Ekki kemur kostnaður við þessar stöður að fullu sem aukning þar sem áður hafði verið áætlað fyrir hluta þeirra á öðrum dagvinnulaunum. Á móti nokkurri aukningu á launalið kemur lækkun vegna þess að laun staðgengils landlæknis falla nú niður. Launaliður og önnur rekstrargjöld hækka því í hátt við almennar launa- og verðlagsbreytingar.

324 Heyrnar- og talmeinstöð

Fjárveiting nemur samtals 21.455 þús. kr. og er það 3.449 þús. kr. eða 19,2% hækkun frá gildandi fjárlögum. Laun hækka um 2.018 þús. kr. sem er í samræmi við launahækkanir á tímabilinu. Heimiluð stöðugildi eru 17,5 talsins eða óbreytt frá fjárlögum 1985. Rekstrargjöld, sem fela í sér minni háttar eignakaup, hækka um 1.308 þús. kr. eða 36,5% sem er umfram verðlagsforsendur. Nokkur hækkun verður einnig á sértekjum sem eru áætlaðar 1.808 þús. kr. en þær námu 1.271 þús. kr. í fjárlögum 1985. Tilfærslur til einstaklinga og samtaka, sem eru vegna heyrnartækjakaupa, hækka um 1.060 þús. kr., úr 7.440 þús. kr. í 8.500 þús. kr. Framlag til stofnkostnaðar er 600 þús. kr. og er til innréttingar útibús á Akureyri.

325 Hollustuvernd ríkisins

Stofnuninni er nú skipt í fimm rekstrarviðfangsefni. Þau eru *1.01 Yfirstjórn*, *1.10 Heilbrigðiseftirlit*, *1.20 Rannsóknastofa*, *1.30 Mengunarvarnir* og *1.40 Geislavarnir*. Heildarframlag til stofnunarinnar er 29.427 þús. kr. og hækkar um 12.508 þús. kr. frá fjárlögum 1985. Launaáætlun byggir á 26,8 stöðum en við fjárlagagerð 1985 var byggt á 25,3 stöðum. Ráðninganefnd samþykkti 0,5 stöðu ritara við geislavarnir fyrr á þessu ári og einnig bætist við ný staða verkfræðings í mengunarvörnum. Kostnaður við þessar stöður er um 840 þús. kr. Að teknu tilliti til þeirrar aukningar er launahækkun í samræmi við almennar launabreytingar. Hækkun annarra rekstrargjalda er umfram verðlagsforsendur en á móti kemur hækkun á sértekjum sem áætlast 3.390 þús. kr. Ýmis stofnbúnaður, tækjakaup o.fl. áætlast 300 þús. kr. og 10.000 þús. kr. eru vegna innréttingar á Skipholti 37, en ákveðið er að stofnunin hafi framtíðaradsetur á þeim stað. Nú er starfsemin í leiguhúsnæði á nokkrum stöðum í Reykjavík.

326 Sjónstöð Íslands

Í fjárlögum 1985 var í fyrsta sinn áætlað fyrir rekstrarframlagi til Sjónstöðvar Íslands. Gert var ráð fyrir níu mánaða rekstri á árinu. Nú er um heils árs starfsemi að ræða með 4,5 stöðugildum: 1 lækni, 1 sjónþjálfari, 1 gerviaugnasmið, 1 skrifstofumanni og 0,5 sjónfræðingi. Undir liðnum önnur dagvinnulaun er jafnframt áætlað fyrir ræstingu, afleysingum o.fl. Aukning á launalið frá gildandi fjárlögum er fyrst og fremst vegna þess að nú er áætlað fyrir 12 mánaða starfsemi en einnig vegna þess að launaáætlun byggist á 4,5 stöðum í stað 3,5. Önnur gjöld vegna reksturs verða alls 2.025 þús. kr. Til stofnkostnaðar áætlast 2.000 þús. kr. vegna nauðsynlegra tækjakaupa þannig að stöðin geti hafið starfsemi.

371 Ríkisspítalar

Heildarframlag til ríkisspítala nemur 1.944.550 þús. kr. og hækkar frá gildandi fjárlögum um 351.640 þús. kr. og er það 22,1% hækkun. Helsta breyting á rekstrarstarfsemi spítalans er vegna hjartaskurðlækninga sem gert er ráð fyrir að hefjist á árinu 1986. Samtals er áætlað að verja 15.400 þús. kr. vegna hjartaskurðlækninga, þ.a. 10.300 þús. kr. vegna launa og 5.100 þús. kr. vegna annarra rekstrargjalda. Er öll sú aukning á viðfangsefninu *1.10 Legudeildir, svæfinga- og gjörgæsludeild*. Grunnheimildum fjölgar um 14 stöður vegna þessa. Að hjartaskurðlækningum frátöldum fjölgar grunnheimildum við spítalana einungis um eina stöðu frá fjárlögum 1985. Er það staða sérfræðings í frumulíffræði við meinafræðideild og nemur kostnaður við hana um 1.525 þús. kr. Sú staða kemur á viðfangsefnið *1.40 Stöðdeildir, rannsóknastofur*. Loks hækkar launaliður um 1.800 þús. kr. vegna ýmissa stöðubreytinga og er sú fjárhæð öll sett á viðfangsefnið *1.50 Þjónustudeildir* til síðari ráðstöfunar. Á heildina litið og að frátöldum þessum breytingum hækka laun um 23,7% og önnur gjöld vegna rekstrar um 14,6% sem er í samræmi við almennar launa- og verðlagshækkunar. Breytingarnar koma þó ekki hlutfallslega jafnt á rekstrarviðfangsefnin og er því ekki unnt að gera beinan samanburð við fjárlög 1985 nema með heildartölum. Þetta er vegna ýmissa skipulagsbreytinga er átt hafa sér stað innan spítalanna. Framlag til meiri háttar viðhalds er 12.000 þús. kr. og er óbreytt að krónutölu frá gildandi fjárlögum. Sama er að segja um meiri háttar tækjakaup sem áætluð eru fyrir 50.000 þús. kr. en voru 49.500 þús. kr. Minni háttar tækjakaup eru hins vegar áætluð með hverju rekstrarviðfangsefni fyrir sig. Til byggingaframkvæmda spítalans er áætlað 52.000 þús. kr. framlag, 50.000 þús. kr. vegna K-byggingar og 2.000 þús. kr. vegna stjórnunar. Nýverið var boðin út uppsteypa og utanhússfrágangur þess hluta K-byggingar sem unnið er að. Áformað er að verklok verði um áramót 1986—87. Fyrir afgreiðslu fjárlaga kann að reynast nauðsynlegt að endurskoða fjárframlag til þessa verkefnis. Í eftirfarandi töflu sést hlutfallsleg skipting rekstrarframlags svo og fjöldi grunnheimilda á hverju viðfangsefni. Sértekjur viðfangsefna koma síðan til frádráttar þessu framlagi.

	Grunn-heimildir	Rekstrarframlag þús. kr.	Hlutfallsleg skipting
Legudeildir, svæfinga- og gjörgæsludeild	930,9	897.918	45%
Geddeild	425,7	314.792	16%
Stofnanir öryrkja og þroskaheftra	191,2	106.301	5%
Stöðdeildir, rannsóknastofur	212,9	241.995	12%
Þjónustudeildir	267,9	447.520	22%
Samtals	2.028,6	2.008.526	100%

381 Sjúkrahús og læknisbústaðir

Heildarfjárveiting nemur 110.110 þús. kr. og lækkar um 22.290 þús. kr. frá fjárlögum ársins 1985. Einungis þrjú viðfangsefni eru nú á þessum fjárlagalið en þau voru fjögur í gildandi fjárlögum. Framlag til *sjúkrahúss St. Franciskusarreglunnar* í Stykkishólmi fellur niður en það var 5.000 þús. kr. Önnur framlög eru eftirfarandi: *Heilsuverndarstöðvar, styrkir*, 3.310 þús. kr. Framlag þetta er lægra en í fjárlögum 1985 enda hafa heilsugæslustöðvar komið í stað heilsuverndarstöðva. *Byggingarstyrkur til DAS, Hrafnistu í Hafnarfirði*, er 6.800 þús. kr. og er það sjötta og síðasta greiðsla en framlagið nam 6.300 þús. kr. 1985. Loks er framlag vegna *byggingar sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða* 100.000 þús. kr. Eftirfarandi tafla sýnir framlög og breytingar frá fjárlögum 1985.

	Fjárlög 1985 þús. kr.	Frumvarp 1986 þús. kr.	Breyting þús. kr.
Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða	117.100	100.000	-17.100
Sjúkrahús St. Franciskusarreglunnar í Stykkishólmi	5.000	—	-5.000
Styrkur til heilsuverndarstöðva	4.000	3.310	-690
DAS, Hrafnistu, Hafnarfirði, lokagreiðsla	6.300	6.800	500
Gjöld samtals	132.400	110.110	-22.290

Verið er að reisa hús yfir nokkrar sjúkrastofnanir þar sem verksamningar eru bundnir á árinu 1986. Þær eru: Sjúkrahús á Ísafirði 18.000 þús. kr., sjúkrahús á Sauðárkróki um 10.000 þús. kr., heilsugæslustöð á Þórshöfn um 5.300 þús. kr. og læknisbústaður á Siglufirði um 2.300 þús. kr. og hjúkrunar- og dvalarheimili á Egilsstöðum um 5.000 þús. kr. sem fjármagnast af nokkrum liðum fjárlaga. Yfirlit um stöðu einstakra verkefna mun verða lagt fyrir fjárveitinganefnd Alþingis.

384 Borgarspítalinn í Reykjavík

Samkvæmt tillögu heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra er nú gerð áætlun fyrir Borgarspítalann í Reykjavík á föstum fjárlögum. Vegna stærðar spítalans og sérstöðu á margan hátt er hann settur á sérstakan fjárlagalið, en 14 önnur sjúkrahús sem færast nú einnig á föst fjárlög eru sett á annan fjárlagalið, 08-388. Áætlunin nær til Borgarspítalans sjálfs í Fossvogi og eftirtalinna deilda sem reknar eru á öðrum stöðum: hjúkrunardeildar Heilsuverndarstöðvarinnar við Barónsstíg, Hvítabandsins við Skólavörðustíg (hjúkrunardeild og göngudeild), fæðingarheimilis við Eiríksgötu, Arnarholts, Kjalarnesi, Grensásdeildar (endurhæfingardeildar) og geðdeildar, Templarahöll. Heildarframlag nemur 880.326 þús. kr. Til rekstrar áætlast 590.029 þús. kr. vegna launa og 414.847 þús. kr. vegna annarra gjalda. Innifalið í þeirri áætlun er framlag vegna minni háttar viðhalds og viðhalds á tækjum ásamt minni háttar stofnkostnaði. Heimilud stöðugildi teljast 971 talsins. Til meiri háttar viðhalds áætlast 8.000 þús. kr. og til meiri háttar eignakaupa 20.000 þús. kr. Sértekjur áætlast 152.550 þús. kr. Samkvæmt upplýsingum frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti mun á haustmánuðum fara fram endurskoðun áætlunarinnar, þar sem þá liggja fyrir nákvæmari upplýsingar um afkomu sjúkrahússins á yfirstandandi ári. Einhverjar breytingar gætu því orðið á áætluninni eða tilflutningur milli gjaldategunda.

385 Framkvæmdasjóður aldraðra

Framlag nemur 79.000 þús. kr. og hækkar um 24.000 þús. kr. frá fjárlögum 1985. Með lögum nr. 91/1982, um málefni aldraðra, er ákveðið að markaðar tekjur sjóðsins miðist við tiltekna grunnfjárhæð sem breytist með skattvísitölu. Markaðar tekjur eru áætlaðar 65.000 þús. kr. og koma fram í 3. gr. frumvarpsins. Að auki eru veittar 14.000 þús. kr. til byggingar hjúkrunar- og dvalarheimila. Er þetta sama fjárhæð og veitt var undir fjárlagalið 08-381 Sjúkrahús og læknisbústaðir á árinu 1985. Fyrir afgreiðslu fjárlaga þarf að athuga hvorum megin gjaldfærslan eigi að vera.

386 St. Jósefsspítali, Landakoti

Framsetning framlaga til sjúkrahússins er nú önnur en verið hefur undanfarin ár. Heildarframlag er sett fram sem tilfærsla til einstaklinga, samtaka og heimila og er sundurliðun gerð í greinargerð. Framlag nemur samtals 395.001 þús. kr. og hækkar um 89.763 þús.kr. frá fjárlögum 1985. Laun vegna rekstrar nema 290.788 þús. kr. og hækka um 34,7%. Grunnheimildir teljast nú vera 393 að frátöldum sérfræðingum sem vinna við sjúkrahúsið en í fjárlögum 1985 voru þær 379 talsins. Fjölgun þessi kemur í kjölfar endurskoðunar sem gerð var að beiðni forráðamanna sjúkrahússins á fjölda grunnheimilda. Fyrir yfirvinnu- og álagsgreiðslur er áætlað 45,6% á föst laun grunnheimilda og 20,5% fyrir afleysingar alls konar. Önnur gjöld vegna rekstrar áætlast nú 140.913 þús. kr. og eru minni háttar eignakaup, 3.100 þús.kr., þar með talin. Hækkun frá fjárlögum er 25% og er umfram verðlagsforsendur en hækkun sértekna vegur þar nokkuð á móti og áætlast þær 45.200 þús. kr. Meiri háttar viðhald áætlast 2.500 þús. kr.og stofnkostnaður 6.000 þús. kr. sem er sama fjárhæð og 1985.

387 Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri

Framlag til sjúkrahússins er nú sett fram sem tilfærsla til einstaklinga, samtaka og heimila og nemur samtals 359.478 þús. kr. Er það 75.195 þús. kr. hækkun frá fjárlögum 1985. Helsta breyting og aukning frá þeim fjárlögum er vegna nýrrar geðdeildar sem gert er ráð fyrir að taki til starfa í ársbyrjun 1986. Nýjar stöður vegna þessarar nýju deildar eru 13 talsins. Auk þeirra bætast eftirfarandi 4,6 stöðugildi við grunnheimildir sjúkrahússins: 1,0 staða sjúkrahjúlfara, 1,0 staða iðjuþjálfara, 1,0 staða símavarðar, 1,0 staða næturvarðar og 0,6 staða meðferðarfulltrúa á barnadeild. Samtals eru grunnheimildir því 366,1 við sjúkrahúsið. Laun vegna rekstrar eru 242.283 þús. kr. og hækka þau í samræmi við almennar launahækkanir sé tekið tillit til fjölgunar sem greint er frá hér að framan, en sú fjölgun hefur í för með sér um 11.500 þús. kr. kostnaðarauka. Fyrir afleysingar, yfirvinnu- og álagsgreiðslur áætlast um 67% á föst laun grunnheimilda. Önnur gjöld vegna rekstrar áætlast 120.925 þús. kr. og eru minni háttar tækjakaup, 2.800 þús.kr., innifalin í þeirri upphæð. Sértekjur áætlast 23.730 þús. kr. Til meiri háttar viðhalds áætlast 5.000 þús. kr. og 5.000 þús. kr. til meiri háttar eignakaupa. Sambærilegar fjárhæðir í fjárlögum 1985 voru 5.000 þús. kr. vegna viðhalds og 5.500 vegna meiri háttar eignakaupa. Framlag vegna nýbyggingar er 10.000 þús. kr. en það er 15.500 þús. kr. í gildandi fjárlögum. Á árinu 1985 hefur verið unnið að framkvæmdum við innréttingu á geðdeild og lokafrágangi við slysa- og gjörgæsludeild. Engir samningar hafa verið gerðir um næstu framkvæmdaverkefni.

388 Ýmis sjúkrahús

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið hefur gert tillögu um tilflutning 15 sjúkrahúsa af daggjaldakerfi á föst fjárlög. Áætlun fyrir 14 þessara húsa verður á þessum fjárlagalið en áætlun fyrir Borgarspítalann í Reykjavík er á fjárlagalið 08-384. Áætlunin byggir á ársreikningum sjúkrahúsanna fyrir árið 1984 ásamt bráðabirgða-

uppgjóri fyrir fyrstu sex mánuði ársins 1985. Ákveðinn stöðugildafjöldi liggur að baki launaáætlun en sú tala verður þó endurskoðuð áður en fjárlög verða samþykkt. Breytingar geta því orðið á heildartölum og einnig getur orðið um tilflutning að ræða milli gjaldategunda. Í eftirfarandi yfirliti sést skipting framlaga á hvert sjúkrahús ásamt fjölda heimilla stöðugilda. Í öðrum gjöldum felst framlag til eignakaupa og viðhalds.

	Laun þús. kr.	Önnur gjöld þús. kr.	Sértekjur þús. kr.	Alls þús. kr.	Fjöldi stöðug.
Sjúkrahúsið Akranesi	101.744	61.922	15.212	148.454	154,0
Sjúkrahúsið Ísafirði	38.527	23.447	5.642	56.332	61,0
Sjúkrahúsið Húsavík	55.823	33.975	9.503	80.295	87,0
Sjúkrahúsið Sauðárkróki	52.812	32.141	3.695	81.258	84,0
Sjúkrahúsið Siglufirði	28.795	17.524	2.238	44.081	43,2
Sjúkrahúsið Neskaupstað	36.582	22.264	3.355	55.491	50,8
Sjúkrahúsið Vestmannaeyjum	44.030	26.797	7.966	62.861	64,7
Sjúkrahúsið Keflavík	48.243	29.361	10.449	67.155	66,2
Sjúkrahúsið Patreksfirði	17.720	9.930	303	27.347	30,1
Héraðshælið Blönduósi	30.338	17.002	2.668	44.672	53,0
Sjúkrahúsið Seyðisfirði	13.431	7.526	826	20.131	20,3
Sjúkrahúsið Egilsstöðum	20.904	11.716	816	31.804	36,5
Sjúkrahúsið Selfossi	55.998	31.381	5.656	81.723	99,4
Sólvangur, Hafnarfirði	55.908	28.658	1.756	82.810	117,2
Samtals	600.855	353.644	70.085	884.414	967,4

391 Héraðslæknar og heilsugæslustöðvar

Framlag nemur samtals 154.084 þús. kr. og hækkar frá fjárlögum 1985 um 36.338 þús. kr. Laun hækka um 30.496 þús. kr. eða 28%. Breyting á launalið frá gildandi fjárlögum er fjölgun um 2,0 stöður hjúkrunarfræðinga sem áður var áætlað fyrir undir menntamálaráðuneyti, skólahjúkrun, og er því um tilfærslu að ræða. Önnur breyting er tilfærsla einnar stöðu tannlæknis af þessum fjárlagalið á aðalskrifstofu ráðuneytisins, fjárlagalið 08-101-1.01. Þriðja breytingin er heils árs áætlun fyrir launum tveggja læknisstaða sem heimilaðar voru frá miðju ári 1985. Launaáætlun byggir nú samtals á 106,0 stöðum lækna og 116,4 stöðum hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra. Önnur gjöld nema 7.988 þús. kr. og hefur verið tekið tillit til reiknings undanfarinna ára við áætlun þeirra. Helstu kostnaðarliðir eru vegna samningsbundinna námsferða lækna, svo og ferðakostnaður þeirra innanlands í tengslum við starfið. Einnig er ferðakostnaður vegna heimahjúkrunar aldraðra og ungbarnaeftirlits mjög vaxandi þáttur. Til viðhalds áætlast 7.000 þús. kr. sem er framlag ríkissjóðs til viðhalds heilsugæslustöðva, en liður þessi fer vaxandi.

395 Lyfjamál

Á þessum fjárlagalið áætlast öll framlög vegna lyfjamála og hefur nafninu verið breytt til samræmis við það. Rekstrarviðfangsefni 1.11-1.61 voru áður undir safnliðnum 08-399 *Ýmis heilbrigðismál*. Heildarframlag til þessa málaflokks er 3.334 þús. kr. en var 4.909 þús.kr. í fjárlögum 1985. Breytingin er vegna viðfangsefnisins 1.21 *Lyfjanefnd*. Samkvæmt 30. gr. nýrra lyfjalaga, nr. 108/1984, skal kostnaður af starfsemi lyfjanefndar, þar á meðal laun nefndarmanna, borinn uppi af skráningar- og árgjöldum lyfja. Sértekjur eiga því að standa undir öllum rekstri lyfjanefndar.

399 Heilbrigðismál, ýmis framlög

Viðfangsefni á þessum fjárlagalið eru 18 talsins, en voru 28 í gildandi fjárlögum. Átta viðfangsefni flytjast á fjárlagalið 08–395 *Lyfjamál*, en á þeim fjárlagalið eru öll framlög vegna lyfjamála. Tvö viðfangsefni falla nú niður, 1.43 *Útbreiðsla atvinnusjúkdóma* og 1.92 *Krabbameinsfélag Íslands, fræðslumál*. Á viðfangsefni 1.90 *Ýmis framlög* er áætlað fyrir greiðslu til Norræna heilsugæsluskólans 3.000 þús. kr. en skuld hefur myndast vegna þátttöku íslenskra lækna á undanförunum árum. Heildarfjárveiting til hinna ýmsu viðfangsefna er 37.120 þús.kr. en var 36.125 þús. kr. í fjárlögum yfirstandandi árs. Í eftirfarandi töflu koma fram breytingar á framlögum til hinna ýmsu viðfangsefna.

	Fjárlög 1985	Frumvarp 1986	Breyting þús. kr.
Lyfjaverðlagsnefnd	550	—	–550
Lyfjanefnd	1.608	—	–1.608
Eiturefnanefnd	461	793	332
Daggjaldanefnd	633	956	323
Framkvæmdastjórn WHO	233	315	82
Manneldisráð	557	655	98
Áfengis- og fíkniefnanefnd	500	563	63
Krabbameinsfélag Íslands	12.000	12.000	0
Minningarsjóður Landspítalans	800	3.000	2.200
Lyfsölusjóður	250	—	–250
Hjartavernd	3.400	3.400	0
Kostnaður vegna laga nr. 25/1975	542	658	116
Kostnaður skv. farsótt- og sóttvarnarlögum og lögum um ónæmisáðgerðir	2.319	2.500	181
Útbreiðsla atvinnusjúkdóma	250	—	–250
Matvælarannsóknir	210	236	26
Blóðrannsóknir ungbarna	623	675	52
Reykingavarnir	2.400	2.400	0
Rhesusvarnir	472	696	224
Ljósmeðralaun	4.239	2.460	–1.779
Útgáfa lyfjaverðskrár	498	—	–498
Evrópska lyfjaskráin	100	—	–100
Norræn samvinna í lyfsöllumálum	80	—	–80
Sjúkraflug	1.200	1.200	0
Ýmis framlög	1.000	4.500	3.500
Kvartanefnd	100	113	13
Krabbameinsfélag Íslands, fræðslumál	500	—	–500
Stofnkostnaður vegna lyfjaverðlagsnefndar og lyfjanefndar	600	—	–600
Gjöld samtals	36.125	37.120	995

Ekki sýnist ástæða til að fjalla um einstaka liði. Margir eru óbreyttir frá fjárlögum en aðrir sem eru bundnir launum hækka í samræmi við það. Framlag vegna ljósmeðralauna lækkar þar sem þeim ljósmeðrum fer fækkandi er taka laun samkvæmt eldra fyrirkomulagi.

09 Fjármálaráðuneyti

Útgjöld til helstu málefnaflokkna fjármálaráðuneytisins breytast milli ára sem hér segir:

	Fjárlög 1985	Frumvarp 1986	Breyting	
	Þús. kr.	Þús. kr.	Þús. kr.	%
Yfirstjórn	57.395	71.434	14.039	24,4
Toll- og skattheimta	256.332	316.276	59.944	23,3
Lífeyrissjóðir, styrktarfé og eftirlaun	372.278	425.381	53.103	14,2
Annað	556.857	494.240	-62.617	-11,2
Gjöld samtals	1.242.862	1.307.331	64.469	5,1
Par af markaður tekjustofn	27.500	30.000	2.500	9,1

Markaður tekjustofn fjármálaráðuneytisins er áhættugjald vegna ríkisábyrgða sem rennur til Ríkisábyrgðasjóðs.

Nú verður fjallað um breytingar á fjárveitingum til stofnana og viðfangsefna ráðuneytisins.

101 Fjármálaráðuneyti, hið almenna ráðuneyti

Framlag til aðalskrifstofu ráðuneytisins hækkar úr 28.087 þús. kr. í 34.750 þús. kr. eða um 23,7%. Þar af hækka laun um 25,8% en rekstrargjöld um 14,8%. Heimiluð stöðugildi eru óbreytt frá fjárlögum 1985, 33,17, þannig að hækkun launa er eingöngu vegna almennra launahækkanna. Einnig er gert ráð fyrir 450 þús. kr. til kaupa á skrifstofubúnaði ýmiss konar.

103 Ríkisbókhald

Fjárveiting til ríkisbókhalds hækkar úr 21.023 þús. kr. í 25.878 þús. kr. eða um 23,0%. Laun hækka um 27,3% en rekstrargjöld hækka um 106,1%. Þessi hækkun rekstrargjalda er eingöngu vegna tölvuvinnslu hjá Skýrsluvélum ríkisins og Reykjavíkurborgar. Fyrir þessum kostnaði hefur ekki áður verið áætlað, en sótt um heimild í fjárukaulögum. Sértekjur eru hins vegar áætlaðar 6.780 þús. kr. en voru engar í fjárlögum 1985.

105 Ríkislögmaður

Samþykkt voru á síðasta þingi ný lög um embætti ríkislögmanns, lög nr. 51/1985. Með lögum þessum verður embætti ríkislögmanns sjálfstæð stofnun en var áður hluti af fjármálaráðuneytinu. Lögin taka gildi 1. janúar n. k. Gert er ráð fyrir að ríkislögmaður flytji í nýtt húsnæði og er af þessum sökum áætlað fyrir 500 þús. kr. í stofnkostnað til kaupa á skrifstofubúnaði. Heimiluð stöðugildi eru tvö eins og í fjárlögum 1985. Af flutningi leiðir að nú er einnig áætlað fyrir launum eins ritara á *öðrum dagvinnulaunum*. Af breytingum þessum leiðir að framlög ríkissjóðs hækka úr 1.265 þús. kr. í 2.584 þús. kr.

201 Ríkisskattstjóri

Heimiluð voru s.l. vetur 5,5 ný stöðugildi hjá skattrannsóknardeild embættisins. Stöðugildum hjá skattstofum utan Reykjavíkur hefur aftur á móti verið fækkað um fjögur. Hér er því um tilflutning innan skattkerfisins að ræða. Sérstakt átak hefur verið gert til að bæta skatteftirlit, en erfiðlega hefur gengið að fá sérmenntað starfsfólk til starfa á skattstofum utan Reykjavíkur. Stöðugildi verða eftir þessa fjölgun alls 45,5 hjá embætti ríkisskattstjóra. Framlag ríkissjóðs nemur alls 37.237 þús. kr. en var 28.232 þús. kr. í fjárlögum 1985 og hækkar því um 32,0%. Ekki er gert ráð fyrir neinu

meiri háttar stofnkostnaðarverkefni í frumvarpi 1986 eins og var í fjárlögum 1985 en þá voru veittar 1.100 þús. kr. til innréttingar fasteignar. Laun vegna almenns rekstrar hækka um 38,4% og rekstrarfé hækkar um 33,6%.

201—211 Skattstofur

Heildarframlag til skattstofanna nemur 114.988 þús. kr. og hækkar um 21.141 þús. kr. frá fjárlögum 1985. Í eftirfarandi yfirliti kemur fram skipting framlagsins á einstakar skattstofur, fjöldi grunnheimilda á skattstofunum í heild og hvar stöðugildum hefur verið fækkað frá fjárlögum 1985.

	Fjárlög 1985 Þús. kr.	Frumvarp 1986 Þús. kr.	Breyting %	Breytingar á stöðufjölda
Skattstofan í Reykjavík	36.842	46.041	24,9	
Skattstofa Vesturlands	6.568	7.301	11,1	-1
Skattstofa Vestfjarða	6.112	5.406	-11,5	-1
Skattstofa Norðurlands vestra	5.620	6.524	16,0	-1
Skattstofa Norðurlands eystra	9.958	12.765	28,1	
Skattstofa Austurlands	5.742	6.684	16,4	
Skattstofa Suðurlands	5.762	7.670	33,1	-1
Skattstofa Vestmannaeyja	2.391	3.229	35,0	
Skattstofa Reykjaness	14.852	19.368	30,4	
Gjöld samtals	93.847	114.988	22,5	-4
Grunnheimildir	163,77	159,77		

Hækkun á framlagi til skattstofanna stafar fyrst og fremst af almennum launahækkunum. Eins og sést af ofangreindu yfirliti hefur starfsmönnum skattstofanna verið fækkað um fjóra frá fjárlögum 1985. Hækkun veldur sú breyting að skattstjórar taka nú laun skv. úrskurði Kjaradóms. Um stofnkostnað og meiri háttar viðhaldsverkefni er vart að ræða á skattstofunum, en þó eru veittar 220 þús. kr. til þess að mála og kaupa innréttingu fyrir skattstofu Vestfjarða, 900 þús. kr. til viðgerða á húsnæði skattstofu Suðurlands og 173 þús. kr. til kaupa á innanhússímakerfi fyrir skattstofu Norðurlands vestra.

212 Skattstofur, sameiginleg útgjöld

Framlag ríkissjóðs nemur 24.625 þús. kr. en nam 19.920 þús. kr. í fjárlögum 1985. Fjárveiting þessi er tvískipt. Til þess að greiða ýmsan sameiginlegan kostnað skattstofanna, s.s. tölvuvinnslu og gerð skattskráa, eru áætlaðar 23.625 þús. kr. og til kaupa á tölvubúnaði fyrir skattstofurnar 1.000 þús. kr.

214 Ríkisskattanevnd og skattsektanevnd

Útgjöld ríkissjóðs hækka úr 5.047 þús. kr. í 6.833 þús. kr. eða um 35,3%. Laun hækka um 32,7% en rekstrargjöld um 15,9%. Auk þess er áætlað að verja 300 þús. kr. til kaupa á ljósritunarvél en ekkert meiri háttar stofnkostnaðarverkefni var í fjárlögum 1985. Heimiluð stöðugildi eru nú 6,5 en voru 6 í fjárlögum 1985. Ráðninganevnd heimilaði hálf stöðugildi ritara á árinu.

251 Gjaldheimtan í Reykjavík

Gjaldheimtan í Reykjavík er rekin af ríki og Reykjavíkurborg. Framlag til stofnunarinnar hækkar um 3.111 þús. kr. og verður 20.115 þús. kr. Útgjöld vegna starfseminnar hækka um 19,3% frá fjárlögum 1985. Framlag borgarsjóðs nemur helmingi af áætluðum útgjöldum stofnunarinnar og kemur fram í áætluðum sértekjum.

- 261 Tollstjórinn í Reykjavík**
 Framlag ríkissjóðs nemur 45.941 þús. kr. en var 36.947 þús. kr. í fjárlögum 1985. Laun hækka úr 24.592 þús. kr. í fjárlögum 1985 í 31.633 þús. kr., eða um 28,6%. Á árinu 1985 heimilaði ráðninganefnd ríkisins fjölgun grunnheimilda um eina í eftirstöðvadeild og tvær stöður vegna launaskattsinnheimtu. Á móti lækkar áætlun á öðrum dagvinnulaunum. Einnig er áætlað fyrir stöðu yfirkennara Tollskólans á öðrum dagvinnulaunum eins og í fjárlögum 1985. Samtals er því áætlað fyrir 66 stöðugildum í frumvarpi 1986. Annað rekstrarfé hækkar um 15,6%, úr 12.155 þús. kr. í 14.058 þús. kr. Hækkun veldur m.a að gert er ráð fyrir auknum kostnaði vegna nýrrar tollskrár. Sett er upp sérstakt stofnkostnaðarviðfangsefni með 250 þús. kr. fjárveitingu og skal henni varið til kaupa á húsgögnum, skrifstofuáhöldum og búnaði fyrir Tollskólann.
- 282 Tollamál**
 Þessi fjárlagaliður skiptist í tvö viðfangsefni. Annað er *sameiginlegur kostnaður* og lækkar fjárveiting vegna hans um 3,9% og verður 4.011 þús. kr. Er hér um að ræða kostnað vegna endurskoðunar tollskrár og útgjöld vegna greiðslu kostnaðar á prentun aðflutningsskýrsla, upplýsingabæklinga og tollskrár. Hitt viðfangsefnið, *tölvuvæðing*, er til kaupa og uppsetningar á tölvukerfi til tollafgreiðslu, en frá árinu 1981 hefur verið unnið að undirbúningi þessa máls. Fjárveiting til þessa liðar nemur 5.000 þús. kr. sem er sama fjárhæð og í fjárlögum 1985.
- 381 Uppbætur á lífeyri**
 Útgjöld nema alls 476.231 þús. kr. en samsvarandi fjárhæð í fjárlögum 1985 var 412.950 þús. kr. Hækkunin er því 63.281 þús. kr., eða 15,3%. Frá dragast sértekjur sem nema 50.850 þús. kr. og þar er um að ræða vexti og verðbætur af lánum sem Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins hefur veitt opinberum fjárfestingarlánasjóðum. Fjárveitingin skiptist þannig til eftirtalinna aðila: Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins 414.775 þús. kr., lífeyrissjóður alþingismanna 33.348 þús. kr., lífeyrissjóður ráðherra 4.092 þús. kr., lífeyrissjóður ljósmæðra 10 þús. kr., lífeyrissjóður sjómanna 950 þús. kr., eftirlaun skv. launalögum 5.056 þús. kr., styrktarfé og ýmis eftirlaun 5.676 þús. kr., lífeyrissjóður hjúkrunarkvenna 11.094 þús. kr. og til Verslunarskóla Íslands 1.230 þús. kr.
- 402 Fasteignamat ríkisins**
 Framlag ríkissjóðs hækkar um 13,9% frá fjárlögum 1985, úr 15.395 þús. kr. í 17.547 þús. kr. Laun hækka úr 14.731 þús. kr. í 18.371 þús. kr. eða um 24,7% og rekstrarfé hækkar úr 9.584 þús. kr. í fjárlögum 1985 í 10.782 þús. kr. eða um 12,5%. Þá eru veittar 1.050 þús. kr. til kaupa á tveimur bifreiðum og til kaupa á ljósritunarvél og færast það sem sérstakt viðfangsefni.
- 481 Útgjöld skv. sérstökum lögum og heimildarlögum**
 Áætluð útgjöld ríkissjóðs hækka úr 20.000 þús. kr. í 30.000 þús. kr. eða um 50%. Undir þessum fjárlagalið er áætlað m. a. fyrir kostnaði samkvæmt 6. gr. fjárlaga.
- 971 Ríkisábyrgðasjóður**
 Framlag til sjóðsins nemur 185.000 þús. kr. en nam 169.300 þús. kr. í fjárlögum 1985.
- 981 Ýmsar fasteignir ríkissjóðs**
 Í fjárlögum 1985 var varið 6.000 þús. kr. til endurbyggingar Laugavegs 166, Víðishússins. Í frumvarpi 1986 er hins vegar áætlað að verja í sama skyni 34.000 þús. kr. Ríkisstjórnin hefur ákveðið að hefjast skuli handa um innréttingu hússins til nota fyrir aðalskrifstofu menntamálaráðuneytisins, Námsgagnastofnun og e.t.v. fleiri aðila.

Einnig er tekið upp nýtt viðfangsefni, *bygging stjórnarsýsluhúss á Ísafirði*, 12.000 þús. kr. en ríkissjóður er aðili að þeirri byggingu og mun embætti bæjarfógeta á Ísafirði, skattstofa Vestfjarða og fleiri opinberir aðilar fá þar inni.

989 Launa- og verðlagsmál

Þessi fjárlagaliður var áætlaður 189.699 í fjárlögum 1985 til að mæta launabreytingum vegna sérkjarasamninga en fellur nú brott.

999 Ýmislegt

Fjárveiting hækkar úr 156.463 þús. kr. í 215.693 þús. kr., eða um 37,8%. Í meðfylgjandi yfirliti kemur fram fjárveiting til einstakra viðfangsefna í fjárlögum 1985 og í þessu frumvarpi ásamt breytingum í prósentum og fjárhæðum.

	Fjárlög	Frumvarp	Breyting	
	1985	1986	Pús. kr.	%
	Pús. kr.	Pús. kr.	Pús. kr.	%
Stjórnarráðið, símakostnaður og burðargjöld	20.312	18.629	-1.683	-8,2
Skýrsluvéla­kostnaður vegna launagreiðslna	13.900	19.575	5.675	40,8
Skýrsluvéla­kostnaður vegna tekjubókhalds	22.286	24.975	2.689	12,0
Kjarasamningar	845	1.450	605	71,5
Tryggingabætur samkvæmt kjarasamningum	550	690	140	25,4
Kjararannsóknir	200	220	20	10,0
Bókhaldskerfi ríkisins	5.200	5.200	—	—
Ýmis sameiginlegur kostnaður	5.030	10.300	5.270	104,7
Til blaðanna að fengnum tillögum				
stjórnskipaðrar nefndar	13.000	13.000	—	—
Lífeyrissjóður sjómanna	550	690	140	25,4
Lífeyrissjóður bænda	25.700	32.200	6.500	25,2
Milliþinganefndir	400	100	-300	75,0
Dómkröfur og málskostnaður	6.500	9.500	3.000	46,1
Ýmis innheimtukostnaður	9.685	9.000	-685	-7,0
Þungaskattsálagning með öku­mælum	855	1.164	309	36,1
Endurgreiðsla á söluskatti vegna				
snjó­moksturs sveitarfélaga	12.000	12.000	—	—
Til útgáfumála samkvæmt ákvörðun þingflokka ...	7.000	7.000	—	—
Óviss útgjöld	12.450	40.000	27.550	221,2
Símstöð fyrir Stjórnarráðið	—	10.000	10.000	100,0
Gjöld samtals	156.463	215.693	59.230	37,8

Tekið er upp eitt nýtt viðfangsefni, *símstöð fyrir Stjórnarráðið*. Unnið er að athugun á hvernig símamál Stjórnarráðsins verði haganlegast leyst. Póst- og símamálastofnun vinnur að þessu verkefni.

10 Samgönguráðuneyti

Útgjöld helstu málefna­flokka samgönguráðuneytisins breytast milli ára sem hér segir:

	Fjárlög	Frumvarp	Breyting	
	1985	1986	Pús. kr.	%
	Pús. kr.	Pús. kr.	Pús. kr.	%
Yfirstjórn	10.127	13.810	3.683	36,4
Póst- og símamál	50.000	65.000	15.000	30,0
Vegamál	1.650.400	2.037.000	386.600	23,4
Önnur samgöngumál	670.668	778.995	108.327	16,2
Samtals	2.381.195	2.894.805	513.610	21,6
Þar af markaðir tekjustofnar	1.305.000	1.998.200	693.200	53,1

Markaðir tekjustofnar ráðuneytisins eru eftirtaldir: Tekjur af þungaskatti eru áætlaðar 675.000 þús.kr. og tekjur af innflutningsgjaldi af bensíni 1.265.000 þús.kr. Þessir tekjustofnar nema alls 1.940.000 þús.kr. og hækka um 685.000 þús.kr. frá fjárlögum 1985. Vitagjald hækkar um 4.000 þús.kr. og verður 13.000 þús.kr. Skipaskoðunargjald lækkar úr 4.000 þús.kr. í 2.200 þús.kr. Flugvallaskattur er áætlaður 40.000 þús.kr. 1986 og er það hækkun um 4.000 þús.kr. frá fjárlögum 1985. Þá eru tekjur af sérleyfisgjaldi, sem rennur til sérleyfissjóðs, áætlaðar 3.000 þús.kr. sem er hækkun um 2.000 þús.kr. frá fjárlögum 1985.

Verður nú vikið að einstökum fjárlagaliðum til skýringar á hækkun framlaga til málefnaflokka ráðuneytisins.

101 Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa

Framlag nemur alls 13.810 þús.kr. og hækkar um 3.683 þús.kr. frá fjárlögum 1985, eða um 36,4%. Launaliður nemur alls 7.594 þús.kr., sem er hækkun um 1.825 þús.kr., eða 31,6%. Gert er ráð fyrir einni nýrri stöðu fulltrúa og hálfri stöðu ritara vegna aukinna verkefna aðalskrifstofunnar. Þá hafa önnur laun verið hækkuð í samræmi við reynslu síðustu ára. Önnur gjöld hækka úr 4.358 þús.kr. í fjárlögum 1985 í 6.216 þús.kr., eða um 42,6%. Hækkun umfram eðlilega verðlagshækkun skýrist fyrst og fremst af hækkun húsaleigu en aðalskrifstofan hefur verið flutt úr Arnarhvoli í Hafnarhúsið.

211 Vegagerð ríkisins

Útgjöld til vegamála nema 2.037.000 þús.kr. Fjármögnun er að hluta með mörkuðum tekjum, þ. e. bensíngjaldi og þungaskatti, alls 1.940.000 þús.kr., og að hluta, 97.000 þús.kr., með beinu ríkisframlagi af skatttekjum. Útgjöld til vegamála á árinu 1986 nema um 2,0% af áætlaðri vergri þjóðarframleiðslu það ár (eldri grunnur).

321 Strandferðir, framlög

Framlög á þessum fjárlagalið nema alls 159.890 þús.kr. en eru 133.364 þús.kr. í fjárlögum 1985. Framlag til Skipaútgerðar ríkisins nemur 103.526 þús.kr. og er þá gert ráð fyrir að fyrirtækið geti staðið við skuldbindingar sínar á árinu 1986 vegna reksturs og fjármagnskostnaðar. Tilsvarandi framlag í fjárlögum 1985 er 77.000 þús.kr. og hækkunin milli ára er 34,4%. Framlag til flóabáta og vöruflutninga nemur 56.364 þús.kr. sem er óbreytt fjárhæð frá fjárlögum 1985.

331 Vita- og hafnamálaskrifstofa

Fjárveiting til vita- og hafnamálaskrifstofunnar hækkar úr 9.152 þús.kr. í fjárlögum 1985 í 14.536 þús.kr., eða um 58,8%. Launagjöld hækka um 19,7% og verða 16.003 þús.kr. Önnur gjöld vegna reksturs stofnunarinnar hækka úr 5.180 þús.kr. í fjárlögum 1985 í 7.425 þús.kr., eða um 43,3%. Þessi hækkun skýrist af endurmati á rekstrar-kostnaði stofnunarinnar en ljóst er að hann er vanáætlaður í fjárlögum 1985. Vegna breytinga á starfsemi stofnunarinnar, úr söluverkum tengdum hafnagerð í rannsóknastörf, hefur reynst nauðsynlegt að lækka áætlun um sértekjur úr 10.900 þús.kr. í fjárlögum 1985 í 9.492 þús.kr.

332 Vitastofnun Íslands

Framlag til stofnunarinnar hækkar úr 36.081 þús.kr. í fjárlögum 1985 í 49.890 þús.kr. Mestu munar um hækkun framlags til vitabygginga úr 7.000 þús.kr. í 14.000 þús.kr. Ráðgert er að verja megninu af því fé til áframhaldandi rafvæðingar á vitum stofnunarinnar. Á móti þessari hækkun á fjárveitingu til vitabygginga kemur hækkun vitagjalds, en áætlaðar tekjur af gjaldinu árið 1986 eru 14.000 þús.kr. Ekki er ástæða til að fjölyrða um einstök viðfangsefni stofnunarinnar, en hækkun á fjárveitingum

vegna reksturs vita frá fjárlögum 1985 stafar af vanáætlun útgjalda það ár. Um rekstur vitaskipsins Árvakurs er það að segja að gert er ráð fyrir 50 daga úthaldi árið 1986 í stað 100 daga úthalds eins og verið hefur undanfarin ár.

333 Hafnamál

Fjárveiting til hafnamála lækkar um 7.416 þús. kr. og nemur 104.254 þús. kr. Fjárveitingin skiptist þannig á viðfangsefni 1985 og 1986:

	Fjárlög 1985 Þús. kr.	Frumvarp 1986 Þús. kr.	Breyting Þús. kr.
Hafnarannsóknir og mælingar	2.483	5.000	2.517
Ferjubryggjur	3.300	3.700	400
Hafnarmannvirki og lendingarbætur	69.000	70.000	1.000
Sjóvarnargarðar	9.725	10.000	275
Landshafnir, endurgreiðslur lána	13.900	4.054	-9.846
Landshöfn Rífi, framkvæmdir	3.000	—	-3.000
Landshöfn Þorlákshöfn	1.000	—	-1.000
Hafnabótasjóður, framlag	10.000	12.000	2.000
Gjöld samtals	112.408	104.754	-7.654
Sértekjur	738	500	-238
Mismunur	111.670	104.254	-7.416

Ekki er talin ástæða til að fjalla um einstök viðfangsefni umfram það sem þegar er gert.

341 Siglingamálastofnun

Fjárveiting til stofnunarinnar nemur 25.184 þús.kr. og er það hækkun um 17,5% frá fjárlögum 1985. Launagjöld hækka um 22,3% milli ára. Nú er áætlað fyrir stöðu skrifstofustjóra en ekki hefur verið áætlað fyrir launum hans í fjárlögum fyrri ára. Alls er því áætlað fyrir 35,5 stöðum á stofnuninni. Að öðru leyti skýrist hækkun launagjalda milli ára af almennri launaþróun. Önnur gjöld vegna reksturs stofnunarinnar hækka úr 8.335 þús.kr. í fjárlögum 1985 í 9.377 þús.kr., eða um 12,5%. Í fjárlögum 1985 voru veittar 1.605 þús.kr. til tölvuvæðingar en í þessu frumvarpi eru veittar 1.307 þús.kr. til kaupa á fleytibúnaði, símakallkerfi og hljóðbylgjumælitæki.

471 Flugmálastjórn

Fjárveiting til stofnunarinnar hækkar úr 253.650 þús.kr. í fjárlögum 1985 í 294.161 þús.kr. Laun hækka úr 122.978 þús.kr. í 148.799 þús.kr., eða um 21,0%. Önnur gjöld án framkvæmdafjár hækka úr 101.039 þús.kr. í 123.476 þús.kr., eða um 22,2%. Framkvæmdafé er óbreytt frá fjárlögum 1985, eða 61.000 þús.kr. Gert er ráð fyrir að sértekjur stofnunarinnar hækki úr 31.367 þús.kr. í fjárlögum 1985 í 39.114 þús.kr., eða um 24,7%. Allir útgjaldaliðir nema framkvæmdafé hækka meira en almennar verðlagshækkningar gefa tilefni til. Ráðgert er að starfsemi á árinu 1986 verði með hefðbundnu sniði, en þó er rétt að geta þess að vegna fyrirhugaðrar vinnu við endurnýjun flugleiðsögukorta er stöðugildum á viðfangsefninu *flugleiðsögubjónusta* fjölgað um tvö frá því í fjárlögum 1985. Á móti kemur fækkun stöðugilda um eitt á viðfangsefninu *yfirstjórn* og annað á viðfangsefninu *Reykjavíkflugvöllur*. Snemma árs 1986 eru væntanlegir til starfa átta nýir flugumferðarstjórnar sem nú eru við nám í Kanada. Fyrirhugað er að þeir sinni *alþjóðaflugbjónustu* og minnki álagið á núverandi flugumferðarstjórnunum en yfirvinna þeirra er óhófleg. Þess er vænst að Alþjóðaflug-

málastofnunin samþykki fjölgun flugumferðarstjóra við alþjóðaflugþjónustu úr 30 í 38 og greiði kostnaðinn af starfi þeirra, eins og verið hefur. Í nóvember 1984 heimilaði ráðninganefnd ríkisins fjölgun stöðugilda við stofnunina um þrjú vegna alþjóðaflugþjónustu. Vegna fjölgunar stöðugilda í *alþjóðaflugþjónustu* hækka launagjöld þess viðfangsefnis um 26,3% sem skýrir að mestu leyti hækkun launagjalda stofnunarinnar umfram það sem má telja eðlilegt. Um helmingur af kostnaði við nám verðandi flugumferðarstjóra var greiddur með aukafjárveitingu á árinu 1985 en hinn helmingurinn, eða 6.800 þús.kr., verður gjaldfærður árið 1986. Skýrir þetta að mestu leyti 48,9% hækkun gjalda á viðfangsefninu *alþjóðaflugþjónusta* á milli ára. Aðrar skýringar á hækkun annarra gjalda á stofnuninni frá fjárlögum 1985 eru þær að nýjar flugstöðvar (á Patreksfirði, Þingeyri, Húsavík og í Stykkishólmi) og nýir ætlnarflugvelli (í Grundarfirði og á Fáskrúðsfirði) kalla á auknið rekstrarfé. Einnig má benda á að uppsetning flugleiðsögukerfa við flugvelli landsins kallar á aukinn orku- og viðhaldskostnað. Gert er ráð fyrir að sértekjur stofnunarinnar hækki milli ára umfram almennar verðlagshækkunarir og er þá gert ráð fyrir hækkun lendingargjalda, sem telja verður lág hér á landi, og auknum leigutekjum af flugvél stofnunarinnar. Í meðfylgjandi yfirliti er sýnd skipting grunnheimilda, útgjalda í fjárlögum 1985 og útgjalda í þessu frumvarpi vegna einstakra viðfangsefna.

	Grunn-heimildir skv. frumvarpi	Fjárlög 1985 Þús.kr.	Frumvarp 1986 Þús.kr.	Breyting %
Yfirstjórn	13,00	19.553	20.164	3,1
Lofitferðaeftirlit	4,00	4.243	5.090	20,0
Reykjavíkurflygvöllur	24,00	30.072	34.934	16,2
Flugvalladeild	33,25	51.173	60.552	18,3
Flugleiðsögubjónusta	21,00	24.587	30.428	23,8
Flugumferðarþjónusta	44,00	38.189	44.446	16,4
Alþjóðaflugþjónusta	38,00	56.200	76.661	36,4
Flugvelli, framkvæmdir	—	61.000	61.000	—
Samtals	177,25	285.017	333.275	16,9
Sértekjur		31.367	39.114	24,7
Mismunur		253.650	294.161	16,0

485 Ýmis framlög

Ekki er gert ráð fyrir áframhaldandi framlagi til viðfangsefnisins *sjálfvirkt tilkynningakerfi fyrir fiskiskip*, enda er frumhönnun lokið. Bent skal á rannsókn- og atvinnuvegaskjóði til eflingar atvinnulífi í landinu sem eðlilega uppsprettu fjár til frekari hönnunar og tilrauna. Framlög til viðfangsefnanna *flugþjörgunarsveitir* og *tilkynningarskylda íslenskra skipa* hækka frá fjárlögum 1985 í samræmi við almenna verðlagsþróun. Framlag til viðfangsefnisins *fræðsluefni um öryggismál sjómanna* er óbreytt frá fjárlögum 1985, 400 þús.kr.

651 Ferðamálaráð

Vorið 1985 setti Alþingi ný lög um skipulag ferðamála, lög nr. 79/1985. Í kjölfar þess hefur verið ákveðið að gera ýmsar breytingar á þessum fjárlagalið. Sett hafa verið upp tvö viðfangsefni, *Ferðamálaráð* og *ferðamál skv. 8. gr. laga nr. 79/1985*. Fyrra viðfangsefnið sýnir rekstur skrifstofu Ferðamálaráðs og er gert ráð fyrir að hann sé alfarið greiddur úr ríkissjóði. Síðara viðfangsefnið sýnir fjárhæðina er Fríhöfnin í Keflavík skilar til Ferðamálaráðs, en því skal varið í samræmi við 8. gr. fyrrnefndra

laga. Fjárveiting til reksturs skrifstofu Ferðamálaráðs nemur 3.341 þús.kr. Þar af eru launagjöld 2.499 þús.kr., önnur gjöld 1.294 þús.kr. og sértekjur 452 þús.kr. Gert er ráð fyrir fjórum stöðugildum, eins og í fjárlögum 1985. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að Fríhöfnin í Keflavík greiði til Ferðamálaráðs gjald sem nemur 5% af árlegri vörusölu og nemur framlagið 15.000 þús.kr. Leitað er heimildar til skerðingar á skilum Fríhafnarinnar til Ferðamálaráðs í frumvarpi til lánsfjárlaga fyrir árið 1986, sbr. kafla 2.6 í þessari greinargerð.

656 Landmælingar Íslands

Fjárveiting til Landmælinga Íslands hækkar úr 6.267 þús.kr. í fjárlögum 1985 í 10.459 þús.kr., eða um 66,9%. Mestu munar um hækkun framlags til tækjakaupa úr 830 þús.kr. í 4.000 þús.kr. Að frátöldu framlagi til tækjakaupa hækkar fjárveiting til almenns reksturs stofnunarinnar einungis um 1.022 þús.kr., eða 18,8%, frá fjárlögum 1985. Allir gjaldaliðir hækka umfram almennar launa- og verðlagshækkarnir en á móti kemur hækkun sértekna um 75,5%. Launagjöld hækka úr 8.470 þús.kr. í fjárlögum 1985 í 11.920 þús.kr., eða um 40,7%. Hækkun umfram almennar launabreytingar skýrist einkum af tvennu. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir aukinni yfirvinnu. Í öðru lagi er gert ráð fyrir nýrri stöðu bókara. Önnur gjöld hækka úr 12.095 þús.kr. í fjárlögum 1985 í 21.094 þús.kr., eða um 74,4%. Er þetta vegna aukinna umsvifa stofnunarinnar og kostnaðar við ýmis þjónustu- og söluverk. Sértekjur hækka, eins og áður sagði, um 75,5% milli ára og verða 26.555 þús.kr. Hækkunin skýrist af stóru aukinni sölu korta í kjölfar söluáttaks, betra innheimtueftirlits en áður og fjölgun ýmissa söluverka.

11 Iðnaðarráðuneyti

Framlög til hinna einstöku málefnaflókka iðnaðarráðuneytisins breytast milli ára sem hér segir:

	Fjárlög 1985	Frumvarp 1986	Breyting	
	Þús. kr.	Þús. kr.	Þús. kr.	%
Yfirstjórn	12.844	15.801	2.957	23,0
Iðnaðarmál	205.488	283.353	77.865	37,9
Orkumál	943.210	977.694	34.484	3,7
	Samtals			
Þar af markaðir tekjustofnar	450.500	390.000	-60.500	-13,4

Markaðir tekjustofnar iðnaðarráðuneytisins breytast sem hér segir: Byggingariðnaðar-sjóðsgjald og rafmagnseftirlitsgjald falla niður með samþykkt nýrra tollalaga. Verðjöfnunargjald af raforku lækkar um 30.000 þús.kr. og verður 390.000 þús.kr. Verður nú nánar vikið að einstökum fjárlagaliðum til skýringar á breytingum framlaga til málefna ráðuneytisins.

201 Iðntæknistofnun Íslands

Fjárveiting til Iðntæknistofnunar hækkar úr 36.826 þús.kr. í fjárlögum 1985 í 44.169 þús.kr., eða um 19,9%. Launagjöld hækka um 32,0% og verða 33.720 þús.kr. Önnur gjöld án meiri háttar eignakaupa hækka úr 23.959 þús.kr. í fjárlögum 1985 í 36.660 þús.kr., eða um 53,0%. Framlag til stofnkostnaðar lækkar úr 8.530 þús.kr. í fjárlögum 1985 í 7.000 þús.kr. Sértekjur hækka um 42,1% frá fjárlögum 1985 og verða 33.211 þús.kr. Í fjárlögum 1985 nema tilfærslur til fyrirtækja og atvinnuvega vegna eftirmenntunar í iðnaði 2.176 þús.kr. en í þessu frumvarpi er gert ráð fyrir eflingu

eftirmenntunarinnar og að komið verði upp vísi að fræðslumiðstöð iðnaðarins. Eðli viðfangsefnisins breytist nokkuð við þetta og í staðinn fyrir gjaldategundina tilfærslur koma launagjöld, önnur gjöld og sértekjur. Ekki er um fjölgun stöðugilda á stofnuninni að ræða frá fjárlögum 1985, en ráðninganefnd ríkisins hefur heimilað að einni stöðu verkefnaráðs starfsmanns, sem hefur starfað að fræðslumálum, verði breytt í fasta stöðu. Í fjárlögum 1985 eru veittar 5.000 þús.kr. til eflingar framleiðni í iðnaði á viðfangsefninu *nýiðnaðarrannsóknir*. Einnig var stofnuninni heimilað að ráða þrjú starfsmenn í tengslum við þetta verkefni. Hér er um tveggja ára verkefni að ræða, sem lýkur í árslok 1986. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir 5.198 þús.kr. framlagi til þessa verkefnis.

Eins og áður sagði er gert ráð fyrir eflingu eftirmenntunar í iðju og iðnaði. Launagjöld nema 1.086 þús.kr. og eru vegna tveggja starfsmanna. Önnur gjöld nema 4.500 þús.kr. og verður varið til útgáfustarfs og námskeiðahalds. Sértekjur á þessu viðfangsefni eru áætlaðar 1.469 þús.kr. þannig að framlag ríkissjóðs verður 4.117 þús.kr. Í fjárlögum 1985 er fjárveiting hins vegar 2.176 þús.kr. Um önnur viðfangsefni þarf ekki að fjölyrða, enda ekki um nýbreytni í starfi að ræða.

203 Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins

Gert er ráð fyrir auknum stuðningi við stofnunina frá því í fjárlögum 1985. Fjárveiting hækkar úr 15.606 þús.kr. í 22.493 þús.kr., eða um 44,1%. Launagjöld hækka um 27,2% og verða 23.728 þús.kr. Ekki er gert ráð fyrir nýjum stöðum en áætlun um önnur dagvinnulaun og yfirvinnu aukin nokkuð milli ára. Önnur gjöld án meiri háttar eignakaupa hækka úr 8.872 þús.kr. í fjárlögum 1985 í 10.294 þús.kr., eða um 16,0%. Sértekjur hækka hins vegar um 13,2% milli ára og verða 15.029 þús.kr. Veittar eru 3.500 þús.kr. til almennra tækjakaupa og er það hækkun um 2.140 þús.kr. frá fjárlögum 1985.

205 Stjórnunarnámskeið

Í fjárlögum 1985 eru veittar 744 þús.kr. til þessa verkefnis en í þessu frumvarpi er verkefnið fellt niður.

221 Lánasjóðir iðnaðarins

Í 9. gr. laga nr. 55/1984, um breyting á lögum um Iðnlánasjóð, segir að framlag ríkissjóðs skuli vera að lágmarki jafnhátt þeim hluta iðnlánasjóðsgjalds sem rennur til vöruþróunar og markaðsdeildar sjóðsins. Það eru $\frac{1}{7}$ hlutar gjaldsins. Samkvæmt þessu nemur áætlað framlag ríkissjóðs 40.000 þús. kr. á árinu 1986.

235 Fyrirtæki og stofnanir, framlög

Framlag til þessa fjárlagaliðar lækkar úr 6.100 þús.kr. í fjárlögum 1985 í 4.500 þús.kr. Í fjárlögum 1985 er 1.600 þús.kr. fjárveiting til *Jarðefnaiðnaðar hf.* Hún fellur nú niður, enda var um lokauppgjör að ræða. Framlag til *Útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins* er óbreytt frá fjárlögum 1985, 4.500 þús.kr.

240 Iðnaðarrannsóknir

Fjárveiting hækkar um 2.000 þús.kr. frá fjárlögum 1985 og verður 16.000 þús.kr. Fénu er ráðstafað til athugunar og undirbúnings á ýmsum iðnaðarkostum.

289 Jöfnunargjald

Gjaldfærsla í frumvarpinu nemur 140.000 þús.kr. sem eru $\frac{2}{3}$ af áætluðum tekjum af jöfnunargjaldi. Hækkun frá fjárlögum 1985 er 50.000 þús.kr.

299 Iðja og iðnaður, framlög

Framlög til iðju og iðnaðar hækka úr 13.712 þús.kr. í fjárlögum 1985 í 16.191 þús.kr., eða um 18,1%. Viðfangsefnin eru þau sömu og í fjárlögum 1985 að því frátöldu að fjárveiting til viðfangsefnisins *kynning á íslenskum iðnaðarvörum* fellur niður, enda hefur þegar verið staðið við gefin fyrirheit um fjárveitingar í þessu skyni. Lög nr. 86 1981, um iðnráðgjafa, falla úr gildi í árslok 1985 en iðnaðarráðherra mun leggja fram frumvarp til laga um sama málefni er taki gildi um áramót. Í trausti þess að frumvarpið verði samþykkt eru veittar 5.325 þús.kr. til þessa viðfangsefnis. Til viðfangsefnisins *iðnþróun og tækninýjungar* eru veittar 4.300 þús.kr. Þar af er ráðgert að verja 1.000 þús.kr. til öflunar nýrra iðnaðarverkefna með fjarlægum þjóðum. Liðurinn hækkar um 1.300 þús.kr. frá fjárlögum 1985, eða um 43,3%. Ekki þykir ástæða til að fjölyrða um önnur viðfangsefni á þessum fjárlagalið.

371 Orkusjóður

Framlag til Orkusjóðs nemur alls 185.421 þús.kr. og lækkar úr 612.100 þús.kr. frá fjárlögum 1985. Lækkunin stafar að mestu leyti af því að nú er verðjöfnunargjald af raforku gjaldfært á sérstökum fjárlagalið (11-380) undir iðnaðarráðuneyti en er viðfangsefni í Orkusjóði í fjárlögum 1985 með gjaldfærslu sem nemur 420.000 þús.kr. Þá hefur nafni viðfangsefnisins *Hólsfjallabæir* í fjárlögum 1985 verið breytt í *notendur utan samveitna* og er framlagið að hluta ætlað til áframhaldandi stuðnings við Hólsfjallabæi. Fjárveitingin er óbreytt milli ára, 1.700 þús.kr. Framlag vegna lánagreiðslna Orkusjóðs lækkar úr 156.800 þús.kr. í 124.930 þús.kr. Framlag til jarðhitaleitar tvöfaldast og verður 10.000 þús.kr. Framlög til *sveitarafvæðingar* og til *endurlána til einkarafstöðva* eru óbreytt frá fjárlögum 1985, 5.000 þús.kr. og 3.000 þús.kr. Framlag til *styrkingar dreifikerfis í sveitum* hækkar úr 20.000 þús.kr. í fjárlögum 1985 í 40.000 þús.kr. Endurbótum á eldri raforkulínunum hefur miðað hægt á undanförunum árum vegna forgangs annarra verkefna. En nú er talið brýnt að veita auknu fé í þetta verkefni.

380 Verðjöfnunargjald af raforku

Skv. lögum nr. 120/1985, um verðjöfnunargjald af raforku, rennur það í ríkissjóð en ekki um Orkusjóð eins og áður. Því er gjaldfærslan flutt frá Orkusjóði á sérstakan fjárlagalið nú. Skv. 2. gr. áðurnefndra laga nemur gjaldið nú 16% í stað 19% áður og gildir til ársloka 1985. Forsendur fjárlagafrumvarps fyrir árið 1986 eru m.a. að gjaldinu verði haldið óbreyttu í 16%, að minnsta kosti út það ár. Samkvæmt þessu er gjaldið áætlað 390.000 þús. kr. á árinu 1986 og því er ráðstafað þannig að Rafmagnsveitur ríkisins fái 80% og Orkubú Vestfjarða 20%. Hluttur Rafmagnsveitnanna, 312.000 þús.kr., færast sem tilfærsla til B-hluta en hluti Orkubús Vestfjarða, 78.000 þús.kr., færast sem tilfærsla til fyrirtækja og atvinnuvega.

382 Oliunotkun til húshitunar, styrkur

Skv. 1. gr. laga nr. 57/1985, um breyting á lögum nr. 53/1980, um jöfnun og lækkun hitunarkostnaðar, fer iðnaðarráðherra nú með framkvæmd laganna í stað viðskiptaráðherra áður. Nýr fjárlagaliður undir iðnaðarráðuneyti kemur því í stað fjárlagaliðar 12-202 undir viðskiptaráðuneyti. Fjárveiting á árinu 1986 er miðuð við styrki til 9.000 fjölskyldna og styrki til sveitarfélaga vegna kyndingar 181.000 m³ skólahúsnæðis. Alls nemur fjárveitingin 34.946 þús.kr. en er 50.440 þús.kr. í fjárlögum 1985. Lækkun útgjalda skýrist aðallega af færri styrkjum en áður, enda hafa sífellt fleiri heimili tengst hitaveitu eða tekið upp rafhitun.

399 Ýmis orkumál

Framlagið hækkar úr 218.100 þús.kr. í fjárlögum 1985 í 232.000 þús.kr., eða um 6,4%. Helstu breytingar á einstökum viðfangsefnum eru þessar: Viðfangsefnin *jöfnun og lækkun hitunarkostnaðar skv. lögum nr. 53/1980, háhitarannsóknir og vatns- og hitaveita Reykjahlíðar* falla niður. Til orkusparnaðar eru ætlaðar 10.000 þús.kr. sem er 3.000 þús. kr. lækkun frá fjárlögum 1985. Þess ber að geta að áformuð er lántaka Byggingarsjóðs ríkisins að fjárhæð 150.000 þús.kr. til að fjármagna lán til húseigenda sem standa í orkusparandi breytingum. Framlag til *setlagarannsóknna* er áætlað 2.000 þús.kr. en er 1.000 þús.kr. í fjárlögum 1985. Framlag til *niðurgreiðslu á rafhitun* nemur 220.000 þús.kr. en er 200.000 þús.kr. í fjárlögum 1985. Framlagið miðast við það að núverandi niðurgreiðsla í aurum á kílóvattstund haldist óbreytt frá því sem gildir á síðari hluta ársins 1985. Framlagið er miðað við 4—5% aukningu raforku-notkunar milli ára.

12 Viðskiptaráðuneyti

Útgjöld helstu málefnaflokkanna þessa ráðuneytis breytast milli ára eins og eftirfarandi yfirlit sýnir:

	Fjárlög 1985 Þús. kr.	Frumvarp 1986 Þús. kr.	Breyting Þús. kr.	%
Yfirstjórn	15.910	21.374	5.464	34,3
Niðurgreiðslur	700.000	870.000	170.000	24,3
Annað	69.998	24.768	-45.230	-6,5
Samtals	785.908	916.142	130.234	16,6

Engir markaðir tekjustofnar teljast til þessa ráðuneytis Verður nú vikið að einstökum fjárlagaliðum til skýringar á hækkingu framlaga til málefnaflokkanna ráðuneytisins.

101 Aðalskrifstofa

Fjárveiting til skrifstofunnar nemur 21.374 þús.kr og hækkar um 34,3% frá fjárlögum 1985. Veittar eru 19.686 þús.kr. til yfirstjórnar ráðuneytisins sem er 34,2% hærri fjárhæð en í fjárlögum 1985. Laun hækka um 37,8% og verða 10.237 þús.kr. Önnur gjöld hækka úr 7.237 þús.kr. í 9.449 þús.kr. og skýrist hækking umfram almennar verðlagshækkunar af hækkingu fjárveitingar til eignakaupa, úr 150 þús.kr. í 350 þús.kr., og endurmats á fjárþörf í samræmi við útkomu síðustu ára. Þá eru veittar 845 þús.kr. til að standa straum af kostnaði við ráðherrafund EFTA sem verður haldinn hér á landi árið 1986. Fjárveiting til viðfangsefnisins *samstarfsráðherra Norðurlanda* hækkar úr 1.245 þús.kr. í fjárlögum 1985 í 1.688 þús.kr., eða um 35,6%.

201 Niðurgreiðslur á vöruverði

Fjárveiting í fjárlögum 1985 nemur 700.000 þús.kr. og þar af eru 80.000 þús. kr. framlag í Lífeyrissjóð bændna. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1986 nemur fjárveiting alls 870.000 þús.kr. og þar af eru 90.000 þús.kr. vegna Lífeyrissjóðs bændna. Til niðurgreiðslna á vöruverði renna því 780.000 þús.kr. Hagstofa Íslands hefur metið ársútgjöld miðað við núverandi niðurgreiðslustig hina ýmsu vöruflokkanna. Meðfylgjandi yfirlit sýnir skiptingu ársútgjalda til niðurgreiðslu vöruverðs miðað við niðurgreiðslu á einingu í ágúst 1985.

	Áætlað magn á ári Tonn eða Ml	Niðurgreiðsla Kr. á kg eða l	Útgjöld á ári M. kr.
Dilkaðkjöt	7.600	19,05	144,8
Annað kindakjöt	2.000	8,10	16,2
Vaxta- og geymslukostnaður kindakjöts			306,1
Mjólk	45,6	2,60	118,6
Heimamjólk			0,2
Undanrenna	2,0	1,04	2,1
Smjör og smjörvi	1.270	72,86	92,5
Skýr	1.550	4,80	7,4
Duft úr nýmjólk og undanrennu	180		18,0
Ull (miðað við ópvegna ull)	1.400	53,34	74,7
Samtals			780,6

Miðað við verðlag í ágúst 1985 yrði hækkun framfærsluvísitölu 1% ef niðurgreiðslur á vöruverð féllu niður.

202 Oflunotkun til húshitunar, styrkur.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 57/1985, um breyting á lögum nr. 53/1980, um jöfnun og lækkun hitunarkostnaðar, fer iðnaðarráðherra með framkvæmd laganna en ekki viðskiptaráðherra eins og verið hefur. Því er áætlað fyrir útgjöldum vegna húshitunarstyrkja á lið 11–382 í iðnaðarráðuneyti.

902 Verðlagsstofnun

Fjárveiting til Verðlagsstofnunar hækkar úr 18.727 þús.kr. í fjárlögum 1985 í 23.682 þús.kr., eða um 26,5%. Tæp 3% skýrast með verkefnum sem ekki var gert ráð fyrir í fjárlögum 1985, þ.e. meiri háttar viðhaldi fasteignar og kaupum á tölvubúnaði. Laun vegna reksturs hækka um 24,4% og verða 17.701 þús.kr. Önnur gjöld vegna reksturs hækka úr 4.494 þús.kr. í 5.481 þús.kr., eða um 22,0%. Hækkun fjárveitingar vegna reksturs stofnunarinnar skýrist af auknum umsvifum í kjölfar ýmissa verkefna sem stofnuninni hafa verið falin af Alþingi. Nægir í þessu sambandi að benda á lög nr. 46 1985, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum. Formennska verðlagsstjóra í nefnd, sem ákveður vinnslu- og dreifingarkostnað búvara, og hlutur verðlagsráðs og Verðlagsstofnunar í ákvörðunum um smásöluálagningu búvara hafa óhjákvæmilega aukið álag í för með sér. Skv. lögum nr. 81/1985, um flutningsjöfnunarsjóð og innkaupajöfnun olíu og bensíns, mun Verðlagsstofnun annast rekstur sjóðsins. Verðlagsstofnun í ákvörðunum um smásöluálagningu búvara hafa óhjákvæmilega reikna vísitölu framfærslukostnaðar og byggingarkostnaðar mánaðarlega í stað þriðja hvern mánuð eykur álag á stofnuninni.

13 Hagstofa Íslands

Fjárveiting til Hagstofu Íslands hækkar úr 18.188 þús.kr. í fjárlögum 1985 í 33.161 þús.kr., eða um 82,3%.

101 Aðalskrifstofa

Framlag til aðalskrifstofunnar hækkar um 10.458 þús.kr. og verður 23.949 þús.kr. Laun hækka úr 10.377 þús.kr. í 14.674 þús.kr., eða um 41,4%. Önnur gjöld til reksturs hækka um 165,3% og verða 9.281 þús.kr. Sértekjur hækka úr 384 þús.kr. í 706 þús.kr., eða um 83,9%. Veittar eru 700 þús.kr. til kaupa á ýmsum skrifstofutækjum og húsgögnum á árinu 1986. Hækkun launa umfram almennar launabreytingar skýrist með því að gert er ráð fyrir tveimur nýjum stöðum, stöðum skrifstofustjóra og deildarhagfræðings. Útgjöld vegna þessa nema 1.150 þús.kr. Þá eru útgjöld vegna aðkeyptrar lausavinnu aukin og nema nú um 4 ársverkum, eða um 1.325 þús.kr. Mikil hækkun annarra gjalda stafar einkum af endurmati á nauðsynlegum kostnaði við þau verkefni sem Hagstofunni ber að annast, endurskipulagningu tölvuverkefna, eins og verslunarskýrslna, vísitöluútreiknings og fjárþarfar vegna sérstakra tímabundinna verkefna, eins og manntals og neyslukönnunar.

102 Þjóðskráin

Fjárveiting til þessa viðfangsefnis hækkar úr 4.697 þús.kr. í fjárlögum 1985 í 9.212 þús.kr. Heildarútgjöld og áætlaðar sértekjur þjóðskrár eru nú færð í fjárlagafrumvarpi og skýrir það hluta af hækkuninni. Jafnframt er gert ráð fyrir nýrri stöðu skrifstofumanns vegna skráningar gagna og hækka launagjöld við það um 315 þús.kr. Einnig er áætlað fyrir aukinni yfirvinnu. Alls hækka því laun um 52,2% milli ára og verða 6.432 þús.kr. Önnur gjöld til reksturs hækka úr 1.887 þús.kr. í 5.850 þús.kr. og er þar að hluta um leiðréttingu að ræða. Um 1.800 þús.kr. eru vegna uppsetningar og vinnu við reglubundna uppfærslu þjóðskrár innan ársins. Á móti mikilli hækkun rekstrargjalda kemur hækkun sértekna en þær hækka úr 1.415 þús.kr. í fjárlögum 1985 í 3.570 þús.kr.

15 Fjárlaga- og hagsýslustofnun

Útgjöld til málefnaflokka fjárlaga- og hagsýslustofnunar breytast milli ára sem hér segir:

	Fjárlög 1985 Þús. kr.	Frumvarp 1986 Þús. kr.	Breyting	
			Þús. kr.	%
Yfirstjórn	24.697	29.695	4.998	20,2
Ýmis lán ríkissjóðs	1.471.668	3.243.700	1.772.032	120,4
Samtals	1.496.365	3.273.395	1.777.030	118,8

Nú verður vikið að einstökum liðum til skýringar á hækkun framlaga frá fjárlögum 1985.

101 Aðalskrifstofa

Fjárveiting til rekstrar aðalskrifstofu hækkar úr 17.831 þús.kr. í fjárlögum 1985 í 21.580 þús.kr., eða um 21,0%. Ekki er um breytingu á starfsmannafjölda að ræða milli ára og gert er ráð fyrir svipaðri starfsemi. Laun hækka um 31,8% og verða 11.005 þús.kr. Önnur gjöld hækka um 11,5% og verða 10.575 þús.kr. Til hagræðingarverkefna eru áætlaðar 5.625 þús.kr. en í fjárlögum 1985 er gert ráð fyrir 5.000 þús.kr. í þessu skyni.

991 Ýmis lán ríkissjóðs

Þessi gjaldaliður breytist nú að efni til vegna breyttrar framsetningar fjárlaga. Alls nemur gjaldfærslan 3.243.700 þús.kr. Þar af eru 1.238.000 þús.kr. vegna vaxta sem áður fóru um endurlánareikning ríkissjóðs. Í meðfylgjandi yfirliti sést nánari sundurliðun á vaxtagjöldum í fjárlögum 1985 og frumvarpi til fjárlaga 1986.

	Fjárlög 1985 M. kr.	Frumvarp 1986 M. kr.
Innlend lán	243	251
Gengisbundin lán	890	1.254
Lán hjá Seðlabanka Íslands:		
Umsamin bréf	173	301
Yfirdráttur	166	200
Endurlánareikningur ríkissjóðs	-	1.238
Samtals	1.472	3.244

Nánar er fjallað um vexti og afborganir ríkissjóðs í 5. kafla þessarar greinargerðar.

5. Heildarskuldbindingar ríkissjóðs.

Afskipti ríkissjóðs af lánamálum eru tvíþætt: Annars vegar eru þau í formi beinnar lántöku og lánveitinga og hins vegar með veitingu ríkisábyrgða fyrir lántökum annarra aðila. Bókfærðar skuldir ríkissjóðs sýna því aðeins hluta af raunverulegum skuldbindingum hans. Lánsábyrgðir ríkissjóðs eru ekki síður athygli verðar og hafa gegnt mikilvægu hlutverki síðustu árin. Eftirfarandi yfirlit sýnir þróun heildarskuldbindinga ríkissjóðs 1980—1984 (í m.kr.):

Ár	Skuldir A- og B-hluta ríkissjóðs	Skráðar ríkis- ábyrgðir vegna aðila utan ríkissjóðs*)	Heildarskuldbindingar ríkissjóðs	
			Verðlag hvers árs	Verðlag í árslok 1984
1980	5.553	1.134	6.687	32.552
1981	8.408	1.800	10.208	33.523
1982	18.129	4.979	23.108	46.471
1983	33.606	9.292	42.898	52.553
1984	46.440	13.398	59.838	59.838

*) Skráðar ríkisábyrgðir vegna A- og B-hluta aðila eru ekki teknar með hér til að forðast tvítalningu. Hins vegar eru skráðar ríkisábyrgðir í heild sýndar aftar eða í kafla 5.2 um ríkisábyrgðir.

Sú mynd sem hér er dregin upp miðast við skuldbindingar ríkissjóðs í viðtækum skilningi. Í því felast skuldbindingar A-hluta ríkissjóðs, Endurlána ríkissjóðs og annarra B-hluta fyrirtækja og sjóða, þ.m.t. Landsvirkjun. Í rauninni rekur ríkissjóður mun umfangsmeiri lánastarfsemi en fram hefur komið í A-hluta. Eitt af höfuðmarkmiðum lagasetningar á síðastliðnu vori um breytta framsetningu fjárlaga og ríkisreiknings var að gera þessum þætti ríkisfjármálanna hærra undir höfði.

Eftirfarandi yfirlit sýnir stöðutölur veittra og tekinna lána A-hluta og Endurlána ríkissjóðs samtals á undanförunum árum (í m.kr.):

	1981	1982	1983	1984
Tekin lán	4.999	10.867	11.782	27.405
Innlend	2.097	3.916	3.647	6.133
Erlend	2.902	6.951	8.135	21.272
Veitt lán	3.647	8.526	13.531	18.770
Tengd innlendu verðlagi	908	1.982	3.145	4.628
Gengisbundin	2.739	6.544	10.386	14.142
Mismunur	1.352	2.341	-1.749	8.635
Veitt lán í % af teknum	73,0	78,5	114,8	68,5

Þessi kaflir fjallar fyrst og fremst um skuldbindingar A-hluta ríkissjóðs samkvæmt hinni nýju skilgreiningu, þ.e.a.s. að Endurlánum ríkissjóðs meðtöldum. Fyrst er gerð grein fyrir beinum afskiptum ríkissjóðs af lánastarfseminni og endurgreiðslum af áhvílandi skuldum. Síðan er fjallað um ríkisábyrgðir, en ríkissjóður hefur orðið fyrir auknum áföllum af þeim sökum síðustu árin.

5.1 Skuldir A-hluta ríkissjóðs og greiðslubyrði af lánum

Stór hluti innlendra skulda ríkissjóðs er í formi útgefina spariskírteina. Handhafar/eigendur þeirra eru einkum bankar, lánastofnanir og einstaklingar. Árið 1985 er 22. árið sem ríkissjóður aflar sér innlands lánsfjár með þessum hætti. Á þessum tíma hafa verið

gefnir út alls 42 flokkar spariskírteina, þar af eru 13 fallnir til lokainnlausnar. Lánstími spariskírteina ríkissjóðs er ærið misjafn, en í flestum tilvikum koma þau til lokainnlausnar eftir 14—22 ár. Þessum skírteinum er það sammerkt að vera bundin í 3—5 ár frá útgáfu. Að þeim tíma liðnum eru þau innleysanleg með áföllnum vöxtum og verðbótum miðað við fasta gjalddaga árlega. Í seinni tíð hefur fjölbreytni spariskírteina verið aukin og er nú t.d. boðið upp á 18 mánaða skírteini og gengisbundin bréf til 5 ára. Útgefnir flokkar spariskírteina bera margir tiltölulega háa raunvexti. Þannig ber nýútgefnir flokkur spariskírteina á árinu frá 1985 7% raunvexti og ýmsir flokkar frá 1984 bera rúmlega 5% raunvexti. Spariskírteinaflokkar fyrir þann tíma bera almennt lægri raunvexti. Eftirfarandi yfirlit sýnir útistandandi spariskírteini og kjör þeirra (allar fjárhæðir í þús.kr.):

Flokkur og útgáfuár	Gjald- dagar ár hvert	Nafnvextir % á ári	Innleyst til 30/9 1985	Verðgildi útistandandi spariskírteina 1/10 1985*)
1964 I—1970 I	—	—	261	621
1970 II	Febrúar	5	3.466	693
1971 I	September	5	111.167	18.486
1972 I	Janúar	5	58.102	275.670
1972 II	September	5	41.300	374.695
1973 IA	September	5	16.014	201.773
1973 IB	September	5	461	2.834
1973 II	Janúar	5	31.244	181.870
1974 I	September	5	24.160	211.883
1975 I	Janúar	4	196.967	193.540
1975 II	Janúar	4	45.283	36.048
1976 I	Mars	4	62.259	112.884
1976 II	Janúar	3,5	50.835	43.584
1977 I	Mars	3,5	45.062	73.586
1977 II	September	3,5	22.057	71.120
1978 I	Mars	3,5	52.792	109.933
1978 II	September	3,5	11.328	44.744
1979 I	Febrúar	3,5	98.580	78.935
1979 II	September	3,5	21.126	63.614
1980 I	Apríl	3,5	259.443	88.208
1980 II	Október	3,5	—	230.071
1981 I	Janúar	3,2	—	165.268
1981 II	Október	3,2	—	99.014
1982 I	Mars	3,2	186.071	109.658
1982 II	Október	3,53	—	172.684
1983—1985	—	—	—	2.286.030
	Alls		1.337.978	5.247.446

*) Verðgildi spariskírteina í hverjum flokki miðast við verðlag 1. október 1985 ásamt áföllnum vöxtum til sama tíma. Innlausnarvirði spariskírteina ríkissjóðs nemur 2 141 m. kr.
Heimild: Ríkisábyrgðasjóður.

Á árunum 1984 og 1985 hefur innlausn spariskírteina ríkissjóðs verið afar mikil. Ástæðan er einkum að nýir ávöxtunarmöguleikar hafa boðist sparifjäreigendum samfara auknu frelsi innlánsstofnana til vaxtaákvörðunar. Einnig má ætla að almennur kaupmáttur ráðstöfunartekna hafi bein áhrif á innlausnina, þannig að þegar illa árar sé gengið á sparnaðinn og öfugt í góðari.

Mikil óvissa ríkir um innlausn og sölu spariskírteina á árinu 1986. Að mati Seðlabanka Íslands er mun meira jafnvægi á innlendum lánsfjármarkaði en verið hefur um árabíl. Nú er litið á spariskírteini ríkissjóðs sem hagstæðan sparnað þrátt fyrir þriggja ára binditíma, enda

bera þau háa raunvexti. Búast má við áframhaldandi innlausn eldri spariskírteina ríkissjóðs á árinu 1986. Seðlabankinn áætlar nettó lánsfjáröflun ríkissjóðs með þessum hætti 350 m.kr., þ.e. að sala nýrra spariskírteina verði 1.850 m.kr. og innlausn eldri spariskírteina 1.500 m.kr.

Erlendar skuldir A-hluta námu 21.272 m.kr. í árslok 1984 og eru bundnar í mismunandi gjaldmiðlum. Gert er ráð fyrir að taka alls 2.724 m.kr. að láni erlendis á árinu 1986. Þar af er ráðgert að endurlána 920 m.kr. til B-hluta fyrirtækja og sjóða.

Hingað til hafa afskipti A-hluta ríkissjóðs af lánsfjármarkaðnum takmarkast næstum eingöngu við lántökur til eigin þarfa og nauðsynlegar greiðslur vaxta og afborgana tengdar þeim. Breytt framsetning fjárlaga og ríkisreiknings breytir umfangi A-hlutans í þessu tilliti og hann verður stór lánveitandi við yfirtökuna á Endurlánum ríkissjóðs. Áhrif þessa koma fram í mun hærri fjárhæðum í vöxtum og afborgunum bæði í greiðslum og innheimtu af lánum. Eftirfarandi yfirlit sýnir áætlun um þróun þessara stærða næstu þrjú árin (allar fjárhæðir í m.kr.):

	1986		1987		1988	
	Afb.	Vextir	Afb.	Vextir	Afb.	Vextir
A. Greiðslur af teknum lánum						
1) Áhvilandi lán:						
Seðlabanki Íslands	805	252	565	217	639	197
Endurlán ríkissjóðs	1.435	1.120	1.265	1.006	1.185	924
Innlend lán, aðrir	130	104	252	127	422	342
Erlend lán, aðrir	219	280	591	445	773	685
2) Tekin lán 1986	—	—	330	320	—	—
3) Tekin lán 1987	—	—	—	—	445	445
4) Vextir af yfirdrætti ársins	—	250	—	250	—	250
5) Afborganir og vextir A-hluta skv. eldri skilgreiningu	2.589	2.006	3.003	2.365	3.464	2.843
6) Endurlán, nettógreiðslur ¹⁾	-149	1.238	146	1.368	-32	1.320
7) Innlausn eldri skírteina	1.500	—	1.500	—	1.500	—
Afborganir og vextir A-hluta	3.940	3.244	4.649	3.733	4.932	4.163
B. Innheimta af veittum lánum						
1) A-hluti skv. eldri skilgrein.	279	680	341	680	281	680
2) Endurlán, nettógreiðslur ¹⁾	1.208	1.541	1.963	1.368	1.715	1.320
3) Veitt lán til B-hluta 1986	—	—	90	90	90	80
4) Veitt lán til B-hluta 1987	—	—	—	—	100	100
Innheimtar afb. og vextir A-hluta ...	1.487	2.221	2.394	2.138	2.186	2.180
C. Afborganir og vextir, nettóústreymi	2.453	1.023	2.255	1.595	2.746	1.983

1) Greiðslur A-hluta skv. eldri skilgreiningu til Endurlána eru jafnaðar út.

Áætlunin hér að ofan byggir í grófum dráttum á eftirfarandi þremur þáttum: 1) Teknum og veittum lánum ríkissjóðs samkvæmt lánaskrá, 2) horfum um lántökur 1985, þ.m.t. vegna viðbótarhalla og 3) teknum og veittum lán á árunum 1986—1987 samkvæmt þeim forsendum sem frumvarpið fyrir árið 1986 annars vegar og langtímaáætlunin fyrir árið 1987 hins vegar gera ráð fyrir. Mikil óvissa ríkir varðandi lánskjör á lánsfjármarkaðnum bæði innanlands og erlendis. Áætlun um endurgreiðslur af lánum þar sem lánskjör liggja ekki fyrir getur því aldrei orðið nákvæm en gefur vísbendingu um þróun mála. Mat á endurgreiðslum miðast við þá forsendu að innlend lán séu verðtryggð til 8 ára að meðaltali með 6% vöxtum á ári og að erlend lán beri 10% vexti á ári með 10 ára meðallánstíma. Gert er ráð fyrir jöfnum árlegum afborgunum, í fyrsta sinn ári eftir lántöku.

Afborganir og vextir í útgjöldum ríkissjóðs hafa farið ört vaxandi á síðustu árum. Á yfirstandandi ári, þ.e. 1985, eru vaxtagjöld talin verða 1.557 m.kr. og afborganir 1.933 m.kr. Sambærilegar tölur fyrir árið 1986 eru 2.006 m.kr. í vexti og 2.589 m.kr. í afborganir. Fjárförfin til að mæta þessum útgjöldum eykst því um 1.105 m.kr. eða 57,2% milli ára. Hækkunin á sér einkum tvær skýringar. Í fyrsta lagi yfirtekur ríkissjóður öll áhvílandi lán Kröfluvirkjunar frá ársbyrjun 1986. Greiðslur af þessum lánum eru áætlaðar alls 969 m.kr. á árinu 1986, þar af eru afborganir 572 m.kr. og vextir 397 m.kr. Í öðru lagi stefna lántökur á árinu 1985 í um 3.000 m.kr. og kemur greiðslubyrði af þeim fram þegar á næsta ári.

Að lokum er rétt að skoða yfirlitið í ljósi A-hluta ríkissjóðs frá og með 1986. Þar kemur fram að horfur eru á að greiðslur ríkissjóðs af teknum lánum muni aukast mikið á næstu þremur árum. Hins vegar má ekki einskorða sig við þær greiðslur, heldur líta á þær í samhengi við innkomnar greiðslur af veittum lánum ríkissjóðs. Að teknu tilliti til þessa þáttar er áætlað nettóútsreymi á samanlögðum afborgunum og vöxtum 3.476 m.kr. Horfur eru á að það muni aukast verulega á næstu tveim árum og nemi alls 4.850 m.kr. árið 1987 og 4.729 m.kr. á árinu 1988.

5.2 Ríkisábyrgðir

Fram hefur komið að skuldbindingar ríkissjóðs í lánamálum ná ekki aðeins til bókfærðra skulda A- og B-hluta ríkissjóðs, heldur einnig til ábyrgðaskuldbindinga sem ríkissjóður tekur á sig í samræmi við ákvæði laga.

Gróft tiltekið er stofnað til ríkisábyrgða með eftirfarandi þrem leiðum, en lagaheimild þarf ávallt að liggja til grundvallar: a) með lánsfjárlögum hverju sinni og gildir þá heimildin hlutaðeigandi fjárlagaár nema annað sé ákveðið (ýmist einföld ábyrgð eða sjálfskuldarábyrgð); b) með almennri lagaheimild, t.d. lög nr. 45/1973 (Hafnalög, einföld ábyrgð), lög nr. 28/1972 um togarakaup og lög nr. 13/1974 um kaup á fiskiskipum og ferjum (sjálfskuldarábyrgð), (öll lög sem hér er vitnað til hafa verið felld úr gildi); c) með sérlögum (ýmist einföld ábyrgð eða sjálfskuldarábyrgð).

Í reglugerð um ríkisábyrgðir og Ríkisábyrgðasjóð segir í 3. gr.: „Ábyrgð skal að jafnaði því aðeins veita, að sá, sem ábyrgð óskar, þarfnist lánsfjár til nýrra framkvæmda, kaupa á rekstrartækjum eða endurbóta á mannvirkjum eða tækjum“. Segja má að sumar veittar ábyrgðaheimildir orki tvímælis. Bróðurparturinn af þeim greiðslum, sem ríkissjóður hefur þurft að leysa til sín á síðari árum, er vegna vanefnda hjá skuldurum sem fengið hafa sjálfskuldarábyrgð ríkissjóðs án þess að veita nægar tryggingar. Frá sjónarhóli ríkissjóðs eru einfaldar ábyrgðir æskilegri en sjálfskuldarábyrgðir, því að sjálfskuldarábyrgð veitir lánveitanda rétt til að krefja ríkissjóð þegar um greiðslu, standi lántaki ekki í skilum.

Eftirfarandi yfirlit sýnir stöðu skráðra ríkisábyrgða í árslok 1980—1984 (í m.kr.):

Ár	Heildarábyrgðir í árslok hvers árs	Heildarábyrgðir Verðlag í árslok 1984
1980	1.365	6.645
1981	2.044	6.713
1982	5.622	11.906
1983	10.438	13.165
1984	14.670	14.670

Áhætta ríkissjóðs af veittum ríkisábyrgðum er mjög mismunandi eftir skuldurum. Ábyrgðirnar hafa verið veittar fjölmörgum aðilum eins og Framkvæmdasjóði Íslands, Veðdeild Landsbanka Íslands, ríkisfyrirtækjum og einkaaðilum. Með tilliti til áhættu ríkissjóðs er rétt að draga fram eftirfarandi um skiptingu veittra ábyrgða miðað við *stöðu* þeirra á hverju ári (fast verðlag í árslok 1984, í m.kr.):

Ár	Framkvæmda- sjóður Ísl.	Veðdeild Landsbanka Ísl.	Aðrir	Samtals
1980	1.597	2.409	2.639	6.645
1981	1.931	2.167	2.615	6.713
1982	3.158	4.096	4.652	11.906
1983	4.418	3.863	4.884	13.165
1984	6.288	3.738	4.644	14.670

Áhættu ríkissjóðs af greiðslufalli hjá Framkvæmdasjóði og Veðdeild Landsbankans verður að telja nánast enga.

Undir flokkinn „Aðrir“ falla bæjar- og sveitarfélög (hafnargerð, vatnsveitur, hitaveitur), fyrirtæki í eigu sveitarfélaga (hitaveitur), ríkisfyrirtæki (samgöngur, fjarskipti, iðnaður), einkaaðilar (samgöngur, útgerð, fiskvinnsla, iðnaður) og sjóðir á vegum atvinnuveganna.

Áhætta ríkissjóðs af þessum ábyrgðum er vitanlega mismikil og ræðst af rekstrarformi lántaka, afkomumöguleikum í framtíðinni, formi veittrar ábyrgðar (einföld ábyrgð eða sjálfskuldarábyrgð) og þeim tryggingum sem lántaki veitir.

Í þessum ábyrgðaflokki hafa orðið umtalsverð vanskil á undanförunum árum. Helst á þetta við vegna togarakaupa, samgangna, iðnaðar og sjóða atvinnuveganna, en í minna mæli vegna hafnargerðar.

Fjárveiting ríkissjóðs á árinu 1986 nemur 185 m.kr. og nemur þá áætlað ráðstöfunarfé Ríkisábyrgðasjóðs um 234 m.kr. Eftirfarandi yfirlit sýnir nettógreiðslur Ríkisábyrgðasjóðs vegna vanskila á síðustu árum (í m.kr.):

	1980	1981	1982	1983	1984
Innleystar kröfur	42,7	60,6	89,1	193,1	248,1
Endurgreiðslur skuldara	36,5	60,6	66,6	91,1	121,5
Nettógreiðslur	6,2	0,0	22,5	102,0	126,6

Í árslok 1984 námu kröfur vegna vanskila ýmissa aðila við Ríkisábyrgðasjóð og Endurlán ríkissjóðs alls 353 m.kr. Í grófum dráttum skiptast þessar kröfur þannig eftir málaflokkum (í m.kr.):

Hafnarlán	13,0
Raforkulán	13,7
Fiskiðnaður	3,4
Togarlán	90,5
Samgöngur	77,4
Hitaveitulán	15,2
Landbúnaður	63,0
Aðrir	76,5
Alls	352,7

Skuldir fyrirtækja í B-hluta ríkissjóðs nema 69,3 m.kr. af heildinni. Til samanburðar námu heildarvanskil við Ríkisábyrgðasjóð og Endurlán ríkissjóðs alls 202,5 m.kr. í árslok 1983, þar af voru skuldir B-hluta fyrirtækja 36,4 m.kr.

Hér að framan hefur verið dregið upp yfirlit um ríkisábyrgðir. Beinar lántökur ríkissjóðs fá árlega ítarlega umfjöllun við afgreiðslu fjárlaga og lánsfjárlaga. Hins vegar er skuldbindingum sem lagðar eru á ríkissjóð með ábyrgðaveitingum minni gaumur gefinn.

Í áætlun fyrir árið 1986 er gengið út frá að erlendar lántökur opinberra aðila dragist verulega saman. Sama gildir um veitingu ríkisábyrgða. Lánsfjáráætlun fyrir árið 1986 gerir ráð fyrir að veittar verði sjálfskuldarábyrgðir fyrir erlendum lántökum að fjárhæð alls 1.005 m.kr. Þar af eru 910 m.kr. vegna fyrirtækja með eignaraðild ríkissjóðs og 95 m.kr. vegna hitaveitna. Bróðurpartur ríkisábyrgða til fyrirtækja með eignaraðild ríkissjóðs er vegna Landsvirkjunar eða 740 m.kr. Afgangurinn er vegna Orkubús Vestfjarða, 20 m.kr., og Próunarfélags 150 m.kr. Skipting ábyrgða vegna hitaveitna að fjárhæð 95 m.kr. liggur ekki fyrir, en gert er ráð fyrir að hún komi fram við endanlega afgreiðslu Alþingis á lánsfjárlögum fyrir árið 1986.

6. Lánsfjáráætlun.

Efni hliðstætt lánsfjáráætlun fyrri ára er nú lagt fram sem hluti af greinargerð fjárlagafrumvarpsins. Eins og áður hafa Seðlabanki Íslands, Þjóðhagsstofnun og Framkvæmdasjóður Íslands lagt til efnivið í þennan þátt frumvarpsins. Í athugasemdum hér að neðan er fyrst gerð grein fyrir horfum um heildarfjárfestingu, síðan er fjallað um áformaða ráðstöfun þess lánsfjár sem aflað verður. Þá er fjallað um innlenda og erlenda lánsfjáröflun og loks gerð grein fyrir skuldum þjóðarbúsins og greiðslubyrði af erlendum lánnum.

6.1 Heildarfjárfesting

Í þjóðhagsspá fyrir árið 1985, sem gerð var í júlí síðast liðnum, var gert ráð fyrir að fjárfesting ykist um 0,5%. Fjárfestingarspáin var endurskoðuð í september og var heildarniðurstaðan hin sama, þ.e. aukning er nemur 0,5%. Samdráttur í íbúðarhúsabyggingum er nú áætlaður 10% en var áætlaður 5% í júlí. Aukning fjárfestingar í öðrum greinum er talin vega upp meiri samdrátt í íbúðabyggingum en áður var reiknað með. Árið 1984 varð 10% aukning í byggingu íbúðarhúsa.

Áætlaðar framkvæmdir við íbúðarhús 1985 eru því taldar verða svipaðar og þær voru á árinu 1983. Fjárfesting atvinnuveganna er talin aukast um 12,8% árið 1985, en framkvæmdir hins opinbera eru taldar dragast saman um 7,9%. Heildarfjármunamyndunin er áætluð 23.700 m.kr. og talin nema 22,8% af þjóðarframleiðslu. Hækkun byggingarvísitölu frá 1984 til 1985 er áætluð 30%. Erlendur kostnaður er einnig talinn hækka um 30%.

Fjármunamyndun 1985—1986

	Áætluð	Áætlun	Magnbreytingar	
	útkoma	1986	frá fyrra ári	
	1985	Verðlag	Áætluð	Áætlun
	Verðlag	í árslok	útkoma	1986
	ársins	1985	1985	1986
	m.kr.	m.kr.	%	%
1. Atvinnuvegir	11.480	11.980	12,8	-2,7
2. Íbúðarhús	5.500	6.000	-10,0	0,0
3. Opinberar framkvæmdir	6.720	7.020	-7,9	-4,2
P. a. orkuframkvæmdir	(2.190)	(1.960)	-19,0	-17,9
4. Samtals	23.700	25.000	0,5	-2,5
5. Fjárfesting sem hlutfall af vergri þjóðarframleiðslu	22,8%	21,4%		

Áætlað er að fjármunamyndun á árinu 1986 muni dragast saman um 2,5% frá fyrra ári og nema 25.000 m.kr. á áætluðu verðlagi í árslok 1985. Hlutfall fjármunamyndunar af þjóðarframleiðslu er áætlað 21,4%. Byggingarvísitala er talin hækka um 9—10% frá meðaltali 1985 til ársloka en hækkun erlends kostnaðar er áætluð tæp 7%. Samdráttur fjárfestingar á árinu 1986 stafar allur af minni innflutningi skipa og flugvéla og minni stórframkvæmdum, en sveiflur í þessum þáttum fjárfestingar eru oft miklar og stundum óvæntar, m.a. þannig að kaup skipa og flugvéla færast milli ára. Hin almenna fjármunamyndun er talin aukast um 1,8%. Á árinu 1986 er gert ráð fyrir að fjárfesting atvinnuveganna dragist saman um 2,7%. Stafar allur samdrátturinn af minni innflutningi skipa og flugvéla. Framkvæmdir hins opinbera eru taldar dragast saman um 4,2%. Áætlað er að íbúðarhúsabyggingar verði jafnmiklar árin 1985 og 1986.

Atvinnuvegir. Fjárfesting atvinnueganna er talin dragast saman um 2,7% árið 1986. Eins og áður getur stafar samdrátturinn allur af minni innflutningi skipa og flugvéla. Áætlað er að fjámunamyndun í landbúnaði aukist um 10%. Gert er ráð fyrir að fjárfesting í hefðbundnum búgreinum dragist saman en aukist í loðdýrarækt og fiskeldi.

Talið er að fjárfesting í fiskveiðum á næsta ári verði álíka mikil og í ár, en samdráttur fjárfestingar er talinn verða tæplega 30% milli árána 1984 og 1985. Á árinu 1986 er ekki gert ráð fyrir neinum innflutningi fiskiskipa. Verkefni innlendra skipasmíðastöðva verða aðallega endurbætur og breytingar eldri skipa, m.a. verður nokkrum skuttogurum breytt í frystitogara á þessu og næsta ári. Gert er ráð fyrir að framkvæmdir fiskvinnslufyrirtækja verði 5% meiri en á þessu ári.

Enn þá hefur ekki verið tekin ákvörðun um byggingu kísilmálmverksmiðju. Í öðrum iðnaði verða framkvæmdir með mesta móti á þessu ári. Nýlega er lokið byggingu steinullarverksmiðju á Sauðárkróki. Miklar framkvæmdir verða við smíði mjólkurstöðvar í Reykjavík á þessu ári, en smíði stöðvarinnar lýkur á næsta ári. Árið 1986 er áætlað að framkvæmdir í öðrum iðnaði dragist saman um 5%. Samdrátturinn á rætur sínar að rekja til loka á byggingarframkvæmdum við steinullarverksmiðjuna og minni framkvæmda við mjólkurstöðina.

Fjármunamyndun í flutningatækjum er áætluð fjórðungi minni 1986 en í ár. Innflutningur flutningaskipa og flugvéla er talinn verða rúmlega helmingi minni, en kaup á bifreiðum til atvinnurekstrar eru áætluð álíka mikil bæði árin 1985 og 1986. Gert er ráð fyrir að framkvæmdir við verslunar-, skrifstofu- og gistihús o.fl. verði svipaðar og í ár. Fjárfesting í ýmsum vélum og tækjum er talin verða 10% meiri á næsta ári en í ár, en hér er aðallega um að ræða vinnuvélar hvers konar og tölvubúnað.

Íbúðabyggingar. Í ár er gert ráð fyrir 10% samdrætti í íbúðabyggingum eftir 10% aukningu 1984. Á árinu 1986 er á hinn bóginn gert ráð fyrir, að íbúðabyggingar verði álíka miklar og á þessu ári. Gangi sú spá eftir yrðu íbúðabyggingar svipaðar 1986 og þær voru 1983. Á höfuðborgarsvæðinu var mikið byggt af íbúðarhúsnæði á árunum 1982—1984 eftir verulega lægð árin 1977—1981. Annars staðar á landinu voru íbúðabyggingar yfirleitt með mesta móti árin 1973—1980 en úr þeim hefur dregið síðan.

Í ár verður hafin smíði mun færri íbúða á höfuðborgarsvæðinu en í fyrra, en þá voru hafnar framkvæmdir við um 1200 íbúðir. Var það með mesta móti. Á árunum 1982—1984 var að meðaltali hafin smíði á um 1170 íbúðum á höfuðborgarsvæðinu en aðeins um 840 að meðaltali árin 1979—1981.

Opinberar framkvæmdir. Talið er að framkvæmdir við byggingar og mannvirki hins opinbera dragist saman um 4,2% 1986 eftir um 8% samdrátt á þessu ári. Áætlað er að raforkuframkvæmdir dragist saman um fjórðung. Reiknað er með að fresta verklokum við Blönduvirkjun frá fyrri áætlun og munu framkvæmdir Landsvirkjunar því væntanlega dragast saman um þriðjung. Nokkur aukning er talin verða í hitaveituframkvæmdum, eða 3—4%. Hluti Hitaveitu Reykjavíkur í framkvæmdunum er áætlaður um 80%. Vatnsveituframkvæmdir eru áætlaðar svipaðar bæði árin 1985 og 1986.

Samgönguframkvæmdir munu aukast um 6,8% á árinu 1986 frá fyrra ári. Gert er ráð fyrir 15% aukningu í vegagerð en á móti verður dregið úr framkvæmdum við flugstöðvarbyggingu á Keflavíkurflugvelli frá upphaflegri áætlun. Áætlað er, að byggingar hins opinbera dragist saman um 5% á árinu 1986.

Fjárfesting og atvinnuhorfur. Í fjárfestingarspánni fyrir árið 1986 felst samdráttur í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð er nemur 1—2%. Kemur það í kjölfar 5% minnkunar sem spáð er á þessu ári. Á árinu 1984 er aftur á móti talin hafa orðið 6—7% aukning. Heildaratvinna við byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð á árinu 1986 ætti því að verða álfka mikil og hún var á árinu 1983.

6.2 Opinberar framkvæmdir — opinber lánsfjárför

Til framkvæmda á vegum opinberra aðila er áformað að verja í heild 7.020 m. kr. á árinu 1986. Þessi áætlun felur í sér um 4,2% samdrátt opinberra framkvæmda samanborið við 1,1% samdrátt 1984 og 7,9% samdrátt 1985 samkvæmt bráðabirgðatölum. Á flestum sviðum opinberra mannvirkjagerðar er áætlaður nokkur samdráttur 1986 nema í samgöngu-mannvirkjum. Þar er útlit fyrir verulega magnaukningu eða um 6,8%. Í töflu 10 í töfluviðauka sést að opinberar framkvæmdir eru rúm 28% af heildarframkvæmdum ársins 1986 og er það svipað hlutfall og spáð er í ár. Töflur 12—16 sýna sundurliðun á opinberum framkvæmdum á árinu 1986.

Fjármögnun opinberra framkvæmda er með ýmsu móti. Eftirfarandi yfirlit sýnir skiptingu á fjármögnun opinberra framkvæmda 1984—86, annars vegar í fjárhæðum og hins vegar í hlutföllum.

Opinberar framkvæmdir 1984 — 1986

	Framlög úr A-hluta		Fé úr rekstri		Lánsfé		Alls	
	m.kr.	%	m.kr.	%	m.kr.	%	m.kr.	%
1984	1.201	21	2.658	48	1.751	31	5.610	100
1985	1.859	28	3.213	48	1.648	24	6.720	100
1986	2.254	32	3.451	49	1.315	19	7.020	100

Yfirlitið ber með sér samdrátt í opinberum framkvæmdum. Að auki hefur verið og er markvisst stefnt að því að draga úr lánsfjármögnun framkvæmda til að lækka erlendar skuldir.

Auk lántöku til framkvæmda ráðgera opinberir aðilar lántökur til annarra verkefna en framkvæmda. Lánsfjárráðstöfun opinberra aðila er alls metin 5.579 m.kr. 1986 og skiptist þannig:

Ráðstöfun lánsfjár 1985 og 1986

	Lánfjár- lög 1985 m.kr.	Frumvarp 1986 m.kr.
1. Ríkissjóður	3.373	4.574
P. a. til B-hluta fyrirtækja	1.847	920
Byggðasjóður	120	0
Byggingarsjóður ríkisins	403	0
Byggingarsjóður ríkisins, orkusparnaður	150	150
Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna	5	0
Lánasjóður íslenskra námsmanna	340	350
Laxeldisstöðin í Kollafirði	5	0
RARIK, almennar framkvæmdir	169	100
Kröfluvirkjun, fjármagnsútgjöld	500	0
Orkusjóður, hitaveitulán	10	10
Orkusjóður, jarðhitaleit	10	10
Póstur og sími	32	0
Umferðarmiðstöð	3	0
Flugstöð á Keflavíkurflugvelli	100	300
2. Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs	1.415	910
Landsvirkjun	1.036	740
Orkubú Vestfjarða, framkvæmdir	40	20
Steinullarverksmiðja	75	0
Sjöefnavinnsla á Reykjanesi	50	0
Grænfóðurverksmiðja í Skagafirði	12	0
Grænfóðurverksmiðjur, aðrar	12	0
Próunarfélag	190	150
3. Sveitarfélög	326	95
4. Heildarlánsfjárráðstöfun (1+2+3=5)	5.114	5.579
5. Fjármögnun	5.114	5.579
Innlent lánsfé	600	1.850
Endurlán, skuldbreyting	180	—
Erlent lánsfé	4.334	3.729

Heildarlántaka ríkissjóðs nemur 4.574 m. kr. Þar af er 920 m.kr. ráðstafað til B-hluta fyrirtækja og sjóða. Eiginleg lánsfjárþörf A-hluta nemur því 3.654 m. kr. samanborið við 1.526 m. kr. skv. lánsfjárlögum 1985. Hækkun á lánsfjárþörf stafar fyrst og fremst af stórauðnum fjármagnskostnaði ríkissjóðs. Um það atriði er fjallað annars staðar í athugasemdunum.

Lánsfjárráðstöfun B-hluta fyrirtækja og sjóða á árinu 1986 nemur 920 m.kr. samanborið við 1.847 m.kr. 1985. Lækkunin skýrist að hluta af tilfærslum á verkefnum úr B-hluta á milli ára. Þannig færast Byggðasjóður, sem nú kallast Byggðastofnun, úr B-hluta ríkissjóðs og telst með lánastofnunum. Þá fer Kröfluvirkjun úr B-hluta ríkissjóðs þar sem Landsvirkjun hefur keypt virkjunina og yfirtekur reksturinn frá ársbyrjun 1986.

Aðrar veigamiklar breytingar eru að erlend lántaka Byggingarsjóðs ríkisins lækkar úr 553 m. kr. í 150 m.kr. á árinu 1986. Lántaka sjóðsins 1986 er eingöngu til útlána í orkusparandi breytingar á húsnæði og er sama fjárhæð og í ár. Ekki er gert ráð fyrir öðrum erlendum lántökuheimildum Byggingarsjóðs ríkisins, enda litið svo á að nýsett lög um sérstaka fjáröflun til húsnæðismála tryggji fjárhag sjóðsins.

Lántaka til framkvæmda við flugstöð á Keflavíkurflugvelli er aukin úr 100 m.kr. í 300 m.kr. á árinu 1986. Samkvæmt framkvæmdaáætlun stöðvarinnar þyrfti rúmlega 500 m.kr.

lántökuheimild á árinu 1986 og er þar miðað við verklok vorið 1987. Lækkun á lántökum kann að fresta verklokum á húsinu.

Lántaka Rafmagnsveitna ríkisins til almennra framkvæmda er 100 m.kr. á árinu 1986. Framkvæmdir eru alls fyrirhugaðar fyrir 200 m.kr., fjármögnun úr rekstri nemur því 100 m.kr., sbr. töflu 16.

Ekki er ástæða til að fjölyrða um lántökur annarra B-hluta aðila á árinu 1986 en gert er ráð fyrir að Lánasjóður íslenskra námsmanna taki 350 m. kr. að láni og Orkusjóður 20 m.kr.

Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs. Lántökur þessara aðila eru áætlaðar alls 910 m.kr. á árinu 1986, en í ár eru samsvarandi lántökur áformaðar 1.415 m.kr. samkvæmt lánsfjárlögum.

Lántaka Landsvirkjunar er fyrirhuguð 740 m.kr. Þegar hefur gangsetningu Blöndu-virkjunar verið frestað, a.m.k. til ársins 1989, og athugað er hvaða áhrif það hafi að fresta framkvæmdum enn lengur. Þá lækkar lántökuheimild Orkubús Vestfjarða úr 40 m.kr. í 20 m.kr. og verður fjármagnið nýtt til framkvæmda.

Þróunarfélaginu er ætluð 150 m.kr. lántökuheimild, en félagið hefur heimild til 190 m.kr. lántöku á árinu 1985. Óvissa ríkir um hvort heimild ársins 1985 verði nýtt. Það sem ekki verður nýtt í ár flyst til ársins 1986. Til viðbótar því fé sem Þróunarfélaginu er ætlað með lántökum kemur hlutafé eignaraðila.

Sveitarfélög. Erlendar lántökur sveitarfélaga á undanförunum árum hafa verið nær eingöngu til framkvæmda og skuldbreytinga hjá hitaveitum. Víða um land eiga hitaveitur í miklum rekstrarerfiðleikum vegna þungrar greiðslubyrði af áhvílandi lánum. Ljóst er að víða þarf að endurskoða fjármál þessara veitna.

Beiðnir hitaveitna um lántökuheimildir á árinu 1986 nema um 200 m.kr. Leitað er heimildar til 95 m.kr. lántöku en ráðstöfun þessa fjár er ekki ákveðin. Fjármál nokkurra hitaveitna eru einkar erfið og í ljósi þess verða ríkisábyrgðir ekki veittar nema fyrir liggja athugun og aðgerðir sem tryggja afkomu hlutadeigandi veitna.

6.3 Fjárfestingarlánasjóðir

Fjárfestingarlánasjóðir sem hér er greint frá eru 15 að tölu, en þar af eru 13 sem lánsfjár er aflað til. Eru þetta svo til sömu sjóðir og teknir hafa verið til meðferðar í lánsfjáráætlunum fyrri ára.

Fjárfestingarlánasjóðum er í áætluninni skipt í tvo aðalflokka, annars vegar íbúðalánasjóði (Byggingarsjóð ríkisins og Byggingarsjóð verkamanna) og hins vegar atvinnuvegasjóði. Ný útlán sjóðanna eru áætluð 6.028 m. kr. á árinu 1986, þar af íbúðalánasjóðir 2.810 m. kr. eða 47% og atvinnuvegasjóðir 3.218 m. kr. eða 53%. Er þetta 16% hærrí fjárhæð en áætluð útlán 1985 samkvæmt lánsfjáráætlun það ár eftir umfjöllun og breytingar Alþingis. Hækkun íbúðalánasjóðanna milli ára verður 4,1%, en hækkun atvinnuvegasjóða nemur 28,7%.

Fjármögnun fjárfestingarlánasjóða, sem útlánastarfsemi þeirra byggist á, gerist sem kunnugt er með þrennum hætti; a) eigin fjármögnun af fé er losnar úr rekstri, b) framlögum frá hinu opinbera og skatttekjum eins og lög ákveða og c) lánsfé eins og ákveðið er í lánsfjárlögum. Hluti lánsfjár í heildarútlánum fjárfestingarlánasjóða er eins og á undanförunum árum stærsti þátturinn í framangreindri fjármögnun. Þannig er gert ráð fyrir að hluti lánsfjár í heildarútlánum fjárfestingarlánasjóðanna muni nema 67,4% á árinu 1986. Má því segja að starfsemi sjóðanna byggji í höfuðdráttum á lánsfé. Að sjálfsögðu er þetta afar mismunandi milli hinna einstöku sjóða, en í þessu efni sker Fiskveiðisjóður sig algerlega úr þar sem eigið ráðstöfunarfé hans verður neikvætt á árinu 1986 um 770 m. kr. Önnur

fjármögnun sjóðanna er að öllu leyti opinbert framlagsfé þar sem eigin fjármögnun skilar engu til nýrrar ráðstöfunar þegar á heildina er lítið.

Eins og að framan greinir eru heildarútlán fjárfestingarlánasjóðanna 1986 áætluð 6.028 m.kr. Til að standa undir þeim útlánnum þurfa sjóðirnir að taka að láni 4.062 m.kr. Þeir fá framlög og skatttekjur er nema 2.345 m.kr., en eigin fjármögnun þeirra verður neikvæð um 379 m.kr. þegar á heildina er lítið.

Fjárfestingarlánasjóðirnir gegna þýðingarmiklu hlutverki í fjármögnun fjárfestingar hér á landi, ekki síst sökum þess hve almenn þátttaka áhættufjármagns í atvinnurekstri er hér óveruleg. Það hefur verið skoðun stjórnvalda á undanförunum árum að óhjákvæmilegt væri að efla starfsemi sjóðanna og auka útlánagetu þeirra með útvegum lánsfjár. Jafnframt hefur að undanförunu verið lögð á það rík áhersla af stjórnvöldum að sjóðirnir styrktu fjárhag sinn og þá jafnframt útlánagetu með raunsæri ávöxtun fjárins. Í þessum efnum hefur þegar náðst verulegur árangur þar eð verðtrygging nær nú til nánast allra útlána. Samræming útlánakjara er komin í viðunandi horf.

Eins og undanfarin ár eru lífeyrissjóðirnir veigamikil og vaxandi uppspretta fjár til lánveitinga til langs tíma. Á árinu 1985 er áætlað að lánveitingar þeirra til fjárfestingarlánasjóða nemi 1.450 m.kr. Á árinu 1986 er gert ráð fyrir að lífeyrissjóðir láni til fjárfestingarlánasjóða 1.680 m.kr. sem skiptist þannig að Framkvæmdasjóður fær af því fé 150 m.kr., íbúðarlánasjóðir 1.200 m. kr., Stofnlánadeild landbúnaðarins 40 m.kr. og spáð er að aðrir fjárfestingarlánasjóðir taki að láni 290 m.kr. Samtals eru þetta 1.680 m.kr. sem talið er jafngilda 38% af ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna.

Fjárbörf íbúðarlánasjóðanna er mjög mikil á árinu 1986. Framlag úr ríkissjóði er samkvæmt fjárlagafrumvarpi 1.600 m. kr. Lánsfjáröflun til sjóðanna er fyrirhuguð þannig að 1.200 m. kr. verði aflað hjá lífeyrissjóðum og tekið verði erlent lán að fjárhæð 150 m. kr. vegna orkusparandi breytinga á íbúðarhúsnæði. Alls nemur því lántaka byggingarsjóðanna 1.350 m. kr. Útlán íbúðarlánasjóðanna 1986 er áætluð 2.810 m. kr., eins og fyrr greinir, sem skiptist þannig að Byggingarsjóður ríkisins lánar 2.050 m. kr. og Byggingarsjóður verkamanna 760 m. kr., sbr. töflur 19 og 20 í viðauka.

Gert er ráð fyrir að bankarnir láni til Framkvæmdasjóðs af innlánsaukningu ársins 1986 eins og á liðnum árum. Viðskipti þessi milli Framkvæmdasjóðs og viðskiptabankanna hafa verið í föstum skorðum undanfarin 19 ár og taka bankarnir á þennan veg þátt í uppbyggingu atvinnuveganna með lánveitingum til langs tíma.

Samkvæmt áætluninni mun Framkvæmdasjóður lána alls 2.022 m. kr. á árinu 1986, þar af 1.872 m. kr. til fjárfestingarlánasjóða atvinnuveganna. Er sú fjárhæð miðuð við að lágmarksútlánageta viðkomandi fjárfestingarlánasjóða sé tryggð. Til þess að ná því marki mun Framkvæmdasjóður þurfa að taka erlend lán er nema 1.242 m. kr.

Eigin fjármögnun Fiskveiðasjóðs er afar erfið. Samkvæmt áætlun ársins 1985 er hún neikvæð um 495 m. kr. og 1986 um 770 m. kr. Með yfirteknum erlendum lánum vegna skipakaupa, skipasmíða, tækja og viðgerða að fjárhæð 450 m. kr., láni Framkvæmdasjóðs að fjárhæð 870 m. kr. og 250 m. kr. skatttekjum af FOB-verði útfluttra sjávarafurða verða útlán Fiskveiðasjóðs 800 m. kr. á árinu 1986 til vinnslustöðva og tækja, viðgerða og breytinga skipa. Tekið skal fram, að ekki er gert ráð fyrir neinum lánveitingum í áætlun Fiskveiðasjóðs vegna raðsmíðaverkefna eða annarrar nýsmíði fiskiskipa, né heldur nokkurs innflutnings á fiskiskipum. Þá skal einnig á það bent, að ekki er gert ráð fyrir neinum lánveitingum til fiskeldis, þrátt fyrir heimild í lögum frá 1. júlí 1985 til Fiskveiðasjóðs.

Samkvæmt áætlun mun Iðnlánasjóður geta lánað um 715 m. kr. 1986 samanborið við 645 m. kr. árið 1985. Þegar með eru tekin lán Iðnþróunarsjóðs að fjárhæð 290 m. kr. og lán og styrkir vöruþróunar- og markaðskonunnardeildar Iðnlánasjóðs, um 100 m. kr., geta lán

þessara þriggja sjóða til iðnaðar numið um 1.105 m. kr. á árinu 1986. Þessu til viðbótar koma síðan lán Bygðastofnunar og Próunarfélags til iðnaðar.

Erlend lántaka Bygðasjóðs vegna almennra lána er samkvæmt lánsfjárlögum 1985 120 m. kr. Samkvæmt nýsettum lögum um Bygðastofnun er við það miðað að ráðstöfunarfé stofnunarinnar nemi 1/2% af þjóðarframleiðslu. Að frádregnu framlagi á fjárlögum og eigin ráðstöfunarfé þarf lántaka Bygðastofnunar að nema um 350 m. kr. miðað við framangreint ákvæði.

Lán Framkvæmdasjóðs til Ferðamálasjóðs og Hótel Sögu 1985 munu væntanlega nema 100 m. kr. sem skiptast jafnt milli þessara aðila. Útlán Ferðamálasjóðs á ári hverju byggjast nálega einvörðungu á lánsfé frá Framkvæmdasjóði. Framkvæmdasjóður hefur að mestu leyti séð um lánveitingar til stækkunar á Hótel Sögu.

Á árinu 1986 er gert ráð fyrir 60 m. kr. lánveitingu til Ferðamálasjóðs til hinna ýmsu meðalstóru og smærri framkvæmda víðs vegar um landið. Hins vegar er ekki í áætluninni fjárútvægum til stækkunar Hótel Sögu. Á árinu 1986 mun þurfa til þessarar framkvæmdar um 160 m. kr. miðað við að byggingin verði að stórum hluta tekin í notkun á fyrra helmingi þess árs.

6.4 Innlend lánsfjáröflun

Að ýmsu leyti hefur lánsfjármarkaðurinn undanfarin tvö ár ekki verið í því jafnvægi sem skyldi. Eftirspurn einkaaðila og hins opinberra eftir lánsfé hefur verið umfram framboð. Má rekja þetta til mikillar verðbólgu á árunum 1982-83 og óstöðugleika í efnahagsmálum. Erfiðleikar af þessu tagi draga eftir sér langan slóða fjárhagsörðugleika fyrir atvinnuvegi og lánastofnanir. Afleiðingarnar hafa komið fram í alvarlegu misvægi á lánamarkaði og þurrð á sparifé til varanlegrar fjárfestingar. Snúist hefur verið við þessum vanda með raunhæfari ávöxtunarkjörum af hálfu opinberra aðila og auknu frjálsræði til samkeppni um kjörin. Aukni og harðnandi samkeppni um spariféð, sem af þessu hefur leitt, hefur um sinn gert opinberum aðilum sérstaklega erfitt fyrir um lánsfjáröflun. Ástandið virðist þó smám saman vera að færast til betri vegar með ört vaxandi peningalegum sparnaði og betra jafnvægi milli innlána og útlána, bæði á vegum bankakerfisins og almennt á lánamarkaði.

Þrengingar hins opinbera á innlendum lánamarkaði koma glöggt fram þegar litið er á áform og útkomu á árinu 1984. Þá aflaðist aðeins helmingur þess sem áformað var með lánsfjárlögum. Þetta er nærri fjórðungi lægri fjárhæð en árið 1983, þrátt fyrir verulega verðhækkun milli áranna. Erfiðleikar hins opinbera birtast einnig í því hve illa hefur gengið að fá ný spariskírteini með fullnægjandi ávöxtun tekin í stað innleystra eldri skírteina.

Endurbati á innlenda lánsfjármarkaðinum kemur m.a. fram í því að áætlun um innlenda lánsfjáröflun opinberra aðila virðist ætla að standast í ár þegar á heildina er litið. Að óbreyttri þróun virðist stefna í enn frekari bata á komandi ári, svo að nemi 26% hækkun að krónutölu frá yfirstandandi ári.

Hér á eftir verður fjallað um einstaka flokka innlestrar lánsfjáröflunar.

Spariskírteini ríkissjóðs komu í fyrsta sinn út með nettóúttreymi á árinu 1984. Á yfirstandandi ári hefur markaður þeirra einkennst af mikilli innlausn eldri skírteina með óhagstæða ávöxtun, en jafnframt hafa verið tekin ný skírteini upp í meginhluta andvirðisins. Fram til aprílloka var niðurstaða þessara skipta neikvæð, en síðan jákvæð, en þó ekki í meira mæli en svo, að heildarútkoman er enn neikvæð. Er reiknað með að svo verði fyrir árið í heild. Á árinu 1986 gera menn sér vonir um talsverða sölu umfram innlausn, eða um 350 m. kr. Að meðtöldu innheimtufé endurlánaðra spariskírteinalána má ætla að fjármögnun af þessum toga aukist úr 400 m. kr. árið 1985 í 1.150 m. kr. á árinu 1986, eða nálægt því þrefaldist. Með þessu er jöfnum höndum gert ráð fyrir því að spariskírteini verði látin bera

þá ávöxtun sem dugi í samkeppni við önnur ávöxtunarkjör sem og að kynning þeirra takist svo sem efni standa til. Breytt framsetning fjárlaga og ríkisreiknings gerir að verkum að innheimta af endurlánuðu spariskírteinafé telst til innheimtra afborgana ríkissjóðs á árinu 1986 en ekki sem innlend lánsfjáröflun eins og áður.

Í lánsfjáraátlunum síðustu tveggja ára hefur verið gert ráð fyrir nýrri verðbréfaútgáfu eða sparnaðarformum af ótilteknu tagi. Framkvæmd þessara áforma hefur þó fyrst og fremst tekið á sig mynd fjölbreytilegri spariskírteina svo og útgáfu ríkisvixla, sem gáfu 47 m. kr. yfir árið 1984, en hafa legið niðri í ár. Ný fjármögnunarleið fyrir húsbyggjendur er nú reynd í formi skattfríðinda. Þess er vænst að það sparnaðarform muni létta röður einstaklinga í þessum efnunum, en það fjármagnar hins vegar ekki lánastarfsemi hins opinbera.

Verðbréfakaup bankakerfis hafa verið léttvæg síðustu árin sökum erfiðrar stöðu innlánsstofnana. Þau námu upphaflega 10% af innlánaaukningu viðskiptabanka en lækkuðu síðar niður í 4%. Á yfirstandandi ári skyldi miðað við 5% en í reynd hefur framkvæmdin verið sveigjanleg, m.a. með tilliti til endurgreiðslna á sams konar lánunum. Ríkissjóður hefur síðustu tvö árin sleppt tilkalli til þessa fjár og hefur það eingöngu runnið til Framkvæmda-sjóðs, sem var upphaflegur viðtakandi þess. Á árinu 1986 er er gert ráð fyrir að með vaxandi styrk gæti bankakerfið í auknum mæli staðið undir fjármögnun á útlánunum Framkvæmda-sjóðs. Því er gert ráð fyrir lántöku sjóðsins hjá bankakerfi að fjárhæð alls 350 m. kr.

Verðbréfakaup lífeyrissjóða eru enn sem fyrr veigamesti og traustasti stofn innlendrar lánsfjármögnunar. Þó hefur ekki tekist að framfylgja til fulls lagaskyldu um verðbréfakaup fyrir 40% af ráðstöfunarfé sjóðanna, heldur hafa kaupin sveiflast milli 33 og 36% undanfarin ár. Auk þess hefur opinber ráðstöfun innan lánsfjáraátlunar skerst við bein verðbréfakaup af ýmsum fjárfestingarlánasjóðum, svo sem þó er heimilt skv. kaupskylduákvæðunum.

Á þessu ári hefur lífeyrissjóðunum verið gefinn kostur á mismunandi lánskjörum á opinberum verðbréfum, m.a. kaupum spariskírteina og eru þau kaup innifalin í þessum lið en ekki í hinni almennu spariskírteinasölu. Enn fremur veita kjör beinna útlána nú aukið aðhald að lánunum til félagsmanna o.fl. Horfur eru á að markmið opinberra aðila um verðbréfakaup lífeyrissjóðanna verði uppfyllt á árinu 1985. Spáð er sömu þróun 1986 þannig að heildarkaup aukist úr tæpum 37% af ráðstöfunarfé í ár upp í 38% á næsta ári. Ekki er annað raunhæft en að ætla að ýmsir fjárfestingarlánasjóðir taki til sín eðlilegt hlutfall þeirrar aukningar.

Önnur fjáröflun er af ýmsu tagi og oft ekki fyrirsjáanleg. Í ár er um að ræða skuldbreytingu á vegum Endurlána ríkissjóðs að fjárhæð 180 m. kr. og væntanlegan afgang á þeim reikningi sem nemur um 300 m. kr. Gengur þessi fjáröflun á móti fjáröflunaráformum sem bregðast.

Aðrir liðir hafa reynt léttvægir eða neikvæðir að undanfögnu. Lánsframlag Atvinnuleysisstryggingasjóðs til Byggingarsjóðs ríkisins féll niður í 16 m. kr. 1984 og er ekki gert ráð fyrir neinu fé þaðan í ár eða á næsta ári. Skyldusparnaður ungmenna hefur að undanfögnu skilað neikvæðri nettóútkomu. Virðist því ekki lengur ástæða til að uppfæra þann lið sem opinbera lánsfjáröflunarleið og honum því sleppt í töflunni hér á eftir. Á hitt má þó minna, að brúttóinnkoma á skyldusparnaðarreikningi hefur enn sem fyrr mikla þýðingu. Brúttóinnstreymi nam t.d. 509 m. kr. á árinu 1984 en útstreymi alls 589 m. kr.

Innlend lánsfjáröflun 1984 — 1986

	Lánsfjár- lög 1984 m.kr.	Útkoma 1984 m.kr.	Lánsfjár- lög 1985 m.kr.	Áætluð útkoma 1985 m.kr.	Lánsfjár- áætlun 1986 m.kr.
Spariskírteini ríkissjóðs, nettó	667	-143	400	400	350
Ný útgáfa	200	374	400	1.315	1.850
Innheimta spariskírteinalána	637	901	650	685	—
Innlausn	-170	-1.418	-650	-1.600	-1.500
Ný verðbréfaútgáfa eða sparnaðarform	480	—	388	0	—
Vegna ríkissjóðs	158	—	200	0	—
Vegna húsnæðislána	322	—	188	0	—
Verðbréfakaup bankakerfis	250	212	200	200	350
Af Framkvæmdasjóði	250	212	200	200	350
Verðbréfakaup lífeyrissjóða	1.000	967	1.225	1.450	1.680
Af ríkissjóði	120	127	—	—	—
Af Framkvæmdasjóði	110	91	150	150	150
Af húsnæðislánakerfi	690	490	1.045	1.045	1.200
Af öðrum sjóðum	80	259	30	255	330
Önnur fjáröflun ríkissjóðs	—	255	180	480	—
Atvinnuleysistryggingasjóður til					
Byggingarsjóðs ríkisins	115	16	0	0	—
Samtals	2.512	1.307	2.393	2.530	2.380

6.5 Bankakerfið

Í þjóðhagsáætlun er lýst þeirri stefnu að peningamálin veiti aðhald að almennri eftirspurn á árinu 1986. Bankar og sparissjóðir hafa nú rýmri heimildir til vaxtaákvörðunar en áður, sem í raun þýðir að vextir ráðast af markaðsaðstæðum hverju sinni. Með sveigjanleika í vaxtamálum og verðtryggingu fjárskuldbindinga upp á síðkastið hefur vaxtastefnan smám saman nálgast þetta mark. Verulegur árangur hefur þegar náðst þar sem innlest ráðstöfunarfé bankakerfisins hefur aukist.

Meðaltal peningamagns og sparifjár svaraði til 18,5% af vergri landsframleiðslu árið 1978, en hefur aukist stöðugt síðan. Áætlað er að hlutfallið verði 30,7% í ár og eigi enn fyrir sér að hækka. Bankakerfið er því betur í stakk búið en áður til að veita atvinnuvegum og einstaklingum nauðsynlega lánafyrirgreiðslu. Í þeim efnum verður þó að gæta hófs svo að ekki komi til eftirspurnarþenslu af völdum útlánaaukningar. Mikilvægt er að innlánsstofnanir veiti fyrirgreiðslu til nauðsynlegra rekstrarlána og að lán sem veitt eru til lengri tíma fari til arðbærra verkefna eða komi í stað erlendra lána.

Vegna skuldbindinga sinna við sparifjáreigendur er innlánsstofnunum mikilvægt að ávaxta ráðstöfunarfé sitt, m.a. í tryggum verðbréfum og hljóta þá spariskírteini ríkissjóðs og verðbréf opinberra sjóða að vera álitlegur kostur.

Eftirfarandi tafla sýnir m.a. dæmi um nokkrar peningamálastærðir 1986 miðað við að verðbólga verði um 15% frá upphafi til loka ársins og að gjaldeyrisstaða breytist ekki nema sem svarar gengisuppfærslu. Dæmið sýnir að 18% aukning lána og annarra innlendra liða bankakerfisins samræmist slíkum forsendum. Ef hins vegar væri stefnt að því að draga svo úr viðskiptahalla að gjaldeyrisstaða batnaði þyrfti að gæta meira aðhalds um útlán en dæmið sýnir.

Peningamálaáætlun 1985 og 1986

	Hreyfingar frá upphafi til loka árs		
	Staða 31.12.84 m.kr.	Áætlun 1985 m.kr.	Dæmi 1986 m.kr.
1. Erlend skammtímastaða bankakerfisins, nettó	1.069	520	300
2. Innlendir liðir, nettó	36.068	16.600	9.700
Samtals 1+2=3+4	37.137	17.120	10.000
3. Peningamagn og sparifé	26.581	11.920	7.700
4. Endurlánað erlent lánsfé	10.556	5.200	2.300
	— Hreyfingar í % —		
Innlendir liðir bankakerfisins		46,0	18,4
Peningamagn og sparifé		44,8	20,0

Peningamálaáætlun fyrir árið 1986 þarf að endurskoða, eins og aðra efnahagsþætti, þegar stefna stjórnvalda í verðlags- og gengismálum liggur skýrar fyrir.

6.6 Erlend lán og greiðslujöfnuður

Á árinu 1985 er áætlað að innkomin erlend lán til lengri tíma en eins árs muni nema 7.825 m. kr. á áætluðu meðalgengi ársins á móti 7.196 m. kr. samkvæmt lánsfjárlögum. Stafar aukningin einkum af meiri lántökum atvinnufyrirtækja og sveitarfélaga en fyrirhugað var. Afborganir af löngum lánnum á árinu 1985 eru áætlaðar 4.500 m. kr. og verður því nettóaukning þeirra 3.325 m. kr. og er það um 7% af áætluðum útflutningstekjum og 3% af áætlaðri landsframleiðslu.

Horfur eru á að halli á viðskiptajöfnuði 1985 verði um 5.100 m. kr., eða sem nemur 4,6% af áætlaðri landsframleiðslu samanborið við 5,1% árið áður, 2,0% 1983 og 8,4% 1982. Nettóaukning langra erlendra lána er eins og áður segir áætluð 3.325 m. kr. Að viðbættum nettóhreyfingum á öðrum fjármagnsliðum að fjárhæð 5.275 m. kr., þar af er fjármögnun á afurðalánnum viðskiptabanka talin aukast um 3.200 m. kr., mun fjármagnsjöfnuður koma út með fjármagnsinnstreymi nettó um 8.600 m. kr. Af þeirri fjárhæð fara 5.100 m. kr. til þess að jafna viðskiptahalla ársins og verður þá heildargreiðslujöfnuður hagstæður um 3.500 m. kr. Kemur það fram sem bati á gjaldeyrisstöðu Seðlabankans, sbr. töflu 23 í töfluviðauka. Gjaldreyrisforðinn mun ekki aukast að sama skapi þar sem Seðlabankinn hefur endurgreitt gjaldreyrslán sem tekin voru til að mæta óhagstæðum greiðslujöfnuði fyrri ára.

Aform um erlendar lántökur á árinu 1986 nema nú 7.936 m. kr. og afborganir af löngum lánnum eru áætlaðar 5.870 m. kr. Skuldir gagnvart útlöndum aukast því um 2.066 m. kr. Þessi aukning jafngildir um 4% af áætluðum útflutningstekjum og 1,7% af áætlaðri landsframleiðslu. Viðskiptahalli á árinu 1986 er í þjóðhagssþá talinn geta orðið um 4.300 m. kr. Því þarf nettóinnstreymi á öðrum liðum fjármagnsjafnaðar en löngum lántökum að nema 2.234 m. kr. til þess að jafna viðskiptahallann án þess að rýra gjaldeyrisstöðuna.

Samtals er áætlað að erlend skammtímalán aukist um 4.300 m.kr. á árinu 1985 og verði alls um 13.000 m.kr. í árslok. Erlendar skammtímaskuldir verða því um 12% af vergrí landsframleiðslu á árinu 1985, en voru 8,3% 1984. Ógreiddur útflutningur hefur verið mikill síðustu tvö árin og er gert ráð fyrir að hann verði óbreyttur að raungildi, um 5% vergrar landsframleiðslu á árinu 1985. Skuldavandinn, sem oftast hefur verið túlkaður í formi langra erlendra lána, verður ekki leystur án markvissrar umfjöllunar um skammtímalántökur

þjóðarinnar. Nauðsynlegt er að ná jöfnuði í utanríkisviðskiptum og skapa svigrúm í framtíðinni til að greiða niður erlendu skuldirnar.

Langtímaskuldir erlendis eru taldar verða í árslok 1985 um 58.070 m. kr. á meðalgengi ársins. Það er um 53% af landsframleiðslu. Þrátt fyrir nokkra aukningu lána á árinu 1986 mun hlutfall erlendra langtímaskulda lækka í rúm 51% af landsframleiðslu. Skýrist lækkunin af aukinni landsframleiðslu sem metin er um 2%. Ef hins vegar litið er á nettóstöðuna við útlönd, þ.e. langtímalán að viðbættum skammtímaskuldum en að frádrögnum ógreiddum útflutningi og gjaldeyriseign, er nettóskuld við útlönd áætluð rúmlega 60.000 m. kr. í árslok 1985. Þetta jafngildir 55% af landsframleiðslu og mun það hlutfall litið breytast á árinu 1986.

Auknar erlendar skuldir á undanförunum árum má að miklu leyti rekja til opinberra aðila. Greiðslubyrði vaxta og afborgana af erlendum langtímalánum sem hlutfall af útflutnings-tekjum hefur farið hækkandi og verið undanfarin þrjú ár á bilinu 20—24%, sbr. töflur 24 og 25.

Stjórnvöld hafa sett sér það markmið að nýjar erlendar lántökur opinberra aðila fari ekki yfir afborganir þeirra af erlendum lánum. Þessu markmiði verður að vísu ekki að fullu náð á árinu 1986 þar sem lántökur opinberra aðila eru áætlaðar 3.729 m. kr. en afborganir 2.935 m. kr., en sé afborgunum af gengisbundnum lánum ríkissjóðs m.a. hjá Seðlabanka bætt við nema afborganir um 3.600 m. kr. og er þá ekki umtalsverður munur á nýjum lántökum og afborgunum opinberra aðila. Svipuðu máli gegnir um lántökur atvinnufyrirtækja þegar tekið hefur verið tillit til lækkunar skammtímalána, en aukinna langtímalána á móti.

Eftirfarandi yfirlit sýnir fyrirhugaðar erlendar langtímalántökur (innkomin lán eftir lánnötendum) á árinu 1986 og til samanburðar áætlaðar tölur fyrir 1985.

Erlend langtímalán 1985—1986 flokkuð eftir lánnötanda

	Lánsfjárlög 1985 m.kr.	Endurskoðuð áætlun 1985 m.kr.	Frumvarp 1986 m.kr.
Opinberir aðilar	4.334	4.731	3.729
Ríkissjóður A-hluti	926	926	1.804
Ríkissjóður B-hluti	1.667	1.667	920
Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs	1.415	1.543	910
Sveitarfélög	326	595	95
Lánastofnanir	1.262	1.262	1.672
Framkvæmdasjóður	1.092	1.092	1.242
Byggðastofnun	—	—	350
Iðnþróunarsjóður	50	50	80
Útflutningslánasjóður	120	120	—
Atvinnufyrirtæki	1.600	1.832	2.535
Samtals	7.196	7.825	7.936

Það skal tekið fram að ofangreint yfirlit er spá um ný erlend lán innkomin á viðkomandi ári en ekki þá fjárhæð sem til ráðstöfunar er til framkvæmda. Í fyrsta lagi getur lán sem tekið er á tilteknu ári staðið ónotað, að hluta eða öllu leyti, á innlendum gjaldeyrisreikningi yfir áramót til síðari ráðstöfunar. Í ársbyrjun 1985 voru ónotaðar um 1.700 m. kr. af fyrra árs lántökum opinberra aðila og lánastofnana og eru þær til ráðstöfunar til viðbótar innkomnum langtímalántökum á árinu 1985. Að því er opinbera aðila varðar er ráðstöfun háð samþykki fjármálaráðuneytis. Í öðru lagi er oft um það að ræða að tekin séu skammtímalán vegna framkvæmda á viðkomandi ári, en síðan breytt í langtímalán. Á árinu 1985 er gert ráð fyrir að skammtímalán, sem talin eru fyrirrennarar langtímalána, lækki um 300 m. kr. vegna breytinga í langtímalán.

Að því er varðar lántökur atvinnufyrirtækja árið 1986 er áætlað að langtímalántaka vegna innlendar skipasmíði að fjárhæð 460 m. kr. gangi til endurgreiðslu á áður teknum skammtímalánum. Hér er um svonefnd raðsmíðaverkefni að ræða. Lækkar þá ráðstöfunarfé innkominna langra lána um þá fjárhæð. Einnig er undir liðnum *atvinnufyrirtæki*, hugsað fyrir lántökum vegna endurbóta á elstu skuttogurunum, alls 150 m. kr., ef af framkvæmdum verður.

6.7 Erlend skuldastaða og greiðslubyrði

Tilgangur þessa kafla er að gefa yfirlit um erlendar skuldir og áætlaða greiðslubyrði þjóðarinnar af erlendum lánum á komandi árum. Höfuðáhersla : lögð á umfjöllun um erlendar skuldir til langs tíma. Jafnframt er leitast við að greina skuldirnar nánar með tilliti til lánskjara og samsetningar eftir gjaldmiðlum.

Erlendar skuldir þjóðarbúsins.

Efnahagsmálin síðustu ár hafa m.a. einkennst af sveiflukenndum hagvexti og viðvarandi viðskiptahalla, sem var í hámarki á árunum 1974 og 1975 eða um 11% af vergri landsframleiðslu. Aðeins einu sinni á undanförunum 14 árum hefur verið afgangur á viðskiptajöfnuðinum, en það var árið 1978. Viðskiptahalla þarf að fjármagna annað tveggja með erlendum lánum eða með því að ganga tímabundið á gjaldeyrisforðann. Hins vegar verður langvarandi halli aðeins fjármagnaður með erlendri skuldasöfnun. Erlend skuldasöfnun hefur síðan keðjuverkandi neikvæð áhrif á viðskiptajöfnuðinn, því að óhjákvæmilega þyngist greiðslubyrðin af erlendum lánum og vaxtagjöld af þeim koma inn í viðskiptajöfnuðinn með auknum þunga. Eftirfarandi yfirlit sýnir viðskiptajöfnuð, vaxtajöfnuð og nettóskuldastöðu Íslendinga á árunum 1974—1984, ásamt áætlun 1985 og spá fyrir árið 1986, í m.kr. á meðalgengi hvers árs og í hlutfalli við verga landsframleiðslu.

Ár	Viðskiptajöfnuður		Vaxtajöfnuður		Nettóstaða erlendra skulda	
	m.kr.	% af VLF	m.kr.	% af VLF	m.kr.	% af VLF
1974	-155	-11,0	-18	-1,3	-346	-24,5
1976	-44	-1,5	-72	-2,5	-940	-32,9
1978	+79	+1,2	-158	-2,5	-1.873	-29,3
1980	-313	-2,0	-405	-2,6	-4.233	-27,3
1982	-3.110	-8,4	-1.475	-4,0	-15.025	-40,7
1983	-1.263	-2,0	-3.050	-4,9	-31.140	-49,7
1984	-4.130	-5,1	-4.555	-5,6	-43.477	-53,3
1985	-5.100	-4,6	-5.800	-5,3	-60.070	-54,8
1986	-4.300	-3,5	-6.000	-4,9	-66.800	-54,4

Heimild: Seðlabanki Íslands.

Yfirlitið sýnir að langvarandi viðskiptahalli leiðir til erlendar skuldasöfnunar. Þá er og eftirtæktarvert hversu mjög vaxtabyrðin hefur þyngst á þessu tímabili.

Gjaldmiðlar.

Á undanförunum árum hafa erlendir lánsfjármarkaðir einkennst af óstöðugleika, bæði vegna óvissu um innbyrðis afstöðu milli gjaldmiðla og breytilegra lánskjara. Hér hafa komið til áhrif olúkreppu í tvígang og hátt gengi bandaríkjadollars síðustu árin. Augljóslega er mikilvægt fyrir skuldug ríki að draga úr óvissu og óæskilegum ytri áhrifum sem þau verða fyrir af þessum orsökum. Skipting erlendu skuldarinnar á gjaldmiðla er því mjög mikilvæg í þessu tilliti.

Það þykir jafnan æskilegt að haga samsetningu erlendu skuldanna þannig að hún sé svipuð skiptingu útflutningstekna. Með því móti er dregið úr hættunni á áföllum vegna hræringa á erlendum gjaldeyrismörkuðum. Þetta sjónarmið hefur verið haft að leiðarljósi hérlendis eins og kemur fram í meðfylgjandi töflu. Taflan sýnir hlutfallslega samsetningu í erlendum skuldum annars vegar og í gjaldeyrisskilum af útflutningstekjum hins vegar.

Gjaldmiðlar	Erlendar skuldir			Útflutningstekjur		
	1980	1982	1984	1980	1982	1984
Bandaríkjadollar	54,0	60,8	54,6	79,8	77,2	68,2
Sterlingspund	0,7	3,4	6,1	8,9	8,6	9,2
V.-þýsk mörk	14,7	12,7	9,1	4,6	5,0	8,0
Svissn. frankar	5,2	5,1	7,4	0,6	2,0	3,4
Japönsk yen	3,9	7,2	15,4	0,1	0,3	0,8
Norðurlandamyntir	6,9	3,9	2,3	4,7	4,8	6,1
Aðrir gjaldmiðlar	14,6	6,9	5,1	1,3	2,1	4,3
	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0

Heimild: Seðlabanki Íslands.

Tilgangur þessa yfirlits er að sýna tvíþætt áhrif breyttrar gengisskráningar erlendra gjaldmiðla á íslenskan þjóðarbúskap. Hér kemur fram að bandaríkjadollar vegur langþyngst bæði í erlendum skuldum og í gjaldeyriskjörum af útflutningi. Áhrif lækkunar á gengi dollars koma því fram með því móti að kaupmáttur útflutningstekna lækkar, en hins vegar léttist erlenda skuldabyrðin vegna hlutfallslegrar rýrnunar dollars.

Mikilvægt atriði til að draga úr greiðslubyrði erlendra skulda er að nýta hagstæð lánskjör þegar þau bjóðast á lánsfjármarkaðnum til að greiða upp eldri óhagstæðari lán. Ríkissjóður hefur tekið eitt erlent lán á árinu 1985, 125 milljóna dollara skuldabréfalán. Nálægt helmingi lánsfjárhæðarinnar verður varið til framkvæmda samkvæmt lánsfjárlögum, en að öðru leyti var lánsfénu varið til þess að greiða inn á eldri lán með óhagstæðari kjörum. Með því móti er dregið úr vaxtakostnaði ríkisins af erlendum skuldum.

Skuldasöfnun — framkvæmdir.

Á síðast liðnum áratug hafa erlendar skuldir ekki aðeins aukist heldur hefur skipting þeirra milli opinberra aðila, lánastofnana og einkaaðila einnig tekið breytingum.

Eftirfarandi yfirlit sýnir skiptingu langra erlendra skulda til langs tíma eftir helstu lánnotendum í árslok 1974—1985 og spá 1986 í m. kr. á meðalgengi hvers árs og í hlutfalli við verga landsframleiðslu:

Ár	Opinberir aðilar % af VLF	Lánastofnanir % af VLF	Einkaaðilar % af VLF	Samtals % af VLF
1974	13,3	5,2	5,4	23,9
1976	18,3	5,4	7,8	31,5
1978	18,1	5,4	7,3	30,8
1980	17,8	4,2	7,8	29,8
1982	25,2	5,0	10,2	40,4
1983	33,4	6,5	11,4	51,3
1984	34,8	8,1	9,3	52,2
1985	35,8	8,1	9,0	52,9
1986	34,4	8,3	8,8	51,2

Heimild: Seðlabanki Íslands.

Hér kemur fram að erlendar skuldir hafa aukist verulega á þessu tímabili og þá einkum hjá opinberum aðilum. Þar vega þyngst lántökur til framkvæmda í orkumálum. Í árslok 1984 námu erlendar skuldir orkugeirans tæpum 70% af skuldum opinberra aðila og um 47% af erlendum skuldum þjóðarbúsins til langs tíma. Í framhaldi af þessu er áhugavert að athuga erlendar langtímalántökur nettó í samhengi við fjárfestinguna í landinu.

Í töflu 26 má sjá að fjármunamyndunin hefur verið afar sveiflukennd hér á landi síðasta áratug. Á hinn bóginn kemur þar einnig fram að hlutfallsleg skipting fjárfestingar milli atvinnuvega, íbúðarhúsabygginga og opinberra framkvæmda hefur haldist nokkuð stöðug. Samtímis hefur hlutdeild opinberra aðila í erlendum lántökum aukist verulega. Það er athyglisvert að síðustu árin hafa einkaaðilar verið að greiða niður löng erlend lán sín án þess að hlutdeild þeirra í fjármunamynduninni hafi dregist saman. Ef til vill má þó skýra þetta með meiri erlendum skammtímalántökum hjá einkaaðilum en opinberum.

Það er óþarfi að skýra frekar að þegar útgjöld eru umfram það sem aflað er þá þarf annaðhvort að ganga á fyrri sparnað eða taka lán. Með þetta í huga er forvitnilegt að líta á nokkrar þjóðhagsstærðir í samhengi:

	1975	1978	1981	1984	1986
Heildarfjárfesting í % af VPF	33,0	26,1	27,0	24,2	21,4
Viðskiptahalli í % af VPF	11,0	1,4	5,0	6,0	3,7
Hreinar erlendar lántökur í % af heildarfjárfestingu ...	22,8	12,3	19,2	19,4	8,3

Viðskiptahalli kemur fram þegar neysla og fjárfesting innanlands er meiri en nemur innlendri framleiðslu. Ljóst er að náð samband er á milli fjárfestingarumsvifa, viðskiptahalla og erlendra lántöku. Þegar fjárfesting vex meira en nemur hagvexti, þá koma áhrifin fram í óhagstæðari viðskiptajöfnuði komi ekki á móti minni neysla til að vega upp mismuninn. Yfirlitið hér að framan gefur nokkra mynd af þeim samböndum sem hér er lýst. Til að mynda er fjárfestingarstigið mjög hátt á árinu 1975 og viðskiptahalli mikill sem gerir kröfur til fjármögnunar af erlendum uppruna. Árið 1978 er hins vegar mun lægra fjárfestingarstig, minni viðskiptahalli og erlendar lántökur lægri.

Lántökur opinberra aðila s.l. áratug hafa að miklu leyti gengið til raforkuframkvæmda. Í fyrstu til framkvæmda við Sigölduvirkjun, byggðalínur og Kröfluvirkjun, en síðar til framkvæmda við Hrauneyjafossvirkjun, Kvíslaveitu og Blönduvirkjun. Þá hefur einnig verið ráðist í ýmsar fjárfrekar hitaveitur á þessu tímabili sem hafa verið fjármagnaðar með erlendum lánum, t.d. Hitaveita Akureyrar, Hitaveita Suðurnesja og Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar. Hins vegar hafa framkvæmdir á vegum Hitaveitu Reykjavíkur verið fjármagnaðar beint úr rekstri.

Hér að framan hefur verið dregin upp mynd af erlendum skuldum þjóðarinnar með tilliti til samsetningar eftir gjaldmiðlum og hverjir hafa stofnað til þeirra. Hins vegar er slíkt yfirlit takmarkað því að vissulega skiptir lánstími og endurgreiðslubyrði skuldarinnar mestu máli fyrir afkomuhorfunar. Hér á eftir er fjallað um þennan þátt skuldavandans.

Endurgreiðslur af erlendum lánum.

Erlend lán þjóðarinnar til langs tíma falla eðlilega í gjalddaga á mismunandi tímum. Sum á að endurgreiða innan fárra ára, en önnur ekki fyrr en að liðnum 25—31 ári.

Yfirleitt hafa lán opinberra aðila lengri endurgreiðslutíma en lán einkaaðila. Langtíma-skuldir erlendis eru taldar verða 58,1 milljarðar króna í árslok 1985 á meðalgengi ársins. Endurgreiðslur af þessum lánnum eru áætlaðar eftirfarandi miðað við umsamin lánskjöri:

Ár	Endurgreiðslur erlendra skulda til langs tíma							
	Opinberir aðilar		Lánastofnanir		Einkaaðilar		Heildargreiðslur	
	milljarð- ar kr.	% af skuld	milljarð- ar kr.	% af skuld	milljarð- ar kr.	% af skuld	milljarð- ar kr.	% af skuld
1986—1987	6,0	15	1,6	18	4,0	40	11,6	20
1988—1990	10,8	28	2,8	32	4,3	44	17,9	31
1991—1995	16,9	43	3,6	40	1,5	15	22,0	38
1996—2016	5,6	14	0,9	10	0,1	1	6,6	11
Samtals	39,3	100	8,9	100	9,9	100	58,1	100

Heimild: Seðlabanki, Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Um 50% umsaminnna lána koma til endurgreiðslu á næstu fimm árum, en þetta hlutfall hækkar í um 90% sé litið til næstu tíu ára. Endurgreiðslur af erlendum lánnum opinberra aðila dreifast á lengri tíma en hjá öðrum, einkum samanborið við einkaaðila. Þannig koma um 43% af skuldum opinberra aðila til greiðslu á næstu 5 árum samanborið við 84% hjá einkaaðilum. Ástæður hagstæðari dreifingar og endurgreiðslutíma hjá opinberum aðilum og lánastofnunum geta verið margvíslegar, svo sem sterkari staða á erlendum lánsfjármörkuðum vegna stærðar sinnar og lánstrausts. Þá þarf einnig að hafa í huga að undanfarin ár hefur endurgreiðsla einkaaðila af erlendum lánnum verið umfram lántökur. Þetta þýðir að minna stendur eftir af lánnum hjá einkaaðilum og meðallánstími verður því styttri. Greiðslubyrði af löngum erlendum skuldum opinberra aðila og lánastofnana dreifist þannig á tiltölulega langan tíma, en vægi þeirra nemur um 90% af langtímaskuldum þjóðarbúsins við útlönd.

Vaxtakjör.

Endurgreiðslutíma og vaxtakjör erlendra lána þarf að skoða í samhengi. Ætla má að lán opinberra aðila og lánastofnana beri hærri vexti en lán einkaaðila vegna lengri lánstíma. Á móti vegur að stórir lántakendur komast gjarnan að betri lánskjörum. Eftirfarandi yfirlit sýnir meðalnafnvexti og raunvexti af erlendum lánnum til langs tíma árin 1978—1984:

Vaxtakjör	Nafnvextir								Raunvextir ¹⁾							
	1978	1979	1980	1981	1982	1983	1984	1978	1979	1980	1981	1982	1983	1984		
Fastir vextir	8,4	8,1	8,4	8,6	9,3	9,3	9,2	1,1	-2,6	-2,6	-0,6	3,2	4,1	4,6		
Breytilegir vextir	8,9	12,2	15,1	17,6	14,4	10,7	12,0	1,6	1,1	3,4	7,4	8,0	5,4	7,3		
þ.a. LIBOR-USD	9,0	12,5	15,5	17,6	14,4	10,8	12,5	-0,1	1,4	2,4	8,4	10,1	6,7	8,2		
Erlend lán alls	8,5	9,6	10,6	12,3	11,8	9,9	10,4	1,2	-1,5	-0,6	2,7	5,6	4,7	5,7		

1) Raunvextir eru reiknaðir hér út frá hækkun framfærsluvísitölu í helstu iðnríkjum heims samkvæmt upplýsingum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

Heimild: Seðlabanki Íslands.

Raunvextir af erlendum skuldum hafa farið hækkandi á síðustu árum og er ekkert sem bendir til að þeir lækki á næstunni. Fram undir miðjan áttunda áratuginn voru raunvextir neikvæðir af erlendum lánnum, en upp frá því urðu þeir jákvæðir og hafa farið hækkandi.

Á árunum 1978 til 1981 hækkðu breytilegir vextir mikið á erlendum lánsfjármörkuðum. Fastir vextir hækkðu einnig, en ekki í jafn miklum stökkum og það var ekki fyrr en á árinu 1983 sem nokkurt jafnvægi virtist komast á aftur milli fastra og breytilegra vaxta.

Á árunum 1978—1982 var stór hluti tekinnna erlendra lána háður breytilegum vöxtum, en frá og með 1983 var aukin áhersla lögð á töku lána með föstum vöxtum. Erlend lán til

þess að mæta þörfum opinberra aðila og atvinnuvega veljast ekki eingöngu út frá vaxtakjörum heldur þarf einnig að líta til endurgreiðsluákvæða og þess sem býðst á erlendum mörkuðum.

Á árinu 1978 var einungis fjórðungur erlendra skulda þjóðarinnar með breytilegum vöxtum. Hlutdeild slíkra lána jókst mjög á næstu árum og í árslok 1984 námu þau um 46% af skuldinni. Stærsti hluti lána með breytilegum vöxtum eru lán í bandaríkjadollurum (EURO-dollar) og eru þau með vaxtakjörum sem tengd eru LIBOR, en það eru millibankavextir sem ákvarðast á fjármagnsmarkaði í London. Þessi lán hafa numið 85—95% af þeim erlendu skuldum okkar sem bera breytilega vexti. Eftirfarandi yfirlit sýnir þróun erlendu skuldanna eftir vaxtakjörum á árabílinu 1978—1984:

Vaxtakjör	1978	1980	1982	1984	1978	1980	1982	1984
	Í milljörðum króna				Hlutfallsleg skipting			
Fastir vextir	1,8	3,7	10,4	28,1	73	62	52	54
Breytilegir vextir	0,6	2,2	9,5	24,2	27	38	48	46
þ. a. LIBOR-USD	0,6	2,2	9,5	20,2	25	37	45	39
Erlend lán alls	2,4	5,9	19,9	52,3	100	100	100	100

Heimild: Seðlabanki Íslands.

Af ofansögðu má t.d. álykta að 1% hækkun erlendra vaxta kemur fram í aukinni vaxtabyrði af lánum með breytilegum vöxtum. Slík hækkun mundi þýða 242 m.kr. kostnaðarauka á árinu 1985. Á hinn bóginn mundi 1% hækkun á verði erlendra gjaldmiðla fela í sér 523 m.kr. hækkun vaxtakostnaðar og 45 m.kr. hækkun afborgana.

Yfirlýst stefna stjórnvalda er að sporna við erlendri skuldasöfnun með því að takmarka erlendar lántökur við afborganir af eldri lánum. Í þessu felst að engu er fórn að nútíðargæðum með innlendum sparnaði til að greiða niður útgjöld fyrri ára. Hins vegar verður ekki komist hjá því að standa undir vöxtum af þeim skuldum sem safnað hefur verið. Til að mynda eru nettó-vaxtagreiðslur til útlanda áætlaðar 6.000 m. kr. á árinu 1986, en það jafngildir 4,9% af áætlaðri vergri landsframleiðslu ársins. Vaxtakjör og heildarvaxtagreiðslur af erlendum skuldum hafa því veigamikil áhrif á það hvað þjóðfélagið þarf að leggja til hlíðar hverju sinni og er ekki til skiptanna.

7. Horfur í fjármálum ríkisins 1986—1988.

7.1 Inngangur og forsendur

Í 12. grein laga nr. 84/1985, um breyting á lögum um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga, segir að leggja skuli fram með fjárlagafrumvarpi ár hvert áætlun er lýsi í aðalatriðum meginstefnu í ríkisbúskapnum næstu þrjú árin. Í slíkri áætlun skal eftirfarandi m. a. koma fram:

- Meginstefna í ríkisfjármálum og þróun ríkisbúskaparins.
- Samræmi milli stefnunnar í ríkisfjármálum og í efnahags- og atvinnumálum.
- Stefnumótun um öflun tekna og skiptingu gjalda ríkisins.
- Stefnumótun um framlög í fjárlögum til fjárfestingar ríkis, fjárfestingarsjóða, sveitarfélaga og einkaaðila.

Hér eru sýndar horfur í ríkisfjármálum á árunum 1987 og 1988 verði fylgt þeirri stefnu sem fjárlagafrumvarp 1986 byggist á.

Helstu forsendur fyrir þróun þjóðhagsstærða eru þær sömu og í þjóðhagsáætlun fyrir árin 1987—1988. Gert er ráð fyrir 2,1% raunvexti vergrar þjóðarframleiðslu á milli áruna 1986 og 1987 og 2,4% á milli áruna 1987 og 1988. Miðað er við að viðskiptakjör breytist ekki frá því sem nú er, þannig að þjóðartekjur munu vaxa jafnmikið og þjóðarframleiðslan. Stefnt er að jöfnuði í viðskiptunum við útlönd í lok tímabilsins, þannig að þjóðarútgjöld munu vaxa hægar en þjóðarframleiðslan, eða um 1% á ári. Þetta svarar til þess að þjóðarútgjöld á mannstandi í stað á tímabilinu.

Helstu forsendur fyrir þróun ríkisfjármála eru þær að byggt er á stefnu fjármálaráðherra og ríkisstjórnar sem birtist í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1986. Tillit er tekið til ákvæða ýmissa laga um tekjur og útgjöld og þróunar þeirra þátta er mest áhrif hafa.

Allar fjárhæðir sem taka til áruna 1987 og 1988 eru miðaðar við áætlað verðlag í árslok 1985, þ.e. verðlag fjárlagafrumvarps fyrir árið 1986.

7.2 Tekjur

Tekjur, fremur en útgjöld ríkissjóðs, eru mjög háðar þróun efnahagsmála í landinu. Almennur kaupmáttur, viðskiptavelta og viðskiptajöfnuður við útlönd skipta þar mestu máli. Ákvarðanir stjórnvalda um skatta og gjöld eru ekki síður mikilvægar. Í þessari spá er gert ráð fyrir að öll frumvörp um skattheimtu og tekjur til ríkissjóðs, sem fjármálaráðherra mun leggja fram í þingbyrjun haustið 1985 og frumvarp til fjárlaga fyrir árið 1986 er byggt á, verði að lögum. Einnig er gert ráð fyrir að staðið verði við þau fyrirheit að fella niður tekjuskatt einstaklinga af almennum launatekjum. Fyrsta skrefið í þá átt var stigið í fjárlögum 1985 með 600 m.kr. lækkun. Annað skref er tekið í frumvapi til fjárlaga fyrir árið 1986 og áætlaðar tekjur lækkaðar um 400 m.kr. Í þessari spá er gert ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs af þessum skatti verði lækkaðar enn frekar, eða um 600 m.kr. árið 1987 og 600 m.kr. árið 1988.

Í lögum nr. 48/1985 er kveðið á um sérstaka fjáröflun vegna húsnæðismála á árunum 1985 og 1986. Tekjuauki ríkissjóðs vegna þessara laga á árinu 1986 er áætlaður 665 m.kr. Í spánni fyrir 1987 og 1988 er hvorki gert ráð fyrir tekjum af eignarskattsaukanum og húsnæðisgjaldinu né skilum á samsvarandi fjárhæð til byggingarsjóðanna. Ekki er tekin afstaða til áforma um virðisaukaskatt í stað söluskatts, enda litið svo á að með slíkri breytingu yrði ekki aflað meiri tekna en af núverandi veltusköttum. Að gefnum þessum forsendum er því spáð að tekjur ríkissjóðs verði eins og fram kemur í meðfylgjandi yfirliti.

Tekjur ríkissjóðs 1986—1988
Milljarðar króna á verðlagi
í árslok 1985

	Frumvarp 1986	Spá 1987	Spá 1988
Beinir skattar	3,6	3,2	2,7
Óbeinir skattar	27,3	27,4	27,5
Aðrar tekjur	2,6	2,6	2,4
Samtals	33,5	33,3	32,6

7.3 Útgjöld

Skipta má útgjöldum ríkissjóðs á ýmsa vegu. Hefðbundin skipting er samkvæmt ráðuneytum en áhugaverðari er skipting útgjalda eftir hagrænu eðli. Í því tilviki beinist athyglin að kostnaði við rekstur ríkiskerfisins, fjárfestingu og tilfærslum til annarra aðila í þjóðfélaginu. Einnig má skipta ríkisútgjöldum eftir málefnaflokkum þar sem útgjöld til hliðstæðrar starfsemi eru dregin saman óháð ráðuneytum. Í þessari könnun verður litið á útgjöldin frá báðum sjónarhornum.

Samneysla. Til samneyslu ríkissjóðs teljast greidd laun, almennt rekstrarfé, viðhald og vaxtagreiðslur ríkissjóðs. Í fjárlagafrumvarpi 1986 nemur samneyslan (að meðtöldum vaxtagjöldum) rúmlega 46% af heildarútgjöldum A-hluta ríkissjóðs. Spáð er að samneyslan muni vaxa heldur hraðar en útgjöld ríkissjóðs í heild, eða um rúmlega 4½% milli 1986 og 1987 og rúmlega 4% milli 1987 og 1988 samanborið við um 1½% og 2% vöxt heildarútgjalda milli sömu ára. Verður samneyslan þá rúmlega 48½% af heildarútgjöldum árið 1988. Aukningin skýrist fyrst og fremst af hækkun vaxtagjalda milli ára en einnig er gert ráð fyrir auknum útgjöldum til mennta-, félags-, heilbrigðis- og tryggingamála. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1986 nema vextir 9,7% af heildarútgjöldum. Þetta hlutfall hækkar í 11% á árinu 1987 og 12% 1988. Hækkun vaxtagjalda er 15% á milli árunna 1986 og 1987 og tæpt 11½% milli árunna 1987 og 1988.

Neyslu- og rekstrartilfærslur. Tilfærslur skiptast í tvo flokka. Annars vegar er um að ræða ýmiss konar styrki til framkvæmda en hins vegar það sem nefnt er neyslu- og rekstrartilfærslur. Alls nema tilfærslur í fjárlagafrumvarpi 1986 17,0 milljörðum kr. og þar af eru neyslu- og rekstrartilfærslur 14,0 milljarðar. Í meðfylgjandi yfirliti eru sýndar helstu neyslu- og rekstrartilfærslur á tímabilinu 1986—1988.

Neyslu- og rekstrartilfærslur 1986—1988
Milljarðar króna á verðlagi
í árslok 1985

	Frumvarp 1986	Spá 1987	Spá 1988
1. Til lífeyrstrygginga, sjúkratrygginga og sjúkrahúsa	9,0	9,3	9,6
2. Niðurgreiðslur á vöruverði að meðtöldu framlagi í Lífeyrissjóð bændna	0,87	0,69	0,49
3. Lánaþjófur íslenskra námsmanna	0,75	0,82	0,91
4. Endurgreiðsla á uppsöfnuðum söluskatti í sjávarútvegi .	0,6	0,4	0,2
5. Útflutningsuppbætur	0,6	0,6	0,6
6. Verðjöfnunargjald af raforku	0,39	0,4	0,4
7. Niðurgreiðsla á rafhitun	0,2	0,2	0,2
8. Aðrar tilfærslur	1,6	1,6	1,7
Samtals	14,0	14,1	14,1

Ekki er gert ráð fyrir mikilli aukningu neyslu- og rekstrartilfærslna í heild á tímabilinu. Hins vegar er gert ráð fyrir að dregið verði úr niðurgreiðslum á vöruverði og endurgreiðslu á uppsöfnuðum söluskatti í sjávarútvegi. Á móti mun aukið fjármagn renna til heilbrigðis- og lífeyrismála.

Fjárfesting. Um 5 milljarðar kr. eru ætlaðir til fjárfestingar í A-hluta ríkissjóðs á árinu 1986. Þar af eru framlög til húsnæðis- og samgöngumála tæpir 2,8 milljarðar kr., eða um 56%. Í A-hluta fjárlaga kemur aðeins fram hluti fjárfestingar opinberra aðila. Til að finna heildarfjárfestingu opinberra aðila þarf að bæta við fjárfestingu ríkisfyrirtækja, fyrirtækja með eignaraðild ríkissjóðs og fjárfestingu sveitarfélaga og fyrirtækja þeirra. Í meðfylgjandi yfirliti koma fram framlög til fjárfestingarlánasjóða og framlög A-hluta ríkissjóðs til opinberra framkvæmda á árunum 1986—1988 en að svo stöddu er ekki unnt að segja til um heildarfjárfestingu opinberra aðila á árunum 1987—1988.

Framlög til fjárfestingar 1986—1988
Milljarðar króna á verðlagi
í árslok 1985

	Frumvarp 1986	Spá 1987	Spá 1988
Framlög til fjárfestingarlánasjóða:			
1. Byggingarsjóðir	1,6	1,25	1,25
2. Annað	1,38	1,41	1,41
Framlög til opinberra framkvæmda:			
1. Vegamál	1,16	1,18	1,21
2. Annað	0,82	0,86	0,86
Samtals	4,9	4,7	4,7

Í heild lækka framkvæmdaframlög og fjármagnstílfærslur um 200 m.kr. á milli árunna 1986 og 1987 og standa nánast í stað frá 1987 til 1988. Hér er við það miðað að til vegamála renni 2,0% af vergri þjóðarframleiðslu hvers árs eins og gert er ráð fyrir í fjárlagafrumvarpi 1986. Framlög til íbúðarlánasjóða lækka um tæp 22% á milli árunna 1986 og 1987 en lög um sérstaka fjáröflun til sjóðanna taka aðeins til árunna 1985 og 1986. Í spánni fyrir 1987 og 1988 er gert ráð fyrir að heildarframlag til íbúðarlánasjóðanna lækki úr 1.600 m.kr. 1986 í 1.250 m.kr. 1987 og 1988. Gert er ráð fyrir að framlög til annarra lánasjóða og verklegra framkvæmda verði nánast óbreytt milli ára.

Útgjöld til málefnaflokkna A-hluta ríkissjóðs. Við mat á útgjöldum til einstakra málefnaflokkna á tímabilinu 1987—1988 hefur verið tekið tillit til ýmissa þátta sem ráða mestu um þróun útgjalda, eins og mannfjölgunar og aldurssamsetningar þjóðarinnar. Gert er ráð fyrir markvissri hagræðingu og sparnaði í rekstri opinberra stofnana. Helst er gert ráð fyrir vexti útgjalda til mennta-, félags-, heilbrigðis- og tryggingamála. Eins og fram hefur komið er reiknað með lækkun niðurgreiðslna á vöruverði um 200 m.kr. á ári og sömu lækkun á endurgreiðslu söluskatts í sjávarútvegi. Þegar hefur verið fjallað um vaxtagreiðslur og helstu framlög til fjárfestinga. Ekki verður fjallað frekar um útgjöld til einstakra málefnaflokkna en vísað til meðfylgjandi yfirlits.

Útgjöld A-hluta ríkissjóðs 1986—1988

Milljarðar króna á verðlagi
í árslok 1985

	Frumvarp 1986	Spá 1987	Spá 1988
1. Æðsta stjórn ríkisins og utanríkismál	1,48	1,48	1,49
2. Dómsmál og eftirlitsstofnanir	1,42	1,43	1,44
3. Menntamál	4,67	4,82	4,97
4. Menningar-, kirkju-, félags- og húsnæðismál	2,90	2,52	2,54
5. Landbúnaðar- og sjávarútvegsmál	2,03	1,83	1,63
6. Heilbrigðis- og tryggingamál	12,47	12,91	13,29
7. Samgöngu-, iðnaðar- og orkumál	3,89	3,97	4,04
8. Niðurgreiðslur	1,03	0,95	0,76
9. Vextir	3,24	3,73	4,14
10. Ýmis útgjöld	0,26	0,27	0,28
Samtals	33,42	33,92	34,59

7.4 Lánsfjármál

Skipta má afborgunum og vaxtagreiðslum á árunum 1987—1988 í tvo hluta. Annars vegar eru greiðslur af áhvílandi lánnum og hins vegar eru greiðslur af lánnum sem tekin verða á árunum 1986 og 1987. Í síðara tilvikinu verður að velja forsendu fyrir lánskjörum og í báðum tilvikum þarf að meta þróun vaxta hér innanlands og erlendis. Nánar er fjallað um lánskjör og greiðslubyrði í kafla 5.1 í greinargerðinni. Gert er ráð fyrir að lánveitingar til B-hluta fyrirtækja og sjóða nemi 1.000 m.kr. á árunum 1987 og 1988 en þær eru 920 m.kr. í fjárlagafrumvarpi 1986. Hlutafjárframlög verða óbreytt allt tímabilið, eða 140 m.kr. á ári. Á árinu 1986 er reiknað með 1.150 m.kr. ústreymi umfram innstreymi á viðskiptareikningum ríkissjóðs en sú fjárhæð er talin lækka í 300 m.kr. á ári 1987—1988. Þessi mikli munur skýrist af sérstakri greiðslu til Seðlabanka Íslands á árinu 1986. Eins og fram kemur í greiðslufirliti fyrir A-hluta ríkissjóðs hér á eftir lækkar lánsfjárförf A-hluta úr 4,6 milljörðum kr. árið 1986 í 4,4 milljarða 1987 og eykst síðan í 6,2 milljarða 1988. Vegna mikillar samkeppni um sparifé hér innanlands er gert ráð fyrir að innlend fjármögnun lækki örlítið frá 1986 og verði 1,8 milljarðar kr. á ári 1987—1988. Innlaun spariskírteina er áætluð óbreytt frá 1986, eða 1,5 milljarðar. Þetta þýðir að erlendar lántökur nema um 2,6 milljörðum árið 1987 og 4,5 milljörðum 1988. Til samanburðar má nefna að áætlaðar afborganir af gengisbundnum lánnum nema um 2,1 milljörðum kr. árið 1987 og 2,6 milljörðum 1988.

7.5 Afkoma ríkissjóðs 1986—1988

Í meðfylgjandi tveimur yfirlitum eru sýndar helstu kennitölur í fjármálum ríkisins á tímabilinu 1986—1988. Í fyrra yfirlitinu kemur fram greiðslufirlit fyrir A-hluta ríkissjóðs, sbr. 1. gr. fjárlaga. Í hinu síðara er annars vegar sýnd breyting tekna, gjalda og lánsfjárfarfar frá fyrra ári og hins vegar hlutfall þessara stærða af vergri þjóðarframleiðslu hvers árs. Óþarft ætti að vera að fjalla sérstaklega um niðurstöðurnar, tölurnar tala skýru máli.

Greiðslufirlit ríkissjóðs 1986—1988
Milljarðar króna á verðlagi
í árslok 1985

	Frumvarp 1986	Spá 1987	Spá 1988
Rekstrarreikningur:			
Tekjur	33,5	33,3	32,6
Gjöld:			
Rekstrarliðir	28,5	29,2	29,9
þ.a. fjármagnsgjöld, vextir	(3,2)	(3,7)	(4,2)
Rekstrarjöfnuður	5,1	4,0	2,7
Fjárfesting	5,0	4,7	4,7
Tekjur umfram gjöld/gjöld umfram tekjur	0,1	-0,7	-2,0
Lánareikningar, útstreymi	4,7	3,7	4,2
Lánsfjárförf A-hluta ríkissjóðs	4,6	4,4	6,2
Lántaka:			
Innlend	1,9	1,8	1,8
Erlend	2,7	2,6	4,4
Greiðslujöfnuður, sjóðsbreyting	0	—	—

Tekjur, gjöld og lánsfjárförf 1986—1988

	Frumvarp 1986	Spá 1987	Spá 1988
Tekjur:			
Breyting frá fyrra ári, %	¹⁾	-0,8	-2,0
Sem hlutfall af vergri þjóðarframleiðslu	28,7	27,9	26,7
Gjöld:			
Breyting frá fyrra ári, %	¹⁾	1,5	2,0
Sem hlutfall af vergri þjóðarframleiðslu	28,6	28,4	28,3
Lánsfjárförf A-hluta ríkissjóðs:			
Breyting frá fyrra ári, %	¹⁾	-2,0	4,1
Sem hlutfall af vergri þjóðarframleiðslu	3,9	3,7	5,1

¹⁾ Samanburður óraunhæfur vegna breyttrar framsetningar A-hluta ríkissjóðs.

Töfluviðauki

I Ríkissjóður A- og B-hluti

1. Heildarútgjöld A-hluta eftir tegundum gjalda 1985—1986
2. Heildaryfirlit yfir gjöld, tekjur og fjármunahreyfingar fyrirtækja og sjóða í B-hluta
3. Ríkissjóður, A-hluti, greiðsluyfirlit
4. Ríkissjóður, A-hluti, greiðsluyfirlit gagnvart bankakerfinu
5. Heildarútgjöld A-hluta eftir ráðuneytum 1985—1986
6. Markaðir tekjustofnar 1986
7. Framlög A-hluta ríkissjóðs til fjárfestingar 1985—1986
8. Þróun helstu vísitalna 1984—1985

II Fjárfesting

9. Fjármunamyndun 1984—1986
10. Fjármunamyndun, sparnaður og viðskiptahalli 1983—1986
11. Byggingar og mannvirki hins opinbera 1984—1986
12. Raforku- og rafveituframkvæmdir 1986
13. Hita- og vatnsveituframkvæmdir 1986
14. Samgönguframkvæmdir 1986
15. Opinberar byggingar 1986
16. Rafmagnsveitur ríkisins 1985—1986, almennar framkvæmdir

III Fjármögnun

17. Heildaryfirlit um innlendar og erlendar lántökur 1986

IV Fjárfestingarlánasjóðir og lífeyrissjóðir

18. Greiðsluyfirlit lífeyrissjóða 1981—1986
19. Byggingarsjóður ríkisins 1985—1986
20. Byggingarsjóður verkamanna 1985—1986
21. Framkvæmdasjóður Íslands 1985 og 1986
22. Fjáröflun og útlán fjárfestingarlánasjóða 1986

V Erlend lán og greiðslujöfnuður

23. Greiðslujöfnuður við útlönd 1984—1986
24. Staða þjóðarbúsins út á við 1977—1986
25. Greiðslubyrði erlendra lána 1978—1986
26. Þjóðarframleiðsla, verðmætarádstöfun og erlendar lántökur til langs tíma 1974—1986

I Ríkissjóður A- og B-hluti

Tafla 1 Heildarútgjöld A-hluta ríkissjóðs eftir tegundum 1985—1986

	Fjárlög 1985		Frumvarp 1986		Breyting
	M.kr.	%	M.kr.	%	%
Laun	6.968	25,9	8.214	23,8	17,9
Önnur gjöld án eignakaupa	6.183	23,0	8.908	25,9	44,1
Eignakaup	303	1,1	278	0,8	-8,3
Tilfærslur	13.431	50,0	17.027	49,5	26,8
Gjöld samtals	26.885	100,0	34.427	100,0	28,1
Sértekjur	806		1.010		25,3
Mismunur	26.079		33.417		28,1

Tafla 2 Heildaryfirlit yfir gjöld, tekjur og fjármunahreyfingar fyrirtækja og sjóða í B-hluta¹⁾

	Fjárlög 1985	Fjárlaga- Frumvarp 1986	Hækkun		
			m. kr.	%	
51 Launagjöld	2056	2259	203	9,9	
52-57 Önnur rekstrargjöld	2605	2518	-87	-3,3	
52,53,8 Hráefni og vörur til endursölu	3599	4123	524	14,6	
571 Fjármagnskostnaður	3432	2024	-1408	-41,0	
51-57 Viðhald	341	299	-42	-12,3	
593 Afskriftir	1568	1214	-354	-22,6	
59 Yfirfærslur	8119	561	-7558	-93,1	
5,8 Gjöld samtals	21720	12998	-8722	-40,2	
44-46,7 Seldar vörur og þjónusta	13311	12367	-944	-7,1	
48 Fjármunatekjur	1578	1752	174	11,0	
4910 Framlög ríkissjóðs	10209	3320	-6889	-67,5	
49 Aðrar tekjur	1292	1559	267	20,7	
4,7 Tekjur samtals	26390	18998	-7392	-28,0	
Mismunur	4670	6000	1330	28,5	
Fjármunahreyfingar út:					
16 Veitt lán	3522	3872	350	9,9	
18 Fjárfestingar	2482	1578	-904	-36,4	
26 Afborgun lána	2466	1643	-823	-33,4	
Annað	2695	3471	776	28,8	
Fjármunahreyfingar inn:					
16 Innheimtar afborganir	583	572	-11	-1,9	
18 Sala eigna	10	0	-10	-100,0	
19 Afskriftir	1568	1214	-354	-22,6	
26 Tekin lán	3925	2120 ²⁾	-1805	-46,0	
39 Ráðstöfun eigin fjár	4670	6000	1330	28,5	
Annað	409	658	249	60,9	

Eftirtaldir stofnanir eru felldar út úr B-hluta ríkissjóðs í fjárlagafrumvarpi 1986:

- 1) Bygðasjóður, Byggingarsjóður Þjóðarbókhöðdu, Landgræðslusjóður, Lánasjóður sveitarfélaga, Erfðafjárjóður, Tryggingastofnun ríkisins, Landsvirkjun og Kröfluvirkjun.
- 2) Tekin lán samanstanda af erlendum lántökum 920 m. kr. og lántökum húsnýðingarsjóðanna hjá lífeyrissjóðum 1200 m. kr.

I Ríkissjóður A- og B-hluti

Tafla 3

Ríkissjóður, A-hluti

Greiðslufirlit
(millj. kr.)

Rekstrarreikningur:		
Jöfnuður: tekjur umfram gjöld		123
Tekjur	33 540	
Gjöld	33 417	
Lánahreyfingar:		
Jöfnuður: Innstreymi umfram útstreymi		1 061
Lántaka og afborganir af veittum lánum	6 061	
Lánveitingar og afborganir af teknum lánum	4 860	
Hlutfjárframlög	140	
Viðskiptareikningar:		
Jöfnuður: Útstreymi umfram innstreymi		1 150
Viðskiptareikningur í Seðlabanka	860	
Almennir viðskiptareikningar	290	
Greiðslujöfnuður, sjóðsbreyting		34
Sundurliðun		
Tekjur alls:		33 540
Beinir skattar	3 635	
Óbeinir skattar	27 334	
Aðrar tekjur	310	
Tekjur án fjármunatekna	31 279	
Fjármunatekjur, vextir	2 261	
Gjöld alls:		28 458
Samneysla	12 181	
Neyslu- og rekstrartilfærslur	14 043	
Sértekjur	-1 010	
Gjöld án fjármagnskostnaðar	25 214	
Fjármagnskostnaður	3 244	
Jöfnuður:		5 082
Almenn rekstrarafkoma	6 065	
Fjármagnskostnaður umfram fjármunatekjur	-983	
Fjárfesting:		4 959
Stofnkostnaður	1 975	
Fjármagnstilfærslur	2 984	
Tekjur umfram gjöld		123
Lánahreyfingar:		
Afborganir:		2 453
Afborganir af teknum lánum	2 440	
Innlausn spariskírteina	1 500	
Innheimtar afborganir af veittum lánum	-1 487	
Veitt lán:		920
Til B-hluta ríkissjóðs	920	
Hlutfjárframlög		140
Viðskiptareikningar		1 150
Lánsfjárförð		4 540
Lántökur:		4 574
Innlend útgáfa verðbréfa	1 850	
Erlendar lántökur	2 724	
Greiðslujöfnuður, sjóðshreyfing		34

I Ríkissjóður A- og B-hluti

Tafla 4

Ríkissjóður, A-hluti Greiðslufirlit gagnvart bankakerfinu (millj. kr.)

1 Tekjur alls:		33 400
Beinir skattar	3 635	
Óbeinir skattar	27 334	
Aðrar tekjur	170	
	<hr/>	
Tekjur án fjármunatekna	31 139	
Fjármunatekjur, vextir	2 261	
2 Gjöld alls:		27 956
Samneysla	12 181	
Neyslu- og rekstrartilfærslur	14 043	
Sértekjur	-1 010	
	<hr/>	
Gjöld án fjármagnskostnaðar	25 214	
Fjármagnskostnaður	2 742	
3 Jöfnuður (1–2):		5 444
Almenn rekstrarafkoma	5 925	
Fjármagnskostnaður umfram fjármunatekjur	-481	
4 Fjárfesting		4 959
Stofnkostnaður	1 975	
Fjármagnstilfærslur	2 984	
5 Tekjur umfram gjöld (3–4)		485
Lánahreyfingar		
6 Afborganir:		1 648
